



Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2005-2006

Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2005–2006

Efnisyfirlit:

Leiðari; Lárus H. Vilhjálmsson	3
Aðildarfélög	4
Stjórn, starfsmenn og nefndir	5
Leiklistarskólinn, júní 2005 og október 2006	6
Leiklistarhátíðin Leikum núna!	11
Góðar leiksýningaropna áhorfendum nýjan heim; Danute Vaigauskaite	12
Stuttverkahátíðin Margt smátt 2006	14
Umsagnir gagnrýnenda Margs smás	15
Fundargerðir stjórnarfunda 2005–2006	19
Fundargerð aðalfundar 2006	30
Ársreikningur 2005	47
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	56
Menningarstefna	59
Athyglisverðasta áhugaleiksýningin	60
Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna	62
Tréhausinn; Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason	84
Leikferðir til Mónako og Rússlands; Hugleikur	88
Allt fyrir andann	95
Fundir í tengslum við IATA-hátíð; Vilborg Á. Valgarðsdóttir	96
Skrifstofumót Nordisk Amatörteaterråd; Vilborg Á. Valgarðsdóttir	100

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Guðrún Halla Jónsdóttir
Lárus H. Vilhjálmsson
Þórvör Embla Guðmundsdóttir
Ingólfur Þórsson
Þorgeir Tryggvason

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Kópavogs „ALF – Andspyrnuhreyfing ljóta fólksins“.

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kt. 440169-0239
Laugavegi 96, 2. hæð, 101 Reykjavík
Símar: 551 6974 og 562 2944
Fax: 562 2984
Netfang: info@leiklist.is
Veffang: www.leiklist.is



Laugavegur 96

Leiðari

Ég kom af fundi í félaginu mínu um daginn og enn einu sinni fann maður leiklistarbakteríuna heltaka sig. Eftir langt sumar án leiklistar (fyrir utan Rockstar Supernova náttúrulega) er líkamsstarfsemi okkar leiklistarfíklanna alveg tilbúinn fyrir fjörið. Fæturna klæjar í þrammið um sviðið, sveittir fingurnir bíða eftir þurrum blaðsíðum handritsins, varirnar eftir einhverri fleygri setningu, maginn eftir hnútnum fyrir frumsýningu og eyrun eftir lófaklappinu í lokin. Leikárið er hafið.

Þegar litið er yfir síðasta leikár er líklegast hápunkturinn í starfsemi leikfélaganna í landinu „Leikum núna!“ á Akureyri síðasta sumar. Í annað skiptið var blásið til alþjóðlegrar hátíðar á Akureyri og fjölmörgum boðið til leiks. Líkt og hátíðin árið 2000 tókst þessi afar vel. Sýningar okkar fólks voru frábærar og einnig gafst okkur tækifæri til að sjá ágætari sýningar frá vinum okkar í Svíþjóð og Litháen. Eins gafst tækifæri til að mennta sig í listinni og að gleðja sig og aðra í hátíðarklúbbi. Allur undirbúningur og framkvæmd hátíðarinnar gekk vel enda valinkunnur og reyndur hópur sjálfboðaliða sem lagði hönd á plóg. Og umgjörð hátíðarinnar var ekki af verri endanum enda skartaði Akureyri og Eyjafjörðurinn sínu fegursta þessa daga. Það má segja að með þessari hátíð hafi skapast sú venja að halda hátíðir af þessari stærðargráðu á fimm ára fresti og árið 2010 hefur Bandalagið boðist til að vera gestgjafi leiklistarhátíðar Norður-evrópska áhugaleikhúsráðsins. Það ætti ekki að vera okkur ofraun enda með góða reynslu frá síðustu hátíðum.



Lárus H. Vilhjálmsson

Starfsemi félaganna var með ágætum síðasta árið en þó veldur áhyggjum fækkun verkefna undanfarin ár. Ekki er ljóst hvað veldur en margir nefna hvað erfitt er að manna sýningar. Það er ljóst að fólksfækkun á landsbyggðinni hefur komið niður á mörgum leikfélögum á meðan að fólksfjöldgunin á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki skilað sér í félögin þar. Hvað er til ráða? Kannski ættu leikfélögin í landinu að skoða og skilgreina upp á nýtt hvernig þau eiga að laða til sín fólk. Sumum félagasamtökum hefur gengið vel að afla sér nýrra félaga með því að beina boðskap sínum að ákveðnum hópum í samfélaginu eða með því að ala upp börn og unglinga innan sinna raða. Má þar t.a.m. nefna íþróttafélögin og skátana. Er skipulag þessara félagasamtaka eitthvað sem við ættum að skoða? Það er líka ljóst að íþróttahreyfingunni sérstaklega hefur tekist á undraverðan hátt að afla sér mikillar velvildar bæði meðal almennings, fjölmíðla og ráðamanna. Hvar liggur galdurinn í því markaðsstarfi? Er þetta ekki eitthvað sem við verðum að reyna nalgast á einhvern hátt?

Á síðasta fjárlagaári hækkaði framlag ríkisins til okkar áhugaleikfélaganna um 1 milljón króna og hefur því hækkað um tæp 6 prósent á síðustu tíu árum. Ég held að þessi hækkun sé ekki í neinum takti við aðrar verðbreytingar eða vísitöluhækkunir á sama tímabili en þær nema tugum eða hundruðum prósentu. Ekki veit ég hvað veldur. Kannski eiga menningarhúsin út um allt land að leysa leiklistina af hólmi á þeim bæjum. Eða kannski frjálsu atvinnuleikhóparnir sem eru alltaf á sífelldum þeytingi um landið enda búnir að fá fimm eða sexföldun á sínum ríkisframlögum síðustu árin. Eða kannski Þjóðleikhúsið sem er sannarlega leikhús þjóðarinnar einu sinni eða tvisvar á ári þegar verk þaðan eru sýnd í sjónvarpinu. Eða kannski er það meðvitað hjá Þorgerði menningarráðherra að hlúa þannig að leiklist í landinu að hún sé bara á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu og á Akureyri. Ef svo er þá er illt í efni. Það er kannski lag fyrir okkur á þessum kosningavetri að bretta upp ermarnar og spyrja stjórnáamennina í héraði hvort að þeir vilji í raun og veru hafa þetta svona. Og ef þeir lofa öllu fögru, að herma upp á þá loforðin að loknum kosningum. Allavega má reyna það þó að reynslan sýni nú að þeim svelgst flestum á loforðunum.

Það er þó ljós í myrkrinu. Á næstunni hefjast æfingar hjá öllum áhugaleikurum landsins á frábæru leikriti, með skemmtilegu fólki, sem fær rífandi aðsókn og sem endar vonandi í athyglisverðustu sýningu ársins og um leið fáum við leiklistarfíklarnir þann skammt sem að við þörfnumst næstu mánuði. Á þessu tímabili fáum við að njóta þeirrar listar sem fangar augnablikið í hinu stærsta og því smæsta og miðla því til fólksins.

Leikum núna!

Lárus Húnfjörð Vilhjálmsson
varaformaður Bandalags íslenskra leikfélaga

Aðildarfélög BÍL leikárið 2005–2006

- Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði*
Halaleikhópurinn, Reykjavík
Hugleikur, Reykjavík
Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi
Leikfélag Blönduóss
Leikfélag Dalvíkur
Leikfélag Djúpavogs
Leikfélag Fljótsdalshéraðs
Leikfélag Hafnarfjarðar
Leikfélag Hofsóss
Leikfélag Hornafjarðar
Leikfélag Hólmavíkur
Leikfélag Húsavíkur
Leikfélag Hveragerðis
Leikfélag Hörgdæla
Leikfélag Keflavíkur
Leikfélag Kópavogs
Leikfélag Mosfellssveitar
Leikfélag Ólafsfjarðar
Leikfélag Ólafsvíkur
Leikfélag Patreksfjarðar
Leikfélag Rangæinga
Leikfélag Raufarhafnar
Leikfélag Reyðarfjarðar
Leikfélag Sauðárkróks
Leikfélag Selfóss
Leikfélag Seyðisfjarðar
Leikfélag Siglufjarðar
Leikfélag Vestmannaeyja
Leikfélag Þórshafnar
Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn
Leikfélagið Baldur, Bíldudal
- Leikfélagið Búkolla, S-Þingeyjarsýslu*
Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi
Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri
Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ
Leikfélagið Sýnir, á landsvísu
Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra
Leikflokkurinn Hvammstanga
Leikhópurinn Lopi, Hornafirði
Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði
Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal
Leikklúbburinn Krafla, Hrísey
Leikklúbburinn Saga, Akureyri
Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg
Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar
Leiklistarfélag Seltjarnarness
Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði
Litli leikklúbburinn, Ísafirði
Nafnlausir leikhópurinn, Kópavogi
Reykvíski listaleikhúsið, Reykjavík
Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Snúður og Snælda, Reykjavík
Sólheimaleikhúsið, Grímsnesi
Stúdentalleikhúsið, Reykjavík
Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri
Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð
Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal
Umf. Efling leikdeild, Reykjadal
Umf. Gnúpverja, leikdeild
Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri
Umf. Reykdæla, Reykholti
Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi
Umf. Staðholtstungna, leikdeild, Norðurárdal

Stjórn, starfsmenn og nefndir



Meðstjórnandi og lénsherra
Hördur Sigurðarson
Reykjavík



Varaformaður og vefnefnd
Lárus H. Vilhjálmsson
Álfanesi



Formaður
Guðrún Halla Jónsdóttir
Akureyri



Ritari
P. Embla Guðmundsdóttir
Reykholli



Meðstjórnandi
Júlíus Garðar Júlíusson
Dalvík



Varastjórn
Hrunn Ólafsdóttir
Kópavogi



Varastjórn
Ólöf Þórdardóttir
Mosfellsbæ



Varastjórn
Ingimar Davíðsson
Noregi



Varastjórn
Margrét Tryggvadóttir
Hvolsvelli



Varastjórn og ritari skrifstofu
Ármann Guðmundsson
Reykjavík



Ritari skrifstofu
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir



Framkvæmdastjóri
Vilborg Á. Valgarðsdóttir



Ritstjóri sögu BÍL
Bjarni Guðmarsson



Skólanefnd
Huld Óskarsdóttir
Reykjavík



Skólastýra
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi



Skólastýra
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ



Skólanefnd
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík



Skólanefnd
Hentís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ



Skólanefnd
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík



Sögurítunarnefnd
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík



Sögurítunarnefnd
Einar Guðni Njálsson
Selfossi



Sögurítunarnefnd
Sigrún Valbergsdóttir
Reykjavík



Framkvæmdanefnd
Margs smás og vefnefnd
Ármann Guðmundsson



Undirbúningsnefnd
Margs smás
Hrunn Ólafsdóttir



Undirbúningsnefnd
Margs smás
Embla Guðmundsdóttir



Undirbúningsnefnd
Margs smás
Ingvar Bjarnason



Framkvæmdanefnd
Margs smás
Ása Hildur Guðjónsdóttir



Framkvæmdanefnd
Margs smás
Ólöf Þórdardóttir

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal dagana 11. til 19. júní 2005. Þar voru haldin 3 námskeið; grunnnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergsdóttir, framhaldsnámskeið fyrir leikara, kennari Árni Pétur Guðjónsson og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson.

Níunda árið í röð voru þær skólastýrur Gunnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Karlsdóttir á Húsabakka, kennurum og nemendum til halds og trausts.

Hér á eftir koma lýsingar á námskeiðunum og myndir úr skólastarfinu.



Sírý og Gunnhildur skólastýrur

Leikstjórn I – grunnnámskeið fyrir leikstjóra Kennari Sigrún Valbergsdóttir

Verksvið og ábyrgð leikstjórans – vinnan með leikurunum.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af starfi í áhugaleikhúsi og vilja auka við þekkingu sína með það fyrir augum að spreyta sig í leikstjórn.

Í fyrirlestri og umræðum verður farið fræðilega í gegnum ferli uppsetningar í leikhúsi. Greiningarvinnu verður gerð sérstök skil. Þá verður farið í gegnum undirbúningsvinnu leikstjórans og staldrað við hina ýmsu verkþætti sem hann ber ábyrgð á og tekur endanlega afstöðu til, svo sem leikmyndavinnu, búningagerð, leikmunagerð, hönnun lýsingar, hárgreiðslu, fördun, leikskrá o.s.frv. Einnig undirbúning og skipulag frá degi til dags.

Meginhluti námskeiðsins er verklegur. Þar verður sjónum beint að nokkrum grundvallaratriðum í vinnunni með leikurunum. Þar verður unnið með leikrit og senur sem þátttakendur verða búnir að kynna sér fyrirfram. Við skoðum t.d. persónugreiningu, vendipunkta, fókus ofl. Einnig verður unnið með spuna sem aðferð til undirbúnings við val á leikurum og til að leita leiða á lausnum og útfærslu.



Sigrún Valbergsdóttir

Nemendur Sigrúnar:

Árni Friðriksson, Akureyri
Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Selfossi
Gunnsteinn Sigurðsson, Ólafsvík
Harpa Svavarsdóttir, Mosfellsbæ
Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík
Marta Sif Ólafsdóttir, Hafnarfirði
Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ
Pórunn Gréta Sigurðardóttir, Reykjavík

Sérnámskeið fyrir leikara **Kennari Rúnar Guðbrandsson**

Á þessu námskeiði verða kynntir mismunandi leikstílar og ólíkar aðferðir við að greina og túlka leikverk. Námskeiðið verður að hluta til fræðilegt, en einkum þó verklegt.

Þátttakendum verða sendar stuttar senur til að kynna sér (og helst að læra utan að) áður en námskeiðið hefst. Hver dagur hefst síðan á fyrirlestri, fyrirspurnum og umræðum um tiltekinn leikstíl, því næst verður vorkjoppað í nokkra stund, þar sem allur hópurinn vinnur saman með æfingar og hugmyndir tengdar viðkomandi leikstíl. Seinni partinn vinnur fólk í smærri

áðurnefndar senur og spreytir sig á að beita þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið. Í lok dagsins verður svo afraksturinn skoðaður og ræddur. Síðustu dagana vinnur svo hver hópur (þör) eina senu í einum tilteknum stíl og flytur hana að lokum fyrir áhorfendur.

Þeir leikstílar sem unnið verður með:
Commedia dell'arte.

Kerfi Stanislavskys (Stanislavsky's system) og ameríska metóðan (The American method, t.d. hugmyndir Lee Strassberg, Stellu Adler, Sanford Meisner).

Leikstíll Bertolts Brecht (Epíska leikhúsið).

Fátæka leikhúsið (Jerzy Grotowski).

Dansleikhús.

....og hugsanlega eitthvað fleira.

Auk leikatriðanna verður þátttakendum sent lesefni til fróðleiks og er æskilegt að þátttakendur séu læsir á enska tungu.

Nemendur Rúnars:

Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík
Einar Þór Einarsson, Reykjavík
Fríða B. Andersen, Reykjavík
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík
Halla Rún Tryggvadóttir, Dalvík
Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi
Huld Óskarsdóttir, Reykjavík
Jana María Guðmundsdóttir, Reykjavík
Jón Stefán Sigurðsson, Reykjavík
Sesselja Traustadóttir, Reykjavík
Sigurður H. Pálsson, Reykjavík
Þórunn Guðmundsdóttir, Reykjavík



Rúnar Guðbrandsson



Framhaldsnámskeið fyrir leikara — Leiklist II Kennari Árni Pétur Guðjónsson

Framhaldsnámskeið þetta byggir á grunnnámskeiðinu og þeim grundvallarþáttum sem þar eru nefndir.

Nemendur vinna út frá spuna með áherslu á endurtekninguna, leiktækni og leikni.

Markmið námskeiðsins er að nemandinn kynnist sjálfstæðum vinnuaðferðum leikarans og auki þannig möguleika sína á að gefa skapandi huga sínum listrænt form. Áhersla lögð á þjálfun leikarans og rannsakandi vinnubrögð.

Nemendur þjálfa líkamsbeitingu, raddbeitingu, hljóðmótun og textameðferð.

Leiklistin rannsökuð. Hvað er hlutverk og hvernig nálgast ég hlutverkið? Kynntar ýmsar aðferðir til að nálgast hlutverk og tengjast því á skapandi hátt.

Leikni er uppskera leiktækninnar og í beinu hlutfalli við þá vinnu sem lögð er í verkið, eða eins og máltækið segir: Æfingin skapar meistarann!



Árni Pétur Guðjónsson

Nemendur Árna Péturs:

Aldís Gyða Davíðsdóttir, Reykjavík
Bylgja Ægisdóttir, Reykjavík
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi
Guðlaugur Baldursson, Kópavogi
Guðrún Lára Pálmadóttir, Reykjavík
Halla Gunnarsdóttir, Reykjavík
Ingibjörg Ásta Björnsdóttir, Akureyri
Íris Árný Magnúsdóttir, Selfossi
Sigsteinn Sigurbergsson, Reykjavík
Sóley Ómarsdóttir, Kópavogi



Allur hópurinn á Húsabakka

**Hinar þúsund þjalir leikstjórans
eða**

**Tæknipungapróf fyrir leikstjóra
eða**

**Allt sem leikstjórinn þarf að vita um tæknimál
en hefur ekki þorað að spyrja um**

Umsjón — Sigrún Valbergisdóttir

Leikmynd — Snorri Freyr Hilmarsson

Búningar — Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Gervi og förðun — Ásta Hafþórsdóttir

Lýsing — Egill Ingibergsson

*Fyrirlestrahelgi um tækni- og hönnunarmál fyrir leikstjóra
og aðra áhugasama, helgina 1. og 2. október 2005 í húsnæði
Leikfélags Hafnarfjarðar í gamla Lækjarskóla.*

Tilgangur námskeiðsins er að gera leikstjóra sem vinna með
áhugaleikfélögum betur færa um að vinna með mis-vönum
tæknimönnum, stýra hönnunar- og tæknivinnu og þegar allt
um þrytur að vinna hana sjálfir.

Þátttakendur:

Arnar Ágúst Klemensson, Reykjavík
Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Árni Friðriksson, Reykjavík
Ása Hildur Guðjónsdóttir, Reykjavík
Björg Árdís Kristjánsdóttir, Sauðárkróki
Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík
Einar Andrésson, Reykjavík
Elva Dögg Gunnarsdóttir, Hafnarfirði
Elva Rún Rúnarsdóttir, Sauðárkróki
Erna Guðmundsdóttir, Hafnarfirði
Eva Lind Oliversdóttir, Hafnarfirði
Harpa Svavarsdóttir, Mosfellsbæ
Hjalte St. Kristjánsson, Mosfellsbæ
Hrefna Friðriksdóttir, Reykjavík
Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi
Hörður Sigurðarson, Reykjavík
Kristín H. Guðmundsdóttir, Húsavík
Kristín S. Helgadóttir, Hafnarfirði
Lárus Vilhjálmsson, Álftanesi
Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli
Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ
Rúnar Lund, Reykjavík
Sesselja Traustadóttir, Reykjavík
Sigríður Birna Valsdóttir, Reykjavík
Unnur Guttormsdóttir, Reykjavík



Snorri Freyr



Þórunn Elísabet



Ásta



Sigrún



Egill



Hópmýnd af þátttakendum á fyrirlestrarhelgi Leiklistarskólans, einhverja vantar þó á myndina

Nokkrar myndir úr skólastarfinu á Húsbakka 2005



Leiklistarhátíðin Leikum núna!

Stærsti leiklistarviðburður leikársins var á Akureyri dagana 22.–26. júní þegar önnur alþjóðleg leiklistarhátíð Bandalags íslenskra leikfélaga var haldin. Ellefu sýningar voru á hátíðinni, þar af tvær erlendar, en leikhópar víðs vegar að af landinu tóku þátt. Að auki voru í boði leiksmiður þar sem listafólk í fremstu röð á sviði leikbrúðugerðar, stomps og sviðsslagsmála leiðbeindi hátíðargestum. Klúbbur hátíðarinnar starfaði á kvöldin og þar voru uppákomum af ýmsu tagi. Það var því stanslaus leiklist frá morgni til kvölds þessa skemmtilegu daga á Akureyri.

Nýsköpun og gróska

Fjölbreytni einkenndi dagskrá hátíðarinnar og sú mikla nýsköpun og gróska sem hefur verið aðalmerki íslensks áhugaleikhúss undanfarin ár setti sterkan svip á hana. Í boði voru ný íslensk verk, nútímaklassík úr leikbókmenntum heimsins, rómuð íslensk verk frá fyrri árum og nýstárleg tilraunaverk unnin í hóp-vinnu undir leiðsögn leiðbeinanda. Meðal þeirra eru margar þeirra sýninga sem hvað mesta athygli og lof hlutu á leikárinu 2004–2005, sem var óvenju frjótt og fjölbreytt meðal leikfélaga landsins.

Spennandi gestir

Að utan komu tvær athyglisverðar sýningar. Sænski nýsirkushópurinn Cirkity Gravikus hefur aðsetur í Gautaborg en hópurinn er fjölbjóðlegur og ræður við öll helstu brögð sirkusleikhússins. Cirkity Gravikus hefur vakið mikla athygli í heimalandi sínu og víðar fyrir frumlegar og óvenjulegar sýningar þar sem blandað er saman þöglu leikhúsi, tónlist og dansi og klassískum sirkusbrögðum eins og joggli, akrobátík og trúðleik. Sýningin „40% af engu“ var grínaktug sýning þar sem allt gat gerst og allir skildu.

Frá Litháen kom leikhópur frá bænum Jonava með sýninguna „Bobos“ eða „Konur“, sem byggð er á þjóðsagnasafni sem gengur undir nafninu „Porp ífflanna“. Jonava leikhúsið er eitt öflugasta leikfélag landsins og hefur oft verið fulltrúi Litháen á alþjóðlegum hátíðum. Leiklistarmenning er rótgróin og öflug í landinu og því mikill fengur af þessari sýningu, en stíll Jonava leikhússins sem var stofnað fyrir tuttugu árum þykir óhefðbundinn og framsækinn.

Hátíðin var hluti af Listasumri á Akureyri og verndari hennar var hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Skýrslu um hátíðina er að finna í fundargerð aðalfundar 2006.

Sýningarnar á hátíðinni:

40% af engu – Cirkity Gravikus
 Allra kvikinda líki – Leikfélag Kópavogs
 Birdy – Leikfélag Hafnarfjarðar
 Bobos (Konur) – Jonava Municipality Theatre
 Davíð Oddsson Súperstar – Leikklúbburinn Saga
 Dýragarðssagan – Leikfélag Hafnarfjarðar
 Memento Mori – Hugleikur og Leikfélag Kópavogs
 Náttúran kallar – Leikfélag Selfoss
 Patataz – Hugleikur
 Stundarfriður – Leikfélag Hörgdæla
 Taktu lagið Lóa! – Freyvangsleikhúsið



ACT NOW!

„Góðar leiksýningar opna áhorfendum nýjan heim“

Íslenskt áhugaleikhús er í háum gæðaflokki. Greinilegt er að metnaður þátttakenda er mikill og vinnubrögðin fagleg. Þetta er mat Danute Vaigaускаite, formanns Bandalags áhugaleikfélaga í Norður-Evrópu, sem viðstödd var alþjóðlegu leiklistarhátíðina Leikum núna! á Akureyri fyrir skemmstu. Silja Björk Huldudóttir ræddi við hana.



Danute Vaigaускаite

„Að mínu mati er afar mikilvægt að standa fyrir alþjóðlegum leiklistarhátíðum á borð við þá sem verið hefur hér á Akureyri“ segir Danute Vaigaускаite, formaður Bandalags áhugaleikfélaga í Norður-Evrópu (NEATA), sem Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin þrjú eiga aðild að, um nýafstaðna leiklistarhátíð Bandalags íslenskra leikfélaga, Leikum núna!, sem haldin var á Akureyri dagana 22.–26. júní. Þar voru sýndar níu íslenskar leiksýningar, ein sænsk og ein litháísk.

Og Vaigaускаite heldur áfram: „Ekki aðeins eru hátíðir mikilvægar fyrir áhorfendur heldur einnig fyrir þátttakendurna. Með þessu móti búum við til samstarfs- og samræðuvettvang fyrir leiklistarfólk og áhugafólk um leiklist. Eina skilyrðið fyrir því að hátíð þjóni tilgangi sínum er þó að um gæðasýningar sé að ræða, því góðar sýningar geta opnað áhorfendum nýjan heim jafnframt því að auka skilning manns á leiklistinni,“ segir Vaigaускаite og tekur fram að það eigi einmitt við um upplifun sína á nýafstaðinni hátíð.

Aðspurð hvort og hvaða hugmyndir eða væntingar hún hafi gert sér um íslenskt leikhús áður en hún kom hingað til lands rifjar Vaigaускаite upp að hún hefur á umliðnum árum haft tækifæri til að sjá íslenskar áhugaleiksýningar með reglulegu millibili. „Áður en ég kom hingað til lands hafði ég séð þrjár ólíkar uppfærslur Hugleiks og eina uppfærslu Leikfélags Kópavogs á alþjóðlegum leiklistarhátíðum erlendis, og litist afar vel á enda um að ræða sýningar í mjög háum gæðaflokki og fagmannlega unnar, bæði m.t.t. leiks og leikstjórnar. Eftir að hafa séð þessar fjórar uppfærslur lék mér eðlilega forvitni á að vita hvort allt áhugaleikhús hérlendis væri í sama gæðaflokki. Mig hefur því lengi langað til að koma til Íslands og sjá fleiri hópa og uppfærslur til þess að auka skilning minn á íslensku áhugaleikhúsi,“ segir Vaigaускаite og tekur fram að hún hafi síður en svo orðið fyrir vonbrigðum með það sem hún hafi séð hérlendis. „Núna undir lok hátíðarinnar get ég sannarlega fulllært að íslenskt áhugaleikhús er einstaklega gott og í háum gæðaflokki. Greinilegt er að metnaður manna er mikill, afstaðan í vinnubrögðum er afar fagmannleg, hvort heldur það snýr að leik og leikstjórn eða stjórnun hátíðarinnar sjálfrar. Miðað við hvað áhugaleikhús ykkar er gott og á háu plani á ég erfitt með að ímynda mér að atvinnuleikhús ykkar geti verið betra!“

Við tölum sama tungumálið í leiklistarlegum skilningi

Vaigaускаite er spurð hvort einhverjar sýningar á hátíðinni hafi komið henni sérlega á óvart og eins hvort hún hafi séð einhver líkindi milli íslensks áhugaleikhúss og litháísku. „Mér fannst afar áhugavert að sjá Stundarfrið í uppfærslu Leikfélags Hörgdæla. Bæði sökum þess að verkið veitti mér innsýn í íslenskan veruleika, en ekki síður vegna þess að raunsæjar eða náúralískar uppfærslur á borð við þessa þekktast hreinlega ekki lengur í litháísku leikhúsi. Satt að segja efast ég um að við Litháar gætum sett upp svona vel leikna raunsæja uppfærslu því þetta er leikhúshéð sem við höfum ekki notað eða hlúð að í tæpa öld.“

Vill fá íslenskan leikhóp inn í alþjóðlegt samstarfsverkefni

Danute Vaigaускаite hefur lifað og hrærst í leiklistinni um langt árabíl. Hún lauk leikstjórnarnámi frá Listaháskólanum í Litháen árið 1981, þaðan lá leið hennar til Moskvu þar sem hún nam við Gitis Leik-

listarháskólann í Moskvu á árunum 1983–87 og því næst hélt hún til Tbilisi þar sem hún nam við Leiklistardeild listaháskólans í Georgíu. Þegar hún sneri aftur heim til Litháens árið 1988 tók hún við prófessorsstöðu við Háskólann í Klaipeda þar sem hún kennir bæði leikurum og leikstjórum raddtækni, en Vaigauskaite hefur gegnt stöðu forseta leikstjórnardeildar skólans síðan 1992. Árið 1997 tók hún við formennsku í Bandalagi litháískra áhugaleikfélaga og fyrir tveimur árum var hún síðan kosin formaður NEATA.

Frá því Vaigauskaite tók við stjórnartaumum hjá NEATA hefur hún verið ötul við að koma á fót samstarfsverkefnum milli leikhópa á Norðurlöndunum annars vegar og í Eystrasaltslöndunum hins vegar. Að sögn Vaigauskaite er nú svo komið að fjöldi slíkra samstarfsverkefna er mestur í NEATA samanborið við hin sjö landssamtökin sem mynda Heimssamtök áhugaleikfélaga (AITA/IATA). Meðal verkefna sem í gangi eru núna nefnir Vaigauskaite að tveir danskir leikhópar og tveir litháískir hafa síðustu ár unnið saman. Fyrst settu allir hóparnir upp annars vegar danskt samtímaverk og hins vegar litháískt samtímaverk, en næst á dagskrá hópanna er að setja upp sömu verkin eftir Bertolt Brecht og setja verkin upp á sameiginlegri leiklistarhátíð leikhópanna.

Stærsta samstarfsverkefnið er, að sögn Vaigauskaite, hins vegar verkefni sem að koma leikhópar frá Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Litháen og Lettlandi, en allir vinna hóparnir með eitt og sama leikritið, Björninn eftir Anton Tsjechov. Verkefnið hófst með því að hver hópur setti upp sína uppfærslu á verkinu, hittust og léku hver fyrir annan. Nú er hins vegar verið að vinna að uppfærslum verksins í fimm blönduðum hópum þar sem hver leikari vinnur textann á sínu móðurmáli og lýkur verkefninu með sýningum hópanna á leiklistarhátíð í Rússlandi á næsta ári.

Aðspurð segist Vaigauskaite hafa valið leikrit eftir Tsjechov sökum þess hversu lærdómsríkt það er að vinna með texta skáldsins og persónur. „Þetta vinnuferli hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir alla þátttakendur. Við höfum séð afar ólíkar útfærslur á verkinu, allt frá klassískum uppfærslum til nútímalegra. Þetta er því kjörin leið til þess að kynnast nýjum leiðum, vinnuaðferðum og ólíkum nálgunum við verkið sem taka að nokkru leyti mið af ólíkum bakgrunni og menningarheimi listamannanna sem að uppfærslunum koma,“ segir Vaigauskaite og upplýsir að hún er um þessar mundir, í samvinnu við íslenska tengiliði, að vinna að því að koma á samstarfsverkefni milli leikhópa frá Íslandi, Litháen, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi, þar sem hugmyndin er að vinna með nútímaleikverk frá fyrrgreindum löndum. Það hefur að sögn Vaigauskaite lengi verið draumur hennar að koma íslenskum leikhóp inn í slíkt samstarfsverkefni, en hingað til hefur fyrst og fremst strandað á fjármagni.

Aðeins til tvenns konar leiklist – góð og slæm

Eins og fyrr var getið hefur Vaigauskaite verið forseti leikstjórnardeildar Klaipeda-háskóla síðustu þrettán ár. Við deildina er m.a. boðið upp á nám í leikstjórn, leik, stjórnun listrænna viðburða og brúðuleikstjórn. Frá og með 2001 hefur einnig verið boðið upp á alþjóðlegt nám í leikstjórn í áhugaleikhúsi. Aðspurð í hverju munurinn á námi fyrir leikstjórn í áhugaleikhúsi og atvinnuleikhúsi felist svarar Vaigauskaite því til að þar sem leikstjóri í áhugaleikhúsi þurfi oft að vera allt í öllu felist í náminu m.a. kennsla í leikmyndahönnun, sviðshreyfingum, tónlistarnotkun og þjálfun í því hvernig árangursríkast sé að vinna með óskóluðum leikurum.

Talið berst í framhaldinu að tengslum atvinnu- og áhugaleikhúss og bendir Vaigauskaite á að líkt og á Íslandi sé áhugahreyfingin í Litháen grasrótin þaðan sem leiklist sem fag eða atvinnugrein hafi síðar sprottið. Aðspurð segist Vaigauskaite ekki vilja gera svo mikið úr skiptingunni milli atvinnu- og áhugaleikhúss. „Að mínu mati er aðeins til tvenns konar leiklist – góð og slæm. Þessi skipting miðast ekki við atvinnu- eða áhugaleikhús enda getur áhugaleikhúsið oft verið mun ferskara og nýjungagjarnara en atvinnuleikhúsið sem oft virðist bundið á klafa einsleitni og hefðar. Þannig má í atvinnuleikhúsi því miður allt of oft sjá tæknilega fullkomnun sem á sama tíma virðist steingeld á meðan góðar leiksyningar áhugafólks eru fullar af lífi og frumleika,“ segir Vaigauskaite og bætir við: „Sjálf hef ég verið svo lánsöm að hafa fengið tækifæri til að þjóna leiklistinni bæði í starfi mínu sem og í tómstundum og er ég sannfærð um að hvort hefur notið góðs af hinu,“ segir Danute Vaigauskaite að lokum.

Stuttverkahátíðin Margt smátt, haldin í Borgarleikhúsinu 23. október 2004

Borgarleikhúsið bauð Bandalagi íslenskra leikfélaga til samstarfs um þriðju einpáttungahátíðina þann 5. maí 2006. Þar sýndu 8 leikfélög 12 leikverk, sem öll voru frekar stuttir einpáttungar eða stuttverk eins og kosið var að kalla þau.

Hátíðin var sett í Borgarleikhúsinu kl. 19.00 föstudaginn 5. maí. Setningarræður héldu þau Steinunn Knútsdóttir, dramaturg hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Guðrún Halla Jónsdóttir, formaður Bandalags íslenskra leikfélaga. Sýningarnar voru í beinu framhaldi af setningunni. Gagnrýnendur hátíðarinnar voru Þorsteinn Bachmann og Þorvaldur Þorsteinsson.

Sýningar á hátíðinni:

Leikfélag Rangæinga — Bara innihaldið eftir Sævar Sigurgeirsson
Freyvangsleikhúsið — Dagur í lífi Mörthu Ernsts dóttur eftir Sverri Friðriksson
Leikfélag Mosfellssveitar — Það er frítt að tala í GSM hjá guði eftir Pétur R. Pétursson
Leikfélag Selfoss — Geirþrúður svarar fyrir sig eftir Margaret Atwood og Shakespeare
Leikfélag Hafnarfjarðar — Morð fyrir fullu húsi eftir Lárus Húnfjörð
Leikfélag Hafnarfjarðar — Súsanna baðar sig eftir Lárus Húnfjörð
Leikfélag Kópavogs — Afi brenndur eftir Odd Bjarna Þorkelsson
Leikfélag Kópavogs — Aðgerð eftir Guðjón Þorstein Pálmarsson
Leikfélagið Sýnir — Friðardúfan eftir Unni Guttormsdóttur
Hugleikur — Í öruggum heimi eftir Júlíu Hannam
Hugleikur — Kratavar eftir Sigurð H. Pálsson
Hugleikur — Hannyrðir eftir Sigurð H. Pálsson

Gagnrýnendur völdu sýningu Hugleiks, Í öruggum heimi, bestu sýningu hátíðarinnar. Einnig tilnefndu þeir sýningar Leikfélags Selfoss, Geirþrúður svarar fyrir sig, og sýningu Hugleiks, Hannyrðir.



Í öruggum heimi



Geirþrúður svarar fyrir sig



Hannyrðir

Um fjöllun gagnrýnenda Margs smás

Eins og venja er hjá Bandalaginu voru valinkunnir leikhúsmenn fengnir til þess að fjalla um sýningar hátíðarinnar og að þessu sinni voru það Þorvaldur Þorsteinsson, leikskáld m.fl. og Þorsteinn Bachmann, leikari og fyrrverandi leikhússtjóri á Akureyri. Hér má sjá hvað þeim þótti um einstakar sýningar en inngang ritaði Þorvaldur.

Ágætu þátttakendur í Stuttverkahátíðinni Margt smátt.

Það var mér sönn ánægja að fá að takast á við þetta verkefni sem þið voruð svo rausnarleg að treysta mér fyrir. Það kom á daginn, líkt og svo oft áður, að ég lærði mest á því sjálfur að þurfa að taka eftir því sem ég tek eftir og miðla því til annarra. Það að skila stuttum um-sögnum um verkin ykkar og þó einkum að eiga við ykkur spjall á aðalfundinum í kjölfar hátíðarinnar hefur vakið mig til umhugsunar um ótal margt sem snýr að minni eigin vinnu og skilar mér endurnýjuðum krafti í því verkefni sem ég er að sinna um þessar mundir. Það er vel þegið – og kann ég ykkur bestu þakkir fyrir aðstoðina. *PP*



Þorsteinn Bachmann



Þorvaldur Þorsteinsson

KRATAVAR

Hugleikur

Höfundur: Sigurður H. Pálsson

Leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikendur: Hjörvar Pétursson og Hafdís Hansdóttir

Einföld og falleg saga sem afhjúpar inntakið smám saman. Samtöl eðlileg án óþarfa útdrúða og áhorfend-um gefið rými til að draga eigin ályktanir. Leikur var hins vegar mjög ýktur og nánast um hreina skopstælingu að ræða sem freistandi er að skrifa á reikning leikstjóra. Það samræmdist illa eðli sögunnar og einlægni textans og dró úr áhrifamætti verksins í heild. Eftir stendur þó minning um einfalt, fallett verk sem auðvelt ætti að vera að skapa úr hreina perlu. *PP*

Kratavar er ágætlega skrifað verk. Lengd verksins og bygging heldur vel utan um einfalda og fallesta hugmynd. En eitthvað var það í úrvinnslu verksins sem gekk ekki upp fyrir mér. Mér fannst persónurnar of dæmigerðar, sérstaklega karlmaðurinn (með buxurnar allt of hátt upp um sig o.s.frv.) Þau léku ágætlega bæði en kannski var leikstíllinn ekki alveg sá rétti. Þarna var verið að SÝNA FREMUR EN AÐ VERA. Tilgangur hans hefði sennilega mátt leikast meir út. Þ.e. að hann léki markmið sitt, hvað svo sem það var nákvæmlega, t.d. að sjá bros hennar. Samleikur hefði þá skerpst eitthvað og orðið meira spennandi, án þess að liggja endilega í

augum uppi fyrir áhorefndum. Hugsanir og hugsanaferli hefði líka skýrst fyrir vikið. Blokkeringar finar en full tæknilegar. Hún brosti fyrr í verkinu, en maður mundi ekki eftir öðru en að leikarinn þættist ekki taka eftir því. Skemmtilegra hefði verið ef hann hefði snúið sér undan vegna ótta við að koma upp um sig gagnvart henni, heldur en að samskiptin væru leikin til áhorfenda. Annars er Kúrebíska greinilega skemmtilegt mál. *PB*

ÞAÐ ER FRÍTT AÐ TALA Í GSM HJÁ GUDI

Leikfélag Mosfellssveitar

Höfundur: Pétur R. Pétursson

Leikstjóri: Ólafur Haraldsson

Leikari: Jól Sæmundsson

Ágæt hugmynd í grunninn, vel afmörkuð í einfaldri umgjörð og lögn. Handritið vantar hins vegar hljómbotn þannig að áhuginn á því sem karakterinn hefur að miðla dvínar hratt í seinni hlutanum. Þetta verk vekur reyndar spurningar sem verða nokkuð áleitnar þegar hátíðin er skoðuð í heild, líkt og um hvað er verið að fjalla – hvert er erindið? Í þessu verki gæti það verið óréttlætið... dauðinn... sorgin... sambandsleysið... greddan... brandarinn... GSM síminn... Leikarinn hefur alla burði til að skila erindinu, gallinn er bara sá að höfundur virðist ekki hafa ákveðið hvert það er. *PP*

Mér þótti leikarinn ágætur. Sérstaklega þegar hann var á einlægu nótonum. Hann má passa sig að leika ekki niður til persónunnar og að leika ekki tilfinningarnar. Be- tra er í sumum tilfellum að vinna gegn textanum, þ.e. að smyrja ekki sömu tilfinningu og líkamlegu gerð og býr í textanum ofan á. En kannski var aðalvandamálið hér að verkið sjálft var hlaðið einhverri ódýrri biturð. Þó var þetta ágætis tilraun með stand-up formið sem náði að kreista fram stöku hlátur. Notkun „stróps“ virkaði ekki sem skyldi fyrir mig. *PB*

SÚSANNA BAÐAR SIG

Leikfélag Hafnarfjarðar

Höfundur: Lárus Húnfjörð

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Leikendur: Halldór Magnússon og Gunnar Björn Guðmundsson

Fannst ég staddur á árshátíð hjá ríkisstofnun. Verkið er óskrifað og leikstjórinn fjarverandi. Það er erfitt að dæma leikinn við þessar aðstæður en ég dáðist þó að leikaranum fyrir að standa með þeirri (hæpnu) ákvörðun að taka hlutverkið að sér. Hann sló hvergi af og gerði það sem hægt var til að blása lífi í leikrit sem helst mætti líkja við andvana fæddan fyrirbura. *PP*

Mér fannst Halldór standa ágætlega með persónu sinni. Verkið sjálft fannst mér ekki gera sig. Kannski var mein- ing verksins að „Sú sanna“ baðaði sig í lokin, þ.e. að sú sanna væri Emmi á EX-finger, þar væri hinn sanni metn- aður strípisins fólgin. Ef þetta er réttur skilningur hefði engu að síður mátt stytta verkið. Eintalið virkaði langt og innkoma Gunnars sem konunnar virtist til þess gerð að teygja lopann enn frekar. En salurinn skemmti sér, eins og var reyndar um önnur neðanbeltisverk. Kannski hefði þetta gert sig betur ef leikarinn hefði glaðst meira yfir því að fá loksins tækifæri til að strípa og algjörlega vera „sú sanna“ á sviðinu. *PB*

FRÍÐARDÚFAN

Leikfélagið Sýnir

Höfundur: Unnur Guttormsdóttir

Leikstjóri: Hrunn Ólafsdóttir

Leikari: Aldís Gyða Davíðsdóttir

Verkið byrjar mjög fallega og stefnir í að verða áhuga- vert framlag til sígildrar umræðu. Um miðbik verksins fór ég að upplifa að spurningin um hver hin eiginlega friðardúfa væri opnaði skemmtilega möguleika. Líkt og þann að það væri stúlkan sjálf, hvítklædd, barnsleg og saklaus. En í lokin er tekið fyrir allar slíka upplifanir og troðið upp á okkur einni melódramatískri niðurstöðu í mótsögn við sýnina sem lagt var upp með. Kannski hefði verið áhrifameira að halda hugmyndinni um friðardúfuna lengur opinni, þ.e.a.s. að gefa áhorfandan- um meiri tíma til að skapa sína eigin mynd af því hvað um var rætt í stað þess að negla það niður með heiti leikritsins og endurtekinni notkun þess gegnum verkið

allt. En eftir lifir ánægjuleg minning um fallegan leik. *PB*

Það var eitthvað við þetta verk, einlægt og fallett. Og þetta er trúlega eina verkið sem ég myndi vilja sjá aftur. Það virkaði á mig eins og ljóð. Einhver brilljans í því, óslípaður ef til vill – hugmyndin einföld, nánast „naiv“. Þessi höfundur á að halda áfram að skrifa. Stelpan frískleg og hentaði í hlutverkið, leikmáti opinn og afar vel viðeigandi. Leikkonan mátti taka hljóðin betur inn þegar þylurnar komu. Fallett hjarta í þessu. *PB*

BARA INNIHALDIÐ

Leikfélag Rangæinga

Höfundur: Sævar Sigurgeirsson

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Leikendur: Eymundur Gunnarsson og Anna Ólafsdóttir

Hér er lagt upp með þá þakklátu hugmynd að tækla helstu klisjur íslenskrar mökunar og tuskast svoltið með þær í samtali fordrúkkins karls og konu á skemmtistað. Það verður hins vegar að segjast eins og er að handritið virðist varla nema hálfunnið því uppistaða þess er svo undarlega máttlaus – einkum ef miðað er við þá marg- víslegu möguleika sem liggja í klisju-orðaleik af þessu tagi. Það vantar allan takt í samtölin, þau eru ekki nærri jafn dínámísk og efnið heimtar, óvæntir uppásnúning- ar varla til staðar og áhorfandinn fyrir vikið fær um að botna flestar setningar sjálfur og sjá fyrir næstu reblíkku þegar verst lætur. Ekki gott – en leikarar gerðu það sem þeir gátu úr efniviðnum og eiga inni að fá að leika verkið aftur þegar það er orðið bæði drepfyndið og dapurlegt. Höfundurinn getur skilað slíkri vinnu ef hann vill. *PP*

Ágætlega leikið, kómískt og finar tæmingar, sannfær- andi „low class“ fyllibyttur. Verkið hélt lengi framan af en allt of mikil mötun í lokin. Það var alveg banalt að segja boðskapinn í lokin jafnvel þó um myndlíkingu við pylsu í brauði eða án brauðs hefði verið að ræða. *PB*

GEIRPRÚÐUR SVARAR FYRIR SIG

Leikfélag Selfoss

Höfundur: Margaret Atwood og William Shakespeare

Þýðendur: Guðfinna Gunnarsdóttir og Helgi Hálfðánar- son

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Leikendur: Hrefna Clausen og Víðir Örn Jóakimsson

Ég hafði töluverðar efasemdir um tilvist þessa leikrits á hátíðinni, enda eina verkið sem ekki var heimalagað að öllu leyti. Þegar upp var staðið reyndist þetta hins vegar eitthvert skemmtilegasta verk kvöldsins og lumaði þar að auki á mikilvægri aðlögunarvinnu leikstjórans, þannig að viðfangsefnið virtist eiga glettilega traustar rætur í íslenskum samtíma. Frábær leikur Hrefnu Clausen í hlutverki Geirprúðar gladdi þó mest. Þar verður hlutur leikstjórans auðvitað að reiknast inn, enda umgjörð og yfirbragð verksins til fyrirmyndar að flestu leyti. *PP*

Hún góð. Rosalega góð. Frábær. Textameðferð, skýrleiki, allt sem til þarf. Mótleikari féll óneitanlega í skuggann af slíkri drottningu en engu að síður mjög frambærilegt verk. Skemmtileg vinna með handrit. Lengd hárrétt. Listilega unnið frá hendi leikstjóra og greinilega vandað til verka. *ÞB*

MORÐ FYRIR FULLU HÚSI

Leikfélag Hafnarfjarðar

Höfundur: Lárus Húnfjörð

Leikstjóri: Halldór Magnússon

Leikendur: Dýrleif Jónsdóttir og Hildur Kristmundsdóttir

Klassísk pæling um samband höfundar og persóna, veruleika og ímyndunar. Viðfangsefni sem á alltaf erindi og mikilvægt að takast á við ekki síður en ástina, dauðann, hismið og kjarnann. Ekkert svo galið handrit, styrkt með nokkrum ágætum lykilsetningum og augnablikum, en kannski full götótt til að ganga alveg upp. Leikurinn nokkuð skemmtilegur en ýktari en svo að maður héldi einbeitingu allan tímann. Þar með varð trúverðugleikinn ekki nægur til að skapa nauðsynlegt mótvægi við hina einkennilegu stöðu karkateranna í veruleikanum. *ÞB*

Væri reyndar til í að sjá þetta aftur verksins vegna, sem var ekki svo galið, en mér fannst úrvinnsla of stíliseruð, of mikið leikin til áhorfenda. Sérstaklega var þetta áberandi í byrjun þegar persónurnar eru að sýna hversu ólíkar þær eru. Eftir því sem á leið fór samleikurinn að verða betri. Með öðrum orðum má segja að það er alveg hægt að eiga góðan samleik þótt persónurnar séu ólíkar og fyrirlíti hver aðra og það þarf ekki að sýna svona mikið í byrjun. Verkið mætti trúlega endurskrifa og skerpa aðeins á því. *ÞB*

AÐGERÐ

Leikfélag Kópavogs

Höfundur: Guðjón Þorsteinn Pálmarrsson

Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson

Leikendur: Erna Þorbjörg Einarsdóttir, Hörður Skúli Daníelsson, Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, Arnar Ingvarsson og Björn Elvar Sigmarsson

Saxi læknir í ómarkvissu, löngu atriði sem missir nokkurn veginn alveg marks. Sem er hálfgerð synd í ljósi þess að umgjörð og leikstjórn gefur til kynna augljósa hæfni og leikararnir tveir sem mest mæðir á, auk hinnar tindilfættu hjúkrunarstelpu, hafa alla burði til að gera mjög vel. Eftir stendur hins vegar að handritið stefnir í allar áttir og enga þó og megnar ekki að skila öðru en nokkrum smellnum augnablikum þegar upp er staðið. Þegar jafn mikið er í lagt og innstæðan augljós hjá aðstandendum freistast maður til að gera kröfu um að skemmtunin risti dýpra, persónur séu trúverðugri og löngunin til að eiga eitthvert erindi láti á sér kræla. *ÞP*

Hughrifin sem ég fékk af þessu verki var að ég upplifði þetta eins og vel útfært skemmtiatriði á árshátíð. Það

stóðu allir sig ágætlega en maður spurði sig; til hvers? Ef markmiðið var að vekja hlátur og skemmta þá náði þetta slíkum áhrifum að hluta til í vinveittum sal af fólki. Leikstillinn sem minnti á Saxa lækni var sennilega réttur og allir leikarar höfðu greinilega gaman af. Verkið sjálft hafði bara einhvern veginn ekki neinn botn með fullri virðingu fyrir höfundum. *ÞB*

Í ÖRUGGUM HEIMI

Hugleikur

Höfundur: Júlía Hannam

Leikstjóri: Nanna Vilhelmsdóttir

Leikendur: Jón Geir Jóhannsson, Silja Björk Hulldóttir, Loftur S. Loftsson, Sigurður H. Pálsson og Þorgeir Tryggvason.

Píanóleikur: Svavar Knútur Kristinsson

Þegar Jón Geir sagði fyrstu setninguna í þessu verki, hreifst ég ekki aðeins af röddinni, heldur myndaðist strax ákveðið andrúmsloft sem mér finnst alltaf jafn ómetanlegt í leikhúsi. Það má líkja því við eins konar trúnaðarsamband sem á rætur sínar m.a. í raunverulegri nærveru leikarans, trúverðugum texta höfundar og trausti leikstjórans á efniviðnum. Það sem gerði þetta verk svo hrífandi var líkast til einhvers konar kjörblanda þessara þátta, enda gekk nokkurn veginn allt upp. Reyndar hefði verið alveg óhætt að draga svona 20% úr ögn ýktri tjáningunni en í heildina stendur eftir minnisstæð smámynd sem áhorfandanum er látið eftir að fylla inn í og gera að sinni eigin ef hann vill. *ÞP*

Tvímælalaust besta verk kvöldsins. Vel skrifað og öll útfærsla fín. Helst að persónusköpun Jóns Geirs hafi verið fullýkt... gerðir hans í verkinu sögðu allt, óþarft að smyrja ofan á það. Þetta er þó einungis spurning um blæbrigði því sýningin gekk upp og þegar leiksýning gengur upp, gengur hún upp og galdurinn hrífur. Til hamingju, meira svona. Sérstaklega gott til eftirbreytni hvernig sýningin var alltaf á undan áhorfandanum, gaf ekki alveg allt upp fyrr en í lokin, án þess þó að predika eða gefa manni það inn með skeið. *ÞB*

AFI BRENDUR

Leikfélag Kópavogs

Höfundur: Oddur Bjarni Þorkelsson

Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson

Leikendur: Sigsteinn Sigurbergsson, Bylgja Ægisdóttir og Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Ekki svo galið verk, leikstjórnin örugg og leikur Sigsteins hreint ágætur, en... Kannski erum við komin þar í okkar ágætu menningu að kaldranalegur húmor og ofbeldistengdar afhelganir hafi misst mesta slagkraftinn – amk. þegar ekki tekst að tengja slíkt við einhvern marktækan streng í tilverunni. Að það sé ekki lengur frétt að buffa, brjóta og aflima nema í einhverju bitastæðu samhengi sem gefi groddanum merkingu. Það var vissulega frelsandi og um margt bráðnauðsynlegt á sínum tíma að sjá allt þetta „splatter“ dæmi mæta

á svæðið, SM-klámið, „gotíkina“ og gredduna, en mikið svakalega er ruddahúmorinn að verða þreyttur – einn og sér. Þetta verk kveikir, eins og sum önnur á þessari hátíð, hina óvinsælu spurningu um erindi eða erindisleysu. Spurningu sem enginn í skapandi starfsemi af neinu tagi kemst undan að takast á við – hvort sem menn telja sig tilheyra atvinnu- eða áhugamennsku. Og kannski það sé þrátt fyrir allt mikilvægasta erindi erindisleysunnar; að undirstrika fjarveru merkingarinnar í ofmerktum heimi. *ÞÞ*

Annar „splatter“ frá Leikfélagi Kópavogs. Þessi minnti meira á Heilsubælið sem sjónvarpið sýndi fyrir nokkrum árum. Svipaðar hugleiðingar og með fyrri „sketsinn“. Reyndar kom í ljós í umræðum daginn eftir sýninguna að bæði verkin hafi verið tekin úr stærra samhengi. Það útskýrir auðvitað alveg heilmikið en varpar líka fram spurningunni: er ekki komin tími til fyrir þessa hátíð að hún verði tekin á næsta stig og það verði hreinlega skrifuð sérstök verk fyrir hana. Annars stóðu leikarar sig ágætlega og Sigsteinn sem Skeini var sérlega fyndinn. Vel gert hjá honum og bar hann má segja uppi verk sem gekk að öðru leyti ekki sérlega vel upp, nema þá sem „skets“, en þó full langur sem slíkur. *ÞB*

DAGUR Í LÍFI MÖRTHU ERNSTSDÓTTUR

Freyvangsleikhúsið

Höfundur: Sverrir Friðriksson

Leikstjóri: Jónsteinn Aðalsteinsson

Leikendur: Þórný Barðadóttir, Elísabet Katrín

Friðriksdóttir, Rósa Björg Ásgeirsdóttir, Ingólfur Þórsson,

Jón Þorgrímur Friðriksson og Sindri Svan Ólafsson

Hér skorti hvorki einlægnina né erindið og skilaði sér hvort tveggja í einu eftirminnilegasta augnablik kvöldins – þegar þriðji keppandinn rennir sér inn á sviðið. Hins vegar sannast hér að jafnvel þótt hin göfugasta saga sé rakin af hjartans sannfæringu dugar það sjaldan eitt og sér til árangurs í leikhúsi. Áhrifamáttur verks eins og „Dagur í lífi...“, byggist umfram allt á trúverðugleika persóna og aðstæðna og hér skorti nokkuð á hvort tveggja. Ég á erfitt með að setja fingur á vandann, en kannski liggur hann að einhverju leyti í öllum þáttum; fremur hráu handriti sem vísar í full margar áttir til að skapa áhuga, sviðsetningu sem litast um of af þröngum aðstæðum handrits og sviðs og leik sem hefði þurft að slípa betur og miðla af meira sjálfstrausti. Þessu nöldri leyfi ég mér að demba á þennan ágæta hóp vegna þess að ég treysti honum til góðra verka og er þess fullviss að bæði höfundur, leikstjóri og leikarar geti unnið mun betur úr þessum efniviði. *ÞÞ*

Enn ein „anektótan“ eða skrýtluhugmyndin. Hugmyndin samt ágæt; að sýna hversu víðtæk áhrif eitt stykki víðavangshlaup hefur. Þ.e. „Dagur í lífi Mörthu Ernst“ fjallaði meir um dag í lífi annarra og lítt þekktari karaktera en nokkurn tíma hennar. Náunginn í hjólastólnum er eftirminnilegasta persónan í mínum huga og nokkuð sterk

hugmynd í byggingu verksins. Ég veit ekki alveg hvort leikhúsið var rétti vettvangurinn fyrir þessa hugmynd. Mér fannst sýningin svolítið tætingaleg og tæmingar eilítið skrýtnar. Mér kom til hugar að hugmyndin hefði gert sig í stuttmynd. Leikarar stóðu sig vel og stóðu með sýningunni. Mér fannst vera hjarta í þessu og einhver fallegur hreinleiki. Blokkingar voru lítið eitt lokaðar út til hliðanna þegar konurnar þrjár töluðu saman, þ.e. þær stóðu of mikið í einum hnapp, of lengi, og skyggðu hver á aðra. *ÞB*

HANNYRÐIR

Hugleikur

Höfundur: Sigurður H. Pálsson

Leikstjóri: Guðmundur Erlingsson

Leikendur: Hjalti Stefán Kristjánsson, V. Kári Heiðdal,

Eggert Hilmarsson, Einar Þór Einarsson og Gunnar

Gunnarsson

Verulega skemmtileg hugmynd sem áhorfandinn fær að uppgötva smám saman. Umgjörðin öll var hrein og klár, notkun á tónlist og tækjum skínandi skemmtileg og myndirnar sem brugðið var upp hver annarri fallegri. Ég er þess fullviss að hér höfum við eignast marktækt svar við Full Monty og öðrum slíkum verkum sem takast á við karlmenskuna af hrífandi innileik og æðruleysi. Það hefur a.m.k. ekki yfirgefið mig hugsunin um þetta leikrit sem upptakt að kvikmynd í fullri lengd þar sem nákvæmlega þessir karakterar eru lagðir til grundvallar. Og hannyrðaklúbburinn. En auðvitað er sjálfsagt að byrja á að leyfa hugmyndinni að fylla út í lengra sviðsverk ef þannig verkast. Kannski til að komast að því að stuttverkið sé besta útgáfan... Það má etv. gagnrýna niðurlag verksins, þar sem gamalreyndur groddahúmor reynist ekki bæta neinu við en heldur draga úr áhrifunum. *ÞÞ*

Vel gert. Vel smíðað verk og úrvinnsla góð. Verkið náði að koma á óvart og endurnýja sig á undan áhorfendum, þ.e. aldrei dautt „moment“. Leikararnir náðu að hvíla vel í hannyrðum sínum og fyrir vikið gátu þeir hleypt í gegnum sig einhverju stærra en remlingslegum sjálfbirgingshætti sem því miður er of tíður meðal leikara. Það var einhver hrífandi sannleikur í þessu þrátt fyrir að umgjörðin og bygging verksins væri eilítið absúrd. Mér fannst lokin ekki ganga 100% upp og er ekki tilbúinn að skrifa það á verkið. Mér fannst leikararnir ekki nógu drífandi og fókuseraðir í rífrildi sínu um hver væri kviðmágur hvers til að „gleyma“ að einn væri dauður á meðal þeirra. Þvert á móti upplifði ég að leikarinn væri að reyna að þykjast ekki taka eftir því að einn væri dauður í stað þess að fókusera á óleystan „konflikt“. En heilt yfir; gott verk og vel gert. Takk fyrir það. Þessi sýning situr vel í minni. *ÞB*

Bandalagið þakkar þeim Þorvaldi og Þorsteini fyrir gagnlegar og vel unnar umsagnir.

Fundargerðir stjórnarfundar Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Hótel Stykkishólmi 8.5. 2005

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Ingimar Davíðsson, Ólöf Þórðardóttir, Hrund Ólafsdóttir, Ármann Guðmundsson, Vilborg Valgarðsdóttir, Júlíus Júlíusson og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Guðrún Halla setti fund.

Stjórn skipti með sér verkum. Verkaskipting stjórnar er nú eftirfarandi:

Guðrún Halla Jónsdóttir, formaður
Lárus Vilhjálmsson, varaformaður
Þórvör Embla Guðmundsdóttir, ritari
Hörður Sigurðarson og Júlíus Júlíusson,
meðstjórnendur.

Í varastjórn eru: Ármann Guðmundsson, Hrund Ólafsdóttir, Ingimar Davíðsson, Margrét Tryggvadóttir og Ólöf Þórðardóttir.

Vídeómál: Upptökum sem eftir áttu að berast verði skipt á milli stjórnarmanna til skoðunar fyrir úthlutunarfund.

Ítrekað að úthlutunarfundur verði haldinn helgina 8. til 10. júlí. Formaður lagði til að tímasetning úthlutunarfundar yrði óbreytt, þrátt fyrir að hún yrði fjarverandi á þeim tíma.

Ákveðið var að þeir stjórnarmenn sem á svæðinu yrðu sætu framkvæmdarstjórnarfundum á leiklistarhátíðinni í júní, eins og á hátíðinni 2000. Bandalagið greiddi gistingu fyrir aðalstjórnarmenn á síðustu hátíð, gegn því að þeir væru starfsmenn á hátíð. Sami háttur verður hafður á nú. Ólöf Þórðardóttir tók að sér að sjá um hátíðarklúbb. Velt upp hugmynd um að leikhópar taki að sér að sjá um dagskrá ákveðin kvöld.

Erindi frá Færeyjum þar sem þeir biðja um fjárhagsaðstoð vegna NUTU-skólans. Ljóst að Bandalagið er ekki aflögufært. Skrifstofunni falið að sjá um að svara erindi þeirra þess efnis.

Hugmynd frá Þorgeiri um að setja auglýsingaborða vinstra megin á forsiðu vefjarins um þá umsóknarfresti á viðburði eða á námskeið sem eru í aðsigi hverju sinni.



Guðrún Halla Jónsdóttir, nýr formaður BÍL

Reynt verði að halda þessari hugmynd að vefnefnd í þeirri vinnu sem á döfinni er í vefmálum.

Þarf að skrifa bréf til Gríunnar skv. samþykkt aðalfundar.

Einnig rétt að fá lista yfir umsóknir í keppni um Athyglisverðustu áhugasýningu ársins viku fyrir þing til birtingar. Þjóðleikhúsnefndarmenn vilja hitta fulltrúa Bandalagsins út af keppninni. Þar viljum við heyra hvort nefndin hefur vinnureglur við val. Einnig þarf að athuga hvort nefndin sér ekki örugglega allar sýningar sem sækja um.

Mönnum þykja samskipti milli stjórnarmanna í tölvupósti ganga vel, en stjórnarspjall ekki virka. Halla hvatti til að menn svöruðu pósti, þó ekki væri nema til að staðfesta viðtöku.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn 8. og 9. júlí 2005 í þjónustumiðstöðinni að Laugavegi 96.

Mættir:

Úr aðalstjórn: Hörður Sigurðarson, Júlíus Júlíusson og Lárus Vilhjálmsson.

Úr varastjórn: Ármann Guðmundsson og Ólöf A. Þórðardóttir.

Starfsmenn: Vilborg Valgarðsdóttir.

Boðuð forföll: Guðrún Halla Jónsdóttir formaður, Hrund Ólafsdóttir varamaður og Embla Guðmundsdóttir ritari.

Fjarverandi: Ingimar Davíðsson varamaður.

Margrét Tryggvadóttir boðaði seinkun og mætti klukkan 15.45.

Fundur settur kl. 14.00 þann 8. júlí af Lárusi Vilhjálms-syni.

1. Úthlutun styrkja

Farið var yfir innsendar styrkumsóknir aðildarfélaganna og tillaga gerð að úthlutun styrkja menntamálaráðuneytisins.

Alls sóttu 38 félög um styrki til 65 leiksýninga og leikþátta, 4 samsettra dagskráa, 17 leiklistarnámskeiða og 48 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

Umsóknir þetta árið voru í sögulegu lágmarki.

Stjórn gerir tillögu að styrk þegar fyrir liggur gild umsókn og gögn skv. úthlutunarreglum BÍL og því var eftirfarandi umsóknum hafnað:

- Umsókn frá Leikfélagi Blönduóss fyrir skemmtidag-skrá á þorralóti. Ekki er veittur styrkur fyrir leiklestra.
- Umsókn frá Leikfélagi Hólmavíkur fyrir bændahátíð. Ekki veittur styrkur fyrir leiklestra.
- Umsókn Leikfélags Hörgdæla fyrir *Fiðring*. Ekki veittur styrkur þar sem gögn vantar.
- Leikfélag Vestmannaeyja fyrir *Tyrkjaránið 1627*. Ekki veittur styrkur vegna leiklestra.
- Leikfélagið Grímnir fyrir *Grandferð með Eyjarún*. Ekki veittur styrkur vegna leiklestra.
- Leikfélag Seltjarnarness fyrir *Galdrakarlínn í OZ* – hluti. Ekki veittur styrkur þar sem gögn vantar.
- Ungmennafélag Reykdæla með *Lög frá liðinni tíð*. Þetta er ekki leiksýning að mati stjórnar.

Eftirfarandi umsóknir um sérstakt frumkvæði voru samþykktar:

- Umsókn frá Leikfélagi Hafnarfjarðar fyrir *Að sjá til þín maður* samþykkt vegna metnaðarfulls starfs félagsins á leikárinu.
- Umsókn frá Leikfélagi Húsavíkur fyrir *Sambýlinga* samþykkt vegna skemmtilegrar nálgunar þar sem leitað var til fagaðila.
- Umsókn frá Leikfélagi Kópavogs fyrir *Memento Mori* samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar og glæsilegra búninga.
- Umsókn frá Leikfélagi Kópavogs fyrir *Allra kvikinda líki* samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.
- Umsókn frá Leikfélagi Reyðarfjarðar fyrir *Álagabæinn* samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.
- Umsókn frá Leikfélagi Vestmannaeyja fyrir *Stylle Øy* samþykkt vegna sérstakrar vinnu og góðrar skipulagningar.
- Umsókn frá Leikklúbbum Sögu fyrir *Davíð Oddsson Súperstar* samþykkt vegna ferskrar og frumlegrar framsetningar.
- Umsókn frá Stúdentaléikhúsinu fyrir *Þú veist hvernig þetta er* samþykkt vegna ferskrar og frumlegrar framsetningar.
- Umsókn frá Sólheimaleikhúsinu fyrir *Ævintýri*

Pumalínu samþykkt vegna nýstárlegrar útfærslu.
- Umsókn frá Umf. Íslendingi, leikdeild fyrir *Bláa hnöttinn* vegna vel útfærðra tæknilausna.

2. Starfsáætlun 2005–2006

1) *Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL*. Búið er að fá tilboð í nýja hurð á jarðhæð bakatil í þjónustumiðstöð og glugga bakatil á II. hæð og er kostnaður um 200.000 kr. og greiðir BÍL rúmlega 20%.

2) *Rekstur fasteigna samkvæmt viðhaldsáætlun*.

Sjá lið 1.

3) *Útgáfa ársrits fyrir leikárið 2004–2005*.

Unnið á sama hátt og fyrri útgáfur. Uppsetning á ársritinu hefst í september og verið er að safna efni. Umræður um efni í ritið og m.a. að formaður skrifi leiðara, einnig að fá leyfi hjá Morgunblaðinu til að birta viðtalið við Danute Vaigauskaitte og athuga með að fá ferðapistil frá Hugleik vegna ferðar þeirra á NEATA hátíð í Eistlandi síðasta sumar.

4) *Starfsemi leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðs-áætlun*.

Umræða um helgarnámskeið sem hugsað er 1. og 2. október – kanna hjá félögum og þeim sem hafa farið á leikstjóranámskeið hvort þörf sé fyrir þetta og áhugi hjá félögum.

Gera að tillögu að Leiklist I verði í boði næsta sumar í skólanum.

Athuga á með könnun hvernig nám í skólanum hefur skilað sér inn í félögin. Tillaga að skólanefnd útbúi spurningarlista.

Óánægjuraddir hafa heyrst vegna þess að þeir sem fara á helgarnámskeið fá ekki merki skólans. Samþykkt af stjórn að skólanefnd ráði þessu í framtíðinni.

Skólanefnd hefur lagt fram beiðni um skipun kynningarnefndar vegna 10 ára starfsafmælis skólans á næsta ári og verður Gunnhildur Sigurðardóttir, formaður skólanefndar, boðuð á fund stjórnar vegna þess máls í september.

5) *Rekstur vefsíðunnar leiklist.is samkvæmt tillögum vefnefndar*.

Fyrirhugaður flutningur á vefnum ræddur en gerður hefur verið samningur við veflausnafyrirtækið Cinq um hönnun á nýjum vef en eins og áður hefur komið fram fór Vefsýn í gjaldþrot fyrr á árinu en það fyrirtæki hefur hýst vefinn frá stofnun. Einnig rætt að fá félag til að skrifa útdrátt úr verkum fyrir leikritasafnið þar sem það vantar.

Margrét yfirgefur fund klukkan 18.45.

6) *Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og leiklistarskóla þess*.

Búið er að vinna töluvert í þessu. Ræða þarf aftur við Þorgeir Ólafsson í Menntamálaráðuneytinu og sjá hvort beiðni um hækkun hafi farið frá þeim inn í fjárlögin. Ýta þarf á stjórnámálamenn að tala fyrir þessu máli. Þetta þarf að kanna í ágúst.

7) *Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins*.

Þjóðleikhúsið (Hlín Agnarsdóttir) hefur áhuga á áframhaldandi samstarfi, þetta kom fram í samtölum við hana á síðasta aðalfundi. Ákveðið var að fá fund með Þjóðleikhúsinu í haust þegar starfsemi hefst hjá þeim.

Sérverkefni starfsársins.

1) *Halda alþjóðlega leiklistarhátíð á Akureyri dagana 22. – 26. júní 2005.*

Sér liður í fundargerð.

2) *Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu.*

Nokkrar athugasemdir hafa borist frá þeim sem lesið hafa yfir og er Bjarni að vinna í breytingum. Ákveðið var að hafa myndavöld í ágúst. Reynt verður að hafa bókina tilbúna til prentunar um áramót 2005–2006. Útgáfudagur er ekki ákveðinn. Lárus stingur upp á að leitað verði sérstaklega til fjárlaganefndar vegna þessa verkefnis.

3) *Halda áfram samstarfi við Borgarleikhúsið.*

Ákveðið var að senda Borgarleikhúsinu tillögu að því að næsta verkefni í samstarfi við þá verði jafnvel tengt aðalfundi 2006.

3. *Fósturfélög stjórnar, ný skipting*

Skipting verður eftirfarandi milli stjórnarmanna:

Hrund; Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Leikfélag Vestmannaeyja, Leikfélagið Sýnir, Stúdentaleikhúsið, Leikfélagið M.a.s., Snúður og Snælda og Leiknefnd Umf. Grettis.

Guðrún Halla; Freyvangsleikhúsið, Umf. Íslendingur – leikdeild, Leikfélag Seyðisfjarðar, Leikfélag Hólmavíkur, Leikfélagið Grímnir, Leikklúbburinn Saga og Reykvíska Listaleikhúsið.

Hörður; Leikfélag Kópavogs, Umf. Ármann – leikdeild, Umf. Dagrenning – leikdeild, Leikfélag Hörgdæla, Leikfélag Ólafsfjarðar, Leikfélag Djúpavogs og Leikfélagið Búkolla.

Lárus; Leikfélag Hafnarfjarðar, Skagaleikflokkurinn, Leikfélag Sauðárkróks, Leikfélag Siglufjarðar, Umf. Stafholtstungna – leikdeild og Leikfélag Hofsóss. Júlíus; Leikfélag Dalvíkur, Litli leikklúbburinn, Leikfélag Sólheima, Leikhópurinn Vera, Umf. Biskuptungna – leikdeild og Leikfélag Raufarhafnar.

Ingimar; Leikfélag Selfoss, Leikfélag Keflavíkur, Hala-leikhópurinn, Leikfélag Þórshafnar, Leikfélagið Hallvarður súgandi og Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar. Margrét; Leikfélag Rangæinga, Umf. Efling – leikdeild, Leikfélag Reyðarfjarðar, Leikfélag Blönduóss, Leikfélagið Vaka og Leikfélagið La-gó.

Ármann; Huggleikur, Leikdeild Umf. Vöku, Umf. Skalla-grímur – leikdeild, Leikflokkurinn Hvammstanga, Leikfélagið Ofleikur og Leiklistarfélag Seltjarnarness.

Ólöf; Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Hornafjarðar, Leikhópurinn Lopi, Leikfélag Hveragerðis og Leikklúbbur Laxdæla.

Embla; Umf. Reykdæla, Leikfélag Húsavíkur, Leikfélag Patreksfjarðar, Nafnlausir leikhópurinn, Umf. Gnúpverja – leikdeild og Víkurleikflokkurinn.

Skrifstofan; Leikfélagið Kex, Leikklúbburinn Spuni og

Ultima Thule.

4. *Bandalags-Gríman*

Eftir reynslu frá síðasta leikári er ljóst að ekki er hægt að velja af myndböndum – gæðin eru það misjöfn og oft og tíðum ekki góð til áhorfs hvað þá til að veita verðlaun eftir.

Stjórn BÍL hvetur stjórnir félaganna til að bjóða stjórnarmönnum og gagnrýnendum (til að fá gagnrýni á vefinn) á leiksýningar. A.m.k. að tilkynna hvenær frumsýningardagur verður.

Engin krafa hefur komið frá félögum um þessi verðlaun og því spurning hvort að það eigi að halda þessu til streitu.

Stjórn samþykkti að þetta yrði lagt til hliðar þetta árið og tekið upp að ári liðnu til endurskoðunar, en þó að halda umræðunni lifandi.

Stefnt er að því að stjórnarmenn sjái eins margar leiksýningar og hægt er með því að mæta á þær, ef ekki, þá á upptökum og taka stöðuna um áramótin.

Farið var yfir bréf til stjórnar Leiklistarsambands Íslands og framkvæmdastjórnar Grímunnar sem Lárus útbjó og gerðar nokkrar breytingar á því – stjórn fær bréfið sent til yfirlestrar. Bréfið er samið vegna ályktunar sem samþykkt var á síðasta aðalfundi um gjaldgengi allra nýrra íslenskra leikrita í flokknum Leikskáld ársins.

5. *Launaliðir samninga við starfsfólk*

Lárusi var falið að gera nýja samninga við starfsmenn, en þeir koma til endurskoðunar árlega þann 1. júlí.

6. *Skipanir í nefndir og nefndarsetur*

Farið var yfir vinnureglur sem Hörður hafði útbúið og þær samþykktar af stjórn. Þær fylgja þessari fundargerð.

Fundi frestað klukkan 19.55 til 9. júlí 2005.

Fundi fram haldið klukkan 10.00 9. júlí 2005
Unnið áfram í sjötta lið dagskrár.

Endurskoðun nefnda:

a) Söguritunarnefnd – skipuð formlega til eins árs. Í henni sitji: Þorgeir Tryggvason, Sigrún Valbergsdóttir og Einar Njálsson. Söguritari er Bjarni Guðmarsson.

b) Margt Smátt-nefnd – verði skipuð á stjórnarfundi í haust.

c) Vefnefnd: Hörður Sigurðarson, Ármann Guðmundsson og Lárus Vilhjálmsson.

d) Skólanefnd: Gunnhildur Sigurðardóttir, Sigríður Karlsdóttir, Dýrleif Jónsdóttir, Huld Óskarsdóttir og Herdís Þorgeirsdóttir. Hrefna Friðriksdóttir til vara.

7. *Fundargerðir stjórnarfundar og aðalfundar 2005*

Fundargerðir samþykktar án athugasemda.

8. *Leikum núna! Eftirmálar og uppgjör*

Færri erlendir gestir komu heldur en áætlað var og því var tapið af hátíðinni minna en ráð var gert fyrir.

Útgjöld voru um 3.200.000 kr. og tekjur um 2.000.000 kr. Þetta eru þó ekki endanlegar tölur þar sem loforð um styrki hafa ekki öll verið greidd og reikningar eru enn að berast.

Akureyrarbær lagði til Ketilhús, Deigluna og Húsið ásamt 300.000 kr.

Valdís í Ketilshúsi kvartaði undan umgengni í húsinu — þar klikkaði okkar maður og stóð ekki við sitt varðandi reddingar á ljósum o.fl. Ljós ekki tekin niður og húsinu ekki skilað eins og gert var ráð fyrir. Hlutaðeigandi leikfélög munu fá bréf frá stjórn vegna þessa máls, þar sem leikmynd var skilin eftir í húsi og fyrir utan, rafmagnið var í ólestri, eitthvað af munum hússins voru skemmdir og umgengni almennt mjög slæm.

Lárus tók að sér að fá skriflega skýrslu frá þeim sem sáu um atburði á hátíðinni og þær síðan yfirfarnar til að sjá hvað var gott og hvað hefði mátt betur fara.

9. *Skipan í skólanefnd.*
Sjá lið 6.

10. Önnur mál

a) Fyrir fundi lá fundargerð frá síðasta stjórnarfundum NAR þar sem fram komu þær breytingar að Færeyjar hafa bæst við sem fullgildur meðlimur, breyting er orðin á seturétti á fundum þar sem formenn og varaformenn eiga rétt á setu (var áður formaður og framkvæmdastjóri). Formaður og varaformaður skipta með sér verkum í þessu.

Stjórn samþykkti þessar breytingar en þær verða lagðar fyrir stjórnarfund NAR í Mónakó í ágúst.

b) Svíar eru búnir að segja sig frá því að sjá um vef NAR og spurning er hvort BÍL vill taka þetta að sér. Vilborg mun kanna þetta mál og vera í sambandi við Steinar Arnesen um greiðslur fyrir þessa vinnu og eftir það verður skoðað hvort að þetta er verkefni sem við ættum að taka að okkur. Í síðustu fjárhagsáætlun NAR kemur fram að 7.100 DKK eru greiddar á ári fyrir umsjón með vefnum.

c) Vilborg sagði frá því að Danute, forseti NEATA, væri talsmaður lítilla sérverkefna innan samtakanna og hana langaði til að fá tillögur frá Íslandi um verkefni þar sem Ísland væri í samstarfi við Hvíta-Rússland, Rússland og Litháen.

Umræður urðu um þetta mál og varð niðurstaðan sú að þetta yrði kynnt aðildarfélögunum til að athuga hvort einhver félög hefðu áhuga á svona samstarfi. Ármann tók þetta mál að sér.

d) Vilborg lagði fram bréf frá Hlín Agnarsdóttur vegna útgáfu leikrita eftir íslenska höfunda. Í bréfinu fólst beiðni til BÍL um kaup á ákveðnum fjölda bóka. Vilborg mun svara bréfi Hlínar og er BÍL tilbúið til að kaupa eitt eintak af hverju verki og hafa síðan í umboðssölu og auglýsa á netinu.

e) Ármann velti upp hugmynd um að hafa fyrirfram ákveðinn framboðsfrest til embættis formanns BÍL. Um-

ræður urðu um þetta mál en engin niðurstaða fékkst. f) Næsti stjórnarfundur var ákveðinn 16. september 2005.

Fundi slitið klukkan 13.25.

Fundargerð ritaði Ólöf A. Þórðardóttir varamaður.

Stjórnarfundur 16.–17. september, haldinn á skrifstofu Bandalagsins að Laugavegi 96

Mættir: Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus H. Vilhjálmsson, Þ. Embla Guðmundsdóttir, Hörður Sigurðarson, Ármann Guðmundsson, Hrund Ólafsdóttir, Vilborg Á. Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fundur settur kl. 18.00, 16.9. 2005.

1. Fundargerð útlutunarfundar og innkomnar athugasemdir vegna útlutunar

Vilborg fór yfir samþykktir úr síðustu fundargerð sem þyrfti að afgreiða:

Skipta þurfti fósturfélögum Ingimars Davíðssonar á milli annarra stjórnarmanna þar sem hann var farinn utan til náms og hugðist segja af sér sem varamaður í stjórn.

Fósturfélög stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga leikárið 2005–2006 verða:

Guðrún Halla: Freyvangsleikhúsið, Umf. Íslendingur – leikdeild, Leikfélag Seyðisfjarðar, Leikfélag Hólmavíkur, Leikfélagið Grímnir, Leikklúbburinn Saga, Reykvíska Listaleikhúsið, Leikfélag Selfoss.

Lárus: Leikfélag Hafnarfjarðar, Skagaleikflokkurinn, Leikfélag Sauðárkróks, Leikfélag Siglufjarðar, Umf. Stafholtstungna – leikdeild, Leikfélag Hofsóss, Leikfélag Keflavíkur.

Embla: Umf. Reykdæla, Leikfélag Húsavíkur, Leikfélag Patreksfjarðar, Nafnlausir leikhópurinn, Umf. Gnúpverja – leikdeild, Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar, Leikfélag Ólafsvíkur.

Hörður: Leikfélag Kópavogs, Umf. Ármann – leikdeild, Umf. Dagrenning – leikdeild, Leikfélag Hörgdæla, Leikfélag Ólafsfjarðar, Leikfélag Djúpavogs, Leikfélagið Búkolla, Halaleikhópurinn.

Júlíus: Leikfélag Dalvíkur, Litli leikklúbburinn, Sólheimaleikhúsið, Leikhópurinn Vera, Umf. Biskupstungna – leikdeild, Leikfélag Raufarhafnar, Leikfélag Þórshafnar. Margrét: Leikfélag Rangæinga, Umf. Efling – leikdeild, Leikfélag Reyðarfjarðar, Leikfélag Blönduóss, Leikfélagið Vaka.

Ármann: Huggleikur, Leikdeild Umf. Vöku, Umf. Skalla-grímur – leikdeild, Leikflokkurinn Hvammstanga, Leikfélagið Ofleikur, Leiklistarfélag Seltjarnarness, Leikfélagið Hallvarður súgandi.

Ólöf: Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Hornafjarðar, Leikhópurinn Lopi, Leikfélag Hveragerðis, Leikklúbbur Laxdæla.

Hrund: Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Leikfélag Vestmannaeyja, Leikfélagið M.a.s., Leikfélagið Sýnir, Leiknefnd Umf. Grettis, Snúður og Snælda, Stúdentaleikhúsið.

Skrifstofa: Ultima Thule, Leikfélagið KEX, Leikklúbburinn Spuni.

Umræður um annað efni fundargerðarinnar: Bréf til stjórnar Leiklistarsambandsins v/Grímunnar skv. ályktun frá aðalfundi í vor. Lárusi falið að klára það sem fyrst.

Samningar við starfsmenn eru frágengir. Dýrleif Jónsdóttir hefur verið ráðin í skúringar.

Erindisbréf fyrir nefndir. Hörður semji erindisbréf fyrir vefnefnd og Embla fyrir skólanefnd.

Gunnhildur skólameistari verður boðuð á næsta stjórnarfund til að ræða kynningarnefnd vegna 10 ára afmælis skólans.

Starfsáætlun, 6. liður. Þorgeir í menntamálaráðuneytinu vill ekki tjá sig um hvort ráðuneytið fór fram á hækkun til okkar í fjárlögum. Fara þarf á fund fjárlaganefndar, m.a. með tölur yfir fækkun uppsetninga hjá aðildarfélagum. Vilborgu falið að panta tíma.

Ársrit 2005; Viðtal við Danute verður í næsta ársriti þar sem það, ásamt leiklistarhátíðinni tilheyrir þessu leikári.

Tvær athugasemdir bárust vegna úthlutunar, Lárus svaraði þeim. Fundargerð samþykkt.

2. Starfsáætlun

1) *Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL.* Stöndum ekki nógu vel fjárhagslega. Leiklistarhátíðin kostaði sitt. Yfirdráttur á bankareikningi er nú um 1 milljón. Ábending frá Lárusi: ef yfirdráttur er meiri en 1,2 milljónir í meira en 8 mánuði er hagstæðara að taka langtímalán. Þarf sennilega að gera það hvort sem er vegna viðhalds á húsnæði ef ekki verður hækkun á fjárlögum. Ákveðið að bíða niðurstöðu varðandi það.

2) *Rekstur fasteigna samkvæmt viðhaldsáætlun.* Gluggar á bakhlið sem verið var að skipta um kostuðu rúmlega 200.000, eða meira en ráð var fyrir gert. Við borguðum okkar glugga sjálf, þar sem aðrir í húsinu borguðu sína glugga sjálfir. Fyrir liggur að skipta um bakdyrahurð, þar borgum við hlutfallslega á móti hinum.

3) *Útgáfa ársrits fyrir leikárið 2004–2005* Uppkast lagt fram, óprófarkalesið. Vilborg kvartaði yfir lélegri upplausn innsendra mynda. Verður tilbúið um mánaðamót sept/okt.

4) *Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðsáætlun.* Eitt námskeið stendur fyrir dyrum, fyrirlestrahelgi í Hafnarfirði. Ákveðið var að ræða skólann betur á næsta fundi þegar formaður skólanefndar yrði viðstaddur. Vilborg sendir stjórn útkomu úr skólaönnun frá sumrinu. Búið er að bóka Húsabakka fyrir næsta sumar. Búið er að taka ákvörðun um húsnæði Húsabakkaskóla til framtíðar og að sögn Kristjáns Hjartarsonar á að laga aðgengismál á staðnum. Vilborgu falið að athuga hvort leiguverð hafi breyst með breyttum rekstrarforsendum á staðnum. Rætt um staðsetningu á skólanum. Eiðar, Reykjanes og Skógaskóli nefnd til sögunnar. Halla og Lalli skipuð í staðsetningarnefnd skólans og þeim falið að taka einn með sér úr skólanefnd.

5) *Rekstur vefjarins leiklist.is skv. tillögum vefnefndar.* Vefnefnd hefur ekki komið saman, enda tiltölulega nýskipuð. Verið var að flytja vefinn til nýrra þjónustuaðila. Mikið af efni er komið yfir, enn vantar nokkuð af gömlu efni. Verið er að breyta leikritasafninu til mikilla bóta. Öll þjónusta er komin í gagn við á nýjum stað. Endurbætur koma smám saman. Notendur eru smám saman að skrá sig. Lénsherra vill fá athugasemdir og vill að vefnefnd og starfsmenn hittist sem fyrst og fari yfir stöðuna. NAR-vefur: Nokkur lönd höfðu lýst yfir áhuga á að reka vefinn, þ.á.m. Finnland, sem er með skrifstofuna. Tilboð óskast fyrir næsta stjórnarfund NAR. Stjórn þykir þó ekki miklir peningar í spilinu. Ákveðið að aðhafast ekki frekar í málinu.

6) *Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess.* Vilborg pantar tíma hjá fjárlaganefnd og menntamálaráðherra. Ákveðið að nota tímamann fram að kosningum og minna á að hlúa þurfi vel að þörfum leikfélaga í málefnsamningum í sameiningarvinnu sveitarfélaga. Fá að koma inn erindi á aðalfund Sambands sveitarfélaga. Dreifa tölulegum upplýsingum um fækkun uppsetninga. Kanna styrkveitingar sveitarfélaga. Brýnt þykir að þrýsta á breytingar á Leiklistarlögum. Reyna að koma Leiklistarskólanum inn á fjárlög, að hann sé viðurkenndur hluti af menntun í landinu. Gera Bandalagið sýnilegra, m.a. með greinaskrifum í fjölmiðla. Höfum aðgang að Dægurmálaútvarpinu og Talstöðinni fyrir viðtöl. Lárus ætlar að skrifa drög að aðgerðaáætlun vegna alls þessa.

7) *Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið um Athyglisverðustu áhugaleiksfyrirspurnu ársins.* Ekkert hefur frést frá Þjóðleikhúsinu. Vilborg sendir fyrirspurn.

Sérverkefni:

1) *Leiklistarhátíð, verður sér liður í dagskrá fundar.*

2) *Stefna að útgáfu sögu Bandalagsins 1950–2000 á*

leikárinu.

Ekkert nýtt hefur frést af söguritun. Ekkert heyrst í nefnd. Þarf að fara að kanna hvar mál standa. Vilborg talar við Bjarna ritstjóra.

3) Samstarf við Borgarleikhúsið.

Verður rætt undir öðrum lið á dagskrá fundar.

3. Uppgjör vegna Leikum núna!

Frestað til næsta dags.

4. Meðferð innsendra myndbanda

Rætt um fjölföldunarmöguleika. Verði keyptur brennari á skrifstofu er hægur vandi að fjölfalda allt sem berst á DVD til að stjórn geti öll fengið eintök til skoðunar. Rætt um algeng mistök sem menn gera við upptökur á leikritum. Mælst verður til þess að allir sendi áfram inn upptökur á stafrænu formi, helst DVD ef hægt er. Vonast til að betur gangi að láta alla stjórnina sjá allar sýningar ef ekki þarf að láta upptökur ganga, heldur fái hver stjórnarmaður sitt eintak.

Utandagskrár: Hugmynd að senda fréttapóst til þeirra sem skráðir eru inn á vefinn.

Fundi frestað kl. 22.30.

Fundi fram haldið kl. 10.00, 17.9. 2005

5. Uppgjör vegna Leikum núna!

Umsjónarmenn ýmissa þátta hátíðar hafa skilað inn skýrslum. Fjármögnun gekk fremur illa og er það áhyggjuefni vegna NEATA-hátíðarinnar sem halda á 2010 en hún verður dýr. Tryggja þarf fjármagn sem fyrst.

Aðeins 7 félög sóttu um að koma með sýningar á Leikum núna! og voru 6 þeirra af Eyjafjarðarsvæðinu og höfuðborgarsvæðinu. Ekki var sami hugurinn í fólki og fyrir hátíðina 2000. Samþykkt var að halda hátíðina, en spurning er hvort hefði átt að láta menn ræða meira um að halda hana ekki.

Framkvæmd hátíðarinnar: Það vantaði starfsfólk, jafnvel lykilaðila. Lokahófið varð fyrir miskilning „foreldralaust“. Frágangur á húsunum var ekki nógu góður. Það hefði þurft að vera ábyrgðarmaður frá hátíðinni sem hefði umsjón með hverju húsi. Annað gekk ágætlega upp. Lárus setur saman þær skýrslur sem inn eru komnar og kallar eftir fleirum og setur saman tillögu að skýrslu fyrir aðalfund og hún verður send á milli stjórnarmanna til samþykktar fyrir hann.

6. Skipan í undirbúningsnefnd fyrir Margt smátt

Margt smátt er auglýst sem valsýning á dagskrá leikhússins. Tímasetning skv. síðustu fundargerð að vori frekar en að hausti og jafnvel í tengslum við aðalfund 2006. Stjórnarmenn kanni afstöðu formanna sinna fósturfélaga til málsins. Nefnd, skipuð Hrund og Emblu ásamt einum til viðbótar, fari í viðræður við

leikhúsið vegna undirbúnings. Hrund verði formaður nefndarinnar sem skila skal af sér á næsta stjórnarfundum.

7. Erlent samstarf

Mónakó-skýrsla Vilborgar: Þótti mönnum mikið til skýrslunnar koma. Fyrirhugaðar breytingar á Nordisk Kulturfond ræddar. Málið verður betur kynnt á næsta stjórnarfundum NAR í Ribe 7.–9. okt. Halla sækir hann. Ekki þótti mönnum IATA-fundirnir hafa verið innihaldsríkir. Niðurstöður úr umræðuhópi vöktu athygli fundarmanna en þar var hvatt til samstarfs við neðanjarðarleikhópa. Einhver lönd áttu þar við sama „vandamál“ að stríða. Gott mál að IATA skuli ætla að gera þarfagreiningu á sjálfu sér.

Ármann: Kynnti hugmynd að samstarfsverkefni á milli fjögurra landa vegna hugmyndar frá Danute um áhuga fyrir samstarfi á milli litháískra og íslenskra leikhópa. Ármann og Toggi ætla að vinna þessar hugmyndir þannig að hægt sé að kynna verkefnið fyrir félögum í landinu.

NUTU: Bréf frá Árna Grétari. Halla las upp ákveðin atriði varðandi skóla NUTU og stjórnarstörf Árna Grétars. Farið er að ýja að því innan stjórnar NUTU að Íslendingar haldi NUTU-skólann 2007 eða 2008. Hörður var mjög á móti því að láta NUTU segja okkur fyrir verkum varðandi þetta.

Engin stjórnarákvörðun hefur verið tekin um að taka formlega þátt í NUTU. Það þarf að skýra hlutverk okkar stjórnarmanns í NUTU og ákveða hvað Bandalagið er tilbúið í. Ákveðið að kanna hvernig Færeyingar fóru út úr því að halda skólann sl. sumar. Þurfum einnig að fá meiri upplýsingar um verkaskiptingu til þess að við vitum hvað í skólalaldi felst. Ljóst að ekki er einn skilningur á því hvort Árni Grétar er fulltrúi BÍL í NUTU eða ekki. Hvað þýðir formlegur fulltrúi? Starfið er á einstaklingsgrundvelli. Eru fulltrúar annarra landa skipaðir af landssamtökunum? Taka þarf afstöðu til þess hvort Bandalagið á formlegan fulltrúa í NUTU eða ekki. Ákveðið að biðja Árna Grétar að bjóða Ísland ekki fram sem hugsanlegan skólalaldara að sinni.

Vitað er af einni sýningu sem hyggst sækja um að verða fulltrúi Íslands á NEATA-hátíð í Færeyjum næsta sumar.

7. Önnur mál

Tillaga um að næsti stjórnarfundur verði haldinn í sumarbústað í Borgarfirði næstsíðustu helgina í nóvember til samhrifings nýrrar stjórnar, hugarflugs um ímyndarmál Bandalagsins, NEATA-hátíð 2010, 10 ára afmæli skólans og annað sem mönnum dettur í hug að ræða.

Fósturfélög stjórnar: Útbúinn verði spurningalisti upp úr punktum Vilborgar af stjórnarfundinum.

Úthringingum verði lokið fyrir mánaðamót okt./nóv.

Hörður spurði hvort ætlun stjórnar væri að bíða eftir formlegri úrsögn Ingimars Davíðssonar úr varastjórn til að taka hann af póstlista. Hann hefur lýst því yfir að hann ætli að segja sig úr stjórn. Ekkert er í lögum sem segir til um hvernig upplýsingamálum skuli háttað. Þó ljóst að ef ekki kæmi til formleg úrsögn þá sæti Ingimar sem varamaður fram á þarnaesta aðalfund, þrátt fyrir óvirkni.

Fundi slitið.

Fundargerð rituðu Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Embla Guðmundsdóttir.

Stjórnarfundur 6.–8. janúar 2006, haldinn á Grjóteyri í Borgarfirði.

Föstudagur 6. janúar.

Mætt:

Guðrún Halla Jónsdóttir, Hörður Sigurðarson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Ármann Guðmundsson, Ólöf Þórðardóttir og Vilborg Árný Valgarðsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Ýmislegt ógert af því sem fólk hefur tekið af sér. Lofað bót og betrun. Vilborg gerir grein fyrir stöðu mála á erindi sem sent var Grímunefnd varðandi það að leikrit sem frumsýnd eru hjá áhugaleikfélögum komi til greina við úthlutun Grímunnar. Erindið verður borið undir aðalfund Grímunnar næsta sumar.

Fundargerð samþykkt.

2. Starfsáætlun

Vilborg kynnti bráðabirgðauppgjör. Miðað við leiklistarhátíð á árinu er fjárhagstaða viðunandi, rekstur þjónustumiðstöðvar í járnnum.

Lítið gerst í viðhaldsmálum þjónustumiðstöðvar, þak yfir handritssafni byrjaði að leka enn einu sinni vegna framkvæmda á lóðinni við hliðina.

Ársrit komið út með hefðbundnu sniði.

Umræðu um Leiklistarskólann frestað uns Gunnhildur Sigurðardóttir skólameistari mætir á svæðið.

Hörður gaf skýrslu um vefinn. Aðsókn virðist hafa minnkað eftir að nýja kerfið var tekið upp. Gæti þó stafað af mismunandi talningu umsjónarkerfa. Ákveðið að prófa að aflétta innskráningu af spjalli. Verkaskipting vefnefndar rædd. Ákveðið að ýta á leikfélögin að nýta sér auglýsingaborða (5.000 kr. tvær vikur, 2.000 kr. á viku eftir það). Halla taldi nauðsynlegt að reyna að auka

sýnileika landsbyggðarleikfélaga á vefnum miðað við höfuðborgarsvæðisfélögin.

Rætt um að útbúa handbók áhugaleikfélaganna sem inniheldur allar helstu upplýsingar sem leikfélög þurfa að hafa í huga.

Framlög ríkisins hækkuðu um eina milljón frá síðasta ári eftir nokkurra ára stöðnun. Betur má ef duga skal.

Fundi frestað til morguns.

Laugardagur 7. janúar.

Mætt: Guðrún Halla, Hörður, Embla, Margrét, Ármann, Ólöf, Vilborg og Lárus Vilhjálmsson.

Tekin upp umræða um vef. Lárus gagnrýndi val á forsiðuefni.

Athyglisverðasta áhugaleikssýningin

Þjóðleikhúsið hefur skipað nefndina. Hana skipa Hlín Agnarsdóttir, Tinna Gunnlaugsdóttir, Þórhallur Sigurðsson og Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Nefndin virðist ætla að fara sér rólega og hefur ekki sótt sýningar sem þó hafa verið á höfuðborgarsvæðinu. Ætlunin er að fá fund hjá Tinnu og ræða þessi mál og önnur.

Útgáfa sögu Bandalagsins

Bjarni Guðmarsson hefur skrifað sig í gegnum bókina og stjórn fengið hana til aflestrar. Athugasemdir gerðar við að eitthvað er um staðreyndavillur og því þörf á vandlegum yfirlestri. Enn hafa ekki verið valdar myndir í bókina en sögunefnd ætlar að hafa myndafund 26. janúar. Ákveðið að hafa bókina tilbúna til prentunar 1. september nk. Athuga þarf hvort það er inni í samningi við Bjarna að ganga endanlega frá bókinni (vinna myndir til prentunar og brjóta um handritið), annars gera aðrar ráðstafanir.

Hrund Ólafsdóttir mætir.

Samstarf við Borgarleikhúsið

Farið yfir hvað leikfélögin hafa sagt um áhuga á Margt smátt-einþáttungahátíð og aðalfund í Reykjavík. Stjórnarmenn hafa verið misduglegir við að hringja í fósturfélögin en almennt virðist fólk jákvætt fyrir fundi í Reykjavík og það yki frekar en hitt líkur á að fólk sendi leikþátt ef þetta væri samtengt. Hrund greindi frá samræðum við Guðrúnu Vilmundardóttur í Borgarleikhúsinu. Ekki virðist hafa verið alveg sameiginlegur skilningur á því hvernig Borgarleikhúsið kemur að þessu. Ljóst er að við yrðum að sjá að mestu um kynningarmál.

Umræða um aðalfund. Spurning um hvort halda á fundinn á stór-Reykjavíkursvæðinu eða annars staðar. Helstu rök fyrir að halda hann á stór-Reykjavíkursvæðinu eru þau að það sé tilraunarinnar virði að

athuga hvort það laði fleiri félög að.

Ákveðið að halda fundinn á stór-Reykjavíkursvæðinu og senda tölvupóst á öll leikfélögin þar og skoða áhuga þeirra á að skipuleggja fundinn. Fá þau viku frest til að svara og skrifstofan ákveður svo hver hreppir hnossið.

Ákveðið að halda einpáttungahátíð samhliða aðalfundinum. Mjög skiptar skoðanir um hvar og undir hvaða nafni á að halda hátíðina, ýmist vildi fólk halda hátíðina í Borgarleikhúsinu og undir nafninu Margt smátt eða halda hana annars staðar undir öðru nafni. Rökin með því fyrrnefnda eru m.a. þau að helstu ástæður dræmrar þátttöku hafi verið tímasetningin og gefa eigi nýrri tímasetningu tækifæri. Einnig hafi það meiri PR-slagkraft að vera í Borgarleikhúsinu og öll aðstaða sé þar „típtop“. Það muni ekki hafa nein merkjanleg áhrif á mætingu að vera í Borgarleikhúsinu. Mótrökin eru að Margt smátt-nafnið hafi ákveðin formerki í huga fólks og það fæli fólk frá. Þetta eigi fyrst og fremst að vera hópefli áhugaleikfélaga og það náist betur ef skorið er á Borgarleikhús/Margt smátt-tengslin.

Ákveðið að halda Margt smátt í Borgarleikhúsinu en setja engin skilyrði önnur fyrir þátttöku en að verkið fari ekki yfir tilskylda hámarkslengd. Framkvæmdanefnd skipuð Ármanni og Ólfu auk þess sem talað verður við Ásu Hildi Guðjónsdóttur í Hala-leikhópnum.

Gunnhildur Sigurðardóttir mætir.

Leiklistarskólinn

Gunnhildur telur að nú á 10 ára starfsafmæli skólans sé rétti tíminn til að líta um öxl og svo fram á við. Þær Sigríður Karlsdóttir hafa ákveðið að láta af störfum eftir sumarið og því sé nú tækifæri að vega og meta hvað hefur áorkast. Þær vilja að haldin verði vegleg lokaveisla í skólanum næsta sumar þangað sem öllum fyrrverandi nemendum og kennurum verði boðið.

Ýmsar hugmyndir eru í gangi, m.a. samstarf við Listaháskólann. Einnig að rannsaka hvernig skólinn hefur nýst út í leikfélögin. Skólanefnd falið að gera spurningalista fyrir 15. mars. Hann verði síðan sendur félögum og stjórn hringir í formenn eftir svörum.

Hörður lagði til að haldinn yrði málfundur um skólann, t.d. á haustfundum.

Hugmyndir líka um að bjóða Menntamálaráðherra einn dag í skólann.

Gunnhildur fer.

3. Hringt í leikfélög

Fólk gerði grein fyrir símtölum sínum við formenn.

Lárus gerir grein fyrir fyrirhugðuðum breytingum á Félagshéimilásjóði. Ætlunin er að sameina hann öðrum sjóðum, meiningin er að hluti hans renni til Bandalagsins og stjórn þess sjái um að úthluta ferðastyrkjum framvegis.

4. Gagnrýni Morgunblaðsins

Ákveðið að stjórn sendi bréf þar sem harmað er að gagnrýni á sýningar áhugafélaga úti á landi hefur verið lögð af, Hörður tekur að sér að gera uppkast. Jafnframt ákveðið að hvetja formenn leikfélaga til að gera slíkt hið sama. Sem fyrst.

5. NEATA hátíð 2010

Ákveðið að stefna að því að halda hátíðina. Jafnframt ákveðið að leggja fram viljayfirlýsingu um að Akureyrarbær standi að hátíðinni með okkur. Halla talar við Kristján Þór bærstjóra. Farið verður fram á formlegt umboð næsta aðalfundar til að halda hátíðina. Finna þarf tvo aðalstyrktaraðila. Byrja á að leita til styrktaraðila á stór-Akureyrarsvæðinu. Jóhannes í Bónus, Björgólf, Benna í KEA, Arngrím og Magnús í Avion Group og Eimskip. Sú vinna þarf að hefjast sem fyrst.

6. Afmæli fyrrverandi formanns

Einar Rafn Haraldsson, formaður Bandalagsins til 10 ára, verður sextugur þann 25. febrúar nk.

7. Fulltrúi Íslands í NUTU – eða ekki?

Mjög skiptar skoðanir um hvort fulltrúi Íslands í NUTU sé fulltrúi Bandalagsins eða í raun á eigin vegum. Ákveðið að fresta ákvörðun til næsta stjórnarfundar.

Fundi frestað til morguns.
Sunnudagur 8. janúar.

Mætt: Guðrún Halla, Hörður, Embla, Margrét, Ármann, Ólöf, Vilborg, Lárus og Hrund.

8. Búningasafn Þjóðleikhússins

Búningar fást ekki lánaðir hjá Þjóðleikhúsinu vegna þess að búningadeildin vill fá starfsmann til að sinna þessu en fær ekki. Ákveðið að ræða þetta við Þjóðleikhússtjóra ásamt fleiri málum sem lúta að samstarfi okkar. Vilborg skrifar Tinnu bréf.

9. Erindi frá Menntamálaráðuneyti um UNESCO

Ólöf fór á kynningarfund um UNESCO sem hún sagði gjörsamlega gagnslausan. Ákveðið að svara erindinu en gera ekki athugasemd.

10. Erindi frá Snorra Emilssyni

Leikfélag Seyðisfjarðar hefur verið að athuga hvort það borgar sig að láta midi.is sjá um miðasölu á netinu. Mun senda erindi um málið.

11. Handritasafn á tölvutækuformi

Ármann segir frá hugmyndum sem komu fram á aðal-

fundi Félags leikskálda og handritshöfunda um að safna öllum íslenskum leikritum saman á einn stað í tölvutæku formi. Nefnd var skipuð og átti hún m.a. að leita eftir samstarfi við Bandalagið. Ármann taldi að Bandalagið ætti að taka frumkvæðið í þessu máli enda einsýnt að þetta verði ekki gert án þess að við tökum þátt í því. Með sameiginlegu átaki þessara aðilla, og e.t.v. fleiri sem málið er skylt, væri örugglega hægt að fá styrki til verkefnisins.

Lárus bendir á að þetta væri dæmigert verkefni sem Safnaráð styrkti. Til þess þyrfti að skilgreina verkefnið og sækja um. Einnig þyrfti að fá handritasafnið samþykkt formlega sem safn. Ákveðið að finna út úr því hvað til þarf.

12. Ímyndarvandi Bandalagsins

Ármann leggur fram lista yfir snertipunkta Bandalagsins við umheiminn, þar sem möguleikar eru á að hafa áhrif á mynd þess.

Hrund bendir á hve mikil þörf er fyrir leiklist í samfélaginu og það þurfi alltaf að vera að minna á það. Lárus veltir upp hugmynd um að skipa erindreka sem hafi það hlutverk að fara um landið, veita ráðgjöf og kynna möguleika varðandi leiklist.

Halla leggur til að skrifstofan safni saman upplýsingum um hvaða leikfélög hafi „góða samninga“ við sveitarfélög og þær bornar saman við leiklistarstarfsemi í sveitarfélaginu.

13. Næsti fundur

Ákveðinn í þjónustumiðstöðinni 25. mars 2006.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundur 4. apríl 2006, haldinn á skrifstofu Bandalagsins að Laugavegi 96 kl. 10.00.

Mætt: Guðrún Halla Jónsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Júlíus Júlíusson, Hörður Sigurðarson, Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir.

1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með framkomnum athugasemdum.

2) Starfsáætlun yfirstandandi árs yfirfarin

Ræddar framkvæmdir í húsinu við hlið Bandalagsins og möguleikar varðandi einhverskonar skaðabætur þegar þeim lýkur vegna leka og annarrar röskunar. Velt upp möguleika á að láta endurhanna þak handritageymslu og jafnvel hækka hana í tvær hæðir.

Umræða um yfirvofandi sölu Húsabakkaskóla. Óvíst hvaða áhrif hún hefur á Leiklistarskóla Bandalagsins í sumar (og í framtíðinni). Ákveðið að senda fyrirspurn um málið til bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar.

Hörður segir frá þróun vefmála, aðsókn hefur aukist jafnt og þétt frá síðasta fundi. Ákveðið að leita eftir að fá að birta gagnrýni á sýningar aðildarfélaga sem birt er í landsmálablöðum.

Rætt um aðgerðir til að ná fram hærri framlögum frá ríkinu. Ástæða til að leggja í grimman „lobbyisma“ nú þegar kosningar eru yfirvofandi.

Lárus segir að Menningarsjóður Félagsheimila verði lagður niður á næstunni og peningunum skipt á milli listgreinanna. Ef skipt verður eftir þeim hlutföllum sem hingað til hefur verið sótt um í sjóðinn mun það ekki koma vel út fyrir leiklistina þar sem sjóðurinn er afar illa nýttur af leikhúsfólki. Ákveðið að fá fund með menntamálaráðherra um málið og styrkina almennt.

Rætt um útnefningu Þjóðleikhússins á Athyglisverðustu áhugasýningunni. Enn hefur ekki verið fundað með Þjóðleikhússtjóra. Ákveðið að reyna að fá fund með Tinnu fyrir aðalfund ef mögulegt er.

Einn fundur hefur verið í sögunefnd. Bjarni Guðmarsson hefur tekið að sér að búa bókina undir prentun. Enn hafa myndir í bókina ekki verið valdar. Ákveðið að ítreka skiladag 1. september.

3) *Aðalfundur 2006 undirbúinn eins og kostur er* Aðalfundarboð yfirfarið og samþykkt, svo og ársreikningur Bandalagsins. Ákveðið að hafa gagnrýni á sýningar Margs smás laugardaginn 6. maí kl. 13–14 í Félagsheimili Seltjarnarness.

Starfsáætlun 2006–2007 samþykkt til framlagnar fyrir aðalfund.

4) Önnur mál:

a. NUTU-fulltrúi Bandalagsins eða ekki?

Hart deilt um hvort Bandalagið eigi fulltrúa í NUTU eða hvort það sé einkamál þeirra sem vilja vera í NUTU-samstarfi. Hörður og Lárus lögðu til að málinu verði vísað til aðalfundar. Halla, Júlíus og Ármann andvíg því. Gengið til atkvæða og því vísað frá að fara með málið fyrir aðalfund. Síðan samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur atkvæðum Harðar og Lárusar, að fulltrúi Íslands í NUTU sé þar sem opinber fulltrúi Bandalagsins.

Hörður og Lárus gera eftirfarandi bókun um málið:

Eins og margoft hefur komið fram er það módel sem systursambönd okkar á Norðurlöndunum nota í unglíngastarfi, fjarri þeim raunveruleika sem íslensk áhugaleikfélög búa við. Norræna módelið gengur út frá því að fólk á aldrinum 16–25 ára hafi sérstakar þarfir og viðhorf sem geri það að verkum að ástæða sé til að einangra það frá öðrum áhugaleikurum. Þessu viðhorfi þarf BÍL að vinna opinberlega gegn.

Hugmyndafræði íslenska áhugaleikhússins hefur alla tíð verið að leiklistin sé fyrir alla án skilyrða. Hún byggir m.a. á þeirri trú að leiklistin græði á því að ólíkir einstaklingar lendi í suðupottinum saman og jöfnum höndum miðli til og læri af öðrum. Það er ekki í þágu listarinnar að hólfa leiklistarfólk niður á þann hátt sem lýst er að framan.

Í þessu sambandi er ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að helmingur af ráðstöfunarfé NAR fer til sérstakra hópa innan áhugaleiklistarinnar á borð við börn, unglinga og eldri borgara. Þar er ekki verið að veita peninga vegna þess HVAÐ er gert heldur vegna þess HVERJIR gera það. Í því kristallast það viðhorf að áhugaleiklist hafi ekki tilverurétt í sjálfu sér heldur sé fyrst og fremst tólmundastarf sem byggir tilveruréttinn á (óskilgreindum) „pedagógískum“ forsendum. Með öðrum orðum virðist þurfa utanaðkomandi ástæður fyrir fjárframlögum í áhugaleiklist á borð við þær að hún hafi uppeldislegt gildi og/eða að hún sinni þörfum hópa sem ekki þarf að réttlæta sérstaklega fjárhagslegan stuðning við. Samkvæmt þessum viðhorfum er áhugaleiklistin því ekki fyrst og fremst listrænt starf sem er eftirsóknarvert í sjálfu sér. Með því að fallast athugasemdalaust á skipan þessara mála í norrænu samstarfi er BÍL að samþykkja þetta viðhorf til áhugaleiklistarinnar. Því greiðum við atkvæði gegn því að BÍL skipi sérstakan fulltrúa í NUTU.

Hörður Sigurðarson og Lárus Vilhjálmsson.

b. Úthlutunarfundur 2006 dagsettur
Úthlutunarfundur ákveðinn helgina 30. júní—1. júlí.

c. Spurningalisti skólastjórnar yfirfarinn
Spurningalisti vegna 10 ára afmælis Leiklistarskólans yfirfarinn og samþykktur.

d. Erlent samstarf
Halla segir frá NAR-stjórnarfundum sem haldinn var á Akureyri dagana 31. mars—2. apríl og hún og Vilborg sóttu. Hún sagði það á margan hátt hafa verið athyglisverðan fund. Vilborg sagði að sér hefði komið á óvart hversu stutt undirbúningur NEATA-hátíðar í Færeyjum er kominn, það eigi nánast alveg eftir að fjármagna hátíðina.

Vilborg er á leiðinni á skrifstofumót NAR í Visby á Gotlandi. NAR greiðir kostnað.

e. Spurningalistar til sveitarfélaga
Yfirfarnir spurningalistar um leiklistarfsemi sem sendir voru á öll sveitarfélög. Svar hefur borist 21 sveitarfélagi af 94. Ákveðið að ítreka þetta og minna sveitarfélögin á að þeim ber skylda til að svara.

f. Allt önnur mál
Umræða um hversu hár hluti af styrkjum NAR fer til starfs barna og unglinga. Allir sammála um að það sé

óeðlilega hátt hlutfall (a.m.k. 50%) en það ku vera samkvæmt skipun frá Norrænu ráðherranefndinni.

Lárus greinir frá heimsókn sinni til Fargo í N-Dakota þar sem starfandi er Íslendingafélag sem ótt og uppvægt vill fá íslensk leikfélög í heimsókn. Þeir telja lítið mál að fá styrki til slíkrar heimsóknar frá menningarsjóðum þarlendis og norræna/bandaríska sjóðnum.

Vilborg gerir grein fyrir kaupum á nýrri tölvu af Mini Mac gerð. Þau kaup voru nauðsynleg þar sem tölva ritara skrifstofu var orðin úrelt.

Ármann vekur máls á að hugað verði að því hvað gera þarf til þess að handritasafn Bandalagsins verði lögförmligt safn og eigi þar með möguleika á styrkjum frá Safnasjóði. Einnig þurfi að finna út hvernig er best að varðveita safnið á öruggan hátt. Ármann leggur til að stofnuð verði þriggja manna safnanefnd eftir aðalfund til að fjalla um málið.

Ein lagabreytingartillaga hefur borist sem lögð verður fyrir aðalfund. Hörður Sigurðarson gerði eftirfarandi lagabreytingatillögu:

6. grein:

Út falli setningin: „Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver“. Að öðru leyti standi 6. grein óbreytt.

Fundi slitið.

Fundargerð rituð af Ármanni Guðmundssyni.

Stjórnarfundur haldinn í þjónustumiðstöðinni 5. maí 2006 kl. 14.00.

Mættir: Lárus, Guðrún Halla, Margrét, Hörður, Vilborg, Embla, Júlíus, Ólöf, Ármann og Hrund.

Guðrún Halla setti fund.

Farið var yfir dagskrá komandi aðalfundar BÍL og verkskiptingu á fundinum. Ákveðið að fá Ingólf nokkurn úr Freyvangssleikhúsi til að stjórna fundi ásamt Grétari frá Leiklistarfélagi Seltjarnarness. Ármann og Dýrleif verði fundarritarar.

Guðrún Halla kynnti drög að starfsáætlun.

Fundur með Þjóðleikhússnefndinni

Lárus og Hörður sögðu frá fundi sem þeir áttu með Tinnu og Hlín:

Þjóðleikhússýningin:

Þær hafa áhuga á breyttu fyrirkomulagi við val sýninga. Afar mikill tími fer í að sækja sýningarnar með tilheyrandi kostnaði. Þjóðleikhúsið sér að jafnaði um ferðakostnað en heimamenn um gistingu og uppihald ef þarf.

Eru stundum hissa á þeim sýningum sem sótt er um fyrir og finnst einkennilegt að sækja um fyrir sýningar sem greinilega eiga ekki erindi né möguleika á að verða fyrir valinu. (H.S. og L.V. reyndar sammála þeim um það). Þá gerir það líka erfitt fyrir að sýningar koma oft í einum pakka í stað þess að dreifast yfir veturinn.

Tvær hugmyndir voru aðallega ræddar.

Annarsveggar að breyta nefndarskipan þannig að hana skipuðu 1 fulltrúi frá Þjóðleikhúsi, 1 frá Bandalaginu og einn utanaðkomandi. Hægt að skipa varamenn sem koma inn ef þarf. Hlín sagðist vera með nöfn í huga fyrir utanaðkomandi fulltrúann og ætlaði að senda í tölvu-pósti.

Hinsveggar að fram fari einhverskonar forval þannig að 3–5 sýningar verði tilnefndar og nefndin velji síðan úr þeim. Þær stöllum stungu upp á að stjórn BÍL sæi um forval sjálf eða í það minnsta skipuleggði það. Þessar 2 hugmyndir geta í sjálfu sér farið saman.

Búningasafn:

Þjóðleikhúsið er tilbúið að leggja til stóran hluta síns búningasafns ef komið væri á fót almennri búningaleigu. Við Lárus leyfðum okkur að lýsa því yfir að okkur þætti þetta spennandi hugmynd sem vert væri að skoða. Vorum sammála um að ekki skipti höfuðmáli hvar slíkt safn væri staðsett enda sjálfgefið og nauðsynlegt að hægt væri að skoða safnið á vefnum og panta úr því. Möguleiki að aðrir aðilar væru tilbúnir í samstarf, t.d. Sjálfstæðu leikhóparnir og kvikmyndafyrirtæki. Til að þetta geti orðið að veruleika þarf „startkapítal“ og fasta fjárveitingu. Slíkt safn ætti þó með tímanum að geta

staðið að miklu leyti undir sér með leigutekjum. Í hálfgerðu (en ekki algeru) gríni var húsnæði hersins á Keflavíkurlflugvelli nefnt sem möguleg aðstaða.

Í framhaldi af skýrslu þeirra félaga var nokkuð rætt um val á Þjóðleikhússýningu og sýndist sitt hverjum að vanda. Hörður telur að vanti reglur um umsóknir til að auðvelda ferlið. Huga þarf að samsetningu valnefndar. Á að vera fulltrúi frá Bandalaginu í nefndinni? Júlíus telur vafasamt að hafa stífar reglur – hvaða sýningar eiga erindi? Vilborg vill að við gætum þess að Þjóðleikhúsið komi ekki verkefnum yfir á Bandalagið, þetta sé nú eftir allt saman þeirra hugmynd og boð. Þá þarf að vera á hreinu hver ber hvaða kostnað af valinu.

Einnig rætt um búningasafn. Halla veltir fyrir sér hvort Bandalagið getur tekið við safninu. Þjóðleikhúsið er tilbúið til að setja stóran hluta safn síns inn í nýtt safn. Hörður telur það styrk fyrir Bandalagið að fá safnið og aðrir fundarmenn eru sammála því. Rætt um að nefnd vanti í málið, fara þarf yfir rekstrarþætti og form, peningamál, samstarfsaðila og annað.

Landssamtök hátíða og menningarviðburða

Júlíus sagði frá stofnfundi samtakanna og leggur til að Bandalagið verði stofnaðili. Telur aðild geta komið samtökunum til góða. Stjórnarmenn sammála því að Bandalagið gangi í umrædd samtök.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Þ. Embla Guðmundsdóttir.



Sigga Lára, starfsmaður á skrifstofunni, eignaðist hana Gyðu þann 28. janúar 2006



Ármann leysti hana af í fæðingarorlofinu

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn dagana 6. og 7. maí 2006 í Félagsheimili Seltjarnarness

1. Guðrún Halla Jónsdóttir formaður bauð fundargesti velkomna. Hún stakk upp á Grétari G. Guðmundssyni, Leiklistarfélagi Seltjarnarness, og Ingólfi Þórssyni, Freyvangsleikhúsinu, sem fundarstjórum, það samþykkt. Halla stakk jafnframt upp á Ármanni Guðmundssyni, starfsmanni skrifstofu, og Dýrleifi Jónsdóttur, Leikfélagi Hafnarfjarðar, sem fundarriturum. Það samþykkt.

2. Formaður kjörnefndar, Regína Sigurðardóttir frá Leikfélagi Húsavíkur, afgreiddi kjörbréf og afhenti atkvæðaspjöld. Atkvæði alls 23. Staða framboða kynnt. Júlíus Júlíusson, Hörður Sigurðarson og Lárus Vilhjálmsson áttu að ganga úr aðalstjórn og Ármann Guðmundsson og Margrét Tryggvadóttir úr varastjórn. Lárus gaf kost á sér til endurkjörs en ekki Hörður og Júlíus. Ármann gaf kost á sér til aðalstjórnar og Margrét til varastjórnar.

3. Júlíus las Menningarstefnu. Fundurmenn kynntu sig.

4. Lárus greindi frá hvaða félög hefðu sótt um að ganga í Bandalagið. Leikfélagið Baldur, Bíldudal, og Leikklúbburinn Krafla, Hrísey, höfðu sótt um og voru samþykkt. Leikfélagið Ofleikur, Reykjavík, Ultima Thule, Danmörku, og Leikfélagið KEX, Osló, sögðu sig úr Bandalaginu.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar borin upp til samþykktar. Hún samþykkt.

6. Guðrún Halla flutti skýrslu stjórnar:

Ársskýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir starfsárið 2005–2006

Lögð fram á aðalfundi á Seltjarnarnesi 6. maí 2006.

Stjórn Bandalagsins er þannig skipuð:

Guðrún Halla Jónsdóttir, Akureyri, formaður
Lárus Húnfjörð Vilhjálmsson, Álftanesi, varaformaður
Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Reykholtsdal, ritari
Hörður Sigurðarson, Reykjavík, meðstjórnandi
Júlíus Garðar Júlíusson, Dalvík, meðstjórnandi
Í varastjórn eru:

Margrét Tryggvadóttir, Hvolsvelli
Ármann Guðmundsson, Reykjavík
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ
Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi
Ingimar Davíðsson, Noregi



Fundarstjórar voru Grétar G. Guðmundsson og Ingólfur Þórsson

Framkvæmdastjóri Bandalagsins er Vilborg Árný Valgarðsdóttir og ritari skrifstofu er Sigríður Lára Sigurjónsdóttir. Hún hefur verið í barneignarleyfi frá 1. janúar og hefur Ármann Guðmundsson gegnt hennar starfi á meðan.

Stjórnarfundir:

Stjórnin hefur komið saman til 6 reglulegra stjórnarfundar frá síðasta aðalfundi. Þeir hafa verið haldnir í Stykkishólmi, Grjóteyri í Borgarfirði og í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Þar hefur m. a. verið fjallað um úthlutun styrkja, málefni Leiklistarskóla BÍL, fjármál BÍL, rekstur Leiklistarvefjarins, NAR- og NEATA-samstarfið, alþjóðlega starfið sem og starfið í NUTU og hlutverk íslenska fulltrúans þar, ritun sögu BÍL sem og undirbúning Margs smás sem fram fór í gær. Fundargerðir stjórnar má finna í ársriti BÍL og á leiklist.is undir Bandalagið/Fundir. Fundirnir eru yfirleitt líflegir, enda þar rætt um allt sem viðkemur starfseminni.

Leikfélögin:

Aðildarfélögin voru eftir síðasta aðalfund 64 talsins. Starfandi leikfélög á leikárinu hafa verið 31 eftir okkar bestu vitund og hafa þau sett upp samtals 81 verkefni, þar af eru 21 íslenskt og 20 erlend leikrit í fullri lengd auk 40 styttri verka og einþáttunga. Líklega er þessi tala þó ekki endanleg og verður ekki fyrr en unnið hefur verið úr styrkumsóknum leikfélaganna, sem berast eiga Þjónustumiðstöðinni fyrir 10. júní nk. Umsóknareyðublöð eru kominn á vefinn og verða send

formönnum og gjaldkerum í pósti á mánudaginn. Styrkur fyrir verk í fullri lengd á síðasta leikári var 297.400 og álag frá 10% til 30% af þeirri upphæð. Vegna fækkunar verkefna hækkaði styrkurinn úr 250.000 frá árinu áður, en heildarupphæð til úthlutunar hækkaði ekki milli ára.

Aðalfundur 2004 samþykkti eftirfarandi starfsáætlun fyrir leikárið 2005–2006:

Almenn starfsemi:

1. *Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL*
Í þjónustumiðstöðinni starfar framkvæmdastjóri í fullu starfi ásamt ritara í hálfu starfi, eins og verið hefur síðustu 13 ár. Verkefnin hafa verið þau sömu og fyrr, þ.e. þjónusta við aðildarfélögin, félagasamtök, atvinnuleikhúsin og einstaklinga ásamt samskiptum við opinbera aðila á innlendum og erlendum vettvangi. Sala á leikhúsfarða og tengdum vörum er aðal tekjulindin eins og fram kemur í ársreikningi sem lagður verður fram hér á eftir.

2. *Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun*
Framkvæmdir við byggingu þriggja hæða bílakjallara og fjögurra hæða verslunar- og íbúðahúsnæðis á næstu lóð er í fullum gangi, með tilheyrandi óþægingum og ágangi á okkar eign. Viðhaldi utanhúss hefur verið frestað þar til þessum framkvæmdum verður lokið og sömuleiðis endurnýjun þaks á handritasal, en þar höfum við átt í linnulitlum lekavandamálum.

3. *Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2004–2005*
Ársrit fyrir leikárið 2004–2005 kom út skv. áætlun í september á liðnu ári. Það var með svipuðu sniði og fyrri ársrit og því var dreift í einu eintaki til hvers aðildarfélags svo og til þeirra opinberu aðila sem málið varðar. Ársritið er á vefsíðu Bandalagsins, leiklist.is, og auðvelt fyrir hvern sem vill að prenta það út þaðan. Ritstjórn var á höndum aðalstjórnar Bandalagsins en efnisöflun og uppsetning var gerð af starfsmönnum. Fengin var utanaðkomandi aðstoð við prófarkalestur og var ritið ljósritað og bundið á ljósritunarstofu úti í bæ.

4. *Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. fyrirliggjandi námskeiðaáætlun*
Skólameistari mun gera grein fyrir starfsemi skólans hér á eftir undir liðnum skýrslur nefnda.

5. *Viðhald vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar*
Lénsherra vefsíðunnar mun gera grein fyrir þessum lið undir skýrslur nefnda.

6. *Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, skrifstofu Bandalagsins og Leiklistarskóla þess*
Formaður fór á fund fjárlaganefndar og útskýrði fyrir nefndarmönnum hver staða Bandalagsins og aðildar-

félaga þess væri og óskaði eftir hækkun. Framlöggin til félaganna voru hækkuð um 1 milljón.

7. *Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins*
Það samstarf er í fullum gangi og verður valið á athyglisverðustu áhugasýningu ársins kynnt á þessu þingi eins og vani er. Einnig fóru 2 fulltrúar stjórnar á fund með Þjóðleikhússtjóra í vikunni og ræddu framhald þessa samstarfs sem og stofnun búningaleigu/safns sem tæki yfir útlán saumastofu Þjóðleikhússins. Nánar verður farið í niðurstöður þess fundar undir öðrum málum.

Sérverkefni starfsársins:

1. *Halda alþjóðlega leiklistarhátíð á Akureyri dagana 22.–26. júní 2005*

Hátíðin Leikum núna! var haldin með prompi og pragt og sýndu alls 9 leikfélög 11 verk á hátíðinni, þar af 2 erlend félög. Hátíðin gekk vel en hefði að ósekju mátt vera fjölmennari en um 200 manns voru á Leikum núna! þegar mest var.

Sýnt var á 5 stöðum auk þess sem gagnrýni og hátíðarklúbbur voru á tveimur stöðum til viðbótar. Því er óhætt að segja að hátíðargestir hafi sett svip á bæinn þá daga sem á hátíðinni stóð.

2. *Stefna að útgáfu Sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu*

Ritun sögunnar er að mestu lokið, aðeins eftir að finpússa og velja myndir í bókina. Næsta verkefni hlýtur að vera að leita að fjármagni til útgáfunnar. Ritstjórnin, Bjarni Guðmarsson, flytur skýrslu um gang verksins hér á eftir.

Erlent samstarf:

Hugleikur fór sem fulltrúi okkar á Alþjóðlegu leiklistarhátíðina í Mónakó í ágúst síðastliðnum, með sýninguna Undir hamrinum eftir Hildi Þórðardóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Voru hátíðargestir yfir sig hrifnir og í framhaldinu bauðst félaginu að fara með sýninguna til Rússlands á tvær hátíðir nú síðar í þessum mánuði. Þetta boð var þegið og er þetta umtalsvert ferðalag, því fyrst er flogið til Moskvu og þaðan farið með lest 600 km í aðra áttina og svo komið til baka og lagt í hann 600 km í hina áttina! Það er ýmislegt á sig lagt fyrir leiklistina.

Hátíðin í Mónakó tókst vel og var þar um 20 manna hópur frá Íslandi, þar á meðal var framkvæmdastjóri Bandalagsins sem sat NEATA- og NAR-fundi fyrir okkar hönd í forföllum formanns.

NEATA-hátíð verður í Færeyjum í ágúst og verða Hugleikur og Leikfélag Kópavogs fulltrúar okkar þar með samstarfsverkefnið Memento mori eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Sumarskóli NUTU var haldinn í Færeyjum síðasta sumar og voru þar 7 íslenskir nemendur. Meðal kennara í skólanum var margnefnd Ágústa Skúladóttir. NUTU-skólinn í ár verður í Esbo í Finnlandi og þangað

fara 10 nemendur auk Árna Grétars Jóhannssonar, sem er fulltrúi Íslands í stjórn NUTU. Einn íslenskur kennari kennir við skólann í sumar, það er Sigrún Sól Ólafsdóttir. Formaður BÍL situr jafnframt í stjórn NAR, Nordisk Amatörteaterråd og NEATA, North European Amateur Theater Alliance. Helsta verkefni stjórnar NAR er að úthluta styrkjum til áhugaleikhópa sem sækja vilja leiklistarhátíðir eða heimsækja áhugaleikfélög á öðrum Norðurlöndum. Auk þess stendur NAR fyrir og styrkir ýmis verkefni, svo sem leiklistarhátíðir og námskeið. Á starfsárinu sótti formaður tvo fundi vegna þessa, í Ribe í Danmörku og á Akureyri. Formaður og framkvæmdastjóri munu síðan fara til Færeyja á NEATA-hátíðina og síðan mun formaðurinn, ef Guð lofar, fara til Helsinki í Finnlandi á NAR-fund í september.

Lokaorð:

Starfsemi Bandalagsins er sem áður í föstum skorðum og samkvæmt starfsáætlun aðalfundar. Fjárhagsstaðan mætti vera betri. Aðsetur þjónustumiðstöðvarinnar við Laugaveg 96 orðin skuldlaus eign BÍL. Við búum við þá gæfu að hafa afar hæft og gott starfsfólk og er starfsmannavelta svo til engin. Leiklistarskólinn okkar fagnar sínu tíunda starfsári nú í sumar og er það jafnframt síðasta árið sem okkar dásamlegu skólastýrur stjórna skólanum, launalaust að venju. Það verður mikill missir að þeim stöllum Gunnhildi og Sirrý en vonandi skella þær sér bara í skólann sem almennir nemendur næsta sumar! Mig langar að biðja aðalfundarfulltrúa að standa upp og hylla þær vel og lengi! Að lokum langar mig að hvetja stjórnarmenn leikfélaganna til að nota nú tækifærið í aðdraganda kosninga og leggja hart að sínum frambjóðendum til sveitastjórna, að gera nú samstarfssamninga við leikfélögin og tryggja þannig starfsgrundvöll þeirra. Á sama hátt vil ég hvetja ykkur til að leggja hönd á plóg í baráttunni fyrir hækkuðum framlögum ríkisins með því að ræða við ykkar þingmenn og þó sérstaklega fjárlaganefndarmenn, nú er lag þegar eitt ár er til kosninga.

Stjórn BÍL þakkar sérstaklega framkvæmdastjóra og starfsmönnum samstarfið svo og skólastjórnendum leiklistarskóla BÍL, samstarfsaðilum í Þjóðleikhúsinu og forsvarsfólki hátíðarinnar Margt smátt í Borgarleikhúsi.

Akureyri 4. maí 2006,
Guðrún Halla Jónsdóttir, formaður.

Guðrún Halla þakkaði Einari Rafni Haraldssyni fyrrverandi formanni kærlega fyrir frábærlega unnin störf í þágu Bandalagsins sl. 13 ár og baðst afsökunar á að það fórst fyrir á síðasta aðalfundi.

7. Vilborg leggur fram reikninga síðasta árs og skýrir þá. Sjá á bls. 47. Tap á rekstrarreikningi kr. 565.699, tilkomið vegna leiklistarhátíðarinnar Leikum núna! en tap á henni var samtals um 1.200.000 kr. Skuldir um áramót samtals 1.798.355 kr. Eignir voru samtals 17.127.736 kr. eða um

2 miljónum hærrí en árið áður sem skýrist af endurmati fasteignar skv. fasteignamati.

8. Skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt án frekari umræðu.

9. Skýrslur nefnda.

a. Gunnhildur Sigurðardóttir, skólastýra, flutti skýrslu skólanefndar:

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 6.–7. maí 2006

Á síðasta ári voru 4 námskeið í boði á vegum skólans. Eftirtalin námskeið voru haldin í Svarfaðardal í júní 2005; Leikstjórn I, kennari Sigrún Valbergisdóttir, Leiklist II, kennari Árni Pétur Guðjónsson og framhaldsámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson. Alls sótti 31 nemandi þessi námskeið.

Helgina 1.–2. október var svo haldin fyrirlestrarhelgi í húsnæði Leikfélags Hafnarjarðar þar sem yfirskriftin var „Hinar þúsund þjalir leikstjórans“. Snorri Freyr Hilmarsson flutti fyrirlestur um vinnuferli við hönnun leikmyndar, Þórunn Elísabet Sveinsdóttir fræddi okkur um vinnuferli við hönnun búninga, Ásta Hafþórsdóttir flutti fyrirlestur um gerfi og förðun og Egill Ingibergsson um lýsingu leiksýningar en Sigrún Valbergisdóttir stjórnaði umræðum. Alls sóttu 25 manns þessa fyrirlestrarhelgi og er skólanefnd sammála um að slíkir stuttir fyrirlestrar séu góð viðbót við starfsemi skólans.

Á þessu ári eru 5 námskeið í boði. Í júní verða 3 námskeið að Húsabakka. Námskeiðið „Hvernig segirðu sögu“, kennari Ágústa Skúladóttir. Þátttakendur þurfa ekki að hafa sótt grunnnámskeið Leiklistarskólans en þó að hafa einhverja reynslu af leiklist. Þetta er námskeið sem hefur áður verið haldið og naut mikilla vinsælda og nú er fullbókað. Steinunn Knútsdóttir mun kenna á námskeiði sem ætlað er þeim sem sótt hafa grunnnámskeið skólans eða hafa umtalsverða leikreynslu. Þar verður unnið með tvö ólík leikverk, eitt klassískt og annað nýtt verk til að skerpa skilning á þeirri grundvallartækni sem þarf til að greina og vinna með senur og karakter en um leið þeirri sérstöku tækni/leikstíl sem ólík verk kalla á. Þriðja námskeiðið er leikstjórn II, kennari Sigrún Valbergisdóttir. Eins og áður var sagt er fullbókað á námskeiðið „Hvernig segirðu sögu“, en enn eru laus pláss á hin tvö námskeiðin.

Í haust verða svo tvö helgarnámskeið í förðun. Byrjendanámskeið 13.–15. október og framhaldsnámskeið 27.–29. október. Kennari er Gréta Boða. Nánari upplýsingar um námskeið skólans er að finna á leiklist.is.

Á árinu urðu mannaskipti í skólanefnd. Anna Jeppesen

og Þorgeir Tryggvason létu af störfum. Þau hafa bæði unnið frábært starf í þágu skólans og þökkum við þeim fyrir afskaplega ánægjulegt samstarf. Í þeirra stað komu inn í nefndina, Dýrleif Jónsdóttir og Herdís Þorgeirsdóttir. Einnig fengum við varanefndarmann, Hrefnu Friðriksdóttur, sem gegnir nú starfi aðalnefndarmanns í fjarveru Huldar Óskarsdóttur. Við bjóðum þær velkomnar í skólanefnd.

Í skýrslu skólanefndar höfum við oft varpað fram einhverjum málefnum fyrir fundarmenn til að velta vöngum yfir. Í ár verður leiklistarskólinn settur í 10. sinn og er okkur efst í huga sú staðreynd að enn er aðeins fullbókað á eitt námskeið þrátt fyrir það að umsóknarfrestur hafi verið framlengdur til 10. maí. Það verður að segjast eins og er að skólanefnd hefur talsverðar áhyggjur af þessari dræmu aðsókn og langar að biðja fulltrúa þeirra leikfélaga sem hér eru að íhuga þetta með okkur.

Við leggjum hér því fram til umræðu spurningar eins og:

Er markaðurinn orðinn mettur í bili?
 Erum við með rangar áherslur hvað varðar námskeiðsframboð?
 Er tímasetning námskeiðanna röng?
 Höfum við verið of íhaldssöm?
 Þurfum við að endurskoða starfsemi skólans á einhvern hátt?

Við vonum að hér skapist líflegar umræður um Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra leikfélaga.

Umræður:

Örn Alexandersson, Leikf. Kópavogs, lagði til að skólinn stæði að námskeiði þar sem kennd væri stjórnun leikfélaga.

Þorgeir Tryggvason, Hugleik, benti á að það vantaði sárafáa nemendur til að fylla tilskilinn fjölda og því ekki ástæða til að gera miklar breytingar.

Guðfinna Gunnarsdóttir, Leikfélagi Selfoss, velti upp þeirri spurningu hvort að kynning á skólanum innan félaga væri nógu góð.

Sóley Axelsdóttir, Halaleikhópnum, sagði að skortur á aðgengi hamlaði þátttöku Halaleikhópsins í skólanum.

Lárus Vilhjálmsson taldi að það sem væri kannski helst vandamál væri aðgengi og svefnaðstaða sem er ekki sérlega góð.

Nú væru blikur á lofti með skólann og horfa þyrfti til þessa mála ef skólinn skipti um stað. Hann sagði skólan vera helstu ástæðu öflugs starfs í sínu félagi.

Hrund Ólafsdóttir, Leikfélaginu Sýni, sagðist hafa verið spurð hvort Bandalagið gæti ekki bara keypt Húsa-

bakka. Sagði það galla að ekki væri hægt að halda tækni- og förðunarnámskeið þar. Hún sagði að með aukinni menntun áhugaleikara hafi sumir innan atvinnu-hreyfingarinnar fyllst óöryggi og óttist undirboð leikstjóra úr röðum Bandalagsfélaga. Hún hvatti félögin eindregið til að senda fólk í skólann og styrkja það til þess fjárhagslega.

Gunnhildur þakkaði góðar ábendingar. Hún sagði nauðsynlegt að halda umræðunni um skólann lífandi á hverju ári. Hún sagði skólanefnd vita upp á sig skömm-ina varðandi aðgengi.

b. Bjarni Guðmarsson, söguritari Bandalagsins, flutti skýrslu Sögunefndar.

Söгурritun BÍL 2005–2006

Vinna við ritun sögu Bandalagsins hefur haldið áfram á undangengnu ári og telst nú á lokametrum.

Skrásetjari lauk handritsuppkasti sínu á fyrri hluta síðasta árs. Þá las sögunefnd handritið yfir í heild og gerði við það ýmsar athugasemdir. Eftir að unnið hafði verið úr ábendingum og athugasemdum nefndarmanna, í desember sl., var handritið í nýrri gerð kynnt stjórn.

Jafnframt fór sögunefndin yfir lokagerðina. Þá hófst vinna við að búa handritið endanlega til útgáfu.

Vegna þessa gekk Vilborg í að grófflokka ljósmyndasafn Bandalagsins og í það hefur megnið af myndefni bókarinnar verið sótt auk þess sem leitað er til ýmissa safna og einkaaðila eftir atvikum. Ég vil nota tækifærið til að hvetja fundarmenn til að líta í kistur og handraða félaga sinna ef þar kynnu að leynast ljósmyndir eða annað myndefni sem tengjast sögunni og lána okkur til eftirtöku.

Umbrotsvinna er komin vel áleiðis og gert er ráð fyrir að bókin verði öll komin á síður um mánaðmótin maí/júní eða þar um bil. Þá er eftir að lesa próförk og gera skrár en ráðgert er að verkið verði tilbúið til útgáfu í ágúst og gæti orðið að bók í september eða október.

Eins og áður, hefur sögunefnd verið skipuð þeim Einari Njálssyni, Sigrúnu Valbergsdóttur og Þorgeiri Tryggvassyni auk Vilborgar Valgarðsdóttur. Öll hafa þau unnið ákaflega vel og tel ég samstarf nefndar og skrásetjara allt hið besta. Vil ég þakka kærlega fyrir hin ánægjulegu og gefandi samskipti sem ég hef átt við þau.

Umræða:

Vilborg benti á að ekki væri hafin fjáröflun til útgáfu en hvatti fólk til þess að gefa kost á sér til að vinna að henni.

c. Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar:

Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar 2006

Lögð fram á aðalfundi BÍL á Seltjarnarnesi 6.–7. maí 2006

Um vefnefnd

Vefnefnd Leiklistarvefjarins skipa auk undirritaðs og starfsmanna þjónustumiðstöðvar þeir Lárus Vilhjálmsson og Ármann Guðmundsson. Ármann hefur reyndar verið í tímabundnu starfi á skrifstofunni síðan um áramót.

Almennt

Líðið ár hefur verið sviptingasamt fyrir Leiklistarvefinn. Eftir allnokkra erfiðleika með samstarf við Vefsýn sem verið hafði þjónustuaðili okkar frá upphafi, var tekin sú ákvörðun að skipta um vefkerfi og semja við nýjan aðila um hýsingu og rekstur. Síðsumars 2005 var skipt yfir í vefumsjónarkerfið Mambo sem er svokallað „open source“-kerfi sem byggist á opnum stöðlum og þarf ekki að greiða fyrir notkun á því. Breytingin þýðir líka að nú er hægt að hýsa vefinn hvar sem er en sú var ekki raunin með fyrra kerfi. Samið var við fyrirtækið Cinq um hýsingu og rekstur. Gríðarleg vinna var því samfara að skipuleggja nýja vefinn og flytja efni yfir en blessunarlega urðu gestir á vefnum lítið varir við það og flutningurinn gekk að mestu snurðulaust fyrir sig. Síðastliðið haust var flutningnum að miklu leyti lokið en þá hófust erfiðleikar hjá hýsingaraðila. Ýmsir erfiðleikar voru með vélbúnað og að auki lentu þeir í miklum árásum tölvuprjóta sem settu vefmiðlarann á hliðina. Gekk þannig fram eftir hausti en það var ekki fyrr en um áramót sem menn komust yfir erfiðleikana og hefur reksturinn verið með með miklum sóma síðan. Samstarfið við þá Cinq-menn hefur verið gott og ekki yfir neinu að kvarta eftir að reksturinn komst á beinu brautina eftir áramót.

Breytingar

Þau tíðindi urðu um það leyti sem nýtt kerfi var tekið í notkun að aðsókn að vefnum minnkaði og var það í fyrsta sinn síðan hann var opnaður haustið 2001. Að einhverju leyti má kenna það tíðu hruni á miðlara en ýmislegt annað hefur eflaust haft áhrif. Fréttir á vefnum voru með minna móti síðastliðið haust sem kom að einhverju leyti til af því að frumsýningar voru færri en oft áður. Heimsóknir á vefinn virðast gjarnan fylgja umfjöllun um þær. Þá var sú nýbreytni t.d. tekin upp við flutning á vefnum, að krefjast skráningar ef gestir vildu taka þátt í umræðum og varð það til þess að þátttaka á spjallborði minnkaði umtalsvert. Í janúar var tekin sú ákvörðun að krefjast ekki lengur skráningar og opna spjallið og hefur lífnað nokkuð yfir því í kjölfarið. Þá hefur dunið yfir holskefla frumsýninga og annarra viðburða undanfarna mánuði og aðsóknin að vefnum hefur aukist mikið samhliða því.

Skýrslu þessari fylgir tölfraði sem sýnir aðsókn að vefnum í ýmsum myndum. Þar sést það sem fram kom

hér áðan að aðsókn datt nokkuð niður í haust en hefur tekið vel við sér eftir áramót. Má t.d. nefna að aðsókn í mars- og aprílmánuði hefur aldrei verið meiri en á þessu ári.

Efnistöð á Leiklistarvefnum

Eins og verið hefur sjá starfsmenn þjónustumiðstöðvar að mestu um að setja inn efni á vefinn. Fréttir berast yfirleitt frá félögum þegar um frumsýningar og stórviðburði er að ræða en þjónustumiðstöðin þarf stundum að ýta við mönnum og hefur verið mjög vakandi fyrir því í vetur. Það er einnig gömul saga og ný að myndefni fylgi ekki fréttum eða sé ófullnægjandi. Eitt vinsælasta efni á vefnum er gagnrýni á leiksýningar. Eins og undanfarin ár hefur vefnefnd skrifað mest af þeirri gagnrýni sem birst hefur en þó hafa einstaka utanaðkomandi ritað um sýningar og er þeim hér með þakkað fyrir þeirra framlag. Leiklistarvefurinn er ávallt á höttunum á eftir fólki sem vill og getur skrifað um leiksýningar og vill vefnefnd hér með ítreka það. Þá viljum við einnig benda á að oft birtist umfjöllun um sýningar í héraðsfréttablöðum og vefjum og viljum við gjarnan fá að birta það efni eða í það minnsta vísa í það.

Í vændum

Vefnefnd hefur fundað óreglulega enda eru starfsmenn þjónustumiðstöðvar og lénsherra í nær daglegum samskiptum um eitt og annað sem að vefnum snýr. Vefnefnd átti þó fund fyrir skömmu þar sem hún setti niður áætlun um viðfangsefni á næsta leikári. Tekin var ákvörðun um að hrinda af stað annarri stuttverkisamkeppni svipaðri þeirri sem fram fór fyrir þremur árum. Mun hún auglýst betur síðar en gert er ráð fyrir að handritum sé skilað inn snemma næsta haust. Þá er einnig ætlunin að eftir næstu áramót verði aftur efnt til keðjuleikrits eins og gert var fyrir tveimur árum. Ýmsar aðrar hugmyndir hafa verið ræddar án þess að beinar ákvarðanir hafi verið teknar og má þar t.d. nefna gerð útvarps- eða réttara sagt hljóðleikrits sem birt yrði á vefnum í stuttum bótum. Þá hefur vefnefnd einnig rætt að skemmtilegt væri að birta stutta búta úr upptökum af sýningum á vefnum. Eins og ávallt er vefnefnd einnig galopin fyrir skemmtilegum hugmyndum frá öðrum.

Vefurinn er í öllu betra horfi en hann var fyrir ári síðan og ekki ástæða til annars en bjartsýni með framhaldið.

*Fyrir hönd vefnefndar,
Hörður Sigurðarson*

Umræða:

Júlía Hannam, Hugleik, lýsti yfir ánægju með hugmyndir um mynd-/hljóðbúta á vefnum. Hlakkaði til að taka þátt í stuttverkakeppni.

*d. Hrud og Ármann kynntu skýrslu um stuttverkis-
hátiðina Margt smátt.
Hrud flutti skýrslu undirbúningsnefndar:*

Síðastliðið haust var ákveðið að stofna nefnd til að kanna grundvöll fyrir stuttverkahátíð Bandalagsins í samvinnu við Borgarleikhúsið. Áður hafði verið rætt um að haustið væri ekki góður tími til stuttverkahátíðar, skv. reynslu frá árunum 2004 og 2005. Ásamt undirritaðri voru í nefndinni Ingvar Bjarnason og Embla Guðmundsdóttir en hún baðst svo undan fundahöldum vegna anna. Ingvar og undirrituð settu niður punkta fyrir stjórn BÍL að vinna út frá og ræddu við Guðrúnu Vilmundardóttur, fulltrúa Borgarleikhússins. Í ljós kom að leikhúsið leit á samstarfið sem okkar frumkvæði og hafði alltaf gert og var til í áframhaldandi samstarf. Rætt var um að endurskoða þyrfti samstarfið í ljósi þess að Sigrún Valbergdóttir sem átti upphaflegu hugmyndina og hafði boðið til leiks var hætt störfum hjá Borgarleikhúsinu.

Nefndin skilaði niðurstöðum sem voru eindregið í þá átt að halda hátíðina að vori og var 5. maí 2006 staðfestur með fyrirvara. Einnig að gera tilraun í þetta þriðja sinn til að slá stuttverkahátíðinni saman við einpáttungahátíð í tengslum við aðalfund.

Árman flutti skýrslu framkvæmdanefndar:

Þegar störfum undirbúningsnefndar lauk voru Ása Hildur Guðjónsdóttir, Ólöf Þórðardóttir og undirritaður skipuð í framkvæmdanefnd Margs smás. Að venju var Vilborg okkur innan handar. Skipulagning byggði að mestu leyti á reynslu af fyrri hátíðum. Fundað var með fulltrúa Borgarleikhússins, Steinunni Knútsdóttur, leiklistarráðunaut, og skilgreint hvað hvor aðili átti að sjá um. Öll skipulagning og allt sem snéri að leikfélögunum var á okkar höndum, Borgarleikhúsið lagði til húsnæði og starfsfólk og sá um miðasölu. Kynning á hátíðinni var sameiginlegt verkefni.

Áhugi leikfélaganna var svipaður og síðast þegar hátíðin var haldin, 8 félög sýndu 12 sýningar. Þær voru:

Bara innihaldið — Leikfélag Rangæinga
Dagur í lífi Mörthu Ernstsdóttur — Freyvangsleikhúsið
Geirþrúður svarar fyrir sig — Leikfélag Selfoss
*Það er frítt að tala í GSM hjá guði — Leikfélag Mosfells-
 sveitar*
Morð fyrir fullu húsi — Leikfélag Hafnarfjarðar
Súsanna baðar sig — Leikfélag Hafnarfjarðar
Afi brenndur — Leikfélag Kópavogs
Aðgerð — Leikfélag Kópavogs
Friðardúfan — Leikfélagið Sýnir
Í öruggum heimi — Hugleikur
Kratavar — Hugleikur
Hannyrðir — Hugleikur

Ákveðið var að hafa ekki forvalsnefnd að þessu sinni heldur miða við að hátíðin tæki u.þ.b. 3 tíma með tveimur stuttum hléum. Ef ljóst væri að sá tímarammi héldi ekki yrði farið fram á það við þau leikfélög sem sæktu um að vera með flestar sýningar, að fækka þeim uns tímaramma væri náð.

Þetta varð til þess að Hugleikur sýndi aðeins 3 sýningar af þeim 7 sem hann upphaflega sótti um að sýna. Hins vegar var ákveðið að fá gagnrýnendur hátíðarinnar, þá Þorvald Þorsteinsson og Þorstein Bachmann, til að fjalla um sýningarnar og biðja þá um að tilnefna þrjár sýningar sem bestu sýningu hátíðarinnar og útnefna svo eina. Sem bestu sýninguna völdu þeir sýningu Hugleiks, „Í öruggum heimi“ en auk hennar voru tilnefndar „Hannyrðir“ Hugleiks og „Geirþrúður svarar fyrir sig“ frá Leikfélagi Selfoss.

Heilt yfir tókst hátíðin vel, fólk virðist almennt sáttara með hana heldur en fyrri hátíðir og engir hnökur komu upp í samstarfinu við Borgarleikhúsið. Það sýndi sig líka að þrátt fyrir að ekkert forval væri fyrir hátíðina var metnaður félaganna sá sami og gæði sýninga síst minni en á fyrri hátíðum. Þó má að sjálfsögðu alltaf gera betur og vissulega væri gaman að sjá fleiri félög taka þátt. En Margt smátt endurspeglar auðvitað þá áherslu sem aðildarfélögin leggja á stuttverk og svona hátíð, hvort sem hún er í Borgarleikhúsinu eða annars staðar, er hvatning bæði fyrir þau félög sem leggja rækt við þetta form og hin að prófa að takast á við það. Og við megum ekki gleyma að stuttverk er form sem enginn annar en Bandalagsleikfélög leggur rækt við hér á landi, það gefur okkur sérstöðu sem er í senn dýrmæt og spennandi.

Umræður:

Hjalti Stefán Kristjánsson, Hugleik, lýsti yfir ánægju með hátíðina, taldi félögin hafa til þann metnað sem þyrfti til að gera góða hátíð. Vonaði að hún yrði sem oftast.

Þorgeir sagðist ánægður með hátíðina og þátttökuna á henni. Hann saknaði samt tilfinningarinnar fyrir því að þetta væri hátíð. Hann sagðist ekki hafa neina patentlausn en vildi fá meiri hátíðarumgjörð.

Guðrún Halla þakkaði fyrir hátíðina. Hún hafi reyndar verið svolítið hættuleg, leikþættir sumir ofbeldisfullir og klúrir. Kvaðst ánægð með að ekkert forval var en lýsti yfir eindreginni andstöðu sinni við að velja ætti „bestu“ sýningar hátíðarinnar.

Hörður sagðist alveg ósammála Höllu og vildi hafa slíka samkeppni sem víðast og oftast. Kvað þetta vera ekki ósvipað og val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningunni.

Júlíus lýsti ánægju sinni með hátíðina. Sagði að hún hefði verið afslöppuð og hæfilega löng. Sagði að löng-unin til að vera með hafi vaknað og hann ætli að vera með næst.

Hrund kvaðst alveg ósammála Höllu og vildi fá rök fyrir svona sterkum skoðunum. Sagðist vilja almenna umræðu um val.

Guðrún Halla sagðist hafa átt við það að hún telji ekki hægt að keppa í leiklist.

Júlía sagði að sér hefði þótt leiðinlegt hve margir fóru strax að sýningum loknum. Hefði viljað að matur eftir sýningar hefði verið kynntur betur fyrir gestum.

Sigríður Lára Sigursjónsdóttir, Hugleik, sagði að hún hefði gjarnan viljað sjá meira sýnishorn af því hvað leikfélög væru að gera. Jafnvel brot úr sýningum.

Porgeir sagði að val fyrir hátíðina hefði farið fram. Hugleikur hefði borið fram 7 verk sem þau þurftu að skera niður. Valið hafi verið lengdarval, ekki gæða, en samt sem áður val. Hann kvaðst alls ekki hafa átt við að það yrði eitthvað „gala“-kvöld á hátíðinni. Hann sagði að við þyrftum að sýna hvað við værum skemmtileg. Við þyrftum að vera sýnileg! Hann vildi líka hafa hátíðina a.m.k. klukkutíma lengri.

María Guðmundsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar, sagði að leikarar hefðu þurft að tala skýrar og saknaði hátíðarbragsins sem var á fyrstu hátíðinni.

Hörður sagðist ekki endilega vera fylgjandi forvali, það væri bara spurning um hvernig hátíð við vildum halda. Hins vegar kvaðst hann hlynntur því að það sem vel væri gert væri verðlaunað.

Lárus sagði frá umræðum stjórnar um það hvernig hátíð við vildum halda. Spurningin væri hvort við vildum halda hátíð þar sem kæmu sem flestir og leiðin til þess væri að hafa ekki forval.

Hrund vildi benda fólki á að það væri ekki vilji fyrir að hætta að hafa hátíðir í sambandi við Bandalagsþing, það væri sitt hvor hluturinn. Vildi kvarta yfir því hve sviðið í Borgarleikhúsinu var druslulegt, t.d. hefði mátt tjalda sviðið með svörtum leiktjöldum.

Margrét Tryggvadóttir sagðist hafa það á tilfinningunni að við vissum ekki fyrir hverja við værum að halda hátíð. Utanaðkomandi fólki hafi sennilega ekki liðið mjög vel þar sem hávaði í þáttakendum hafi verið umtalsverður.

Fundarhlé.

Þorsteinn Backmann og Þorvaldur Þorsteinsson segja álit sitt á sýningum Marg's smás.

Fundi haldið áfram.

e. Lárus og Vilborg flytja skýrslu framkvæmdanefndar Leikum núna!

1. Erlendir leikhópar

Strax og ákveðið var að halda sambærilega hátíð aftur og haldin var árið 2000 var ákveðið að bjóða til hennar allt að þremur erlendum hópum. Valið á þeim skyldi vera alfarið á okkar höndum og engum hóp boðið sem við þekktum ekki til. Var stjórnarmönnum og öðrum

sem sækja myndu hátíðir á erlendri grund falið að vera með opin augun ef þeir rækjust á eitthvað spennandi. Fljótlega mælti Hörður með leikfélaginu Municipality Theatre frá Jonava í Litháen og Toggi og Hulda mæltu með Maneken-leikfélaginu frá Chelyabinsk í Rússlandi. Bæði þessi félög þáðu boð okkar um þátttöku, Rússarnir í maí 2004 og Litháar seinna á árinu. Á NEATA-hátíðinni í Eistlandi í ágúst 2004 var svo þriðji hópurinn fundinn, Hammarteatern frá Svíþjóð, sem einnig þáði boðið. Öllum þessum hópum sendum við formlegt boð fyrir hönd Bandalagsins. Það var svo í febrúar 2005 að sænski hópurinn afboðaði sig og í apríl gerðu Rússarnir það sama.

Nú voru góð ráð dýr, aðeins einn erlendur hópur eftir og lítil von til að Leikum núna! stæði undir nafni sem alþjóðleg leiklistarhátíð ef ekki yrði eitthvað að gert. Toggi sendi okkur erindi þess efnis hvort við vildum að hann athugaði með sænskan leikhóp sem hann og fleiri höfðu séð til á Arosia hátíðinni í Västerås, Cirkity Gravikus. Eftir að hafa borið það undir fleiri ákváðum við að bjóða þeim og þekktust þau boðið. Heldur var þetta nú orðið með seinni skipunum, lítill tími fyrir hópinn til að útvega sér ferðastyrki og endaði á að hingað komu 5 Svíar með sýningu sem hafði verið sérsmiðuð fyrir hátíðina okkar. Og Litháarnir komu eins og til stóð.

Sambandið við erlendu leikhópana og skipulagningu veru þeirra hér og allur ferðamáti var á Vilborgar ábyrgð, þó í samráði við Lárus og aðra þá sem skipuðu framkvæmdanefnd hátíðarinnar.

Allir gistu á Hótel Eddu á Akureyri þar sem þjónustan var til mikillar fyrirmyndar.

Ákveðið var að báðir leikhóparnir notuðu innanlandsflugíð í stað þess að fá langferðabíla til að flytja fólkið frá Keflavík til Akureyrar og til baka.

Snemma höfðu boðið sig fram sem leiðsögumenn erlendu hópanna þeir Hörður Sigurðarson sem leiðsögumaður Litháa og Gísli B. Gunnarsson sem leiðsögumaður Svía. Þegar leið að komu hópanna tóku þeir við ábyrgðinni og sáu hvor um sinn hóp frá komu þeirra til Keflavíkur og allan tímann til brottfarar þaðan aftur. Báðir leikhóparnir elskuðu sína leiðsögumenn enda stóðu þeir sig báðir með mikilli þryði. Það að erlendu hóparnir hafi sinn einka-leiðsögumann og hjálparhelli skiptir sköpum í að allt gangi vel og snurðulaust fyrir sig. Gott hefði verið að íslensku hóparnir hefðu haft einhverja álíka til að sinna sér og sínum þörfum, alla vega fram yfir sýningar og frágang eftir þær.

Það er okkar mat að við höfum tekið vel á móti gestunum og okkar tilfinning er sú að þeir hafi farið heim með góðar minningar um okkur sem manneskjur og fundist íslenskt áhugaleikhús bara nokkuð gott. Sú snjalla hugmynd Harðar að bjóða gestum okkar í útsýnisferð til Mývatns strax eftir að hátíðinni var slitið

var held ég punkturinn yfir i-ið hjá þeim.

2. Fjáröflun

Það er skemmst frá því að segja að fjáröflun fyrir hátíðina gekk illa. Vilborg sótti um styrki í alla sjóði sem hún fann hér á landi og eins til Nordisk kulturfond. Einu styrkirnir sem fengust voru frá Menntamálaráðuneyti, kr. 600.000, frá Akureyrarbæ, kr. 300.000 og Félagsheimila-sjóði, kr. 200.000, eða samtals kr. 1.100.000. Einnig fengust loforð fyrir styrktarlínunum og auglýsingum í leik-skrá hátíðarinnar að upphæð kr. 105.000. Í dag eru kr. 85.000 af þessum loforðum greidd. Að auki fengum við eitthvað af matvöru frá fyrirtækjum á Akureyri gefins að hluta og á afslætti að hluta, sem nýttust í mótuneytinu.

Kostnaður við hátíðina var kr. 3.197.563.

Tekjur að meðtöldum styrkjum voru kr. 2.028.050.

Tap á hátíðinni var kr. 1.169.513.

Nánari sundurliðun á kostnaði og tekjum er að finna í ársreikningi.

Að mati Vilborgar er þetta með erfiðari verkefnum sem hún hefur tekið að sér, aðallega vegna þess hve árangurinn var lélegur þrátt fyrir að vandað væri til um-sókna eins og framast var unnt. Eins reyndu Júlíus og Lárus að fá fyrirtæki á Akureyri til að styrkja hátíðina og Dýrleif fór í Bónus með sama árangri, þ.e.a.s. engum. Við verðum bara að viðurkenna að Bandalagið sem slíkt er ekki hátt skrifað í Þjóðfélaginu þótt hvert og eitt aðildarfélaganna séu það í sínum heimabæjum. Þessu þarf að breyta einhvern veginn.

Lokaorð

Ef við horfum til baka og reynum að meta hvernig gekk, þá myndum við segja; í heildina — bara nokkuð vel.

Skipulagning — módelið frá árinu 2000 gekk nokkuð vel upp og ekki á því stórir hnökkrar miðað við umfang hátíðarinnar. Önnur módel mætti reyna ef fjöldi þátt-takenda/áhorfenda væri meiri.

Fjárhagur — ef hægt hefði verið að krækja í svona milljón til viðbótar værum við himinsæl með fjárhaginn.

Aðstaða — að flestu leiti ágæt og dugði okkur vel, auðvitað fyrir utan aðgengi fyrir fatlaða sem við réðum bara ekki við.

Starfsmenn — fleiri hefðu þurft að koma að þessu verki.

- Einhvers konar leiðsögu- eða hjálparmenn fyrir íslensku leikhópna.

- Tæknimenn þurfa absalútt að vera einn í hverju húsi.

- Starfsmenn þjónustumiðstöðvar stóðu sig með ágæt-um, þó æskilegt hefði verið að þeir hefðu betur sinnt því að sundurliða hjá sér innkomuna í: seldir bolir, miðar á lokahóf og aðgöngumiðar á sýningar.

- Starfsmenn í mótuneyti stóðu sig líka að flestu leyti vel, það var ekki þeim að kenna að skipulagning, s.s. matseðill o.fl., var of seint á ferðinni. Einhver einn þarf

að hafa yfirumsjón með bæði matseðli og starfsfólki og við þurfum að hafa í huga að það er alveg nógur starfi fyrir eina manneskju og ekki sniðugt að hugsa þetta sem einhverja íhlaupavinnu. Og það þarf vanar konur og vana menn í eldamennskuna.

- Ef maður ber saman þessa hátíð og hátíðina 2000 þá er eins og það sé erfiðara að fá fólk til starfa núna. Flestir sem komu á hátíðina vildu bara sinna sér og sínu. Við þurfum virkilega að athuga þennan þátt fyrir árið 2010.

Frágangur — hann var okkur til vansa á ýmsum stöðum, s.s. í Húsinu, Deiglu og Ketilhúsinu. Þetta getum við ekki látið koma fyrir aftur. Eins var ljósum ekki skilað til Exton eins og lofað hafði verið. Starfsfólk í íþróttahöll var þó ánægt með viðskilnaðinn. Og menningarmálastjóri Akureyrarbæjar hefur lýst ánægju með hátíðina og vill að við ihugum af alvöru að vera aftur á Akureyri með NEATA- hátíðina árið 2010.

Lokahóf — var stórskemmtilegt og ber að þakka Dillu, Ármanni og Maríu Gunnarsdóttur sérstaklega fyrir góðar og ódýrar veitingar. Skemmtiatriði voru líka skemmtileg. Þó skulum við hafa í huga að atriði á svona kvöldi höfði til sem flestra. Tvær rútur höfðu verið pantaðar frá SBA en bara önnur kom. Það bjargaðist þó fyrir horn því allir sem vildu gátu troðið sér í hana. Við keyptum leigubíla, sérútbúna fyrir hjólastóla með gesti okkar frá Hala-leikhópnum.

Misskilningur sá sem varð varðandi lokahófið hefði ekki þurft að koma til ef talað hefði verið betur og fyrr saman um málið. Höfum það í huga með alla pósta í framtíðinni.

Umræður:

Júlíus velti upp spurningunni fyrir hvern svona hátíðir væru. Ef þær eru fyrir almenna gesti þarf að taka tillit til þess. Hann benti líka á að til þess að fá sjálfboðaliða þyrfti að biðja fólk, láta það finna að það sé velkomnið. Einnig mætti skylda leikfélög til að leggja fram tiltekinn fjölda sjálfboðaliða. Til að gera okkur sýnileg gæti þurft að leggja út í kynningarherferð þótt það kosti peninga.

Porgeir sagði það ekkert skrítið að Bandalagið væri óþekkt fyrirbæri. Áherslan ætti að vera á áhugaleikhúsið, ekki batterið í kringum það.

10. Guðrún Halla kynnir tillögu stjórnar að starfsáætlun næsta árs. Skipt í vinnuhópa.

Hörður kynnti hugmyndir um búningasafn í samvinnu við Þjóðleikhúsið.

Eins og margir vita hefur Þjóðleikhúsið ekki sinnt þeirri skyldu sinni að undnaförnu að vera áhugaleik-félögum innan handar varðandi búninga. Ástæðuna segir Þjóðleikhússtjóri vera þá að þar sem búninga-geymslan sé úti í bæ þurfi sérstakt stöðugildi til að sinna þessu og fjárhagsleg staða leikhússins leyfi ekki slíkt. Þjóðleikhússtjóri hefur velt upp þeirri hugmynd að

Bandalagið taki við búningasafninu og stofni um það fyrirtæki, í einhvers konar samvinnu við Þjóðleikhúsið. Þetta er hugmynd sem vert er að skoða en ljóst er að til þess að koma þessu í framkvæmd þyrfti að koma til talsvert fjármagn. Grundvallarforsenda fyrir svona safni er að það sé hægt að skoða það á netinu og þar stöndum við vel að vígi þar sem við höfum leiklistarvefinn og gætum því með tiltölulega lítilli fyrirhöfn sett upp búningasafnsvef.

Ármann og Lárus gera grein fyrir 3. lið starfsáætlunar, hugmyndum um að gera handritasafn Bandalagsins að formlegu safni.

Leikhandritasafn Bandalagsins er langstærsta safn (og í raun eina) safn leikrita á íslensku tungu. Það er því lífsnauðsyn að gera ráðstafanir til að þetta safn geti ekki glatast, t.d. orðið eldi að bráð. Það mætti gera með því að taka afrit af öllum handritum (sem nálgast nú óðum að verða 2600) og koma því fyrir á öðrum stað en þar sem nútíma tækni býður upp á aðra möguleika sem taka mun minna pláss og opna auk þess fjölbreytta möguleika á miðlun handrita, hljótum við að horfa til slíkra leiða. Þarna erum við auðvitað að tala um að koma safninu á tölvutækt form. Slíkt kostar mikla vinnu og peninga og verður auðvitað ekki gert nema að til fáist fjármagn. Ein leið til þess er að gera safnið að lögformlegu safni, sem opnar okkur möguleika til að fá styrki í verkefnið. Til að þetta megi verða þarf að uppfylla ýmsar lagalegar kröfur og leggur stjórn til að stofnuð verð nefnd til þess að skoða kosti og galla þess að fara út í þessa framkvæmd.

11. *Regína kynnir stöðu mála varðandi kjör stjórnar.* Engir nýir hafa boðið sig fram. Stungið upp á Ingólfi Þórssyni.

Hópastarf hefst – fundarhlé til morguns.

14. *Starfsáætlun BÍL fyrir leikárið 2006–7 afgreidd.* Hópstjórar gera grein fyrir niðurstöðum hópavinnu.

Hópur 1. Hópstjóri Hrund Ólafsdóttir

Í hópnum voru: Guðrún Esther, Leikfélagi Mosfellsveitar, Kristinn, Halaleikhópnum, Gunnsteinn, Leikfélagi Ólafsvíkur, Erna, Leikfélaginu Hallvarði Sóganda, Práinn, Leikfélagi Fljótaldalshéraðs, Hrund, Leikfélaginu Sýnir og Sigurður, Hugleik.

Almenn starfsemi

1. Gengur vel. Draumalið leiðir skrifstofuna.
2. Bent á að athuga með að leita réttar vegna skemmda á skrifstofu.
3. Rætt um „formannatappa“. Gæta þarf þess að eintök ársritsins lendi á réttum stað. Félögin hvött til að láta ritið liggja frammi í leikhúsum sínum. Ánægja með ritið.
4. Rætt um að aðgengi þurfi að vera gott í skólanum, hömlun að fatlaðir þurfi hjálp við að komast leiðar

sinnar. Húsabakki erfiður. Framboð námskeiða rætt, spurning með vöntun á námskeiði fyrir algera byrjendur, varla markaður fyrir það. Fólk hvatt til að kynna skólann innan félaganna. Senda póst, tala á fundum, dreifa bæklingunum, styrkja meðlimi sína. Hvetja þarf fólk til að sækja um styrki til að fara í skólann. Hjá sumum er fjárhagsleg fyrirstaða. Benda á á móti að skólinn skili sér í minni þörf á aðkeyptum starfskrafti.

5. Benda félögum á að nota vefinn til kynningar. Hvetja til að nota spjallið á leiklist.is.

6. „Dagur áhugaleikhússins“. Hann þarf að endurvekja. Leita styrkja í framhaldinu í héruðum félaganna, fara í búninga og vekja athygli þennan dag.

Ath. nóvemberbyrjun. Bent á félagsheimilasióðinn.

7. Dýrt fyrir Þjóðleikhúsið. Finnst of margir sækja um. Hópurinn styður þetta í breyttu formi. Marklaust hjá þeim að undrast að sótt sé um með sýningar sem eiga ekki erindi á meðan það er ógagnsætt hvað ræður valinu. Ekki rétt að sýningin sem valin er sé sú athyglisverðasta heldur er það sú sem hentar best í Þjóðleikhúsið.

8. Hópurinn vill meiri hátíð. Lítið fór fyrir auglýsingum. Fyrir hvern er hátíðin? Þarf að vera skýrara. Val er af hinu góða, finnst hópnum. Gagnrýni er góð. Verðlaun eru góð.

Sérverkefni

4. Búningaleigusafn í samstarfi við Þjóðleikhúsið væri mjög gott ef ríkisstyrkur kæmi til, spurning hversu raunhæft þetta er. Rétt er að láta meta þetta og reikna út þörf á ágóða fyrirfram.

5. Við viljum halda NEATA hátíð ef hægt er að tryggja fjármögnun nógu snemma.

Hópur 2. Hópstjóri Guðfinna Gunnarsdóttir

Hópurinn skipuðu: Guðfinna, Leikfélagi Selfoss, Ólöf, Leikfélagi Mosfellssveitar, Unnar, Leikfélaginu Hallvarði Sóganda, Jónsteinn, Freyvangsleikhúsinu, Jóhanna, Leiklistarfélagi Seltjarnarness og Júlía, Hugleik.

Almenn starfsemi

Hópi umhugað um að bótaréttur Bandalagsins verði tryggður vegna hugsanlegra skemmda á húsnæði vegna framkvæmda við það.

Leiklistarskóli ræddur og súhugmynd að tímasetningu skólans verði róterað á milli ára, þannig að sem flestir hafi tækifæri til að stunda hann. Rætt um að æskilegt væri að hafa tækninámskeið á sama stað og tíma eða í beinum tengslum við skólatímamann (hugsanlega hægt að halda þau á Akureyri?)

Skoða eigi einnig aðra staðsetningu fyrir skólann ef að Húsabakki (Húsabakki er paradís á jörð) skyldi færast á annarra hendur, Eiðar nefndir í því samhengi og einnig héraðsskólinn að Núpi. Almenn ánægja með styttri fyrirlestra sem boðið var upp á í fyrra.

Vefur ræddur og lýst yfir ánægju með niðurfellingu innskráningar. Talað um að eldri fréttir séu ekki nægilega aðgengilegar, en það var leiðrétt allsnarlega af

lénsherra vorum. Einnig talað um að minna félög reglulega á að senda inn efni.

Í framhaldinu rætt um upplýsingaflæði til formanna og hvort ekki megi útbúa „nördabækling“ eða möppu fyrir nýgræðinga.

Fjármögnun rædd og hvatt til þess að félagsmenn notfæri sér komandi kosningar til hagsmunaprýstings fyrir áhugaleikfélögin.

Samstarf við Þjóðleikhús – miklar umræður um aðstöðumun félaga og kostnað landsbyggðarleikfélaga við að fá nefndarmenn til að koma og sjá sýningar. Engin sérstök lausn fundin á því máli, en þó nefndur sá möguleiki að leikfélagar bjóði nefndarmönnum gistingu í heimahúsum.

Búningabanki – menn jákvæðir gagnvart því að málinu sé haldið áfram, sjálfsagt sé að skoða þetta og allir rekstarþættir athugaðir vandlega áður en ákvörðun um framhaldið verði tekin. Rekstur slíks safns gæti haft jákvæð áhrif fyrir Bandalagið, gert það sýnilegra o.s.frv.

Margt – smátt, allir jákvæðir gagnvart hátíðinni, telja að hún megi vera lengri, en þó þurfi að hafa tímatakörk. Lagt til að hátíðin verði haldin annað hvert ár og á móti kæmi einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund hitt árið.

Sérverkefni

Saga Bandalagsins – endilega stefna að útgáfu, vantar samt að vita hver áætlaður kostnaður við prentun er. Lagt til að leikfélögin verði hvött til að taka þátt í kostnaði, eins og þegar fjárfest var í ljósritunarfél, slíkt ýtir undir samkennd og hver króna telur.

Lagt til að haustfundur verði haldinn og jafnvel hægt að nota tækifærið og vera með stjórnendanámskeið í tengslum við hann.

Endilega stefna að því að handritasafnið verði formlegt safn.

Endilega halda leiklistarhátíð NEATA 2010, staðsetning rædd, einn í hópnum stakk upp á Seyðisfirði.

Hópur 3. Hópstjóri Þorgeir Tryggvason

Í hópnum voru: Þorgeir, Hugleik, Margrét, Leikfélagi Rangæinga, Erna, Leikfélaginu Hallvarði súganda, Örn, Leikfélagi Kópavogs, Halldór, Freyvangsleikhúsinu og Sigríður, Leikfélagi Selfoss.

Almenn starfsemi

1. Miðstöð. Engar aths.
 2. Fasteign. Engar aths.
 3. Ársrit. Engar aths.
 4. Skólinn. Hugmynd að fyrirlestraröð um stjórnun leikfélaga í líkingu við „Púsund þjalir“.
- Almennt um stjórnun félaga og hlutverk einstakra stjórnarmanna.
Markaðssetning.
Hugmyndavinna og stefnumótun.
Gagnrýni.

5. Vefur. Vefurinn góður – hugmyndir vefnefndar um viðburði góðar.

Sérvefur um áhugaleiksýningu ársins.

Endurbættur sérvefur skólans.

6. Peningar. Ákveðin stöðnun í gangi.

Myndaður verði „aðgerðahópur“ sem ynni markvisst í að kynna stjórnmalamönnum málefni okkar. Gamalreyndir kappar með sambönd.

7. Þjóðleikhúsið. Engar aths.

8. Margt smátt. Meiri viðbúnaður og „hátíðleiki“ – meiri viðburður. Betra að hafa þetta á laugardegi – auðveldara fyrir utanbæjarfólk og möguleiki á lengri hátíð.

Jafnvægi milli gæðakrafna og fjölbreytni.

Lykilorð: Virðing.

Um einþáttungahátíðir: gera tilraunir. Ein tilraun:

Lífssýni úr leikfélögum – 15 mín. bútar úr lengri sýningum, engin umgjörð – sýnishorn af því sem félögin eru almennt að gera.

Sérverkefni

1. Saga. Engar aths.

Vangaveitur um efnisöflun söguritara.

2. Haustþing. Engar aths. nema að staðsetja haustfund rétt.

3. Söfn. Engar aths.

4. NEATA-hátíð. Stjórn kanni málið með fjárhagsgrundvöll.

Að auki. Tillögur:

5. Að kannaður verði rekstrargrundvöllur búningasafns á grunni hugmynda Þjóðleikhússins.

6. Að skipuð verði nefnd sem kanni möguleika á að Bandalagið kaupi eða taki að sér rekstur Húsabakka eða sambærilegs staðar.

Hópur 4. Hópstjóri Ingvar Bjarnason

Þátttakendur: Hjördís, Freyvangsleikhúsinu, Sigríður Lára, Hugleik, Guðmundur L., Leikfélaginu Sýni, Ingvar, Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Almenn starfsemi

Rekstur þjónustumiðstöðvar í góðum farvegi. Allir í hópnum sátir við þá þjónustu sem þar er veitt, starfsfólk og aðstöðu.

Rekstur fasteigna. Hópurinn gerir ráð fyrir að þessi mál séu í góðum farvegi en lýsir áhyggjum af ástandi húsnaðis fyrir handritasafn og skemmdum af völdum verkataka og vinnu í nágrenni. Hugsanlegt er að ef til þess kemur að handritasafn BÍL verði formlegt safn þá komi til styrkur frá hinu opinbera sem nota mætti til að bæta húsakost safnsins.

Útgáfa ársrits. Hefur verið gott form á blaðinu undanfarin ár. Sent í formannapósti og inniheldur efni frá aðildarfélögum. Mjög gott að sömu aðilar sinni utanumhaldi blaðsins ár frá ári þannig að reynslan nýtist áfram. Þannig vinnst blaðið fljótar enda mikið af sömu vinnu og efni til.

Starfsemi Leiklistarskóla. Fram komu hugmyndir um að hugsanlega mætti bjóða upp á hluta námskeiðanna í tvískiptu formi með nokkurra daga hléi á milli. Þannig væri komið til móts við fjölskyldufólk og þá sem ógjarnan komast frá í lengri tíma í senn. Aðgengismál rædd. Ekki gott aðgengi að húsnæði í Svarfaðardal. Ekki fyrirséð að neitt stóráttak verði gert í þeim málum á næstu árum. Enda ekki hlutverk BÍL-skólans sem slíks. Hins vegar mætti skoða að gera meiri kröfur til húsnæðis fyrir skólann.

Rekstur vefsíðunnar. Atburðir á vefnum frábær hugmynd. Helst að nefna í því sambandi stuttverkasamkeppni og fléttuleikrit. Góður rómur gerður að öllum uppákomum af þessu tagi sem til þess eru fallin að auka aðsókn að vefnum. Opið spunaverk sem gestum síðunnar gefst kost á að bæta við. Vefsápa. Gefa mætti félögum kost á að kynna verkin sín og sýningar með stuttum vídeo- og hljóðklippum. Aðeins að lifna yfir spjallinu eftir að það var opnað aftur sem er mjög gott mál.

Hækkun framlaga. Mikilvægt að beita pólitískum þrýstingi í heimahéraði til þess að reyna eftir fremsta megni að hafa áhrif á fjárveitingar. Sérstækir styrkir oft auðveldari í öflun. Styrkir til verkefna eins og sýninga og ferðalaga.

Nafnabreyting hlaut ágætan hljómgrunn. Áhugaleikfélögin er skýrt og skapar engan vafa um hlutverk og markmið.

Selja leikárið þannig að sameiginlegur styrktaraðili verði fyrir allar sýningar á leikárinu. Þannig mætti útþúa aðlaðandi pakka sem hugsanlega gæti virkað vel á einkafyrirtæki. Gæti orðið erfitt að framfylgja t.d. að leikfélög setji merki styrktaraðila á kynningarefni. En á þennan hátt gætu stærri fjárhæðir safnast.

Samstarf við Þjóðleikhúsið. Almennt séð mjög jákvætt en bjarnargreiði við leikfélög úti á landi. Miklu þarf að kosta til við að flytja sýningar til höfuðborgarsvæðisins og ein sýning, þótt sæmilega sótt sé, stendur illa undir þeim kostnaði. Þá er oft erfitt að fá dómnefnd heim í hérað og sýningar á myndbandi standa ekki alveg jafnar sýningum sem dómnefndaraðili mætir á. Hugsanlega mætti skoða að fá Þjóðleikhúsið til þess að fjölga sýningum og einnig mætti skoða að Bandalagið eða Þjóðleikhúsið taki þátt í kostnaði við ferðir dómnefndar á sýningar úti á landsbyggðinni. Mikilvægt að gefinn sé góður tími til þess að setja upp sýningar. Þjóðleikhúsið mætti líka veita ráðgjöf og aðstoð við að aðlaga sviðsmynd og e.t.v. verkið í heild að nýjum aðstæðum.

Samstarf við Borgarleikhúsið. Í lagi að halda samstarfi áfram við Borgarleikhúsið. Ekkert endilega með stuttverkahátíð heldur hugsanlega í víðara samhengi, mætti hugsa sér að Borgarleikhúsið tæki inn sýningar

frá leikfélögum sem sett væru upp og sýnd í þeirra húsakynnum eina kvöldstund eða fleiri. Þetta gæti verið góður vettvangur fyrir leikfélög utan af landi til þess að sýna á höfuðborgarsvæðinu.

Útgáfa á sögu Bandalagsins á árinu gott mál.

Haustþing um málefni Leiklistarskólans. Mjög þarft á þessum tímamarki að horfa til framtíðar.

Leikritasafnið að formlegu safni er hið besta mál, svo lengi sem kostnaður reynist ekki óhóflegur.

Búningasafn og leiga. Þetta myndi henta leikfélögum mjög vel því aðstaða og úrval búninga hjá leikfélögum er oft bágborin. Þetta gæti þó orðið mjög kostnaðarsamt og hugsanlegt að þessu væri betur fyrirkomið sem einkarekinni starfsemi. Í raun væri sama hvar sú starfsemi væri staðsett en það þyrfti að vera aðgengilegt og helst á vefnum þannig að aðgengi allra á landinu væri sem best. Mjög jákvæð umræða og skoðanir hópsins á slíku safni.

NEATA-hátíð. Fyrirséð er að slík hátíð yrði mjög kostnaðarsöm og því stór spurning hvort BÍL hefur til þess burði. Að halda slíka hátíð yrði áhættusamt fyrirtæki og því þarf að spyrja þeirrar spurningar hvort þetta sé áhættunnar virði. En fyrst Færeyingar geta þetta þá ættum við að geta þetta líka, ekki satt? Hátíð sem þessi er mjög styrkhæf þannig að þegar allt kemur til alls þá er þetta kannski að mestu spurning um vinnu og álag. Fjölga þyrfti starfsmönnum á skrifstofu tímabundið. Kanna þyrfti reynslu Færeyinga af að halda slíka hátíð, kostnað, vinnu og ávinning og taka í framhaldi af því ákvörðun um hvort við ættum að stökkva fram af sama hengiflugi.

Hópur 5. Hópstjóri Dýrleif Jónsdóttir

Hann skipuðu Dýrleif, Leikfélagi Hafnarfjarðar, Elísabet, Freyvangsleikhúsinu, Halldór, Leikfélagi Hafnarfjarðar, Gísli Björn, Leikfélagi Kópavogs, María, Leikfélagi Mosfellssveitar og Guðrún Kristín, Leikfélagi Húsavíkur.

Almenn starfsemi

1. Við teljum rekstur þjónustumiðstöðvar í góðum höndum og þökkum starfsfólkinu þar fyrir vel unnin störf nú, sem endranær.
2. Rekstur fasteigna er líka í þeim farvegi sem fyrir liggur og taka þarf á viðhaldi þegar framkvæmdum við viðbygginguna er lokið og eins og þurfa þykir á þeim tíma.
3. Nauðsynlegt er að halda áfram útgáfu ársrits í núverandi mynd. Umræða um skil félaganna á skýrslum. Kannski þarf að skilyrða stjórnir félaganna að skila skýrslum um leið og styrkumsóknum. Kannski er það fullreynt en þessar eru skýrslur nauðsynlegar heimildir fyrir Bandalagið að eiga til, ekki síst vegna sögulegs

gildis.

4. Við erum afar stolt af skólanum okkar og því starfi sem þar fer fram. Umræður um húsakost og aðbúnað. Við teljum að nú sé skólinn á þeim tímamótum sem gott er að líta yfir farinn veg og fara í markvissa leit að stað þar sem allir þessir kostir eru fyrir hendi, lágt verð, gott aðgengi og sæmileg rúm fyrir bakveika. Við teljum að skólinn sé búinn að festa sig það vel í sessi að staðsetningin sé ekki aðalmálið heldur er skólinn fólkið sem sækir hann. Gott væri að fara í könnun fyrir haustið á þeim kostum sem í stöðunni verða þá. Skólinn skilar miklu til félaganna og við veltum líka fyrir okkur hvernig mætti kynna hann í þeim félögum sem ekki eru að senda þangað fólk.

5. Rekstur vefsíðunnar er að okkar mati í góðum málum og við viljum hvetja aðildarfélögin til að vera duglegri að senda inn efni og láta vita hvað þau eru að gera, ekki bara um frumsýningar. Það er ekki hægt að ætlast til að þeir sem um hana sjá finni á sér hvað öll félögin í landinu eru að gera, og til að vefurinn fjalli um sem flest það sem er í gangi í áhugahreyfingunni þarf að koma því til skila og auka upplýsingaflæði frá félögunum sjálfum. Auka mætti gjarnan gagnrýni á vefnum og er fin hugmynd að fá til þess fólk af sem flestum hornum landsins því það er okkar trú að það megi finna vel pennafært fólk víða um land eða eins og hefur komið fram, fá að birta gagnrýni úr héraðsblöðum. Það er fin hugmynd vefnefndar og endilega að hrinda henni í framkvæmd.

6. Já, já, já, endilega meira af peningum.

7. Hópurinn var ekki á eitt sáttur um ágæti samstarfs við Þjóðleikhúsið en þó var meirihlutinn á því að það væri um að gera að halda því áfram, það væri heiður fyrir okkur og gerði okkur sýnileg og hreyfingin fengi umfjöllun. Það kom líka fram það sjónarmið að þar sem þetta væri Þjóðleikhúsið okkar ætti að standa öllum til boða að sýna þar og ætti bara að tilnefna eitt leikfélag á ári til verksins. Þetta var ekki samdóma álit hópsins og endurspeglar þess vegna ekki niðurstöðu hans. Einnig var talað um að kannski væri of kostnaðarsamt fyrir landsbyggðarleikfélögin að verða fyrir valinu og kannski þyrfti að styrkja þau sérstaklega og þá er spurning hver það væri, BÍL er að minnsta kosti ekki aflögufært til þess.

8. Efasemdir eru uppi um samstarf að þessu tagi og gott að velta fyrir sér fyrir hvern við erum að gera þetta. Ef við erum að því fyrir okkur þá getum við verið í okkar leikhúsum, en til að gera Bandalagið og áhuga-leikhús sýnilegt þá er fínt að vera í Borgarleikhúsinu. Síðasta hátíð var fin fyrir okkur en við viljum hátíð með hljómsveit og öllu. Það væri fínt að setja á stofn nefnd sem tæki að sér stefnumótun í þessum málum, sem kæmi með tillögur um málið. En ef við ákveðum að halda þessu áfram verða félögin að standa með þeirri ákvörðun og kynna barnið vel og

rækilega fyrir sínu fólki því ef við nennum ekki að koma og sjá hvort annað leika eða taka þátt getum við ekki ætlast til þess að aðrir geri það.

Sérverkefni

1. Útgáfa á sögu Bandalagsins. Endilega.
2. Haustfundur. Ekki spurning.
3. Formlegt leikritasafn. Ekki heldur spurning.
4. Búningasafn. Vinna verður hugmyndina betur áður en ákvörðun verður tekin. Ef Bandalagið ber ekki kostnað af því er þetta góð hugmynd og nauðsynleg, jafnvel spennandi. Gaman væri að stjórn kannaði betur þessa hugmynd og grundvöll fyrir þessu sem væri síðan hægt að kynna á haustfundi.

5. NEATA-hátíð. Já, ekki spurning, en ef það verður ákveðið verða félögin að standa með þeirri ákvörðun og gera sér grein fyrir að það kostar bæði tíma og peninga. Finna þarf út hvað það kostar mörg dagsstörf og síðan væri val: vinna eða borga. Og ef tap er á svona hátíðum verða félögin að taka því og annað hvort fá lægri styrk það árið eða borga hærra árgjald, því ákvörðun tekin á aðalfundi er samdóma álit okkar og fjarvera er ekki afsökun. Þá er bara að mæta og láta ekki aðra um að taka fyrir sig ákvarðanir, allavega ekki baráttulaust.

Hópur 6. Hópstjóri Hjalti Stefán Kristjánsson

Almenn starfsemi

Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL. Við samþykkjum þann lið eins og hann stendur.

Rekstur fasteigna samkvæmt viðhaldsáætlun.

Einnig samþykkjum við þann lið en viljum benda á að Bandalagið ætti að athuga með bótarétt út af skemmdum vegna framkvæmda á næstu lóð.

Útgáfa ársrits fyrir leikárið 2005 til 2006.

Þessi liður er einnig samþykktur eins og hann stendur.

Starfsemi Leiklistarskóla BÍL samkvæmt námskeiða-áætlun. Við þökkum Bandalaginu innilega fyrir skólann sem það hefur fært okkur. Þeir meðlimir hópsins sem sóttu fyrirlestrahelgi skólans voru mjög ánægðir með það fyrirkomulag og fannst að Bandalagið mætti nýta sér það í auknum mæli. Þannig mætti t.d. halda kynningu á störfum innan stjórna og hvað þarf þar að gera.

Einnig kom upp sú hugmynd, sem hlaut þó ekki einróma samþykki, að þar sem fólk sem sótt hefur skólann er yfirleitt besta auglýsingin mætti bjóða leikfélögum sem aldrei hafa sent féлага í skólann að senda einhvern úr sínum röðum þeim að kostnaðarlausu en auðvitað að því gefnu að útséð væri með það að eftir sætu ónýtt sæti á námskeiðið sem boðið væri á.

Jafnframt kom fram, sem útdúrur, að auðvitað væri það félaganna að kynna starfsemi Bandalagsins fyrir hinum almenna áhorfanda, en að sama skapi Bandalagsins

að gera þeim það auðvelt, t.d. með því að setja upp staðlaðan kynningartexta um Bandalagið sem félög gætu svo fengið og sett í leikskrár sínar.

Rekstur vefsíðunnar leiklist.is samkvæmt tillögum vefnefndar. Við erum almennt ánægð með störf vefnefndar en viljum benda á að það þyrfti að aðskilja fréttadálkinn og tilkynningadálkinn alveg þar sem tilkynningar eiga það til að hverfa áður en sá atburður sem er verið að tilkynna hefur átt sér stað.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og leiklistarskóla þess.

Við vorum öll sammála um það að Guðrún Halla ætti skilið hrós fyrir að útvega milljón í viðbót. Okkur datt í hug að búa mætti til upplýsingarit um starfsemi Bandalagsins og félaga innan vébanda þess sem gæti nýst félögum til fjáröflunar. Einnig vildum við hvetja aðildarfélög til að gera samninga um föst framlög við sín sveitafélög og einnig hvetja þau aðildarfélög sem hafa gert slíka samninga til að gera þá opinbera hinum til hliðsjónar og viðmiðunar.

Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins. Við erum mjög hlynnt þessu samstarfi en viljum endilega að aðildarfélögum úti á landi verði gert auðveldara að sækjast eftir þátttöku þar sem það er fremur dýrt að fá alla nefndina í heimsókn. Jafnvel að láta það duga að skila inn upptöku af sýningunni og það sé þá Þjóðleikhússins að koma a.m.k. einum meðlimi dómnefndar á staðinn til að sjá sýninguna í sínu rétta umhverfi.

Halda áfram samstarfi við Borgarleikhúsið með stuttverkahátíðina Margt smátt. Ef það á að gagnast okkur að halda þessa hátíð í Borgarleikhúsinu þá finnst okkur að það þurfi að gera út á hana á almennan markað en ef hún á bara að vera skemmtun fyrir aðildarfélögin þá er Borgarleikhúsið sem slíkt algjör óþarfi.

Sérverkefni leikársins
Stefna að útgáfu sögu Bandalagsins 1950–2000 á leikárinu. Við erum mjög hlynnt því að stefna að þessari útgáfu.

Halda haustþing um málefni Leiklistarskólans í tilefni 10 ára afmælis hans. Við erum einnig hlynnt því að halda haustþing.

Athuga möguleika á því að gera leikritasafnið að formlegu safni skv. safnalögum. Okkur finnst góð hugmynd að athuga það en viljum óska þess að það verði gerð kostnaðaráætlun sem birt verði á næsta aðalfundi og hann muni ákveða hvort ráðist verði í framkvæmdina.

Ræða samstarf við atvinnuleikhúsin um búningaleigu. Við erum alveg til í að það mál verði skoðað af fullri alvöru en þó þarf að hafa í huga hvernig þetta færi fram og hver bæri helst kostnaðinn af þessu. Einnig þarf að hafa í huga með húsnæðismál undir svona starfsemi.

Viljum við halda NEATA-hátíð árið 2010? Já það viljum við! En það þarf að ráðast í það strax að byrja að afla og tryggja fjárstyrki því það er óhjákvæmilegt að þetta verði nokkuð dýrt.

Umræða um tillögur hóps 3 um viðbætur á starfsáætlun:

Regína taldi hægt að fá nema frá Háskólanum í Reykjavík til vinna að áætlun um stofnun búningasafns. Taldi Húsabakka ekki henta fyrir starfsemi Banda-lagsins.

Ingvar sagði markmið Bandalagsins ekki að kaupa og reka húsnæði. Því setti hann spurningamerki við hugmyndir um kaup á Húsabakka.

Júlíus sagðist vona að ekki yrði af sölu Húsabakka og efaðist um það. Hins vegar yrðu aldrei nema skólahúsin seld, ekki félagsheimilið Rimar.

Embla lýsti yfir miklum áhuga á búningasafninu en taldi nauðsynlegt að um það yrði stofnuð nefnd af okkar hálfu, ekki yrðu aðrir aðilar látnir um það. Hún benti á að samningar leikfélaga við sveitarfélög séu opinber gögn.

Halldór Sigurgeirsson, Freyvangsleikhúsinu, sagðist ekki vilja fara út í kaup á Húsabakka nema í samvinnu við Dalvíkurbyggð. Varðandi val Þjóðleikhússins sagði hann sitt leikfélag krefjast þess að öll félög sætu þar við sama borð, ekki að það kæmu mismargir aðilar frá Þjóðleikhúsinu til sjá sýningar. Hann sagði að Eyfirðingar færu létt með að halda leiklistarhátíðina 2010.

Tillaga 3. hóps „Að kannaður verði rekstrargrundvöllur búningasafns á grunni hugmynda Þjóðleikhússins“, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga 3. hóps „Að skipuð verði nefnd sem kanni möguleika á að Bandalagið kaupði eða taki að sér rekstur Húsabakka eða sambærilegs staðar“, samþykkt með 11 atkvæðum gegn 2. 7 sátu hjá.

Vilborg spurði hvort aðgangseyrir og ferðastyrkir dekkjuð ekki kostnað leikfélaga við að fara í Þjóðleikhúsið.

Hjördís Pálmadóttir, Freyvangsleikhúsinu, sagði gífurlegan kostnað fylgja því að komast með sýningu í Þjóðleikhúsið fyrir fólk utan af landi. Það væri ástæðan fyrir að landsbyggðarleikfélög væru treg til að sækja um. Lagði til að skipting aðgangseyris yrði breytt hjá þeim í 25–75%.

Regína kynnir stöðu í framboðsmálum.

12. Lagabreytingar

Hörður Sigurðarson gerir eftirfarandi lagabreytinga-tillögu:

6. grein:

Út falli setningin: „Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver“. Að öðru leyti standi 6. grein óbreytt.

Hörður sagðist hafa kannað hvernig þessu er háttað hjá öðrum samtökum og þetta ákvæði væri mjög óviða inni. Hann sagði frekar þurfa að færa rök fyrir núverandi lögum en breytingartillögunni.

Porgeir sagðist alveg sammála Herði um þetta mál.

Gengið til atkvæða: Tillaga Harðar samþykkt með 17 atkvæðum gegn 0. Þrír sátu hjá.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn

Vilborg gerir eftirfarandi tillögu:

„Að 1.2 milljónir af styrk menntamálaráðuneytisins verði varið í rekstur þjónustumiðstöðvar“.

Hún bendir á að þetta sé nauðsynlegt ef reka á þjónustumiðstöð án halla á árinu.

Örn bendir á að um 160 þús. kr. fóru í vaxtagjöld á síðasta ári. Hann styður tillöguna eindregið.

Hörður spyr af hverju þessi upphæð en ekki tapið á rekstri eins og það er í rekstarreikningi.

Vilborg útskýrir að þessi upphæð sé tapið á Leikum núna! 2005.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15. Stjórnarkjör

Í framboði til aðalstjórnar voru Ármann Guðmundsson, Ingólfur Þórsson, Lárus Vilhjálmsson, Margrét Tryggvadóttir, Ólöf Þórðardóttir og Porgeir Tryggvason.

Í framboði til varastjórnar voru Guðfinna Gunnarsdóttir og Jóhanna Ástvaldsdóttir.

Frambjóðendur flytja kynningaræður.

Kosnir í aðalstjórn: Lárus, Ingólfur og Porgeir.

Kosin í varastjórn til tveggja ára: Ármann og Margrét.

Kosin í varastjórn til eins árs: Guðfinna.

16. Kosið í kjörnefnd

Regína Sigurðardóttir, Hjördís Pálmadóttir og Örn Alexandersson. Til vara Gunnsteinn Sigurðsson, Leikfélagi Ólafsvíkur.

Félagslegir skoðunarmenn endurkjörnir;

Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis og Hrefna Friðriksdóttir, Hugleik. Til vara Júlía Hannam, Hugleik.

17. Ákveðið árgjald Bandalagsins

Stjórn gerir eftirfarandi tillögu:

„Árgjöld aðildarféлага hafa verið kr. 30.000 sl. 10 ár eða frá árinu 1996. Nú telur stjórn Bandalagsins óumflýanlegt að hækka þau aðeins.

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur því til að árgjöld aðildarféлага verði kr. 40.000 fyrir leikárið 2006–2007. Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 60.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 80.000. Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 20.000.“

Örn biður um rökstuðning.

Hörður segir almennar verðslagshækkanir og verðbólga sl. 10 ára ættu að vera næg rök.

Örn taldi þetta óþarfa hækkun eftir þá hækkun sem þegar hefur verið ákveðin til reksturs skrifstofunnar.

Hörður kvað stjórn ekki hafa vitað af tillögu Vilborgar þegar hún lagði hana fram. Hins vegar sé þetta ekki mikil hækkun á 10 árum.

Vilborg sagði að fyrri hluti árs væri alltaf erfiður í rekstri þjónustumiðstöðvar og þetta myndi hjálpa. Yfirdráttur á bankareikningi hefði verið um 6–700 þús. um þrjú undanfarin áramót svo það væri ljóst að það vantaði aukið fjármagn til að reka þjónustumiðstöðina. Aukaframlagið sem samþykkt var fyrr á fundinum dygði ekki til að greiða upp yfirdráttinn sem var um síðustu áramót en hann var kr. 1.522.960.

Örn spurði hvort vaxtakostnaður væri til kominn út af tímabundnum skuldum. Vilborg kvað svo vera. Örn lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillagan samþykkt samhljóða.

18. Önnur mál.

Júlíus kom fram með þá tillögu að Bandalagið gæfi út kynningarblað sem gæti mögulega fylgt Mogganum, þar sem Bandalagið væri kynnt og auk þess yrði gerður lítill bæklingur með tölulegum upplýsingum um Bandalagið. Þetta myndi gera Bandalagið sýnilegt og væri gott að nota til að dreifa út fyrir kosningar og til embættismanna þegar við værum að leita eftir fjárstuðningi. Hann kom inn á fundarsetu aðildarfélaganna og vildi gjarnan skylda félög til að senda fulltrúa á aðalfund og kvaðst eindreginn stuðningsmaður þess að halda fundina úti á landi með hóteltgistingu þannig að fundirnir eflu samkennd Bandalagsfólks.

Hörður sagði að kannski væri leiðin til að auka mætingu á aðalfund að taka drastískar ákvarðanir, t.d. að taka helming af styrk þeirra sem ekki senda fulltrúa þannig að viðkomandi félög yrðu að mæta og breyta því. Varðandi vef sagði hann í gangi hugmyndir að undirsiðum fyrir leikfélögin og aðra starfsemi innan vefjarins og auglýsti eftir tillögum að skipulagi, t.d. fyrir skólasíðuna og fyrir athyglisverðustu áhugasýninguna.

Þorgeir þakkaði stuðninginn. Hann sagðist gjarnan vilja koma á vina-leikfélagatengslum á milli leikfélaga þar sem félögin skiptust á heimsóknum. Hann benti á að til er sjóður sem borgar kynningarherferðir á borð við þá sem Júlli var að tala um og bauðst til að kanna hvort þetta væri eitthvað sem Bandalagið gæti notað sér.

Hrund lagði til að Júlli kæmi að blaðinu. Hún vildi að nýr dagur áhugaleikfélaganna yrði ákveðin sem fyrst og sagði að vina-leikfélagahugmyndin hefði gefist vel t.d. hjá Freyvangsleikhúsinu og Umf. Reykdæla.

Hjördís varpaði fram þeirri hugmynd að leikfélög sem mæta á aðalfund fengju afslátt á árgjald.

Lalli þakkaði fyrir kjörið og bauð velkomið nýtt fólk í stjórn. Hann vildi ekki refska leikfélögum fyrir að koma ekki aðalfund.

Ármann velti upp hugmynd varðandi samstarfið við Þjóðleikhúsið. Stakk upp á að í stað einnar „athyglisverðustu“ sýningarinnar yrði haldin eins dags leiklistarhátíð þar sem 3–4 félög sýndu verk á öllum sviðum Þjóðleikhússins. Til að öll félög sætu við sama borð mætti byggja val eingöngu á myndböndum.

Júlíus segir frá stofnfundi Landssamtaka hátíða og menningarviðburða. Hann sagði frá markmiðum og tilgangi samtakanna og hvernig þau hyggjast mynda tengslanet og vinna að meira samstarfi á milli menningarhátíða. Á stofnfundi samtakanna var Júlíus kosinn formaður.

Hörður ræðir málefni NUTU. Hann les bókun sína um ákvörðun stjórnar að fulltrúi Íslands í NUTU sé fulltrúi Bandalagsins en ekki á eigin vegum. Leggur til að fólk kynni sér þetta mál.

Unnar Reynisson, Leikfélaginu Hallvarði sýganda, sagði frá því þegar Hallvarður sýgandi sótti um Þjóðleikhúsið en var hafnað um að fá fulltrúa á sýningu vegna þess að þau sýndu að sumri til.

Vilborg greindi frá kostnaði við plakat og leikskrá Margu smás. Þakkaði fráfarandi stjórnarfólki og bauð nýtt velkomið.

19. Næsti aðalfundur

Þráinn Sigvaldason, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, sagði ágætt að halda aðalfund á suðvesturhorninu á 20 ára fresti. Hann bauðst fyrir hönd Leikfélags Fljótsdalshéraðs að halda næsta aðalfund að ári.

Guðrún Halla sagði frá því að Gísli Einarsson í Út og suður ætli að gera þátt um skólann í sumar. Hún greinir frá því að Félagsheimilásjóður verði lagður niður. Hún sagði að við yrðum að nýta sjóðinn sem kemur í staðinn svo að fé úr honum eyrnamerkist okkur. Hún sagði NUTU gefa ungu fólki tækifæri til að sækja námskeið erlendis sem það annars fengi ekki. Eftir að breytingar urðu á skipulagi NUTU sé ekkert til fyrirstöðu að taka þátt í þessu samstarfi.

Hún sagði þetta hafa verið gott og frjótt þing, sérstaklega væri hún hrifin af hugmyndum um kynningarbækling og rit. Einnig fannst henni hugmyndir um kaup á menningarsetri úti á landi athyglisverðar en þó yrði að fara varlega í þau mál. Henni fannst hugmyndir hóps 3 um öldungaráð frábær. Hún þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum og bauð nýja velkomna. Hún þakkaði gestgjöfum fyrir gott þing og Leikfélagi Fljótsdalshéraðs fyrir gott boð.

Fundi slitið.

Fundargerð rituðu Ármann Guðmundsson og Dýrleif Jónsdóttir.



Þráinn Sigvaldason og Unnur Guttormsdóttir



Hörður Sigurðarson og Guðfinna Gunnarsdóttir



Júlíus Júlíusson

Nokkrar myndir frá aðalfundi og hátíðarkvöldverði



Lárus Vilhjálmsson



Ólöf Þórðardóttir, Guðrún Esther Árnadóttir og María Guðmundsdóttir



Unnar Reynisson og Erna Guðmundsdóttir



Kristinn Guðjónsson



Guðrún Halla Jónsdóttir, Sigríður Karlsdóttir og Dýrleif Jónsdóttir



Ása Hildur Guðjónsdóttir og Gunnar Björn Guðmundsson



Tinna Gunnlaugsdóttir og Hlín Agnarsdóttir



Guðmundur Lúðvík



Halldór Sigurgeirsson



Sigurður H. Pálsson



Dýrleif Jónsdóttir og Gunnhildur Sigurðardóttir



Gunnar Björn, Guðmundur Lúðvík, Halldór og Gísli Björn



Bylgja Ægisdóttir, Sigsteinn Sigurbergsson og Aldís Davíðsdóttir



Silja Björk Huldud., Hulda Hákonard. og Þorgeir Tryggvason



Hluti stjórnar og fundarstjórar



Hluti fundargesta

Bandalag íslenskra leikfélaga

Ársreikningur 2005

	Bls.
Efnisyfirlit	
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun endurskoðenda	2–3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5–6
Skýringar og sundurliðanir	7–9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Reykjavík, 24 mars 2006

Stjórn: Guðrún Halla Þórselóttir
Váin Viskjan
Andri Sjór
Julius Júlíusson
Armann Einarsson

Framkvæmdastjóri:
Vilborg A. Valgautsdóttir

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2005 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 14. mars 2006


Anna Jónna Stefánsdóttir


Hrefna Friðriksdóttir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 8.


Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram

Reykjavík, 24 mars 2006

PricewaterhouseCoopers hf



Valdimar Guðhason

Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýringar	2005	2004
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaga		1.815.000	1.740.000
Ríkissjóðsstyrkur		6.498.668	6.367.874
Leiklistarskóli BÍL	1	1.689.000	2.372.000
Leiklistarhátíðin Leikum núna	3	2.028.050	0
www.leiklist.is	2	114.750	129.000
Aðrar tekjur	4	231.642	237.379
		<u>12.377.110</u>	<u>10.846.253</u>
Sala og útleiga:			
Sala á farða		1.675.545	1.931.464
Sala á handritum		322.587	292.651
		<u>1.998.131</u>	<u>2.224.115</u>
Rekstrartekjur samtals		14.375.241	13.070.368
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		997.695	1.149.131
Handrit		175.015	177.702
Afskrifaðar ónýtar vörur		41.571	5.513
		<u>1.214.281</u>	<u>1.332.346</u>
Leiklistarskóli BÍL	1	1.779.157	2.204.049
www.leiklist.is	2	277.584	152.684
Leiklistarhátíðin Leikum núna	3	3.197.563	0
Laun og launatengd gjöld	5	5.961.789	6.242.571
Ýmis rekstrarkostnaður	6	2.134.225	2.875.374
Afskriftir fastafjármuna	7	210.970	250.984
Vaxtagjöld		165.371	73.922
		<u>13.726.659</u>	<u>11.799.584</u>
Rekstrargjöld samtals		14.940.940	13.131.930
Hagnaður (tap) ársins		<u>(565.699)</u>	<u>(61.562)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	Skýringar	2005	2004
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Fasteign		14.690.000	12.400.000
Innréttingar og húsbúnaður		248.473	257.752
Áhöld og tæki		408.839	519.946
		<u>15.347.312</u>	<u>13.177.698</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	1.636.821	1.849.203
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		133.139	221.582
Handbært fé		10.464	27.701
		<u>1.780.424</u>	<u>2.098.486</u>
Eignir samtals		<u><u>17.127.736</u></u>	<u><u>15.276.184</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2005	2004
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		13.868.727	12.811.289
Endurmat fasteignar		2.026.353	1.119.000
Rekstrarhagnaður (tap)		(565.699)	(61.562)
		<u>15.329.381</u>	<u>13.868.727</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	9	28.942	138.953
Næsta árs afborgun		(23.153)	(111.162)
		<u>5.789</u>	<u>27.791</u>
Skammtímaskuldir:			
Bankareikningslán		1.522.960	699.487
Ýmsir skuldheimtumenn		97.915	319.499
Ógreidd launatengd gjöld		147.440	248.421
Áfallnir vextir		1.098	1.098
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum		23.153	111.162
		<u>1.792.566</u>	<u>1.379.667</u>
Skuldir samtals		1.798.355	1.407.458
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>17.127.736</u></u>	<u><u>15.276.185</u></u>

Skýringar

1. Leiklistarskóli BÍL

2005

2004

Tekjur

Þátttökugjöld nemenda:

Stage Fight - Þátttökugjöld nemenda	96.000	0
Húsabakki - Þátttökugjöld nemenda	1.430.000	2.372.000
Fyrirlestrar - Þátttökugjöld nemenda	163.000	0
	<u>1.689.000</u>	<u>2.372.000</u>

Gjöld

Stage Fight	112.000	0
Húsabakki	1.499.791	2.204.049
Fyrirlestrar	167.366	0
	<u>1.779.157</u>	<u>2.204.049</u>

2. www.leiklist.is

Tekjur

Auglýsingatekjur	109.250	125.000
Skráningagjöld	5.500	4.000
	<u>114.750</u>	<u>129.000</u>

Gjöld

Hýsing vefs og áskrift þjónustu	117.584	152.648
Viðhald og endurbætur	160.000	0
	<u>277.584</u>	<u>152.648</u>

3. Leiklistarhátíðin Leikum Núna

Tekjur

L2005 Styrkir	1.185.000	0
L2005 Gisting	512.600	0
L2005 Bolir, miðar, lokahóf	330.450	0
	<u>2.028.050</u>	<u>0</u>

Gjöld

L2005 Erlendir Hópar, fargjöld	351.300	0
L2005 Fundir og undirbúningur	217.107	0
L2005 Laun	113.000	0
L2005 Gisting	936.500	0
L2005 Gjafir	72.981	0
L2005 Prentun og Hönnun	281.578	0
L2005 Leiksmiðjur, gagnrýni, opnunahátíð	241.707	0
L2005 Mötuneyti	118.099	0
L2005 Lokahóf	163.179	0
L2005 Rútur	237.000	0
L2005 Aðstaða fyrir leiksýningar	465.112	0
	<u>3.197.563</u>	<u>0</u>

Skýringar

4. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur	393	180
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna	231.249	237.199
	<u>231.642</u>	<u>237.379</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks	4.197.788	3.913.775
Verktakalaun (Saga BÍL)	0	658.364
Lífeyrissjóðsgjöld	348.309	299.976
Sjúkra-og orlofssjóður	83.600	73.172
Tryggingagjald	246.092	241.384
Dagpeningar	1.086.000	1.055.900
	<u>5.961.789</u>	<u>6.242.571</u>

6. Annar rekstrarkostnaður

	2005	2004
Rafmagn, hiti og ræsting	232.972	122.081
Fasteignagjöld	265.265	248.178
Viðhald húsnæðis	20.000	27.706
Vátryggingar	95.528	91.848
Akstur og burðargjöld	145.626	151.807
Símakostnaður	65.623	61.414
Ritföng	49.081	42.652
Prentun, tékkhefti	25.001	111.161
Rekstur tölvukerfis	12.771	89.658
Kaffi og hreinlætisvörur	22.342	34.248
Kynningarstarf og auglýsingar	76.800	199.500
Námskeiðskostnaður starfsmanna	0	9.950
Stjórnarfundir	116.871	186.702
Aðalfundur BÍL	610.090	636.590
Aðalfundur IATA	183.558	0
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	(438.700)	(432.700)
Haustrundur	0	434.960
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar	0	(355.000)
Kostnaður vegna nefnda	43.138	45.156
Kostnaður v/funda NAR, NEATA og IATA	24.592	429.832
Félagsgjald IATA	43.841	47.259
Félagsgjald NAR	70.331	77.870
Félagsgjald Norræna félagsins	3.800	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	16.000	16.000
Félagsgjald húseigendafélagsins	4.530	4.220
Ársuppgjör og kostnaður v/endurskoðunar	125.776	96.800
Áskrift og bókakaup	72.116	67.105
Gjafir	25.266	36.746
Útgáfa ársrits	156.665	126.736
Smááhöld á skrifstofu	48.601	9.272
Stuttverkahátíðin Margt smátt	0	58.173
Annar kostnaður	16.663	32.254
Afskrifaðir reikningar	0	6.563
Fjármagnstekjuskattur	78	18
	<u>2.134.225</u>	<u>2.718.559</u>
Virðisaukaskattur: Innskattur af undanþeginni starfsemi	0	156.815
	<u>2.134.225</u>	<u>2.875.374</u>

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamati í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1	12.400.000	541.761	1.961.498	14.903.259
Fasteign færð á fasteignamat	2.026.353	0	0	2.026.353
Fjárfest á árinu	263.647	23.685	66.900	354.232
Heildarverð 31/12	14.690.000	565.446	2.028.398	17.283.844
Afskrifað 1/1	0	284.010	1.441.552	1.725.562
Afskrifað á árinu	0	32.963	178.007	210.970
Afskrifað 31/12	0	316.973	1.619.559	1.936.532
Bókfært verð 31/12	14.690.000	248.473	408.839	15.347.312

8. Birgðir

2005

2003

Birgðir greinast þannig:

Handrit	53.000	53.000
Farði	1.583.821	1.796.203
	<u>1.636.821</u>	<u>1.849.203</u>

9. Langtímalán

SPRON	28.942	138.953
Næsta árs afborganir	(23.153)	(111.162)
	<u>5.789</u>	<u>27.791</u>

LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landsamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Upptökubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Hún skal borin undir atkvæði á stjórnarfundum og síðan borin upp til staðfestingar á næsta aðalfundi Bandalagsins. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

- b) Verkefni aðalfundar skulu vera:
1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
 4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
 6. Skýrsla stjórnar.
 7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
 8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
 9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
 12. Lagabreytingar.
 13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
 14. Starfsáætlun afgreidd.
 15. Stjórnarkjör.
 16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.
 17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
 18. Önnur mál
 19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.
- c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.
- d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundur og aukafundur eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn, sem kveða skal til funda í forföllum aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði einstakra félaga á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

11. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir endurskoðendur Bandalagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

12. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

13. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

14. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur víkið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

15. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

16. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

17. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

18. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

19. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga, sem haldinn var að Efstalandi í Ölfusshreppi 2. júní 1990 að meðtöldum breytingum frá aðalfundum 1995, 1997, 2003 og 2006.

MENNINGARSTEFNA BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almennings-eign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þróa leiklist í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2005–2006

Dómnefnd Þjóðleikhússins valdi athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2005–2006 og varð sýning Leikfélags Selfoss, *Puríður og Kambránið*, fyrir valinu. *Puríður og Kambránið* var sýnd í Kassanum föstudagskvöldið 2. júní kl. 20.00.

Umsögn dómnefndar:

Tíu leikfélög sóttu um að koma til greina við valið með alls tólf sýningar. Dómnefnd hafði mikla ánægju af að sjá allar þessar sýningar og verða vitni að því kraftmikla og mikilvæga starfi sem áhugaleikfélögin standa fyrir um land allt.

Handrit *Puríðar og Kambránsins* er skrifað af Sigurgeiri Hilmarí Friðþjófssyni og leikstýrt af Jóni Stefáni Kristjánssyni.

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2005–2006 er sýning Leikfélags Selfoss á *Puríði og Kambránu* eftir Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson. Leikritið er byggt á sögulegu efni úr byggðalagi Árnesinga, ránu á Kambránu í Flóa 9. febrúar 1827. Höfundurinn studdist í skrifum sínum við verk sem stundum hefur verið kallað *Yngsta Íslendingasagan* en það er *Sagan af Puríði* formanni og Kambránsmönum eftir Brynjólf



Tinna Gunnlaugsdóttir

Jónsson fræðimann frá Minna Núpi. Í þessari sögu er sagt frá einni fyrstu alvöru lögreglurannsókn Íslendinga og formaðurinn *Puríður*, sem reyndar er einn aðalheimildamaður Brynjólfs, hefur verið talinn fyrsti íslenski leynilögreglumaðurinn. *Puríður* var eina konan sem var formaður á sjó á þessum tíma og reri með menn sína til fiskjar frá Stokkseyri. Þar stendur verbúð hennar, *Puríðarbúð* til minningar um sjósókn hennar.

Öll sviðsetning verksins er mikið leikhús, þar sem sviðsrými, leikmynd og ljós eru nýtt á hugkvæman hátt, bæði til að fara á milli staða og atburða í verkinu. Sviðslausnir eru frumlegar og skapa sterk sjónræn áhrif meðal annars í atriðum, þar sem sýnd eru brot úr fortíð persónanna, draumar þeirra og martraðir. Bakveggur, sviðsgólf og framsvið leikhússins voru nýtt til hins ýtrasta í einstökum atriðum og þar átti lýsingin stóran þátt í að skapa tilfinningu fyrir spennu og óhugnaði.

Í heildina hefur leikstjóranum Jóni Stefáni Kristjánssyni og öðrum aðstandendum sýningarinnar tekist að skapa athyglisverða og eftirminnilega sýningu á sögulegu efni þar sem stór hópur leikara og fólks að tjaldabaki hafa lagt hönd á plóg. Leikarahópurinn er stór og leysir hlutverk sín í aðalatriðum vel af hendi. Af öllum öðrum ólöstuðum má þó helst nefna Hildu Pálmadóttur sem gastaði af í hlutverki *Puríðar* formanns og Hrefnu Clausen sem lék Englu Imbu af sérstakri einlægni.

Auk verðlaunasýningarinnar hlutu nokkrar sýningar sérstaka viðurkenningu dómnefndar:

- Halaleikhópurinn skilaði stórskemmtilegri sýningu á Pókók eftir Jökul Jakobsson í eigin húsakynnum, en leikhópurinn hefur nú starfað í fjórtán ár á höfuðborgarsvæðinu og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem eitt af athyglisverðari leikfélögum borgarinnar. Í ár var sérstaklega gaman að sjá samstarf fatlaðra félaga leikhópsins við leikara sem hafa m.a. starfað með Leikfélagi Mosfellssveitar og Leikfélaginu Hugleik.

- Leikfélag Kópavogs sýndi krassandi „splatter“-farsa um erfðatækni og lýtalækningar, ALF – andspyrnuhreyfingu ljóta fólksins, og létu allt vaða í brjáluðu leikfjöri. Ekki laust við að áhrifa hafi gætt bæði frá Hugleiki Dagssyni og Heilsubælinu í Gervahverfi, jafn ólíkt og það kann að hljóma. Það var með ólíkindum hvernig hópnum tókst að koma öllum þessum ósköpum fyrir í litlu sviðsrými Kópavogsleikhússins.
- Skagaleikflokkurinn sýndi okkur nýtt og afar metnaðarfullt fjölskyldudrama eftir Kristján Krisjánsson í splunkunýju leikrými á Akranesi. Athyglisverð úrvinnsla í handriti gaf leikhópi og leikstjóra tækifæri til að skapa eftirminnilega sögu á sviðinu. Þar átti Guðbjörg Árnadóttir í hlutverki móðurinnar stórleik.
- Í Systrum eftir Þórunni Guðmundsdóttur, sem er líka nýtt og metnaðarfullt leikrit um sögu þriggja systra sem eru samankomnar á æskuheimilinu við dánarbeð föður, var leikur leikkvennanna sem léku systurnar ekki aðeins athyglisverður heldur sérlega agaður og öruggur, ekki síst leikur Huldu B. Hákonardóttur í hlutverki elstu systurinnar.
- Stúdentaleikhúsið sýndi okkur Anímanína sem var hópleikhús í sinni tærustu mynd. Allir leikarar sýningarinnar, 33 talsins, unnu á athyglisverðan hátt með óttann og múgsefjunina sem var aðalþema sýningarinnar.
- Á sama hátt má segja að sýning Hugleiks á Jóláævintýri, sem var stór og mannmörg, hafi verið athyglisverð fyrir tónlistarflutning leikaranna, en af níttján þátttakendum sýningarinnar spiluðu ellefu á ýmis hljóðfæri, allt frá gítar til asnakjálka.

Tilkynnt var um valið á áhugasýningu ársins á þingi Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldið var á Seltjarnarnesi nú um helgina. Dómnefnd Þjóðleikhússins í ár var skipuð Tinna Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra, Hlín Agnarsdóttur, listrænum ráðgjafa Þjóðleikhússins og Þórhalli Sigurðssyni, leikara og leikstjóra, sem nú starfar við Fræðsludeild Þjóðleikhússins. Varamaður í nefndinni var Salvör Aradóttir leikhúsfraeðingur sem hljóp í skarðið fyrir einstaka dómnefndarmenn.

Tinna Gunnlaugsdóttir og Hlín Agnarsdóttir.



Úr sýningu Leikfélags Selfoss á Þuríði og Kambráninu

Verkefni og skýrslur stjórnna aðildarfélaganna leikárið 2005–2006



Kardemommubærinn

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Kardemommubærinn

eftir Thorbjörn Egner, þýðing Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk, leikstjórn Sunna Borg.

Þátttakendur: 32

Sýningar: 25

Áhorfendur: 3037

Fullkomin sameining

eftir Helga Þórsson, Sverri Friðriksson og Elísabetu Friðriksdóttur, leikstjóri Helgi Þórsson.

Þátttakendur: 20

Sýningar: 2

Áhorfendur: 230

Dagur í lífi Mörthu Ernstsdóttur

eftir Sverri Friðriksson, leikstjóri Jónsteinn Aðalsteinsson.

Þátttakendur: 6

Sýningar: 1

Áhorfendur: 150



Pókók

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Pókók

eftir Jökul Jakobsson, leikstjórn Vilhjálmur Hjálmarsson.

Þátttakendur: 47

Sýningar: 10

Áhorfendur: 330

Skýrsla stjórnar:

Á þessu síðasta leikári voru haldnir 22 stjórnarfundir. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund var samþykkt að hafa fasta stjórnarfundir annan hvern miðvikudag kl. 18.15. Einn félagsfundur var haldinn til að kynna starf vetrarins.

Á haustdögum auglýstum við eftir leikstjóra. Við fengum svör frá tveimur leikstjórum. Það var ákveðið að ráðast í það þrekvirki að ráða báða. Þetta eru þeir Vilhjálmur Hjálmarsson og Ármann Guðmundsson. Vilhjálmur réðum við til að leikstýra okkur þetta leiktímabil og Ármann réðum við til að skrifa nýtt leikrit og leikstýra okkur á næsta ári, en þá mun Halaleikhópurinn halda uppá 15 ára afmæli sitt. Einnig var Ármann fenginn til að hafa leiklistarnámskeið í nóvember á þessu leiktímabili. Allir lærðu eitthvað, sem gæti nýst á sviðinu í framtíðinni og höfðu gaman af.

Í lok desember var heimasíðan okkar færð í nýjan búning og fékk aðgengilegri stað, nú er farið á www.halaleikhopurinn.is. Lénsfrú er Ása Hildur Guðjónsdóttir.

Árni Salomonsson ætlaði ekki að leika í leikverki vetrarins og tók að sér að sjá um kynningarmál fyrir þetta leiktímabil. Samdi hann með samþykki stjórnar, við PSN-Samskipti sem aflaði okkur styrktarlína fyrir plakat og leikskrá. Þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert enda hefur leikskráin aldrei verið veglegri. Það er alltaf erfiðast að byrja, svo von er á að það mun verða auðveldara næst, ef ákveðið verður að endurtaka þetta.

4. janúar var hafinn samlestur á verkinu „Pókók“, fyrsta verki Jökuls Jakobssonar.

Þegar byrjað var að æfa gekk erfiðlega að ná inn nægum fjölda leikara í verkið, en það tókst að lokum og endaði farsælega og hefur fjöldi nýrra leikara með Halaleikhópnum sjaldan verið mælt. Æfingartímabilið var 8 vikur, þar af var vikufri frá æfingum vegna annarra anna leikstjórans. Sá tími var notaður í að mála Halann, litla leikhúsið okkar hátt og lágt og smíða, það sem þurfti að smíða. Oft var kátt á hjalla við málningarvinnuna.

Frumskýning var 11. mars og urðu sýningar alls 10. Sýningar gengu nokkuð vel og var hætt að sýna fyrir fullu húsi 14. maí. 330 áhorfendur komu og sáu Pókók.

Við sýndum 1. maí smá hluta af leikritinu á hátíð sem heitir „List án landamæra“ með 5 öðrum atriðum í Borgarleikhúsinu.

Tókst það vel og var þetta upplifun sem gaman var að reyna, það er að segja að leika á svona stóru sviði.

Vegna góðs aðgengis sendum við 3 fulltrúa á aðalfund BÍL.

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, formaður

Hugleikur, Reykjavík

Helgin

eftir Hrefnu Friðriksdóttur, leikstjóri Árni Friðriksson.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Snyrtling

eftir Nínu Björk Jónsdóttur, leikstjóri Sesselja Traustadóttir.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Hefur einhver sagt þér hvað þú ert líkur Robert Redford?

höfundur Jón Guðmundsson, leikstjóri Hrefna Friðriksdóttir.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Snemma beygist krókurinn

höfundur Nína Björk Jónsdóttur, leikstjóri Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Stefnumót

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Rúnar Lund.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Vinnan göfgar

höfundur Júlía Hannam, leikstjóri Þorgeir Tryggvason.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Jólaævintýri Hugleiks

höfundar og leikstjórar Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir,
Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason.
Þátttakendur: 36 Sýningar: 11 Áhorfendur: 1800

Bið á Porra

höfundur Árni Hjartarson, leikstjóri Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Gegnumtrekkur

höfundar Una Mikaelisdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, leikstjóri Þorgeir
Tryggvason.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Í öruggum heimi

höfundur Júlía Hannam, leikstjóri Nanna Vilhemsdóttir.
Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Kratavar

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Latex-drottningin

höfundur Ármann Guðmundsson, leikstjóri V. Kári Heiðdal
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Leki

höfundur Guðmundur Erlingsson, leikstjóri Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Friðardúfan

höfundur Unnur Guttormsdóttir, leikstjóri Árni Friðriksson.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Hannyrðir

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Guðmundur Erlingsson.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120



Snemma beygist krókurinn



Hefur einhver sagt þér hvað þú ert líkur...



Jólaævintýri Hugleiks



Latexdrottningin



Kratavar



Systur

Hugleikur, Reykjavík, framhald

Systur

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Þorgeir Tryggvason.
Þátttakendur: 12 Sýningar: 6 Áhorfendur: 300

Lán í óláni

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjórar Rúnar Lund og Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 11 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Starfsemi Hugleiks leikárið 2005–2006:

Stjórn:

Þorgeir Tryggvason, formaður
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, varaformaður
Sigurður H. Pálsson, ritari
Júlía Hannam, gjaldkeri
Björn M. Sigurjónsson, meðstjórnandi
og varamennirnir Guðmundur Erlingsson, Hjalti Stefán Kristjánsson og Silja B. Huldudóttir

Sumarið

Það byrjar kannski ekki sérlega glæsilega. Hópur Hugleiksmanna stóð í tjaldi í sumarblíðunni á 17. júní við dyr héraðsdóms og seldi helium í litríkum plastbelgjum og sykurhjúpuð E-efni á spýtum. Þetta var ekki leiðinlegt, en nokkuð lýjandi. Ágóðinn var síðan heldur magur, um 60.000 kr.

Í Leiklistarskóla Bandalagsins var að vanda Hugleikari á hverri þúfu. Síðasta sumar sóttu hann 8 félagsmenn og námu leikstjórn, og leikarakunstir fyrir lengra komna.

Hugleiksmenn sóttu einnig slagsmálanámskeið og fyrirlestraröðina Hinar þúsund þjalir leikstjórans þar sem tæknimál og hönnunar- voru skýrð fyrir leikstjórum og öðrum áhugasömum. Einnig voru Hugleikarar áberandi á fyrirlestri Edwards Bond í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Leikferðir

Í páskaeggja Hugleikarans kemur víst oft upp orðskviðurinn „Ekkert er sumar án leikferða“ og þannig var það 2005.

Hugleikur var fyrirferðarmikill á leiklistarhátíðinni Leikum núna! á Akureyri, var þar með eina og hálfra sýningu: Patataz eftir Björn Margeir og Memento Mori eftir Hrefnu Friðriksdóttur til háls á móti Leikfélagi Kópavogs.

Gerður var góður rómur að sýningum þessum. Memento Mori var valin sýning hátíðarinnar, Ágústa Skúladóttir leikstjóri hennar vann í sínum flokki. Patataz fékk tilnefningu í flokki leikmynda og slíka tilnefningu fengu einnig Júlía Hannam og Sigurður H. Pálsson sem leikarar í báðum þessum sýningum.

Gagnrýnendur luku einnig lofsorði á sýningarnar.

Og úr því við erum í verðlaunum þá er rétt að geta þess að sýningar þessar hlutu einnig margvíslega náð fyrir augum Hrundar Ólafsdóttur leiklistargagnrýnanda þegar hún útteildi Tréhausnum, leiklistarverðlaunum leiklistar.is á vordögum.

Ágústa Skúladóttir fyrir leikstjórn Memento Mori

Hrefna Friðriksdóttir fyrir búninga sama verks

Björn Thorarensen fyrir tónlistina

Nafni hans Margeir fyrir handritið að Patataz og Júlía Hannam fyrir leik sinn í sama verki.

Mánaðamótin júlí–ágúst héldu Hugleikarar á vit furstans í Mónakó. Þar heldur alþjóða áhugaleikhúsbandalagið IATA einhverja viðhafnarmestu leiklistarhátíð áhugaleikhúss-heimsins fjórða hvert ár og þar vorum við einn af þremur fulltrúum Norður-Evrópusvæðisins með Undir Hamrinum, sem nefnist Country Matters á útlensku. Þetta var stór og mikil hátíð og margt framandi við hana og furstadæmið sjálft. Ferðasöguna er hægt að lesa af dagbóarskrifum þátttakenda á hugleikur.is. Okkur var fagnað vel af áhorfendum og gagnrýndum. Og boðið á aðra hátíð.

Í maí hélt hópurinn aftur utan, að þessu sinni til Rússlands og heimsótti tvær hátíðir í hinu víðlenda Garðaríki í boði rússneska bandalagsins.

Kjallarinn

Mesta nýmælið á leikárinu var klárlega þátttaka okkar í menningardagskrá Þjóðleikhúskjallarans. Og það var ekkert smá: Að setja saman skemmtidagskrá mánaðarlega frá október og fram í maí. Að uppistöðu stuttverk, sem allra mest frumflutt, og svo tónlist og önnur atriði í bland. Dagskrárnar urðu sjö talsins. Uppistaðan var eins og að var stefnt, nýjar uppfærslur á leikþáttum, en einnig komu við sögu hljómsveitir, sönghópar og eldri sýningar.

Alls voru sýndir 17 leikþættir, og allir nema þrír voru frumfluttir. Fimmtán höfundar lögðu fram efni, tíu leikstjórar sviðsettu, yfir fimmtíu manns komu að verkefninu. Aðsókn var prýðileg, betri en við þorðum að vona og, að því við höfum spurnir, af heilt yfir sú besta á viðburði í kjallaranum í vetur.

Þrír þáttanna voru sendir á einþáttunga- og keppnishátíðina Margt smátt í Borgarleikhúsinu núna í maíbyrjun og uppskar Hugleikur fyrsta sætið fyrir í öruggum heimi eftir Júlíu Hannam, annað sæti fyrir Hannyrðir eftir Sigurð H. Pálsson og

„honourable mention“ fyrir þriðja þáttinn, Kratavar eftir sama höfund.

Undir lokin gerðum við tilraun með að fá tvo kennara til að vinna með hópnum. Þorvaldur Þorsteinsson stýrði einþáttungasmiðju fyrir höfunda nýja og gamla og Sigrún Valbergisdóttir messaði yfir leikstjórum og var síðan fluga á vegg við uppfærslu þáttanna í marsmánuði. Þetta þóttist gefast allvel og verður sennilega framhald á.

Jólaævintýrið

Á síðasta aðalfundi spratt fram hugmynd um barna- eða fjölskylduleikrit, enda menn þá nokkuð vígamóðir eftir leikar sem einkenndist af alvöru, fámennum verkum og heldur dapurlegri aðsókn. Rifjuðust þá upp áform tveggja höfunda um að snúa Jólaævintýri Dickens upp á Hugleikska baðstofusveit. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Þorgeir Tryggvason óðu í málið og fljótlega bættust tveir höfundar í hópinn, þau Sigrún Óskarsdóttir og Snæbjörn Ragnarsson. Hugmyndavinna var unnin síðsumars og síðan hafist handa við ritun, sem gekk árleynslulaust og vel og 27. september var boðað til fyrsta samlesturs. Svo fór að allir sem þangað mættu fengu hlutverk sem það vildu.

Ákveðið var að höfundarnir fjórir sameinuðust um að leikstýra verkinu, eða kannski réttara sagt að hafa umsjón með sameiginlegri vinnu hópsins við að móta verkið og koma því á fjálfirnar. Það er skemmst frá því að segja að sú vinna gekk snurðulítið og varð óhemjuskemmtileg.

Strax frá upphafi var ljóst að tónlist sýningarinnar yrði hennar helsta prýði og var ákveðið að taka hana upp og gefa út, og leiddi Snæbjörn þá vinnu. Upptökur tóku hátt í sólarhring fyrir þá sem lengst stóðu vakt og voru stórskemmtilegar. Diskurinn seldist vel á sýningum auk þess sem hann reyndist hið besta kynningargagn.

Kynningarmál sýningarinnar gengu afar vel, og reyndist það mikil forgjöf í samskiptum við fjölmiðla að verkið var byggt á þekktu efni og ætlað fjölskyldum. Báðar sjónvarpsstöðvar tóku upp atriði, þó Kastljósið kæmist aldrei til að nota sína upptöku. Þá sást til leikara úr sýningunni í hinum fornfrægu þáttum Stundinni okkar og Fólki með Sirrý.

En eitt er fjölmiðlakynning, markaðssetning annað. Og þar var sko hitt í mark að þessu sinni. Hamhleypurnar Anna Bergljót Thorarensen og Sesselja Traustadóttir lögðu af stað með frábæra hugmynd um að ná til fólks gegnum foreldrafélög grunnskólanna og útkoman var lyginni líkust: heilu og hálfu sýningarnar uppbókaðar fyrir frumsýningu. Slíkt og því líkt höfum við aldrei áður séð, og þó forbókanir félaganna hafi auðvitað ekki allar skilað sér í beinhörðum miðum þá var aðsóknin samt sú besta síðan Kolrassa sló í gegn.

Systur

Eftir því sem nær dró jólum og áfallastreituröskunin sem fylgdi því að ráðast í Þjóðleikhúskjallaraverkefnið samhliða stórum söngleik rjåtlaðist af okkur var farið að huga að öðru „stóru“ verkefni. Vitað var af nokkrum handritum í skúffum höfunda og var auglýst eftir fleirum. Fimm verk bárust og var afraðið að kynna þau á opnum samlesturum í byrjun desember. Að þeim loknum settist stjórn á rökstóla og komst að þeirri niðurstöðu að ráðast í uppfærslu á Systurum eftir Þórunni Guðmundsdóttur, sem með sinni raunsæislegu smámynd af tilfinningalífi og örlögum venjulegs fólks þótti mynda skemmtilega andstæðu við hið galgopalega Jólaævintýri. Jafnframt var afraðið að fela Þorgeiri Tryggvasyni leikstjórn þess.

Miklar umræður höfðu skapast innan stjórnar, og vafalaust utan líka, um hvort og hvenær rétt væri að ráða atvinnuleikstjóra til félagsins. Það er ljóst að fjárhagsgrundvöllur hverrar sýningar er allur annar ef í slíkt er ráðist og fátítt á seinni árum að stærri sýningar nái að greiða upp allan kostnað ef sá háttur er hafður á.

Á hábitund* í vetur varð til hugtakið „sjálfbært leikfélag“ um þetta síðasta viðhorf og ákveðið að vinna eftir því sem helsta leiðarljósi þangað til annað verður ákveðið, en kalla atvinnumenn frekar til í námskeiðs- og þjálfunarskyni, þó ekki hafi orðið af því þetta árið nema í litlu mæli. Það var sem sagt sjálfbær sýning á Systurum sem var ákveðið að kýla á. Af öllum sólarmerkjum frá gagnrýnendum og áhorfendum að dæma var afkrasturinn líka harla góður. Aðsókn fór hægt af stað en endaði í biðlistum og veseni. Og hér var aftur gripið til sniðugrar auglýsingabrellu sem virkaði, nefnilega að bjóða systurum að koma saman í leikhúsið og greiða aðeins einn miða. Allt að sjö systra hópar mættu, og okkur grunar að þarna hafi séð sér leik á borði fólk sem ekki fer endilega mikið í leikhús, hvað þá á Hugleik! Verkið verður aftur tekið til sýninga á haustdögum.

Gjafir

Í vetur gerðust þau tíðindi að Hugleikur eignaðist vinaleikfélag. Og hefði einhverntímann þótt tíðindum sæta að þar voru á ferð Amerikanar frá Keflavíkurlflugvelli sem fyrir milligöngu Silju komu á sýningar okkar í tvígang og allt stefndi í fagra og langvarandi vináttu með gagnkvæmum heimsóknum og allskyns samstarfi. En Adam var ekki lengi í paradís. Fljótlega eftir að við höfðum náð þessum tengslum varð leikfélagið Fire and Ice að hætta æfingum sínum á vorverkefninu Steel Magnolias og hefja undirbúning að brotthvarfi og upplausn þessa aldarfjórðungsgamla félags. Herinn á brott eins og sungið var. Og þau hringja í Silju og bjóða okkur að koma suðureftir og hirða það sem eigulegt leynist í fórum þeirra. Sendinefnd fer með sendibil, og gerir ráð fyrir að hirða eitthvað af búningum og mögulega eins og eina orustuþotu úr pappamassa. En brunaði í bæinn seinna um daginn með bílfarm af búningum, húsgögnum, en þó einkum tækjabúnaði: Ljóskesturum, vönduðu hljóðkerfi, magnara og sex þráðlausum hljóðnemum.

Þjóðleikhús Íslendinga ákvað líka að gauka að okkur lítilræði. Reyndar þurfum við sennilega að borga einhverja málamynda-upphæð fyrir þetta tonn af flaueli sem þau eru í vandræðum með og buðu okkur að hirða, en engu að síður er hér mikill hvalreki. Ýmsir notkunarkostir hafa verið nefndir, en sýnu girnilegastur er sá að sauma einkennisklæði á leikfélagið og hætta þessu búningastússi. Það sem er nógu gott fyrir lúðrasveitir hlýtur einnig að duga okkur.

Að lokum

Í heild var leikárið viðburðaríkt, annasamt, skemmtilegt og að okkar mati árangursríkt bæði á sviði sköpunar og aðsóknar.

* Hábitur er þýðing á enska orðinu „brunch“.

Þorgeir Tryggvason, formaður



Leikfélag Blönduóss

Bangsímon

höfundur A.A. Milne, þýðandi Hulda Valtýsdóttir, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 30

Sýningar: 6

Áhorfendur: 504

Skýrsla stjórnar:

Leikfélagið stóð fyrir leiksmiðju fyrir börn á bæjarhátíðinni Matur og menning um miðjan júlímánuð. Afrakstur þeirrar vinnu var sýndur á palli á laugardegnum og tókst krökkunum vel upp.

Félagar í leikfélagi Blönduóss fluttu nokkra passíusálma Hallgríms Péturssonar í Blönduósskirkju á föstudaginn langa, líkt og undanfarin ár.

Leikritið Bangsímon í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar var sett upp á haustdögum. Alls komu að þeirri sýningu um 30 manns og aðsókn var góð. Sýningar voru 6 talsins.

Stjórn Leikfélags Blönduóss skipa:

Kristín Guðjónsdóttir, formaður, Birna S. Lúkasdóttir, gjaldkeri, Benedikt Blöndal, ritari, og Þorgrímur Pálmason.

Kristín Guðjónsdóttir, formaður

Leikfélag Dalvíkur

Blessað barnalán

eftir Kjartan Ragnarsson, leikstjóri Sunna Borg.

Þátttakendur: 32

Sýningar: 13

Áhorfendur: 708

Dagskrá úr verkum Thorbjörns Egner

leikgerð og leikstjórn Arnar Símonarson.

Þátttakendur: 27

Sýningar: 11

Áhorfendur: 702

Skýrsla stjórnar starfsárið 2005–2006

Haldinn var árlegur aðalfundur Leikfélags Dalvíkur um miðjan október á síðasta ári. Örlitlar breytingar urðu á stjórnarskipan á þessum fundi.

Stjórn LD leikárið 2005–2006 er þannig skipuð :

Arnar Símonarson, formaður

Sólveig Rögnvaldsdóttir, varaformaður

Hólmfríður M. Sigurðardóttir, gjaldkeri

Dagbjört Sigurpálsdóttir, ritari

Olga Albertsdóttir, meðstjórnandi

Lárus Heiðar Sveinsson, varastjórn

Sigurbjörn Hjörleifsson, varastjórn

Fríðrik Sigurðsson, varastjórn



Blessað barnalán



Barnadagskrá

Sú stjórn, er var við völd í LD leikárið á undan, tók þá ákvörðun að setja upp sérstaka uppfærslu fyrir börn á haustdögum. Arnar Símonarson var ráðinn leikstjóri, en hann sá jafnframt um að vinna handrit til æfinga upp úr sögum skáldsins. Hafist var handa við æfingar í byrjun október og frumsýnt var þann 5. nóvember. Verkið samanstóð af leiknum þáttum úr Karius og Baktus, Kardemommubænum og Dýrunum í Hálsaskógi. Um 11 leikarar tóku þátt í sýningunni, en auk þessa kom fjöldi fólks að uppsetningunni með einum eða öðrum hætti. Skemmst er frá að segja að nokkuð góð aðsókn var að barnadagskránni og almennt gerður góður rómur að.

Stjórn LD vann samhlíða þessari uppfærslu að ákveðnum breytingum í húsnæði félagsins, Ungó, en skipt var um gólfefni í áhorfendasal og stólar endurnýjaðir, nýr ljósúnaður var settur upp, unnið að breytingum í leikararými og aðstöðu bakatil. Félagar í LD fóru í langt og gott jólafrí, en stjórn félagsins hittist þó mánaðarlega til skrafs og ráðagerða í desember, janúar og febrúar.

Um mánaðamótin janúar–febrúar var ákveðið að setja upp verkið Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Sunna Borg var ráðinn leikstjóri að uppfærslunni. Sunna æfði með leikhópnum nokkrum sinnum í febrúar, en síðan fóru æfingar á fullt í mars og frumsýnt var 7. apríl fyrir fullu húsi. 11 leikarar tóku þátt í sýningunni, auk fjölda annarra sem sáu um ljós, smíðavinnu, hár, förðun, búninga og fleira. Sýningar urðu 12 talsins. Olli það nokkrum vonbrigðum að ekki var góð aðsókn að uppfærslunni,

miðað við það sem menn höfðu vonað.

Í mars og maí tóku nokkrir leikfélagar þátt í söngdagskrá með Karlakór Dalvíkur, þar sem þeir léku Bakkbræður og föður þeirra. Guðmundur Óli Gunnarsson hafði veg og vanda af þeirri dagskrá. Ekki er samstarfi LD og Karlakórsins endanlega lokið því stefnt er að því að fara með þessa uppfærslu til Siglufjarðar og jafnvel Ólafsfjarðar á vordögum. Þá hafa leikfélagar verið í samstarfi við Byggðasafn Dalvíkur og komið þar að ýmsum uppákomum í samráði við safnstjóra, með upplestri, leik og söng.

Þá var samþykkt á síðasta aðalfundi í október 2005, með öllum greiddum atkvæðum, að gera breytingar á lögum félagsins hvað varðar félagaskráningar. Frá stofnun félagsins hefur ekki verið innheimt árgjald í LD, en það hefur gert það að verkum að erfitt er að halda utan um félagatal og fleira í tengslum við almenna starfsemi. Nú er árgjald í LD kr. 1.500 á ári, en félagsmenn fá jafnframt þá einn frímiða á allar uppfærslur félagsins. Um 30 manns eru nú skráðir í Leikfélag Dalvíkur og vonast er til að fleiri aðilar gerist félagsmenn er fram líða stundir.

Þá er stjórn LD að vinna að því þessa dagana að fara í gegnum gömul gögn og fleira er tilheyrir félaginu og koma því í eldvarnargeymslu. Stjórnin vinnur einnig að því að efla vefsíðu félagsins og koma þar inn upplýsingum og stefnt er því að fara í áframhaldandi breytingar á leikhúsinu, sem og í húsnæði félagsins við Skíðabraut þar sem búningar og leikmunir eru geymdir.

Leikfélagar munu í sumar, að öllu óbreyttu – og eins og undanfarin ár, koma að Fiskideginum mikla, með því að dreifa bæklingum og öðrum upplýsingaritum til gesta og aðstoða á allan hátt við að gera þennan viðburð sem skemmtilegastan.

Í haust, nánar tiltekið í október, er stefnt að því að setja upp verk eftir heimamenn og standa viðræður yfir þessa dagana við ákveðna aðila hér í bæ. Of snemmt er segja til um hvað kemur út úr þeim viðræðum.

Starfsemi LD, er eins og sjá má á þessum samtíningi hér á undan, afar öflug og félagsmenn eru afar jákvæðir og bjartsýnir á framhaldið. Innan LD ríkir gott andrúmsloft og léttleiki og menn eru yfirleitt tilbúnir að leggja mikið á sig til eflingar menningarinnar í byggðarlaginu.

Arnar Símonarson, formaður

Leikfélag Fljótshéraðs

Sex í sveit

höfundur Marc Camoletti, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.

Þátttakendur: 30 Sýningar: 14 Áhorfendur: 1026

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2005–2006 hefur verið mjög eftirminnilegt. Fljótlega eftir að stjórn hafði verið kosin var farið að undirbúa uppsetningu á farsanum Sex í sveit. Oddur Bjarni Þorkelsson var fenginn til þess að leiksstýra en hann er LF að góðu kunnur. Unnur Sveinsdóttir var ráðin til þess að sjá um leikmyndina, Inga Höskuldsdóttir um förðun og Guðrún Magnúsdóttir um lýsinguna. Þarna var á ferðinni fagfólk af bestu gerð og við okkur blasti auðvelt verkefni. En það var nú öðru nær. Valaskjálfi stóð okkur ekki lengur til boða og var því ákveðið að sýna í sveitasælunni á lðavöllum. Það húsnæði reyndist minna en elstu menn minnti og rafmagnleiðslur þar svo fornar að þær þöldu ekki álag ljósabúnaðar okkar. Það kom reyndar í huga mér að lýsa sýninguna með kertum en sem betur fer hætti ég við það. Við fengum leyfi til að stækka sviðsopið verulega og fengum rafvirkja til þess að breyta ljósabúnaði okkar þannig að hið forna rafkerfi réði við það. Það gekk allt saman upp. Það má til gamans geta þess að svipbrigði Odds Bjarna, þegar hann kom í fyrsta skipti inn í lðavelli, hverfa mér seint úr minni. En vandræði okkar voru bara rétt að byrja. Það kom í ljós að sú uppsveifla sem geysar í samfélaginu okkar er ekki mjög leikfélagsvæn. Þá á ég við að fólk er svo mikið að gera við að græða peninga að það gefur sig ekki í leiklistarstarfið. Erfiðlega gekk að manna þetta fámenna stykki en það hafðist þó skömmu fyrir frumsýningu. Það má síðan eiginlega segja að upp frá því hafi leiðin legið upp á við. Sýndar voru 14 sýningar sem er met hjá leikfélaginu og var fullt á nánast allar sýningar. Yfir 1000 manns komu að sjá Sex í sveit sem er meira en okkur gat dreymt um. Þess má geta að salurinn bauð ekki upp á nema um 80 sæti á sýningu. Allir sem að sýningunni komu stóðu sig frábærlega vel og megum við vera stolt af því fólki sem við eigum.



Sex í sveit

Af öðrum viðburðum sem leikfélagið kom að má nefna 100 ára afmæli Lagarfljótsbrúarinnar, Grýlugleði sem haldin var á Skriðuklaustri, Pálsvaka sem haldin var með stórkostlegum hætti í Safnahúsi Austurlands og opnun bensinstöðvarinnar Orkunnar.

Leikfélagið ákvað síðan að hafa lokahófið með óvenjulegum hætti. Formaðurinn var fenginn til þess að skipuleggja ferð norður á Akureyri til þess að sjá „Brúðkaupið“. Skipulagningin var mjög góð þó ég segi sjálfur frá og tókst ferðin mjög vel. Allir ferðalangar skemmtu sér vel og er þetta eitthvað sem félagið ætti að gera meira af. Það skyggði að visu á ferðina að formaðurinn lá veikur heima!

Skýrsla stjórnar Leikfélags Fljótsdalshéraðs, framhald

Við erum að keyra inn í afmælisár LF en leikfélagið verður 40 ára í lok ágúst. Af því tilefni verður ýmislegt um að vera á næsta starfsári. Má þar nefna leiksýningu í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar sem sýnd verður í skóginum í júlí, afmælishátíð sem haldin verður samhliða Ormsteiti, uppsetningu á frumsömdu leikverki í haust, förðunarnámskeið, leikmyndanámskeið, ljósanámskeið og námskeið fyrir börn og unglinga. Rúsínan í pylsuendanum verður síðan að halda Aðalfund BÍL á vordögum 2007.

Hér að ofan hef ég fjallað um það helsta sem leikfélagið hefur tekið sér fyrir hendur á síðasta leikári og hvað er í vændum leikárið 2006–2007. Framtíð Leikfélags Fljótsdalshéraðs er björt og verður gaman að taka þátt í starfinu sem framundan er.

Takk fyrir mig.

Práinn Sigvaldason, formaður



Hin endanlega hamingja



Hodja frá Pjort

Leikfélag Hafnarfjarðar***Hin endanlega hamingja***

höfundur og leikstjóri Lárus H. Vilhjálmsson.

Þáttakendur: 12 Sýningar: 8 Áhorfendur: 101

Hodja frá Pjort

höfundur Ole Lund Kirkegaard, leikgerð og leikstjórn Ármann Guðmundsson.

Þáttakendur: 12 Sýningar: 8 Áhorfendur: 300

Morð fyrir fullu húsi

höfundur Lárus H. Vilhjálmsson, leikstjóri Halldór Magnússon.

Þáttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 150

Súsanna baðar sig

höfundur Lárus H. Vilhjálmsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Þáttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 150

Skýrsla formanns 2006:

Leikárið 2005–2006 var mjög ánægjulegt og viðburðaríkt ár. Leikfélagið setti upp tvær sýningar í fullri lengd, Hina endanlegu hamingju í leikstjórn Lárusar Húnfjörð og Hodja frá Pjort í leikstjórn Ármanns Guðmundssonar. Hamingjan var sett upp í nóvember og stóðu sýningar fram í febrúar, Hodja var sett upp í mars og stóðu sýningar fram í maí. Báðar sýningar voru mjög

vel sóttar en um 180 manns sáu Hamingjuna og um 300 Hodja. Mikill fjöldi leikara og listafólks stóð að báðum sýningum og er þeim hér með þökkúð frábær, fórnfús og óeigingjörn vinna í þágu leikfélagsins. Að leikfélaginu stendur hæfileikaríkur hópur sem framúrskarandi sýningar bera glæsilegt vitni.

Í júní sendum við tvær sýningar á leiklistarhátíðina Leikum núna! Dýragarðssöguna og Birdy. Báðar komu mjög vel út norðan heiða og löguðu sig einkar vel að nýjum aðstæðum. Þess er skemmt að geta að Dýragarðssagan var tilnefnd ein af þremur bestu sýningunum auk þess að vera tilnefnd fyrir besta útlit sýningar og hljóta verðlaun fyrir besta leikara í aðalhlutverki en sá heiður hlotnaðist Gunnari Birni Guðmundssyni fyrir alveg hreint frábæran leik í hlutverki hins hógværa heimilisföður Peter.

Tréhausinn eru einskonar Grímuverðlaun áhugaleikhússins. Leikfélaginu hlotnuðust þó nokkrir tréhausar fyrir leikárið 2004–2005:

Besti leikari í aukahlutverki – Gunnar Björn fyrir Dýragarðssöguna

Ný þýðing – Þórunn Gréta Sigurðardóttir fyrir Dýragarðssöguna

Besta leikmynd – Gunnar Björn fyrir Dýragarðssöguna

Besta lýsing – Kjartan Þórisson fyrir Dýragarðssöguna

Þá fékk leikfélagið jafnframt sérstök úthaldsverðlaun fyrir einhverja fífldjörfustu vetrardagskrá sem um getur.

Leikfélagið fékk fjölbjóðlega leikhópinn Dan Kai Teatro í heimsókn í lok sumars eins og árið áður. Settu þau upp tvær sýningar í tengslum við Listahátíð, Nana del Caballo og Fear. Það er okkur mikil ánægja að geta látið Kai Uno í té aðstöðu fyrir sýningar enda um mjög skemmtilegan hóp að ræða með óvenjuleg og frumleg efnistöð.

Haldin voru tvö námskeið á leikárinu. Námskeið í ljósastjórnun, ljósaönnun og vinnu með ETC Express-ljósaborð var haldið í janúar, kennari var Egill Ingibergsson. Námskeiðið sóttu tíu manns frá LH, Halaleikhópnum, Leikfélagi Kópavogs og Leikfélagi Mosfellsvéitar. Tókst námskeiðið einstaklega vel og er fullur grundvöllur fyrir því að halda annað námskeið að ári og taka þá annan vinkil á viðfangsefnið.

Í lok þessa leikárs var svo haldið átta vikna námskeið í leiklist fyrir byrjendur og lengra komna. Kennari var Borius van der Meulen, leikstjórnarnemi á lokaári frá Utrecht School of Arts í Hollandi. Tókst námskeiðið einkar vel og var mikil ánægja meðal nemenda sem voru tíu talsins. Það er því góður grundvöllur fyrir því að halda samstarfi við skólann áfram og fá annan nema til landsins að ári.

Fyrirlestrahelgi á vegum BÍL var haldin í húsnæði félagsins í október. Fyrirlestrana sóttu fimm félagar í leikfélaginu og var gerður góður rómur að þrátt fyrir að hratt væri farið yfir efnið enda viðfangsefnið yfirgripsmikið.

Eins og venjan hefur verið undanfarin þrjú ár hósti félagið námskeið í leiklist fyrir börn og unglinga um sumarið. Námskeiðið sem haldið er á vegum einkaaðila, fer að mestu fram undir berum himni og leggur leikfélagið góðu málefni lið með því að bjóða fram húsaskjól þegar illa viðrar til útveru.

Leikfélagið átti tvö stuttverk á stuttverkahátíð BÍL sem haldin var í byrjun maí. Verkin voru Súsanna baðar sig og Morð fyrir fullu húsi, bæði eftir hinn gríðarlega afkastamikla höfund Lárus Húnfjörð.

Á árinu var mikil vinna lögð í tæknimál leikfélagsins, hljóðkerfi í sal betrubætt, ljósamótstöður endurnýjaðar, fjölgað rafmagnsrásur í sal og fjárfest í reykvél svo það helsta sé nefnt. Er nú leikfélagið ágætlega stutt tæknilega séð þó ýmislegt sé eftir á óskalistanum enn.

Í mars var skrifað undir nýjan samstarfssamning við Hafnarfjarðarbæ. Innihald samningsins er með svipuðu móti og eldri samnings en árlegur styrkur hækkar úr 300 þúsund krónum í 700 þúsund. Er það mikið fagnaðarefni enda hefur sá styrkur ekki hækkað í rúm tíu ár með tilheyrandi rýrnun á kaupmætti.

Leikfélagið tók þátt í ýmsum uppákomum á vegum Hafnarfjarðarbæjar á leikárinu, Jólþorpínu, Björtum dögum og skemmtidagskrám á Thors-plani.

Þá ber þess loks að geta að þrír fóru á vegum félagsins í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga í júní 2005. Það er svipaður fjöldi og undanfarin ár og mjög ánægjulegt að félagar í leikfélaginu skuli sækja sér fróðleik og reynslu í þeim námskeiðum sem skólinn býður uppá.

Í heildina litið þá lýkur nú enn einu farsælu árinu í sögu leikfélagsins. Undanfarin ár hafa einkennst af miklum krafti og vexti í starfsemi leikfélagsins. Er það fyrst og fremst að þakka kraftmiklu fólki með hugsjón og drifkraft. Slíku fólki eru allir vegir færir og saman munum við lyfta leikfélaginu upp í enn hærra hæðir.

Ingvar Bjarnason, formaður

Leikfélag Hornafjarðar

Gauragangur

höfundur Ólafur Haukur Símonarson, leikstjóri Hörður Sigurðarson.
Þátttakendur: 26 Sýningar: 6 Áhorfendur: 309

Skýrsla stjórnar:

Stjórnarfundir voru 8 árinu og voru þeir haldnir víðs vegar. Góður andi ríkti í stjórnarsamstarfinu og vil ég þakka fráfarandi stjórn samstarfið.

Leikfélagið, í samstarfi við Framhaldsskólann og Tónskólann réðist í það verkefni að setja upp leikritið Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson. Hörður Sigurðarson var ráðinn leikstjóri. Fjöldi leikara, söngvara og tónlistarmanna tók þátt í sýningunni. Frumsýning var 25. mars og urðu sýningar 6. Sýningunni var vel tekið og afar skemmtileg uppfærsla í alla staði.

Enn var unnið að breytingum í Mánagarði. Annað op var sett á sviðið þannig að nú er kominn margþráður hringur á leiksviðinu. Salurinn var málaður og förðunaraðstaða bætt. Þetta kemur smátt og smátt.

Hlaðan okkar! Hvað eigum við að gera? Nú hefur hlutverk hennar breyst. Nýting hennar minnkað. Eigum við að leigja hana? Það hlýtur að vera hlutverk okkar á eftir að taka ákvörðun um það.

Veturinn hefur verið skemmtilegur! Þó er nauðsynlegt að velta fyrir sér stöðu mála. Ljóst er að með tilkomu leikhúss eru allir möguleikar á því að efla leiklistina. En við sitjum ekki ein að þessu leikhúsi. 2–3 aðrir leikhópar hafa þar aðgengi þannig að skipulagningar er þörf. Við verðum líka að vinna að aðstöðunni sem verið er að afhenda okkur í Mánagarði. Við verðum að efla félagið!

Magnús J. Magnússon, formaður



Gauragangur

*Fiskar á þurru landi*

ungu meðlimir leikfélagsins. Með félaginu og Sauðfjársetrinu á Ströndum hefur verið mikil og góð samvinna, var sú samvinna einnig í gangi sumarið 2005. Tóku félagar þátt í Furðuleikum með því að keppa í hinum ýmsu greinum klæddir hinum skrýtnustu búningum og yngri kynslóðinni var boðið upp á andlitsmálun. Síðan tók leikfélagið að sér að sjá um skemmtidagskrá á Bændahátíð sem vera átti í lok sumars en var aflýst vegna ónógrar þátttöku.

Vetrarstarfið hófst strax í október með fimm daga leiklistarnámskeiði undir leiðsögn Elfars Loga Hannessonar. Námskeiðinu var síðan formlega slitið með spunakvöldi þar sem fjögur tveggja manna lið kepptu í leikhússporti. Sigurvegarar urðu hjónin Jón Jónsson og Ester Sigfúsdóttir og var Jón einnig valinn spunatröll ársins 2005.

Um miðjan febrúar tók leikfélagið þátt í Menningarkvöldi félagsmiðstöðvarinnar Óson. Voru þeir þar með þrjá tveggja manna spuna.

1. mars 2006 hófust síðan æfingar á leikritinu *Fiskar á þurru landi* eftir Árna Ibsen í leikstjórn Kolbrúnar Ernu Pétursdóttur. Var frumsýningin á skírdag 13. apríl 2006 í Bragganum á Hólmavík. Félagið fór eins og venjulega víða með sýningar og sýndi alls 9 sýningar.

Síðasta verkefni leikársins var síðan tæknivinna í tengslum við lagasamkeppni Hamingjudaga á Hólmavík 2006. Sá leikfélagið um öll ljós og sviðsuppsetningu fyrir keppnina.

Sjáum við nú fram á smá frí, en framundan er nýtt spennandi starfsár.

Jóhanna Ása Einarsdóttir, formaður

*Tveir tvöfaldir*

Leikfélag Hólmavíkur

Fiskar á þurru landi

höfundur Árni Ibsen, leikstjóri Kolbrún Erna Pétursdóttir.

Þátttakendur: 4

Sýningar: 9

Áhorfendur: 291

Skýrsla stjórnar:

Starfsemi Leikfélags Hólmavíkur var með hefðbundnu sniði starfsárið 2005–2006. Strax í byrjun sumars var farið af stað með undirbúning að Hamingjudögum á Hólmavík. Hafnar voru æfingar á leikritinu *Betri er þjófur* í húsi en snurða á þræði eftir Dario Fo í leikstjórn Einars Indriðasonar. Af sýningu varð þó ekki vegna tæknilegra örðugleika. Bauð félagið gestum hátíðarinnar upp á andlitsmálun sem tókst ágætlega og um það sáu hinir

Starfsemi Leikfélags Hólmavíkur var með hefðbundnu sniði starfsárið 2005–2006. Strax í byrjun sumars var farið af stað með undirbúning að Hamingjudögum á Hólmavík. Hafnar voru æfingar á leikritinu *Betri er þjófur* í húsi en snurða á þræði eftir Dario Fo í leikstjórn Einars Indriðasonar. Af sýningu varð þó ekki vegna tæknilegra örðugleika. Bauð félagið gestum hátíðarinnar upp á andlitsmálun sem tókst ágætlega og um það sáu hinir

Vetrarstarfið hófst strax í október með fimm daga leiklistarnámskeiði undir leiðsögn Elfars Loga Hannessonar. Námskeiðinu var síðan formlega slitið með spunakvöldi þar sem fjögur tveggja manna lið kepptu í leikhússporti. Sigurvegarar urðu hjónin Jón Jónsson og Ester Sigfúsdóttir og var Jón einnig valinn spunatröll ársins 2005.

Um miðjan febrúar tók leikfélagið þátt í Menningarkvöldi félagsmiðstöðvarinnar Óson. Voru þeir þar með þrjá tveggja manna spuna.

1. mars 2006 hófust síðan æfingar á leikritinu *Fiskar á þurru landi* eftir Árna Ibsen í leikstjórn Kolbrúnar Ernu Pétursdóttur. Var frumsýningin á skírdag 13. apríl 2006 í Bragganum á Hólmavík. Félagið fór eins og venjulega víða með sýningar og sýndi alls 9 sýningar.

Síðasta verkefni leikársins var síðan tæknivinna í tengslum við lagasamkeppni Hamingjudaga á Hólmavík 2006. Sá leikfélagið um öll ljós og sviðsuppsetningu fyrir keppnina.

Leikfélag Húsavíkur

Tveir tvöfaldir

höfundur Ray Cooney, þýðandi Árni Ibsen, leikstjóri María Sigurðardóttir.

Þátttakendur: 22

Sýningar: 18

Áhorfendur: 1450

Leikfélag Hveragerðis

Bara innihaldið

höfundur Sævar Sigurgeirsson, leikstjóri Sigurður Blöndal.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 5

Áhorfendur: 100

Á sama bekk

höfundur Sævar Sigurgeirsson, leikstjóri Sigurður Blöndal.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 5

Áhorfendur: 100

Afturelding

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Sigurður Blöndal.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 5

Áhorfendur: 100

Prek og tár

höfundur Ólafur Haukur Símonarson, leikstjóri Ólafur Jens Sigurðsson.

Þátttakendur: 33

Sýningar: 10

Áhorfendur: 496

*Prek og tár*

Skýrsla stjórnar Leikfélags Hveragerðis:

Síðasti aðalfundur var haldinn þann 25. maí 2005. Á þeim fundi var nýr formaður kjörinn sem tók við af Önnu Jórinni sem hafði gengt þessu embætti til fjölda ára. En Anna Jórinn fór ekki langt heldur var kjörin meðstjórnandi og hefur verið helsta stoð nýs formanns. Fyrirhugað var að nota sumarið til viðhalds á húsi en lítið fór fyrir því, þó var sett viðarvörn á hluta hússins og listar lagaðir. Nauðsynlegt er að nýta þetta sumar í að setja rennur, þakplötur og fleira.

Á þessu leikári voru sett upp tvö verk. Haustverkefnið voru þrjú einþáttungar sem fengu heitið „Ástir liggja til allra átta“. Leikstjóri var Sigurður Blöndal. Sýningar urðu alls 5 og var aðsókn frekar dræm.

Jólasveinavertíðin var með besta móti. Leikfélagar voru jólasveinar þegar kveikt var á jólatrénu hjá Hveragerðisbæ. Farið var með jólapakka í hús á aðfangadag og leikfélagar voru jólasveinar á þrettándagleði hjá Ási.

Um miðjan febrúar 2006 hófust æfingar á leikritinu Prek og tár og fengum við Ólaf Jens Sigurðsson til að leikstýra verkinu. Þurftum við að fara víða til að fá karlleikara í verkið en það tókst og munu margir af þeim halda áfram starfi með leikfélaginu. Frumsýnt var 19. apríl og voru sýningar alls 10. Aðsókn var góð og uppselt á síðustu sýningar.

Að lokum, þakkir til allra sem lagt hafa leikfélaginu lið á liðnu leikári.

María Kristjánsdóttir, formaður

Leikfélag Keflavíkur**Trainspotting**

höfundur Irvine Welsh, þýðandi Magnús Þór Jónsson, leikstjóri Jón Marínó Sigurðsson.

Þátttakendur: 13 Sýningar: 11 Áhorfendur: 102

Keflavík, Ísland, alheimurinn eða mamma þín!

eftir leikhópin og leikstjórnann Sigurð Eyberg.

Þátttakendur: 18 Sýningar: 12 Áhorfendur: 114



Keflavík, Ísland...

Leikfélag Kópavogs**Það grær áður en þú giftir þig**

Byggt á Kirsuberjagarðinum eftir Anton Tsjekov. Leikgerð og leikstjórn Sigrún Sól Ólafsdóttir

Þátttakendur: 16 Sýningar: 9 Áhorfendur: 170

ALF – Andspyrnuhreyfing ljóta fólksins

höfundar Oddur Bjarni Þorkelsson, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Bjarni töframaður og hópurinn. Leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.

Þátttakendur: 26 Sýningar: 10 Áhorfendur: 350

Dans

höfundur og leikstjóri Hrund Ólafsdóttir.

Þátttakendur: 16 Sýningar: 3 Áhorfendur: 120

Jólaævintýri Jóa og félaga

höfundur og leikstjóri Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Í jólaösinni

eftir Bjarna Guðmarsson, leikstjóri Gísli Björn Heimisson.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Skýrsla stjórnar:

Leikárið hófst snemma hjá Leikfélaginu haustið 2005 eða öllu heldur frusu leikárin saman eins og oft árið.

LK fór í leikferð með tvær sýningar á Leikum núna! leiklistarhátíðina á Akureyri sem fram fór í júní sumarið 2005.



Það grær áður en þú giftir þig



ALF

Annars vegar Memento Mori, sýningu LK og Hugleiks og hins vegar Allra kvikinda líki. MM var sýnt tvisvar í Ketilshúsi þann 24. júní og AKL var sýnt tvisvar í Ketilshúsi laugardaginn 25. júní. MM var valin sýning hátíðarinnar og Huld Óskarsdóttir besta leikkonan. Bjarni töframaður og AKL fengu einnig tilnefningar.

Huld Óskarsdóttir gegndi formannsembættinu í sumar í fjarveru Ágústu Sigrúnar og var m.a. samið við Sigrúnu Sól að taka að sér leikstjórn í upphafi leikársins. Einnig var Hrund Ólafsdóttir hvött til að sækja um styrk til Lista- og menningarráðs til að halda námskeið, skrifa og leikstýra leikriti fyrir unglíngadeild LK. Afgreiðsla styrksins dróst von úr viti og fékkst ekki svar frá bænum fyrr en í lok desember. Það varð til þess að unglínganámskeiðið frestaðist fram yfir áramót við lítinn fögnuð áhugasamra unglínga sem biðu þess spennt að hefjast handa.

Nýtt leikár hófst í byrjun september og leikhópurinn vann með Sigrúnu Sól að uppsetningu spunaleikrits sem byggt var á Kirsuberjagarði Tsjevovs. Leikritið fékk nafnið Það grær áður en þú giftir þig. Var þetta ný vinnuaðferð fyrir leikara LK. Lögð var áhersla á að sníða verkið að leikhópnum sem gaf kost á sér en nokkuð var um það að fólk hætti á æfingaférlinu en nýtt fólk bættist í hópinn. Þegar upp var staðið voru 9 leikarar í hópnum. Frumsýnt var 5. nóvember. Sýningar urðu 9 og áhorfendur samtals um 170 sem er um helmingi færri áhorfendur en í meðalári hjá LK.

Ákveðið var að halda Stjórnuljósakvöld þann 30. desember þar sem félagsmenn kæmu með atriði sem og að fagna nýju ári og ræða vorverkefni. Útlitið með aðföng skemmtiatriða var ekki ekki bjart en á síðustu stundu dattu inn tveir óborganlegir leikþættir sem settir voru á svið fyrir gesti Stjórnuljósakvöldsins. Það var jólaþáttur um Jóláævintýri Jóa og félaga sem Denni leikstýrði og leikþáttur eftir Bjarna Guðmarsson í jólaösinni sem Gísli Björn leikstýrði í Gorilla-leikhússtíl.

Vegna vorverkefnis var haft samband við nokkra leikstjóra og þeir beðnir um að koma með hugmyndir og stefnan var að setja upp nokkra þætti/einþáttingu. Staðan var tekin hjá leikstjórunum Guðjóni „Denna“ Pálmarssyni og Herði Sigurðarsyni, Frosta Friðrikssyni og Oddi Bjarna Þorkelssyni. Eins var lýst eftir leikþáttum og hugsanlegum leikstjórum innan félagsins. Þeir Denni, Hörður og Frosti gátu ekki gefið kost á sér að svo stöddu en Oddi Bjarna tókst með lagni að aðlaga tíma sinn svo að hann gæti tekið að sér verkefnið. Ætlunin var að setja upp einþáttingu eða nokkra slíka. Hugmyndin óx og stækkaði í orðsins fyllstu merkingu í réttu hlutfalli við frjósemi hugmynda og fjölgun fólks í leikhópnum. Þegar upp var staðið samanstóð hópurinn af 15 leikurum.

Ákveðið var að snúa salnum við eina ferðina enn og öll áhorfendastæði flutt á austur-gaflinn. Salurinn tekur núna 40 manns í sæti.

Leikritið ALF – andspyrnuhreyfing ljóta fólksins er byggt á hugmynd Guðjóns Þorsteins Pálmarssonar og er íslenskur „splatter“ af bestu/verstu sort. Sýningin tekur 80 mín. í flutningi. Sýnt hefur verið 7 sinnum fyrir nánast fullu húsi og eru gestirnir orðnir 250. Áætlaðar eru 3 sýningar til viðbótar, samtals 10. Viðstöddum félagsmönnum (þeim sem eru í skilum með félagsgjöldin), er öllum boðið á sýningu á eftir kl. 23.30. Sýningin hefur fengið góða umfjöllun og kynningu í fjölmiðlum.

Tveir þættir úr sýningunni, Afi brenndur og Aðgerð, voru sýndir á einþáttingahátíðinni Margt smátt í byrjun maí.

Sótt var um fyrir sýninguna í Þjóðleikhúsið sem Athyglisverðustu áhugasýningu ársins. Sýningin fékk vinsamleg ummæli dómnefndar en varð ekki fyrir valinu.

Unglíngadeild LK undir stjórn Hrundar Ólafsdóttur hefur einnig starfað eftir áramótin eins og áður sagði og byrjað var á námskeiði með leikarahópnum. Á meðan á því stóð varð samhlíða til leikrit sem Hrund skrifaði á æfingatímanum og hefur fengið nafnið Dans. Aðstoðarleikstjóri Hrundar er Arnar Ingvarsson. Frumsýning hefur dregist á langinn af ýmsum ástæðum en nú er stefnt að frumsýningu 1. júní. Áætlaðar eru 3 sýningar á Dans, 1., 5. og 6. júní.

Memento Mori, sýning LK og Hugleiks frá því í fyrra, var valin sem fulltrúi Íslands á NEATA-leiklistarhátíðina í Færeyjum í ágúst og fara 4 leikarar ásamt 2–3 starfsmönnum öðrum úr röðum LK á hátíðina. Sami leikarahópur tekur þátt í sýningunni og í fyrra utan Ágústu Evu, en Bylgja Ægisdóttir tekur við hennar hlutverki í Memento Mori.

Framundan er upphaf afmælisárs leikfélagsins en við verðum 50 ára þann 5. janúar nk. Skipuð hefur verið afmælisnefnd sem ætlað var að koma með hugmyndir að verkefnum ársins og fáum við væntanlega að heyra frá fulltrúa hennar hér á eftir. Úrbætur í húsnæðismálum LK eru löngu orðnar meira en brýnar og afmælisárið kjörinn tími til að þrýsta á bæjaryfirvöld til að koma til móts við félagið á 50 ára afmælinu.

Að lokum langar mig að þakka stjórnarmönnum samstarfið og óska nýjum formanni velfarnaðar á því spennandi afmælisári sem framundan er.

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir, formaður

Leikfélag Mosfellssveitar**Mávahlátur**

höfundur Kristín Marja Baldursdóttir, leikstjóri Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir.
 Þátttakendur: 18 Sýningar: 3 Áhorfendur: 210

Árstíðirnar

eftir leikhópin og leikstjórnann Ísgerði Elfu Gunnarsdóttur.
 Þátttakendur: 36 Sýningar: 1 Áhorfendur: 120

Jólaævintýri LM

höfundur og leikstjóri Birgir Sigurðsson.
 Þátttakendur: 13 Sýningar: 3 Áhorfendur: 150

Í beinni

höfundar Hrafnkell Stefánsson og Nói Kristinsson, leikstjóri Guðný María Jónsdóttir.
 Þátttakendur: 25 Sýningar: 10 Áhorfendur: 530

Frítt að tala í GSM hjá Guði

höfundur Pétur R. Pétursson, leikstjóri Harpa Svavarsdóttir.
 Þátttakendur: 30 Sýningar: 3 Áhorfendur: 180

Húð og hitt

höfundur Pétur R. Pétursson, leikstjóri Ólafur Haraldsson.

Það verður að stoppa þennan mann

höfundur Pétur R. Pétursson, leikstjóri Ólafur Haraldsson.

Einn dag í einu

höfundur Lárus H. Jónsson, leikstjóri Ólafur Haraldsson.



Í beinni



Það er frítt að tala í GSM hjá Guði

Leikfélag Ólafsvíkur**Á lagernum**

höfundur Bjarni Guðmarsson, leikstjóri Gunnsteinn Sigurðsson.
 Þátttakendur: 12 Sýningar: 2 Áhorfendur: 63

Dómur um dauðan hvern

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Gunnsteinn Sigurðsson.

Bóksalinn

höfundur Örn Alexandersson, leikstjóri Gunnsteinn Sigurðsson.

Leikfélag Rangæinga**Vekjum upp draug**

þrjú leikþættir eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
 Þátttakendur: 10 Sýningar: 2 Áhorfendur: 132

Róður á landi

eftir leikhópin og leikstjórnann Margréti Tryggvadóttur.
 Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 200



Vekjum upp draug

Leikfélag Reyðarfjarðar

Vælukjói (Cry Baby)

höfundur John Waters, þýðandi Guðmundur Rúnar Kristjánsson, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 26

Sýningar: 8

Áhorfendur: 600



Með vífið í lúkunum

Leikfélag Sauðárkróks

Jens og risaferskjan

Saga Roald Dahl, leikgerð David Wood, þýðandi og leikstjóri Ármann Guðmundsson.

Þátttakendur: 45

Sýningar: 9

Áhorfendur: 532

Með vífið í lúkunum

höfundur Ray Cooney, þýðandi Árni Ibsen, leikstjóri Pröstur Guðbjartsson.

Þátttakendur: 29

Sýningar: 12

Áhorfendur: 921

Skýrsla stjórnar:

Það fyrsta sem ný stjórn gerði var að skipta með sér verkum og varð niðurstaðan sú að Sigurður nokkur Halldórsson varð formaður, ritari Dagbjört Elva Jóhannesdóttir, gjaldkeri Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, varaformaður Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir og meðstjórnandi Guðbrandur Jón Guðbrandsson. Í varastjórn voru Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, Sigurveig Dögg Pormóðsdóttir og Þorsteinn Tómas Broddason.

Og þá byrjuðu verkefni að hrúgast inn.

Leikfélagsmeðlimir léku trúða á 17. júní-skemmtun sveitarfélagsins Skagafjarðar á Sauðárkróki og hafði stjórnin einnig hönd í bagga með að finna fjallkonuna Söndru Þorsteinsdóttur, sem leysti verkefnið vel af hendi.

Seinnipartinn í júlí sendi leikfélagið svo ýmsar figúru til að skemmta börnum á Hafnardeginum.

Í september hófst svo vinna við barnaleikritið Jens og risaferskjuna sem Ármann Guðmundsson þýddi og leikgerði handa okkur eftir sögu Roald Dahl. Einnig samdi Ármann alla tónlist sem flutt var í sýningunni. Í tengslum við það fóru tvær stúlkur á búninganámskeið í Reykjavík, enda þurfti óvenju flókna búninga- og leikmunagerð í því leikriti. Taka skal fram að undirbúningur þessarar sýningar gekk með eindæmum illa, svo jafnvel gekk fram af harðasta leikfélagsfólki. Allt endaði vel að lokum, frumsýnt var samkvæmt áætlun 29. október, sýningar urðu 9 og áhorfendur voru 532.

Þegar kveikt var á jólatré bæjarins á Kirkjutorgi í desember bauð Landsbankinn nokkrum pöddum úr Jens og risaferskjuni að vera viðstaddar og vakti það mikla lukku meðal viðstaddra.

Í febrúar barst Leikfélaginu beiðni um að vera með skemmtiatriði á þorablóti á hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki. Var brugðist vel við þeirri bön og fóru 4 leikfélagslimir og sungu nokkur lög úr Síldinni og Þreki og tárur.

Í lok febrúar bauðst stjórn leikfélagsins að taka þátt í verkefni, eða vera verkefni, eins nemandi í tólmstunda- og félagsmálafræði, nánar tiltekið í kúrsinum Útivist. Verkefnið fólst í hópefli og leikjum utandyra og kynningu í einn dag undir stjórn nemandans. Tókst það gríðarlega vel og töldu stjórnarmeðlimir að þetta myndi skila sér í enn betra samstarfi upp frá því. Einn þáttur verkefnisins var heimsókn og kynning á Leikfélagi Dalvíkur, fengum við frábærar móttökur hjá stjórninni þar og skoðuðum húsakynni þeirra. Vonumst við til að þetta verði til þess að þessi leikfélög verði í nánara samstarfi, en framtíðin verður að leiða í ljós hvort eitthvað verður af því.

Í byrjun apríl tók leikfélagsfólk þátt í barnaskemmtun í lok tólmstundaviku sem haldin var á Sauðárkróki. Bauð leikfélagið upp á andlitsmálningu – og jarðarber, appelsína og gulrót úr Ávaxtakörfunni og margfætla og maríubjalla úr Jens og risaferskjuni aðstoðuðu börnin í ýmsum leikjum.

Sæluvikuverkefnið árið 2006 var farsinn Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney. Leikstjórinn Pröstur Guðbjartsson mætti þá í veltitekna Leikborg og gengu æfingar og undirbúningur allur mun betur en í haustverkefninu, sem betur fer. Frumsýnt var á upphafsdegi Sæluviku eins og venjan er og bar hann að þessu sinni upp á 30. apríl. Áætlaðar voru 10 sýningar en vegna góðrar aðsóknar var tveimur sýningum bætt við, svo sýningar urðu 12 og áhorfendur samtals 921.

Eins og sjá má bárust óvenjumörg smærri verkefni til okkar og þykir okkur það benda til þess að Sauðkrækingum líki starfsemi leikfélagsins vel. Það var því mikið að gera og erum við því í heildina ánægð með leikárið.

Stjórn leikfélags Sauðárkróks, 08.06. 2006

Leikfélag Selfoss

Hugarflug

höfundar Woody Allen, Shakespeare, Margaret Altwood og Neil Gaiman, þýðendur Guðfinna Gunnarsdóttir og Erlingur Brynjólfsson, leikstjórar Guðfinna Gunnarsdóttir og fleiri úr LS.

Pátttakendur: 14 Sýningar: 2 Áhorfendur: 65

Puríður formaður og Kambsránið

höfundur Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson, leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson.

Pátttakendur: 22 Sýningar: 20 Áhorfendur: 1200



Puríður formaður og Kambsránið

Leikfélag Siglufjarðar

Café Drama

eftir leikhópin, leikstjórar Sigmundur Sigmundsson og Víbekka Arnardóttir.

Pátttakendur: 14 Sýningar: 4 Áhorfendur: 218

Eva spjarar sig

höfundur Eva Dununge, leikstjórar Sigmundur Sigmundsson og Víbekka Arnardóttir.

Pátttakendur: 6 Sýningar: 4 Áhorfendur: 218

Illt til afspurnar

höfundur Jóhannes Geir Einarsson, leikstjórar Sigmundur Sigmundsson og Víbekka Arnardóttir.

Pátttakendur: 4 Sýningar: 4 Áhorfendur: 218

Leikfélag Vestmannaeyja

Skilaboðaskjóðan

höfundur Þorvaldur Þorsteinsson, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 33 Sýningar: 8 Áhorfendur: 929

Nunnulíf

höfundur Joseph Howard, Þýðandi og leikstjóri Laufey Brá Jónsdóttir.

Pátttakendur: 39 Sýningar: 8 Áhorfendur: 766

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2005–2006 hefur verið viðburðaríkt ár í sögu L.V. Ný stjórn tók við störfum á aðalfundi seinasta vor. Guðný Kristjánsdóttir tók við störfum sem formaður, Erla Ásmundsdóttir tók við sem varaformaður, Ásta Steinunn Ástþórsdóttir gerðist gjaldkeri fyrir leikfélagið, Ingveldur Theodórsdóttir kom inn í stjórn á ný og settist í stól ritara. Meðstjórnendur á þessu leikári voru Drífa Þöll Arnardóttir, Gunnar Friðberg Jóhannsson og Haraldur Ari Karlsson. Miklar hræringar áttu sér stað í stjórninni og lét Haraldur Ari af störfum síðastliðið haust. Marsibil Anna Jóhannsdóttir kom inn í hans stað. Gunnar og Marsibil létu síðan af störfum á leikárinu og þökkum við þeim öllum fyrir samstarfið.

Leikfélagið var drífandi sumarið 2005 og tók þátt í fjölmörgum uppákomum og var vel sýnilegt í bænum. Má þar m.a. nefna Sjómannadagshátíð, 17. júní-skemmtun, Goslokahátíð og Þjóðhátíð. Vonumst við til að þetta samstarf við Vestmannaeyjabæ, Sjómannadagsráð og Þjóðhátíðarnefnd haldi áfram komandi ár.

Síðastliðið haust réðst leikfélagið ekki á garðinn þar sem hann var lægstur. Ákveðið var að setja upp barna- og fjölskylduleikritið „Skilaboðaskjóðan“ eftir Þorvald Þorsteinsson. Jón Ingi Hákonarson var ráðinn til verksins og honum til aðstoðar var kona hans Laufey Brá Jónsdóttir. Byrjað var á því að halda námskeið sem var vel sótt af áhugafólki um leiklist. Æfingar gengu vel og frumsýnt var laugardaginn 12. nóvember. Aðsóknin var mjög góð og voru sýningar 8 talsins. Persónur úr leikritinu vöktu mikla og skemmtilega athygli og sáu víða um bæinn á hinum ýmsu uppákomum. Hver veit nema þær eigi aftur eftir að skjóta upp kollinum í sumar.

Í janúar var ákveðið, líkt og síðastliðið vor, að setja upp leikrit byggt á kvikmynd en nú var komið að hinni þekktu mynd, Sister Act. Unnið var í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. Fengum við til liðs við okkur Laufeyju Brá Jónsdóttur



Nunnulíf

sem nú var orðin vel þekkt innan leikfélagsins. Henni til aðstoðar var maðurinn hennar, Jón Ingi Hákonarson. Laufey Brá bjó til leikgerð á met tíma og setti upp stórskemmtilega sýningu sem fékk nafnið „Nunnulíf“. Byrjað var á því að halda námskeið sem var vel sótt af kvenfólki líkt og undanfarin ár. Erfiðara var að fá drengi til liðs við okkur en allt gekk upp að lokum. Helga Jónsdóttir kom okkur til aðstoðar og þjálfaði upp þrælmagnaðan nunnukór sem systir María Karítas fékk allan heiðurinn af. Heimsfrumsýning á „Nunnulífi“ var síðan 18. mars. Sýningar gengu vel og hætt var að sýna fyrir fullu húsi eftir aðeins 8 sýningar. Nunnurnar hafa síðan verið á ferðinni á hinum ýmsu uppákomum í bænum í vor og sungið sig inn í hug og hjörtu Vestmannaeyinga.

Samningaviðræður standa yfir við leikstjóra fyrir næsta leikár og viðamikil leikrit verður á fjölnum hjá okkur í nóvember ef allt gengur upp eins og best verður á kosið. Til þess að svo verði þarf gott samstarf, heiðarleika og traust innan leikfélagsins sem og nýrrar stjórnar sem tekur við störfum hér í dag. Leggjum okkur öll fram til að blómstra og gera enn betur.

Guðný Kristjánsdóttir, formaður



Ég elska alla

Leikfélag Ölfuss

Ég elska alla

höfundur og leikstjóri Svanur Gísli Þorkelsson.

Þátttakendur: 32

Sýningar: 5

Áhorfendur: 505

Skýrsla stjórnar:

Í byrjun október ákváðu Árný Leifsdóttir, Ásta Margrét Grétarsdóttir, Róbert Dan Bergmundsson og Svanur Gísli Þorkelsson að endurvekja Leikfélag Þorlákshafnar sem þá hafði ekki starfað í u.þ.b. 10 ár. 13. október var haldinn fundur þar sem félagið var formlega stofnað, bráðabirgðastjórn valin og ákveðið var að breyta nafninu í Leikfélag Ölfuss. Stofnfélagar voru tíu. Hálfum mánuði síðar var haldinn aðalfundur félagsins þar sem kosið var í stjórn, lög félagsins voru samþykkt og hugmyndir að verkefnum voru ræddar. Ákveðið var að fyrsta verkefnið yrði létt skemmtidagskrá og efnivið skyldi sækja til hippatímabilsins. Svanur Gísli tók að sér að semja handrit og leikstýra.

Leikfélagið fékk aðstoðu til æfinga og sýninga í Versölum, fjölnota menningarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins. Fyrsta æfing var 1. nóvember og fjölgaði félögum eftir því sem leið á æfingatímabilið, í desember var gert hlé á starfsemi félagsins en þráðurinn svo tekinn upp aftur í janúar. Ákveðið var að sýna verkið fjórum sinnum.

Verkefnið fékk smám saman á sig mynd og varð æ líkara eiginlegu leikverki enda samvinna leikara og leikstjóra með afbrigðum góð, á síðustu metrunum bættist hljómsveitin Síðasti sjens í hópinn og þann 9. mars frumsýndum við söngleikinn Ég elska alla. Aðsókn var svo góð að það þurfti að bæta við aukasýningu. Á síðustu sýningunni eldaði Ólafur Áki Ragnarson, bæjarstjóri sveitarfélagsins, forlata pottrétt ofan í svanga leikara og gesti og að sýningu lokinni var slegið upp miklu hippaballi þar sem hljómsveitin hélt uppi fjörinu og leikarar tóku lagið.

Hróður leikfélagsins barst víða og vorum við fengin til að leika atriði úr sýningunni á jólaskemmtun hjá Þormóði Ramma – Sæbergi, jólabókaupplestri menningarnefndar, þorablóti bæjarbúa, í fermingarveislu og á aðalfundi Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS). Hrund Ólafsdóttir, leiklistargagnrýnandi hjá Morgunblaðinu, skrifaði ákaflega jákvæðan dóm um sýninguna sem birtist þann 28. mars og minntist sérstaklega á breiðan aldur þátttakenda enda voru þeir á aldrinum 7–60 ára og var það einnig umtalað hér í sveitarfélaginu hversu vel hafi tekist að virkja fólk til samvinnu þrátt fyrir kynslóðabil.

Leikfélag Ölfuss fékk vænan styrk frá Lista- og menningarsjóði Ölfuss í lok árs 2005 og nýttist hann nýstofnuðu og eignalausum leikfélaginu sérlega vel til að koma starfsemi í gang og án þessa styrks hefði líklega orðið afar erfitt að koma nokkru í verk. Leikfélagið naut líka einstakrar góðvildar bæjarbúa og fyrirtækja sem greiddu götu þess á allan hugsanlegan máta með gjöfum og viðvikum.

Árný Leifsdóttir, ritari

Leikfélagið Grímnir

Brúðkaup Tony og Tinu

höfundur Nancy Casarov, þýðing Guðný María Jónsdóttir og María Guðmundsdóttir, leikstjóri Ólafur Jens Sigurðsson.
Þátttakendur: 43 Sýningar: 7 Áhorfendur: 250

Skýrsla stjórnar:

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 30. maí 2005 var gerð ein breyting sem var sú að Halldóra Ragnarsdóttir gaf ekki kost á sér áfram sem formaður og var Þorgrímur Vilbergsson kosinn sem næsti formaður. Eftir aðalfund kom Þórður að máli við stjórnina og baðst lausnar frá sínu embætti sökum anna sæi hann ekki fram á að geta starfað með stjórninni. Var það leyfi veitt og tók Halldóra Ragnarsdóttir hans sæti í stjórn.

Stjórnina skipa.

Þorgrímur Vilbergsson, formaður
Jón Svanur Pétursson, varaformaður
Ingveldur Eypórsdóttir, gjaldkeri
Márgrét Ásgeirsdóttir, ritari
Halldóra Ragnarsdóttir, meðstjórnandi
Erna Björg Guðmundsdóttir, varamaður
Aldís Sigurðardóttir, varamaður

Stjórnin hélt alls 9 stjórnarfundum og tvo félagsfundum. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 1. júní og var þar rætt um starf næsta árs og var þar ákveðið að taka ekki að okkur nein verkefni um sumarið eins og t.d. á 17. júní sökum þess hvað væri oft erfitt að manna þau á þessum árstíma og það væri talsverð vinna að æfa upp eitthvað prógramm. Eins var ákveðið að fara ekki af stað með leikverk fyrir en eftir áramót.

Í byrjun nóvember kom stjórnin saman til að skipuleggja skemmtiatriði á jólahlaðborði fyrir Hótel Stykkishólm og var þar ákveðið að fá til liðs við okkur söngfólk og vera með jólagasýrpu og fengum við til liðs við okkur Þórhildi Pálsdóttur, Lárus Ástmar Hannesson, Einar Strand og Jóhönnu Guðmundsdóttir sem undirleikara og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Á félagsfundum 3. nóvember, sem boðaður var til þess að gefa félagsmönnum færi á að taka þátt í að velja verkefni næsta leikárs, kom sú hugmynd að taka „Láttu ekki deigan síga Guðmundur“ og var lagt upp með það í fyrstu. Um miðjan nóvember átti ég samtalið við Ólafur Jens Sigurðsson um hvort að hann fengist til að leikstýra hjá okkur eftir áramót og tók hann strax vel í það þó að hann væri búinn að ráða sig hjá Leikfélagi Hveragerðis strax eftir áramót og vildi fá að athuga hvort að hann fengi þau ekki til að fresta þeirra uppfærslu og gekk það eftir og var hann ráðinn.

Á félagsfund þann 12. janúar komu um 18 manns og var uppistaðan af því ungt fólk úr Grunnskóla Stykkishólms og Fjölbrotarskóla Snæfellinga í Grundarfirði og var verulega ánægjulegt að fá þennan aldurshóp. Rætt var um það verkefni sem að við höfðum augastað á, en ákveðið var frá því að hverfa vegna þess að í því er eitt burðarhlutverk sem mönnum þótti ansi stórt. Voru því ræddar aðrar hugmyndir og bar þar hæst „Með fullri reisni“ voru fengin handrit með hraði úr Reykjavík og var byrjað að lesa þau yfir strax kvöldið eftir. Eftir að það fór af stað heltust nokkrir úr lestinni og var sýnt að ekki næðist að manna það verk. Var þá tekin sú ákvörðun að Ólafur færi suður og kæmi með einhverjar hugmyndir til baka. Kom hann aftur eftir tvo daga með nokkrar hugmyndir að verkum og þau sem okkur fannst helst koma til greina fyrir þennan aldurshóp voru „Strætið“ og „Brúðkaup Tony og Tinu“. Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að taka „Brúðkaup Tony og Tinu“ og þá helst fyrir þær sakir að það væri heilmikil áskorun að taka svona verk sem að byggðist að mestu upp á spuna og eins það að þetta verk kæmi til með að gefa þeim sem tækju þátt í því meira heldur en þessi hefbundnu verk eins og við höfum verið að taka.

Þann 18. janúar var svo fyrsta æfing á „Brúðkaupi Tony og Tinu“ og var æft sex daga vikunnar, 4 tíma á dag fram að frumsýningu þann 3. mars.

Alls tóku 43 þátt í sýningunni, þar af voru 21 leikari, 6 í hljómsveit og 6 aðstoðarmanneskjur. Alls urðu sýningarnar 7 en áhorfendafjöldinn var því miður ekki nema 250 manns í heildina. Þegar komið var fram fyrir páska voru nokkrir úr hópnum að fara í samræmd próf og í framhaldi af því voru komin próf í FSN, ákvað því stjórnin að ekki væri hægt að fara með þetta svona nærri prófum og þá yrði of langt liðið á vorið eftir próf.

Eins er ánægjulegt að segja frá því að hljómsveitin sem varð til í þessu verki hefur haldið áfram og er orðið þó nokkuð bókað hjá þeim í sumar við að spila við hin ýmsu tækifæri.

Það gekk ekki þrautalaust að sýna því hótelið er búið að ná til sín talsvert af ráðstefnum og árshátíðum á þessum árstíma og held ég að við höfum náð að sýna einn laugardag, annars var sýnt á föstudögum og sunnudögum. Það var ómæld sú vinna sem að við þurftum að framkvæma fyrir og eftir hverja sýningu því við urðum að taka niður sviðið, hljómsveitargræjur og leikmuni, eins þurftum við að sjá um þríf fyrir og eftir hverja einustu sýningu og fóru í þetta 8 til 10 tímar. Þetta ástand með félagsheimilismál er gjörsamlega óviðunandi og brýnt að eitthvað fari að gerast í þeim málum.

Styrki sóttum við til Lista- og menningarsjóðs, 150.000 kr., Menningarsjóðs Vesturlands 350.000 kr. og síðan á eftir að koma frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til móts við styrkinn frá Bandalagi íslenskra leikfélaga.

Þorgrímur Vilbergsson, formaður

Leikfélagið Hallvarður súgandi

Ronja ræningjadóttir

höfundur Astrid Lindgren, þýðandi Einar Njálsson, leikstjóri Elfar Logi Hannesson.

Þátttakendur: 40

Sýningar: 4

Áhorfendur: 480



Friðardúfan

Leikfélagið Sýnir

Götudans og fjöllistir

samið og leikstýrt af leikhópnum.

Þátttakendur: 25

Sýningar: 3

Áhorfendur: 30.000

Friðardúfan

höfundur Unnur Guttormsdóttir, leikstjóri Hrund Ólafsdóttir.

Þátttakendur: 6

Sýningar: 1

Áhorfendur: 150



Petta er strútur, skiluru

Leikhópurinn Lopi

Petta er strútur, skiluru

samið og leikstýrt af Magnúsi J. Magnússyni.

Þátttakendur: 21

Sýningar: 3

Áhorfendur: 210

Skógarlíf

samið og leikstýrt af Magnúsi J. Magnússyni.

Þátttakendur: 14

Sýningar: 3

Áhorfendur: 150

Skýrsla stjórnar:

Stjórn Lopa 2005–2006:

Magnús J. Magnússon, formaður

Ágústa Baldursdóttir, gjaldkeri

Íris Árný Magnúsdóttir, ritari

og í varastjórn eru Hólmgrímur E. Bragason og Ólafur M. Hauksson.

Starfsemi Leikhópsins Lopa var með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Starfsemin hófst í september með fundi. Á fundinn mættu 25 áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið.

Ákveðið var að semja leikrit frá grunni. Eftir skemmtilegt vinnuferli samdi undirritaður verkið og eftir strangar æfingar var verkið frumsýnt 30. nóvember 2005.

Sýningar voru í Mánagarði og urðu 3 talsins þar sem komið var fram í jólamánuðinn.

Í apríl 2006 vorum við beðin um að koma með leiksýningu fyrir leikskólann og hófst vinna þegar í stað. Sú sýning, Skógarlíf var síðan frumsýnd 20. maí 2006. Leikarar í þeirri sýningu voru 11.

Leikarar Leikhópsins Lopa voru virkir og ákafir allt leikárið og nú er unnið að verkefni fyrir Húmarhátíðina og kannski aðrar uppákomur!

Magnús J. Magnússon formaður.

Leikklúbburinn Krafla

Illt til afspurnar

höfundur Jóhannes Geir Einarsson, leikstjóri Linda María Ásgeirsdóttir.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 95

Geirmundur geðlæknir

höfundur Anna Kristín Kristjánsdóttir, leikstjóri Linda María Ásgeirsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 95

Afmælisgjöfin

höfundur óþekktur, leikstjóri Linda María Ásgeirsdóttir.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 95

Saga Class

höfundar Gréta Ómarsdóttir og leikhópurinn, leikstjóri Linda María Ásgeirsdóttir.
Þátttakendur: 9 Sýningar: 2 Áhorfendur: 95



Saga Class

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur Kröflu fór fram 24. janúar 2005. Að honum loknum fór í hönd undirbúningstími vegna fyrirhugaðrar sýningar um páskana. Aðalsteinn Bergdal tók að sér að vera með tvö leiklistarnámskeið. Annað var fyrir börn og unglinga en hitt fyrir fullorðna. Ágætis þátttaka var á námskeiðunum en um 20 manns tóku þátt. Námskeiðunum lauk svo á uppsetningu leikrítisins Súlan EA sem Aðasteinn B. sauð saman fyrir hópinn. Sýninguna vann hann út frá hugmyndum sem kviknuðu á námskeiðunum og á fjórlegum stjórnarfundum. Súlan EA var sýnd tvisvar sinnum í byrjun apríl og tókst með ágætum. Hana sóttu á milli 90–95 manns. Þess má geta að í byrjun mars var haldið grímuball til að fjármagna sýningu. Þangað mætti fólk í allskyns búningum og skemmtu allir sér vel. Leikárinu lauk svo með því að efnt var til pizzuveislu í Brekku þangað sem öllum sem að sýningunni stóð var boðið. Skemmtu allir sér konunglega yfir myndbandinu Súlan EA!!

Haustið 2005 fór rólega af stað en í byrjun desember fengum við styrk frá KEA sem kom okkur af stað og í febrúar fór boltinn að rúlla. Ákveðið var að setja upp nokkra einþátunga á vordögum. Eftir samlestur voru Illt til afspurnar, Geirmundur geðlæknir og Afmælisgjöfin valin ásamt því að unglíngarnir ætluðu að sjóða saman einþátung. Linda María var valin til að leikstýra hópnum. Eftir strangar æfingar (aðallega fyrir Lindu Mariu) gaus Krafla á sumardaginn fyrsta, þann 22. apríl. Sýninguna sóttu um 95 manns og að þessu sinni var gefin út leikskrá á pappír. Fyrirtæki í Hrísey styrktu leiksýninguna og fá þau bestu þakkir.

Hópurinn hittist svo í Sæborg 23. apríl til að taka niður leikmyndina en þar sem það tók ekki nema um hálfa klukkustund (og allir í stuði) var ákveðið að fara í almenna tiltekt á háalofti Sæborgar. Þar var hreinsað út, mörgu hent og tekið til.

Það er von stjórnar að Krafla sé komin til að gjósa aftur og aftur, en í ár er tilefni til að fagna, því Leikklúbburinn Krafla var stofnaður 1986. Þess má einnig geta að nú hefur Krafla hlotið inngöngu í BÍL.

Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður

Leikklúbburinn Saga

NÚNA

höfundar leikhópurinn og leikstjórinn Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 6 Áhorfendur: 130

Fyrir luktum dyrum

höfundur Jean Paul Sartre, þýðandi Ásgeir Berg Matthíasson, leikstjóri Skúli Gautason.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 7 Áhorfendur: 223



Fyrir luktum dyrum

Leikklúbburinn Spuni

Spunavision

höfundar leikhópurinn og leikstjórinn Halla Margrét Jóhannesdóttir.

Þátttakendur: 25 Sýningar: 3 Áhorfendur: 460

Skýrsla stjórnar:

Við byrjuðum vetrarstarfsemina í lok september á því að taka þátt í fjölþjóðadegi í Grevenmacher (við Mosel í Lúxemborg). Reist voru tjöld og pylsupottur fylltur af íslenskum pylsum og bakaðar voru íslenskar pönnukökur sem runnu ofaní gesti og gangandi. Mikill fjöldi meðlima Spuna tóku þátt í afgreiðslu og var þetta mikið gaman.

Næsta og langstærsta verkefni ársins var svo undirbúningur að sýningunni „Spunavision“ sem sýnd var, eins og vera ber, á Þorralóti Félags Íslendinga í Lúxemborg. Leikstýra verksins var Halla Margrét Jóhannesdóttir. Hljómsveitin Spunabandið var endurvakið undir forystu Hermanns Braga Reynissonar.

Efnisöflun og slúður-umleitanir í revíuna okkar hófust í október með reglulegum samningarfundum. Í byrjun janúar mætti leikstýran okkar, Halla Margrét og þreyfingar hófust á því efni sem fyrir lá. Hún dvaldi í 10 daga en fór þá til Íslands að sinna öðrum verkefnum. Á meðan reyndi hópurinn að æfa það sem komið var í handritið. Tveimur vikum fyrir frumsýningu mætti Halla Margrét aftur og æfingar urðu strembnar!

12 leik-endur trítluðu um sviðið, 7 söng-endur bættust í hópinn og spil-endur voru 6. Og ekki má gleyma ljósa-, hljóðmönnum og örum hjálparhellum.

Sýningar voru þrjár og aðalsýningin var 12. febrúar 2006.

Spuni er í hvíld þar til tekur að hausta en þá byrjum við aftur að nýju.

Bryndís Björk Kristjánsdóttir, formaður



Litli Kláus og stóri Kláus

Leiklistarfélag Seltjarnarness

Litli Kláus og stóri Kláus

höfundur Lisa Tetzner, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 18 Sýningar: 6 Áhorfendur: 500

Skýrsla stjórnar:

Haldinn var stjórnarfundur snemma í haust þar sem ákveðið var að hefja leikárið á stuttu námskeiði og var það haldið undir handleiðslu Bjarna Ingvarssonar í janúar og febrúar.

Alltaf bætast einhverjir í hópinn þegar við höfum haldið þessi námskeið og í ár var engin undatekning á því, bættust nokkrir hressir í hópinn og bjóðum við þau velkomin vonandi til að vera áfram.

Í lok námskeiðis var ákveðið að ráðast í uppsetningu á fjölskyldustykkinu „Litli Kláus og Stóri Kláus“, enn og aftur undir öruggri leikstjórn Bjarna Ingvarssonar.

Eins og fyrri ár lögðu leikarar hart að sér við æfingar og alla vinnu sem fylgir því að setja upp leiksýningu, þótti leiksýningin og leikmynd takast vel hjá okkur. Það má alltaf gera betur og þyrftum við að vinna í því að bæta tækjakost Félagsheimilisins á Seltjarnarnesi.

Rúmlega 500 manns koma á sýningarnar og fóru allir ánægðir út eftir bestu vitund.

Þann 6. og 7. maí tókum við að okkur að halda Aðalfund BÍL. Vitum við ekki annað en að allir hafi verið ánægðir með aðstæður og fundarhald. Það var mjög gaman að vinna að undirbúningi þessa fundar og heiður að fá að halda hann.

Ljúkum við nú okkar 8. leikári, göngum út í sumarið og sjáum hvað næsta leikár ber í skauti sér.

Takk fyrir skemmtilegt leikár kærri leikfélagar!

Jóhanna Ástvaldsdóttir, formaður

Reykvíska listaleikhúsið

Penetreitor

höfundur Anthony Neilson, þýðandi Vignir Rafn Valþórsson, leikstjóri Kristín Eysteinsdóttir.

Þátttakendur: 3

Sýningar: 12

Áhorfendur: 360

Skagaleikflokkurinn

Hlutskipti

höfundur Kristján Kristjánsson, leikstjóri Inga Bjarnason.

Þátttakendur: 30

Sýningar: 10

Áhorfendur: 290

Skýrsla stjórnar:

Stjórn Skagaleikflokksins er þannig skipuð:

Formaður, Bjarni Gunnarsson

Varaformaður, Steinunn Ása Björnsdóttir

Gjaldkeri, Sigríður Birgisdóttir

Ritari, Erla Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi, Valgeir Sigurðsson

Til vara, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir

Til vara, Þórdís Ingibjartsdóttir

Til vara, Þór Bínó Friðriksson

Verkefni ársins:

Júlí: Samstarf við vinnuskólann, 15 unglingar unnu við undirbúning götuleikhúss undir stjórn eldri félaga. Þeir skemmtu svo á Írskum dögum.

September–október: Boðið upp á námskeið fyrir 9–12 ára. Opið hús á laugardögum f. sama aldur.

Nóvember: Vökudagar. Klukkustundar skemmtidagskrá f. börn (Lilli klifurmús og félagar). Fiskur handa fjórum (leiklestur).

Desember: Jólasveinar á ferli

Febrúar: Trúðar skemmtu börnum á öskudaginn. Æfingar á „Hlutskipti“ hefjast.

Apríl: Frumsýning á „Hlutskipti“.

Félagið hefur haft aðsetur að Suðurgötu 126 með stuðningi Akranesbæjar sem leigir húsnæðið. Það hefur nú verið selt, en vonir standa til að við fáum inni í svipuðu húsnæði alveg á næstunni. Flutningar eru því enn einu sinni yfirvofandi.

Aðalfundi, sem vera átti í maí, hefur verið frestað til haustsins af ýmsum ástæðum.

Fyrir hönd stjórnar, Guðbjörg Árnadóttir.

Snúður og Snælda, Reykjavík

Glæpir og góðverk

höfundur Anton Delmer, þýðing og leikgerð Sigrún Valbergisdóttir, leikstjóri

Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 18

Sýningar: 15

Áhorfendur: 438



Hlutskipti



Glæpir og góðverk

Sólheimaleikhúsið

Vatnsberarnir

höfundur Herdís Egilsdóttir, leikstjóri Ólöf Sverrisdóttir.

Þátttakendur: 31

Sýningar: 5

Áhorfendur: 279



Animanína

Stúdentaleikhúsið

Animanína

eftir leikhópin og leikstjórnann Víking Kristjánsson.

Þátttakendur: 29

Sýningar: 9

Áhorfendur: 350

Blóðberg

höfundur Paul Thomas Andersson, þýðandi og leikstjóri Agnar Jón Egilsson.

Þátttakendur: 31

Sýningar: 9

Áhorfendur: 200



Blessað barnalám

Umf. Biskupstungna, leikdeild

Blessað barnalám

höfundur Kjartan Ragnarsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Þátttakendur: 12

Sýningar: 14

Áhorfendur: 1150

Skýrsla stjórnar:

Stjórnina skipa:

Hólmfríður Bjarnadóttir, formaður

Guðný Rósa Magnúsdóttir, gjaldkeri

Egill Jónasson, ritari

Leikdeild Umf. Biskupstungna setur upp leikrit annað hvert ár. Að þessu sinni settum við upp leikritið Blessað barnalám eftir Kjartan Ragnarsson. Æfingar hófust upp úr áramótum og gengu þær vel. Gunnar Björn Guðmundsson, okkar frábæri leikstjóri, sá um að allt færi eins og það átti að fara. Frumsýning var 23. febrúar. Alls sýndum við 14 sinnum. Aðsókn fór fram úr björtustu vonum, okkur telst til að um 1150 manns hafi séð uppsetninguna. Sýnt var í Félagsheimilinu Aratungu en á undan leiksýningum buðum við upp á léttan leikhúsmatseðil á Kaffi Kletti sem er í næsta nágrenni við Aratungu. Félagar í leikfélaginu sáu um matinn og alla framreiðslu.

Það ár sem ekki er sett upp leikrit er lítil starfsemi, en undanfarin ár höfum við tekið þátt í menningarkvöldum sem haldin eru í desembermánuði á Kaffi Kletti.

Hólmfríður Bjarnadóttir, formaður



Sveik í síðari heimsstyrjöldinni

Umf. Dagrenning, leikdeild

Sveik í síðari heimsstyrjöldinni

höfundur Bertolt Brecht, þýðendur Þorsteinn Þorsteinsson og Þórarinn Eldjárn, leikstjóri Stefán Sturla Sigurjónsson.

Þátttakendur: 26

Sýningar: 9

Áhorfendur: 598

Skýrsla stjórnar:

Sá er okkar siður í leikdeild Dagrenningar að gera sem minnst annað árið en vinna þeim mun betur hitt árið. Þetta árið var að því komið að gera eitthvað. Fyrir valinu varð að setja upp leikritið „Sveik í síðari heimsstyrjöldinni“ eftir Bertolt Brecht, í þýðingu Þorsteins Þorsteinssonar og Þórarins Eldjárns.

Leikstjóri var ráðinn Stefán Sturla Sigurjónsson. Æfingar hófust seint í febrúar og frumsýnt var 31. mars. Sýningar urðu alls 9 og undirtektir ágætar. Vert er að geta þess að mikil ánægja ríkti með samstarfið við Stefán Sturlu og höldum við raunar að það hafi verið gagnkvæmt.

Leikdeildin er angi af ungmennafélaginu Dagrenningu sem starfar í Lundarreykjadalnum. Þetta er lítið samfélag og virkir félagar ekki margir. Þegar ráðist er í sæmilega viðamikil verkefni neyðumst við því til að leita út fyrir sveitina eftir aðstoð. Ævinlega bregðast einhverjir vel við og gera okkur þetta mögulegt, fyrir það ber að þakka. Ungmennafélagið á félagsheimilið í Brautartungu og hefur leikdeildin það nánast til frjálsra afnota þegar á þarf að halda. Slíkt er lúxus jafnvel þótt húsið uppfylli ekki alltaf ýtrustu kröfur.

Stjórn leikdeildar skipa nú Jón Gíslason, formaður, Ágústa Þorvaldsdóttir og Þór Þorsteinsson.

Jón Gíslason, formaður

Myndir úr sýningum leikársins



Hugleikur, Jólævintýrið



Leikfélag Hafnarfjarðar, Hodja frá Þjort



Leikfélag Kópavogs, Það grær áður en ...



Skagaleikflokkurinn, Hlutskipti



Leikfélag Sauðárkróks, Með vífið í lúkunum



Leikfélag Vestmannaeyja, Skilaboðaskjóðan



Snúður og Snælda, Glæpir og góðverk



Dagrenning, Sveyk í síðari heimsstyrjöldinni

Tréhausinn 2006

Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason veita þessa eftirsóttu viðurkenningu í fjórða sinn, nú fyrir leikárið 2005–2006

Tréhaus Þorgeirs:

Af ýmsum ástæðum sá ég óvenju fáar áhugaleiksyningar í ár. Engu að síður vil ég halda uppi merkjum þess sem vel er gert og veita Tréhaus þeim sem hann verðskulda að mínu mati. Að vanda eru syningar Hugleiks undanskyldar í mínu vali.



Þorgeir Tryggvason

Sýning ársins

Íslenski fjölskyldusirkusinn
Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð

Ein merkilegasta sýning leikársins burtséð frá öllum skilgreiningum á atvinnu- og áhugamönnum. Nærgöngul, efnisrík, frumleg og kraftmikil athugun á gangverkinu í samskiptum fólks. Augljósir sirkushnökrarnir gerðu ekkert annað en að varpa skýrara ljósi á jafn augljósa leikhúskostina. Lífrænt leikhús með erindi.

Tvær aðrar í sérflokki:

A.L.F – Andspyrnuhreyfing ljóta fólksins hjá Leikfélagi Kópavogs var fantavel unnin sýning og morðskemmtileg. Það sama má segja um Tvo tvöfalda hjá Leikfélagi Húsavíkur sem er liprasta og best heppnaða farsauppfærsla sem ég hef séð hjá áhugaleikfélagi.

Leikstjóri ársins

Sigrún Sól Ólafsdóttir
Íslenski fjölskyldusirkusinn

Umfang og ögun stjórnleysisins í fjölskyldusirkusnum dygði Sól til sigurs hér, en dyptin sem hún framkallaði í sálfræðilegu raunsæi innan í snjölum stílfærðum rammanum sem sirkusinn

bjó til tekur af öll tvímæli. Beint í mark.

Að auki verður að nefna Odd Bjarna Þorkelsson fyrir að stýra hinni gríðarflóknu A.L.F í mark og Maríu Sigurðardóttur fyrir að treysta efniviðnum svona vel í Tveimur tvöföldum. Þá þótti mér Laufey Brá Jónsdóttir ná býsna langt með Nunnulífið í Vestmannaeyjum.

Nýtt handrit ársins

Hin endanlega hamingja
Lárus Vilhjálmsson, Leikfélag Hafnarfjarðar

Lipurt og sniðugt leikrit frá Lárusi sem sýndi vald hans á leikritunarforminu og var grunnur að ansi hreint snyrtilegri sýningu hjá þeim göbblurum.

Önnur góð voru A.L.F. þar sem hver yndislegi sketsinn rak annan þó heildarmyndin væri kannski dálítið skökk, og svo að sjálfsgöðu Fjölskyldusirkusinn.

Karleikari í aðalhlutverki

Hjálmar Bogi Hafliðason
Tveir tvöfaldir, Leikfélag Húsavíkur

Mynd Hjálmars Boga af sakleysingja í vökumartröð farsans er toppurinn í ár. Frábær frammistaða, ekki hvað síst vegna þess að hún var látlaus og einlæg þrátt fyrir formið og tækniröfur þess.

Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson átti líka stjórnuleik sem hinn klaufski dr. Kelimann í A.L.F. og Þröstur Ólafsson verður alltaf hinn eini rétti Matthías fyrir mér, tröll með barnshjarta á réttum stað, í Ronju ræningjadóttur hjá Hallvarði Súganda. Þá vafðist kómikín í sr. Benedikt ekki fyrir Agli Jónassyni í Blessuðu Barnaláni hjá Umf. Biskupstungna.

Leikkona í aðalhlutverki

Hera Hilmarsdóttir
Íslenski fjölskyldusirkusinn, Leikfélag MH

Hera skapaði tvær gerólíkar persónur í sýningunni, og beitti algerlega andstæðum aðferðum við túlkun þeirra. Misnotaða stúlkan hennar var nánast óbærilega innlifðu, svo mikið var tilfinningalegt örlæti leikkonunnar í hlutverkinu. Logi ljósa- maður var hinsvegar dásamleg skopmynd af einfaldningi með skýrum og einföldum dráttum. Og snart mann ekki síður.

Atriðið með Loga og sirkusstjóranum er eitt fallegasta og eftirminnilegasta augnablik leikársins. Leggið nafn þessarar leikkonu á minnið.

Aðrar finar: Hrefna Clausen í titilhutverkinu í Geirprúður svarar fyrir sig hjá Leikfélagi Selfoss á Margt Smátt og Sigríður Eir Zophoníasdóttir sem sirkusstjórinn í Fjölskyldusirkusnum.

Karleikari í aukahlutverki

Sigsteinn Sigurbergsson
A.L.F., Leikfélag Kópavogs

Skeini líkvinnslustjóri var yndisleg týpa hjá Sigsteini, hæfilega ógeðslegur og afar skýrt mótaður. Týpugerðin var reyndar aðal sýningarinnar í heild og Steina er velkomið að gefa félögum sínum af hausnum.

Hilmar Valur Gunnarsson var líka ákaflega sannfærandi sem fótbrotni kokkállinn í Tveim tvöföldum

Leikkona í aukahlutverki

Nunnuskarinn í Nunnulífi
Leikfélag Vestmannaeyja og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.

Frábær samleikur og yndisleg nærvera einkenndi þennan brúðarskara Jesúss og deila þær vafalaust tréhausum af systurlegri og kristilegri eindrægni.

Aftur er það fatlafól sem fær tilnefningu: Bína á löppinni var alveg geyphlægileg hjá Guðnýju Rósu Magnúsdóttur í Blessuðu Barnaláni. Að ógleymdri Hrefnu Clausen í niðursetningshlutverki í Þuríði og Kambráninu hjá Leikfélagi Selfoss.

Umgjörð ársins

Finnbogi Erlendsson, Margrét Sverrisdóttir, Oddur Bjarni Þorkelsson og leikhópurinn
A.L.F. hjá Leikfélagi Kópavogs

Frábærlega hugmyndaþing leikmynd og óaðfinnanlega subbullegt lúkk á öllum hlutum. Sérstakt hrós fyrir leikmunavinnu.

Fimm aðrar góðar leikmyndir: Tveir Tvöfaldir og Blessað barnalán voru vel útfærðar og raunsæjar, Hin endanlega hamingja stílhrein og alltumlykjandi og rýmisnýtingin og andrúmsloftið í hráslaganum í Héðinshúsinu var meistaralega nýtt í Fjölskyldusirkusnum. Þá var mikil stemming og snjallar lausnir í Þuríði og Kambráninu.

Hljóðmynd/tónlist ársins

Helgi Rafn Ingvarsson
Íslenski fjölskyldusirkusinn

Mjög yfirgripsmikil stemmingsmússík og flottur kórsöngur áttu stóran þátt í áhrifamætti þessarar mögnuðu sýningar. Þroskað verk hjá ungum manni – besta frammistaða Idolstjörnu hingað til.

Og svo verður að nefna hið hnökralausa nemendaband sem sá um lifandi undirleik í Jesus Christ Superstar hjá LMA og VMA á Akureyri, og Eyþór Inga Gunnlaugsson sem lék sér að þungarokksstílnum í titilhutverkinu.

Það sem ég sá:

A.L.F. – Andspyrnuhreyfing ljóta fólksins – Leikfélag Kópavogs
Blessað barnalán – Leikdeild Umf. Biskupstungna
Dans – Leikfélag Kópavogs
Hárið – Menntaskólinn á Egilsstöðum
Hin endanlega hamingja – Leikfélag Hafnarfjarðar
Íslenski fjölskyldusirkusinn – Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlöð
Jesus Christ Superstar – Leikfélag Menntaskólans á Akureyri og Leikfélag Verkmenntaskólans á Akureyri
Margt smátt – Ýmis leikfélög
Nunnulíf – Leikfélag Vestmannaeyja og framhaldsskóli Vestmannaeyja
Ronja ræningjadóttir – Leikfélagið Hallvarður súgandi
Rósinkrans og Gullinstjarna eru dauðir – Stúdentaleikhúsið
Sister Act – Leikfélag Fjölbrotaskólans í Garðabæ
Sódóma – Thelía, leikfélag Menntaskólans við Sund
Það grær áður en þú giftir þig – Leikfélag Kópavogs
Þrek og tár – Leikfélag Hveragerðis
Trainspotting – Leikfélag Keflavíkur
Tveir tvöfaldir – Leikfélag Húsavíkur
Þuríður og Kambránið – Leikfélag Selfoss



Sigrún Sól Ólafsdóttir er leikstjóri ársins að mati Þorgeirs



Lárus Vilhjálmsson á handrit ársins að mati Þorgeirs

Tréhaus Hrundar:

Hrund Ólafsdóttir

Heiðurstréhausinn

Hugleikur
Fyrir kraft, þor og frumsköpun

Sýning ársins

Hugleikur – Systur
í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar

Sýningin var vönduð og áhrifamikil með mjög vel skrifuðu handriti og stjórnuleik. Íslenski fjölskyldusirkusinn hjá Leikfélagi Menntaskólans við Hamrahlíð í leikstjórn Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur kom einnig sterklega til greina en líka hin látlausa leiksýning Fyrir luktum dyrum hjá Leikklúbbnum Sögu og Heimspeki og menningarfélagi Menntaskólans á Akureyri og var það Skúli Gautason sem leikstýrði.

Leikstjóri ársins

Sigrún Sól Ólafsdóttir,
Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð – Íslenski fjölskyldu-
sirkusinn

Leiksýningin var gríðarlega mannmörg, viðamikil, margþætt, skrautleg, áhrifamikil og skemmtileg en mest um vert var að sjá fjölbreytt persónugalleríð túlkað svo djúpt af svo ungum leikurum auk þess sem kynngimagnaður texti verksins var spenninn á æfingatímanum. Eftirfarandi leikstjórar koma fast á hæla Sigrúnar Sólar: Þorgeir Tryggvason fyrir Systur; Skúli Gautason fyrir Fyrir

luktum dyrum; Inga Bjarnason fyrir Hlutskipti; Sunna Borg fyrir Blessað barnalán og Kardemommubæinn; Guðjón Þorsteinn Pálmarsson fyrir Núna; Ármann Guðmundsson fyrir Hodja frá Port; Hörður Sigurðarson fyrir Gauragang; Jón Stefán Kristjánsson fyrir Puríði og Kambsránið og Pröstur Guðbjartsson fyrir Með vífið í lúkunum.

Leikskáld ársins

Þórunn Guðmundsdóttir
Hugleikur – Systur

Leikritið er afar vel skrifað, með sterkri uppbyggingu, sálfræðiflækjum, húmor, spennu og samfélagsrýni. Þessi leikskáld fylgja Þórunni kappsamlega eftir: Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson fyrir Puríði og Kambsránið; Kristján Kristjánsson fyrir Hlutskipti og Lárus Vilhjálmsson fyrir Hina endanlega hamingju.

Umjörð ársins

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð
Íslenski fjölskyldusirkusinn

Það var óvenjulegt og áhrifamikið að sjá sýninguna í risastórri skemmu með mikilli lofthæð og hráslagalegu umhverfi ásamt framandi og jafnframt fagurri tónlistinni en einnig ásamt lýsingunni sem lék um hugmyndir leikstjórans og hönnuða búninga, leikmuna og sviðs. Í eftirfarandi sýningum mátti einnig sjá frumlegar og áhrifamiklar umgjarðir: Puríður og Kambsránið; Hin endanlega hamingja; Hodja frá Port; Birtingur; Kardemommubærinn og Hlutskipti.

Leikgerð ársins

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason
Hugleikur – Jólævintýri Hugleiks

Það var skemmtilega krassandi að upplifa hvað það virðist liggja beint við að láta þessa frægu sögu Dickens gerast í heimóttarlegri sveit á Íslandi á tímum lopa og kertaljöss með tilheyrandi draugum úr menningarsögu okkar. Sigrún Valbergsdóttir gerði einnig fjarska góða leikgerð eða aðlögun að Glæpum og góðverkum hjá Snúð og Snældu.

Þýðing ársins

Ásgeir Berg Matthíasson
Leikklúbburinn Saga og Heimspeki- og menningarfélag MA
Fyrir luktum dyrum

Ungur maður tekur sig til og þýðir eitt af meginverkum heimsbókmenntanna. Honum ferst verkið svo vel úr hendi að ekki er hnotið um eitt orð.

Tónlist ársins

Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason
Hugleikur – Jólævintýri Hugleiks
Tónlist og textar voru blanda af fyndni og fegurð, væmni og hrekjum; sérstaklega áheyrilegt.

Þessar sýningar komu líka feikna sterkt inn í tónlistinni: Bibí og blakan; Íslenski fjölskyldusirkusinn; Kardemommubærinn og Gauragangur.

Leikkona ársins í aðalhlutverki

*Hulda B. Hákonardóttir og Júlía Hannam
Hugleikur – Systur*

Bæði Hulda og Júlía sýndu mjög vel hin mörgu og flóknu lög samskipta í fjölskyldum þegar afneitun, sektarkennd, samstaða, ást og hatur mynda suðupott sem enginn utanaðkomandi botnar í. Leikur beggja var glæsilegur en persónurnar afar ólíkar.

Góðar leikkonur var víða að finna í vetur en þessar hér vöktu sérstaka athygli mína í stórum hlutverkum: Sigríður Eir Zophoníasardóttir í Íslenska fjölskyldusirkusnum; Lilja Guðmundsdóttir og Jóhanna V. Höskuldsdóttir í Fyrir luktum dyrum; Guðbjörg Árnadóttir í Hlutskipti og Silja Björk Huldudóttir í Bibí og blakan.

Leikari ársins í aðalhlutverki

*Ævar Örn Benediktsson
Leikklúbburinn Saga og Heimspeki- og menningarfélag MA
Fyrir luktum dyrum*

Það var mjög áhugavert að sjá rúmlega tvítugan mann leika fullorðinn, þroskaðan einstakling sem hefur lifað erfiða tíma, þarf að horfast í augu við eigin gjörðir og viðurkenna dýpri sannleika en flestir menn horfast í augu við á lífsleiðinni. Þessir karlar eru líka eftirminnilegir: Halldór Magnússon í Hinni endanlegu hamingju; Arnar Símonarson í Blessuðu barnaláni; Guðbrandur J. Guðbrandsson í Með vífið í lúkunum og Elvar Bragi Kristjánsson í Gauragangi.

Leikkona ársins í aukahlutverki

*Hera Hilmarsdóttir
Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð
Íslenski fjölskyldusirkusinn*

Það er alltaf spurning með aðal- og aukahlutverkin, hvort er hvað, en hvað um það: Hera var ómótstæðilega myndin sem trúðurinn Logi ljósamaður, kallandi á viðurkenningu annarra en hún snart einnig djúpan streng sem unglingsstúlkan bjarta þegar faðirinn eyðileggur líf hennar. Afbragðstúlkun tveggja ólíkra persóna sem birtu þó báðar brot af eilífum sannleika. Nokkrar góðar og efnilegar eru herna líka: Gró Einarsdóttir og Einhildur Gunnarsdóttir í Íslenska fjölskyldusirkusnum; Elísabet Indra Ragnarsdóttir í Systur; Nanna Vilhelmsdóttir í Jóláævintýri Hugleiks; Þórdís Ingibjartsdóttir í Hlutskipti og Hrefna Clausen í Puríði og Kambráinu.

Leikari ársins í aukahlutverki

*Björn Sigfinnsson
Leikfélag Hornafjarðar, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu
Gauragangur*

Björn var geysilega myndinn í hlutverki Gumma Gumm leikfímikennara sem var alltaf svo einlæglega hissa og pirraður á

unglingunum Ormi og Ranúri að það er líklega ekki hægt að gera betur í að sýna þessa vel skrifuðu stereótýpu hjá Ólafi Hauki.

Klárlega góðir karleikarar í stórum og litlum hlutverkum voru eftirfarandi: Vignir Kjartansson í Með vífið í lúkunum; Sigurður Kr. Sigurðsson í Gauragangi; Jón Geir Jóhannsson í Jóláævintýri Hugleiks og Gíslí Baldvin Gunnsteinsson í Hlutskipti.

Fyndnustu sýningarnar

*Blessað barnalán – Leikfélag Dalvíkur, leikstjóri: Sunna Borg
Með vífið í lúkunum – Leikfélag Sauðárkróks, leikstjóri: Pröstur
Guðbjartsson*

Það er svo gott að fara í leikhúsið og hlæja að endalausum misskilningi ef leikstjórnir hafa unnið vel með leikurunum sínum. Verkin eru líka mjög vel skrifuð en Bibí og blakan hjá Hugleik í leikstjórn hópsins er það líka, bara öðruvísi fyndið en hin tvö; það er Hugleikst fyndið frá upphafi til enda!

Hrund sá þessar sýningar:

*Félag flóna – Dauði og jarðarber
Hugleikur – Þetta mánaðarlega (október)
Studentaleikhúsið – Blóðberg
Leikfélag Hveragerðis – Ástir liggja til allra átta
Listafélag Verslunarskóla Íslands – Guð og Tarantínó
Leikfélag Mosfellssveitar – 4 einþáttungar
Leikfélag Hafnarfjarðar – Hin endanlega hamingja
Leikfélag Kópavogs – Það grær áður en þú giftir þig
Hugleikur – Jóláævintýri Hugleiks
Hugleikur – Bibí og blakan
Verslunarskóli Íslands – Á tjá og tundri
Snúður og Snælda – Glæpir og góðverk
Herranótt MR – Birtingur
Hugleikur – Þetta mánaðarlega (mars)
Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð – Íslenski fjölskyldusirkusinn
Leikfélag Hornafjarðar, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu – Gauragangur
Leikfélag Hafnarfjarðar – Hodja frá Þjort
Leikfélag Keflavíkur og Vox Arena – Keflavík, Ísland, alheimurinn eða mamma þín
Freyvangsleikhúsið – Kardemommubærinn
Leikfélag Mosfellssveitar – Í beinni
Hugleikur – Lán í óláni
Halaleikhópurinn – Pókók
Leikfélag Selfoss – Puríður og Kambránið
Ungmennafélagið Dagrenning – Sveyk, skopleg stríðsádeila
Leikfélag Ölfuss – Ég elska alla
Leikfélag Dalvíkur – Blessað barnalán
Leikfélag Sauðárkróks – Með vífið í lúkunum
Studentaleikhúsið – Anímanína
Hugleikur – Systur
Skagaleikflokkurinn – Hlutskipti
Leikfélag Hólmavíkur – Fiskar á þurru landi
Leikklúbburinn Saga – Núna
Leikklúbburinn Saga og Heimspeki- og menningarfélag MA – Fyrir luktum dyrum
Leikfélag Kópavogs – Alf*

IATA-hátíð í Mónako

Dagbók frá leikferð Hugleiks með verkið „Undir hamrinum“ á leiklistarhátíð IATA í furstadæminu Mónako, áður birt á vefnum www.hugleikur.is.

26/7 2005 – Hana þá! Nú byrjum við.

Það er staðföst ætlun okkar Hugleiksmanna að hrista af okkur slyðruorðið sem slæleg frammistaða í dagbókarskrifum hefur smurt á okkur. Við byrjum núna!

Það eru reyndar nokkrar klukkustundir þar til við leggjum í hann, en undirbúningur er hinsvegar á lokasprettinum. Æfingar voru teknar með trucki og lauk í gærkveldi með rennsli fyrir nokkra vini og ættingja. Það tókst ágætlega, og sérstaka ánægju vakti að við vorum komin vel niður fyrir 60 mínútna hámarkið sem ku vera framfylgt af miklu offorsi á þessari hátíð.

(Þau okkar sem hafa setið undir 2,5 klst löngum dönskum sýningum varpa öndinni léttar).

Að loknu rennsli var leikmyndinni pakkað inn í svarta akrýldúkinn sem enn er til ómælt magn af síðan Anna Stína og Unnur skrifuðu Ég bera menn sá og létu koma eldgos. Og svo er að pakka fyrir sjálfan sig. Það verður auðvelt því eftir verðurfregnum að dæma verður ekki hægt að vera í fötum nema að litlu leyti.

Hátíðarprógrammið hefur líka verið grandskoðað. Að því best verður séð er mússíkleikhús áberandi á dagskránni. Söngleik-ir frá Tacoma – USA, Cardiff og Svíþjóð og örugglega víðar að. Þá verður spennandi að sjá loksins kínverska óperu. Það er enginn annar en „Hugleiksvinurinn“ dr. Chua Soo Pong (framburður að smekk hvers og eins) sem mun mæta með óperústúdíóið sitt frá Singapúr og verða það eflaust fagnaðarfundir, en eins og margir vita þá varð okkur vel til vana í fyrstu utanferð Hugleiks í Harstad í Noregi 1998, svo vel reyndar að lengi var unnið að því að koma á samstarfi, fá doktorinn til að gera kínaóperuversjón af Skugga-Sveini. Árni Hjartarson var drifkrafturinn í þessum áformum og reyndar ekki vitað til að hann sé formlega fallin frá áætluninni.

Svo er auðvitað mestur spenningurinn að sjá „exótísku“ löndin: Kamerún og Benín, Níkaragúa og Japan svo nokkuð sé nefnt. Svo eru þau kannski bara að rembast við að vera vestræn – jafnvel norsk. Hvað veit maður?

En þetta kemur nú allt í ljós. Fyrst er að koma sér á staðinn. Meira um það á morgun – vonandi.

Porgeir Tryggvason

27/7 2005

Jæja þá, komin á staðinn, eftir laaaaangan dag, og allir með þó ekki hefði það lítið vel út til að byrja með. Ég ætlaði sko aldeilis að vera á réttum tíma núna eftir að hafa látið bíða vel eftir mér í fyrra, sem sagt mætt hjá leikstjóranum á mínúttunni og á góðum tíma á BSÍ en, æ, æ, passinn heima. Ég þakka lögreglunni fyrir að hafa ekki verið á ferli á leiðinni Breiðhol-BSÍ í nótt ;)

Nú, við komumst semsé í Leifsstöð en þá – Hjalti ruglaðist víst eitthvað aðeins á dögum og átti bókað daginn eftir til London, hmmm, í stuttu máli sagt þá komumst við ÖLL til London þótt dýrara hafi það verið fyrir suma.

Nú, á Stansted þurftum við að bíða í 6 klukkutíma en það var svo sem lítið mál þar sem þeir selja ágætis öl á vellinum. Tíminn leið barasta allt of hratt og nema hvað, á síðustu stundu uppgötvaðist að við vorum á íslenskum tíma og flugvélin að fara eftir örtíma - við rétt náðum vélinni, ekki eins og við hefðum verið að bíða í flugstöðinni, hmmm.

Dásamleg hitamolla og pálmatré tóku á móti okkur í flugstöðinni, leikstjóranum til mikillar gleði, og svo var keyrt til Mónako þar sem tekið var á móti okkur með flugeldum og vini. Við nátt'lega alveg með það á hreinu að flugeldarnir væru bara fyrir okkur – en það var víst einhver heimsmeistarkeppni í flugeldauppskoti. En dagurinn var örugglega valinn fyrir okkur...!

Nú, við vorum rifin út úr rútunni í móttöku og myndatöku, mjög mygluð myndataka og ég held að sumir hafi verið mjög svekktir að hafa ekki náð að púðra á sér nefið, ég meina maður veit sko aldrei hvenær maður rekst á Albert.

Mónako var æðisleg í myrkrinu og nú er bara að bíða og sjá hvaða ævintýri bíða okkar.

Sigríður Birna Valsdóttir

28/7 2005

Jæja félagar. Þá er liðinn fyrsti heili dagurinn í þessum brekkubæ suðursins, Mónako.

„Þegar jeg vaghnaði um morguninn og enginn kom inn til mín“ – þá var skroppið í labbitúr um hæðirnar og helstu kennileiti könnuð, sem og ógrynni björglasabotna. Höllin og smábátahöfnin reyndust stærri en við þekkjum í Reykjavíkinni og jeg komst að því að spilavítin eru aðeins fyrir úlfalda, en ekki sauðsvartan mývarginn eins og okkur.

Þegar á leið daginn og menn orðnir lúnir af hita, svita, raka og Mónkóiskri velmegun, var farið að huga að menningunni, sem samanstóð af sýningum frá Slóveníu, Ítalíu og í staðinn fyrir sótsvartan húmor frá Kamerún fengum við gleðileik frá heimamönnum. Í sem stystu máli sagt byrjaði hátíðin herfilega, (en engu að síður á góðum svefni) og dagurinn endaði í magakrampa vegna gleðiláta og sprells. Vissi jeg ekki að leyndir afkomendur Reiners fursta gætu verið svona skemmtilegir. Hús Bernhörðu Alba í flutningi slóðanna frá Slóveníu reyndist vera hið besta svefnmeðal, en jeg var samt engu að síður dreginn afsíðis og spurður spjörunum úr um sýninguna, og meðan jeg nuddaði stýrnarnar úr augunum laug jeg að spyrlinum og tókuliði hans í svefnrofnum, allslags þvælu um guð má vita hvað.

Næsta sýning var öllu skárri og kom hún úr smiðju ítalska leikhópsins frá Veróna. Ætla jeg ekki að hafa nafn verksins

eftir hér, en þar er minnst á þjón og patrónu held jeg. Var þar í gangi ærslafullur grimuleikur af bestu gerð og skemmti jeg mér hið besta, enda úthvildur eftir hvíldina hjá Ölbu. Að lokum áttu Kamerúnar að stíga á stökk, en hvort þeir hafi orðið fyrir ljónum veit jeg ekki, en alla veganna komu þeir ekki. Í staðinn hlupu í skarðið Studio de Monaco og skelltu upp glæsilegri sýningu í anda „Allir á svið“ og gersamlega ærðu salinn með gamanleik sínum. Þeir fá fullt hús stíga hjá mér og gæti jeg þusað lengi um sýninguna, en það eru allir að sofna hérna í kring um mig, þannig að jeg kveð á orðunum; Sjaldan hafa jafn fáir leikið jafn illa, jafn vel á jafn skömmum tíma. Lifið heil.

Jón Örn Bergsson

29/7 2005

Stóri dagurinn hófst með áfallalaus rennsli áður en haldið var í leikhúsið, þar sem við fengum heila tvo og hálfan tíma til að gera allt klárt. Stressið var næstum yfirþyrmandi. Kári skipaði mönnum í bak og fyrir og Ágústa fór alveg á handahlaupum.

Sýningin sjálf gekk glimrandi vel eins og við var að búast. Einn flekinn (sá stærsti) var næstum dottinn fram sökum þess að einhver rak sig í hann í innkomu en Ármann sýndi snarræði og greip í hann og forðaði þar með katastrófu. Ég sat úti í sal og tók ekki eftir neinu. Salurinn var fullur, allir a.m.k. brosandir og litlu japönsku stelpurnar fyrir framan okkur tístu í hvert sinn sem Sigga Birna „gekk“ á svið. Að sjálfsgöngu fengum við gífurlegt klapp í lokin og voru sumir svo hrifnir að þeir ætla að mæta aftur á morgun.

Þýska sýningin var næst, Ódysseifskviða. Mjög kóreógrafískt flott sýning og mikil læti í ákaft börðum tunnum. Strákarnir voru geipilega flott vaxnir og var unun að horfa á það.

Danska sýningin var Dario Fo. Þeir sem vita hvernig hugmyndir Danir hafa um leikhús vita hvernig sýningin hefur verið og vil ég hafa minnst orð um hana.

Kvöldinu lauk með skemmtun í hátíðarklúbbnum þar sem sex bleikar dansandi pabbapulsur sungu slóvensk vögguljóð eða eitthvað álíka hugljúft. Frekar súrrealískt. Bestu kveðjur frá Mónakó.

Hildur Þórðardóttir

30/7 2005

Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör. Þetta var ekki tilfellið á gagnrýni, eða öllu heldur umræðufundi dagsins. Hópurinn sat þar undir mjög jákvæðum orðum umræðustjóranna og svaraði þeirra spurningum af bestu samvisku og komumst við að því að fólk skildi okkur almennt vel.

Ég fór svo ásamt herra Pálssyni á Stanislavsky workshop undir leiðsögn Michail Choumachenko sem er víst einhver yðar, eða háttvirtu eða eitthvað í þeim dúr í Rússeniu.

Jói og strandferðin

Á sama tíma annarstaðar í Mónakó:

Jói litli hafði farið ásamt V., Siguu Birnu, Jóni Erni og jafnvel einhverjum fleirum niður á strönd til að baða sig í sólinni og fá réttan lit fyrir rauða og hvíta dinnerinn sem átti að eiga sér stað nokkrum dögum síðar. Hann hafði orðið viðskila við hópinn og stóð úti í sjó til að virða fyrir sér fiskana sem syntu

þar við ströndina. Allt í einu kom þar að bandbrjálaður mann-ætumakríll sem réðst að Jóa með kjafti, uggum, tálknum og klóm og beit hann í fótinn. Jói litli æpti upp yfir sig og hljóp í land. Hljóp þá til Nonni sviðskall og óð út í sjóinn, réðst að makrílnum með kjafti og klóm og síðan hefur ekkert til hans spurst.

Við hittumst í Theatre de Princesse Grace klukkan 7 og fórum að gera okkur klár fyrir seinni sýninguna. Viðar nokkur Eggertsson var þar baksviðs að taka viðtöl við fólkið fyrir einn af sjöfundruð þúsund útvarpsþáttum sínum á RÚV og má því búast við að hróður félagsins muni aukast enn meir, sem er næs. Við fórum á svið og er skemmt frá því að segja að salurinn elskaði okkur bara og ég held að fagnaðarlætin hafi mælst á Richter.

Eftir sýninguna tókum við netta kóræfingu, skáluðum í böbbli og héldum svo á festival-klúbbinn. Þar tóku Danir á móti okkur (sem og öllum öðrum) með rúgbrauði, síld (hefnd fyrir Jóa), ákaviti og skopsöngvum. Eftir það ágætis buffet steig Hugleikur á svið og presenteraði kórinn sinn, sem naut mikilla vinsælda. Eftir það átti að koma skemmtiatriði frá Germönum, en hópurinn þeirra hafði sundrast og að hluta til haldið heim að sofa. Það kom ekki að mikilli sök þar eð tveir snaaaaaar-brjálaðir Jembee leikarar voru eftir og var þá bara tekið jungle-þema og dansað frá sér allt vit. Undirritaður gat að sjáfsögðu ekki setið á sér, greip flautuna og spilaði með. Varð úr þessu hin allra besta skemmtun og mun þetta kvöld lifa lengi í mínu minni. Virðingarfyllst,

Hjalti Stefán Kristjánsson

31/7 2005

Ég bið forláts en færsla daxins verður litil og ómerkileg. En ég hef mér það til vorkunnar að ég er: Sólbrunnin, skelþunnur og síðast en ekki sist fiskbitinn. Setning daxins: Það er ekkert vont að ríða rollu.

Jóhann Davíð Snorrason

1/8 2005 – Óskoðaður fiskur og Lísa Eydal

Dagurinn fór afar rólega af stað. Þrjú verkefni lágu fyrir: 1. Fara í bát með gluggum í botninum og svipast um eftir mannætumakrílnum sem á sök á flestum ef ekki öllum þjáningum Jóa.

2. Sjá kanadíska „fringe“ sýningu í ráðstefnuhöll mikilli, Grimaldi Forum.
3. Sjá innlent sjó í sömu höll og fara í framhaldinu á „Diner rouge et blanc“, klædd í þá sömu liti, fánaliti Mónakó.

Verður hér rakið hvernig til tókst með þessi verkefni:

1. Þegar mætt var á kajann um hálfþólf reyndist báturinn farinn, næsta ferð hálfþrjú. Þá var auðvitað ekki um annað að ræða en að drekka bjór til hálfþrjú. Sá bátur reyndist svo fullur þegar að var komið. Reyndar segir sagan að einn hafi komist í næsta bát á eftir, en það er bara vegna þess að hann skröpaði í lið 2:

2. Quebequois-leikhópur færði okkur Antígónu í útgáfu Jean Anouilh. Leitun er að verra leikhúsi. Einhver skýring fannst í þeirri athugasemd í (alfranskri) leikskránni að sýningin væri frumraun flestra leikaranna, en það er engin afsökun fyrir því að leikstjóri láti fólk buna út úr sér tugum ef ekki hundruðum blaðsíðna

af texta, tvö og tvö í einu, án þess að færa sig úr stað og án þess að sýna mikið fleiri svipbrigði en „nú er ég leið vegna þess að bráðum dey ég“ (má líka skilja sem „ég vildi að ég væri annarsstaðar en á þessu sviði“) og „nú er ég reiður kóngur því að stelpugálan vill ekki hlýða mér“. Sýningar hafa sumar verið mældar í „dottum“ hér, en þessi fékk einkunnina „góður nætursvefn“.

3. Allir mættu í sama Grimaldi Forum í sínu finasta rauða og hvíta pússi. Hér kom höfðingleg gjöf Dressmann til Hugleiks í góðar þarfir: ósköpin öll af skjannahvítum buxum. Risið var úr sætum þegar Berti fursti gekk í salinn ásamt nokkrum ættlingjum og vinum. Svo hófst sýning heimamanna, sérstaklega gerð fyrir þessa hátíð. Í stuttu máli: dott galore. Að mestu leyti átti þetta trúlega að vera fyndið, en það hlýtur þá að hafa verið afskaplega lókalt. Sumir hinna fjölmörgu leikara sýndu svo sem ágætis takta, en ekkert okkar náði hinu minnsta sambandi við það sem þau voru að gera. Þegar hér var komið við sögu var þetta sumsé versti leikhúsdagur hátíðarinnar. Það stóð hins vegar til bóta...

Eftir hryllinginn var haldið í Monaco Sporting Club. Þetta er ekki þessi týpíski sportbar, heldur gler-, stál- og steypuhöll mikil, sem inniheldur spilavíti og skemmtistað sem tekur áreiðanlega þúsund manns í sæti. Hann fylltum við, og svo var mokað í okkur margréttaðri prýðismáltíð á óhóflegum hraða. Við undruðumst nokkuð hvað þjónunum lá á að koma ofan í okkur öllum þessum mat þar til við vorum að maula eftirréttinn: jarðarber, sorbet og fleira með þessu fina kampavíni. Þá var nefnilega skipt um dinnermúsík. Í stað litlu grúppunnar með söngstelpunum þremur, sem hafði verið að gera sín stykki á sviðinu án mikillar athygli gesta, birtust nú ískyggilegir menn með bumbuspýtur, rafurmagnsgígjur og leikmynd dauðans. Fór þar fremst í flokki maður hávaxinn, svarteygur, fölleitur, nokkuð við aldur og eflaust vel vaxinn niður. Hann kynnti sig ekki, en þess var lítil þörf. Öllum hlaut að vera ljóst að hér var komin(n) Alice nokkur Cooper, sem lék undir borðhaldi við góðar undirtektir í rúma klukkustund. Formaður hafði á orði að illa væri komið fyrir Lísu úr því hún væri orðin Ingimar Eydal þeirra Mónakóbúa. Skemmst er frá því að segja að þetta var langbesta leikhús dagsins. Býsna eftirminnleg eru nokkur dramatísk atriði um heimilisofbeldi, þar sem Lísa misþyrmdi ítrekað stúlkukind nokkurri, sem í ljós kom í hljóm-sveitarkynningu í lokin að var dóttir hans.

Að lokum bara þetta:
School's out for summer. Party time! Excellent!

Sigurður H. Pálsson

2/8 2005

Alltaf er ég jafn heppin. Valdi greinilega kolrangan dag til að sofa út – eða réttara sagt reyna að sofa út. Rétt fyrir hálf átta kvaddi Sigga Birna sem verið hefur herbergisfélaginn minn síðustu daga þar sem hún var ásamt Jóa og Jóni Erni að snúa aftur heim á klakann (mér skilst að þau hafi hitt Halla, Ylfu og Tótu á Stansted og verið samferða þeim heim í vélinni – skemmtileg tilviljun það). Hugsaði ég mér nú gott til glóðarinnar og ætlaði að dotta aftur, en fékk ekki mikinn frið því tæpum klukkutíma eftir brottför þeirra þremmenninga hringdi Jón Örn til þess að fá bókunarnúmerið sitt í flugið, sem hafði endað í mínum fórum eftir útleið okkar í gegnum Stansted. Þegar það var afgreitt hugðist ég aftur leggja mig, en ekki entist það lengi því þá voru mættir þeir Hjalti og Siggí til þess annars vegar að flytja inn í herbergið (í stað Siggú Birnu) og hins vegar að geyma farangur sinn. Þegar hér var komið sögu

ákvað ég að hætta að reyna að sofa lengur og fara frekar út í góða veðrið – sem virðist alltaf vera jafn gott hér í borgríkinu.

Í fylgd með Huldu og Togga lá leiðin upp að kastalanum þar sem við fengum okkur göngutúr um gamla bæjarhluta Mónakó og horfðum yfir báðar hafnirnar.

Sýningar dagsins voru sýndar í Leikhúsi prinsessu Grace og voru þær frá Belgíu, Mexíkó og Suður-Afríku. Vona ég að botninum hafi verið náð í dag og að héðan liggja leiðin aðeins upp hvað varðar gæði og skemmtilegheit leiksýninganna. Það var í sjálfu sér ekkert að fyrstu sýningunni, sem var að mér skilst samsett verk upp úr nokkrum försum Feydeaus. Verkið höfðaði greinilega nokkuð til þeirra frönskumælandi áhorfenda sem voru í salnum en ég skildi hvorki upp né niður í verkinu. Og því miður var uppfærslan ekki nógu spennandi til þess að halda athygli minni og á mælikvarða Hjalta skoraði sýningin því allmörg dott hjá mér.

Ég hafði hlakkað mikið til að sjá uppfærslu Mexíkóbúa á Rómeó og Júlíu þar sem heyrst hafði að hún væri afar flott og kraftmikil. Vissulega voru búningar litríkir og dansatriðin býsna kraftmikil, en alls ekki nógu vel samhæfð til að ná áhrifamætti sínum. Konsept sýningarinnar var fullkomlega óskiljanlegt, því þrír rosknir karlmenn léku Rómeó samtímis og sjö konur léku Júlíu. Fyrir vikið vantaði allan fókus í samskiptum þarsins og fengu áhorfendur aldrei að sjá þegar Rómeó og Júlía hittast í fyrsta skiptið og verða ástfangin. Sýningin einkenndist af fullkomnu samskiptaleysi bæði leikaranna á milli sem og milli leikara og áhorfenda. Mikil vonbrigði. Verð þó að nefna tvo ljósa punkta. Framvindan sem leiðir til dauða Mercutio var útfærð sem körfuboltaleikur þar sem hluti andstæðinganna dóu þegar skorað var í körfuna. Hitt atriðið var dans Rómeós með það sem hann telur lík Júlíu áður en hann sviptir sig lífi, sem minnti auðvitað á sama atriði í útfærslu Vesturports á harmleiknum.

Kvöldinu lauk síðan á uppfærslu Suður-Afríkubúa á hinu afleita leikriti *The right to choose*.

Silja Björk Huldudóttir

3/8 2005

Jæja – þá er madame professor Ágústa Skúladóttir búin að halda fyrsta námskeiðið. Gekk vel, fólk af öllum stærðum, gerðum og þjóðernum og hún talaði tungum af öllum toga. Það er endanlega opinbert – ÁS er heimsfræg!

Aðrir gerðu eitt og annað, hvíldu sig eftir tequila-trylling frá kvöldinu áður (Mexíkóar kunna sko að halda partí!) skoðuðu sig um hér og þar og „tsjilluðu“. Gamli bærinn er sætur, bjórinn er ágætur og sólin er á sínum stað. Ármann keypti sér sjóræningjabyssur – ætlar sennilega að setja upp leikritið Úlfjótur from the Mediteranian.

Tvær leiksýningar í dag því Benín-búar beiluðu. Það ætlar að ganga illa að sjá leiksýningu frá Afríku. Tel ekki með ósköpin frá suðurhluta þeirrar álfu, telst varla leikhús. En jæja, Svíar riðu á vaðið með sýningu sem ég hef reyndar séð áður í Vasterås þangað sem ég svindlaði mér á hátíð með LK árið 2002. Hér var á ferðinni Södra Ölands Musikteater, stór hópur ungmenna frá þessum annars undir 2000 manna bæ. Sýningin spratt upp úr svenska prodjektet Young Drama fyrir nokkrum árum – sem sagt leikhús um/fyrir/af ungu fólki – þau fengu (hinn annars ágæta skáldsagnahöfund) Mikael Niemi til að aðstoða sig við handritagerð en svo mun hópurinn allur sem einn hafa unnið saman að gerð sýningarinnar, m.a.

tónlistar. Leikritið „En Ö í Valhall“ fjallar um vandamál ungs fólks, yfirvofandi heimsendi, heimsóknir frá gömlu guðunum og ástina sem sigrar allt! Segjum ekki meira um leikritið sjálf en sýningin var bara skrambi sæt og góð. Kraftur, geta og einlægni.

Síðari sýningin var Malka frá Slóvakíu í flutningi Divadla Comedia Poprad. Verkið er eftir sögu Frantisek Svantner, eða eins og segir í prógrammi, „free dramatisation of the long-short story“. Þetta mun vera besta Slóvakíska (slóvaska, slóvakíenska ...) sýningin í því landi síðustu 4 árin, hefur farið víða um heiminn og við sáum hvorki meira né minna en 58. sýningu hópsins á verkinu. Og ansi var hún góð. Harmleikur um ástina, afbrýðissemi, ofbeldi, misskilning og illan endi. Tónlistin frumsamin og frábær, kontrabassaleikari á sviðinu, leikmyndin smart og vel notuð og hópurinn hvíldi svo vel í því sem var gert. Að sögn leikstjórans vilja þau leggja áherslu á list leikarans og það skilar sér.

Í klúbbum skemmtu Svíar með söng, hrökkbrauði og kaviar. Svo var dansað og dansað og ... inn í nóttina.

Hrefna Friðriksdóttir

4/8 2005

Eh bien – þá er farið að síga á seinni hluta hátíðarinnar hvar sumar sýningar hafa komið, sést en ekki sigrað. Við Toggi og Silja ákváðum að taka daginn snemma og örkuðum á umræðufund kl. 10 þar sem verið var að fjalla um sýningar kvöldsins (altsvo þær 3 sem voru frumsýndar í gær og endursýndar í dag). Við gátum ekki betur heyrt en að allir væru ánægðir með allt svo við hugsuðum okkur gott til glóðarinnar. Eftir fundinn var nauðsynlegt að slökkva þorstann í klúbbum og áttum þar langt og afar athyglisvert samtal við Danina John Ytteborg og Thomas Hauger um leikhús, leiklistargagnrýni, hátíðina, fyrirkomulag o.fl. o.fl. John var sammála mér í því að þetta spjall okkar væri einn af hápunktum hátíðarinnar, og var þá meint sem fast skot á standardinn á umræðufundinum um leiksýningarnar.

Allavegana, ég er ekki ein af þeim sem dásama veðrið hér, þoli ekki svona hita (og reyndar heldur ekki kulda – er sem-sagt afar fíntfölende) og þar sem ekkert sérstakt lá fyrir seinni partinn röltum við Silja inn undir parasól hjá íssala og gúfðuðum í okkur slatta af kælandi ís meðan Toggi fór með Ármanni að kaupa sér miða á leik Mónakó og Auxerre í laugardaginn. Ég á reyndar erfitt með að skilja hvernig heill fótboltavöllur rúmast hér í þessu litla 33 þúsund manna borg-ríki sem virðist ríghalda sér utan í klettum og hæðum til að hreinlega detta ekki í sjóinn.

Nú, en eftir siestu og snurfus var stefnan svo tekin á Grace-leikhúsið hvar ljósín komu upp kl. 18 á fyrstu af 3 sýningum kvöldsins og leikhópur frá Túnis flutti okkur draugaleikinn ARWAH (Spirit) sem reyndist vera dándis skemmtilegur og hæfilega trúðaður fyrir minn og margra annara smekk, þó var eins og sýningin lenti í ófæru þegar á leið og fór að spóla svolítið í sjálfri sér svo að endaspretturinn varð endasleppur. En líflegur draugagangur engu að síður.

Næst komu Írarnir sér fyrir á sviðinu og þar voru á ferð Ennis Players frá Dublin-svæðinu með forynjuleikinn The Dandy Dolls eftir Írann George Fitzmaurice. Höfundur þessi lést 1963 og var aldrei viðurkenndur í lífanda lífi meðal annars vegna þess að hann neitaði að göfga fátækt því honum sýndist að fátækt og örbirgð drægi oft en ekki fram það versta í fari

manneskjunnar. Mögulega var hann heldur ekki eins briliant höfundur og sumir vilja meina í dag. Nema hvað, á sviðinu birtist heimur skorts og þjáningar umvafinn fordæðum og forynjum ýmis konar. Sýningin náði til mín, feiknaveil leikin, rétt og flott útlit og ég hefði verið til í að fylgjast áfram með þessu fólki þegar ljósín fóru út.

3ja og síðasta sýning kvöldsins var svo framlag Rússa sem að þessu sinni kom frá Surgut, 350 þús. manna borg í Vestur-Síberíu þar sem vetrarhörkur ráða ríkjum 9 mánuði ársins og kannski ekki skrýtið að sumir velji að æfa dans og leiklist daglega í 3 tíma, þó ekki væri til annars en að halda á sér hita. Hér var sumsé á ferðinni dansleikhús af betri gerðinni og færði okkur: BEZLEPITSA (Insensibility). Ég heyrði sagt eftir leikstjóra sýningarinnar að það síðasta sem hún segði við dansarana/leikarana áður en sýning hæfist væri: Ekki dansa, leikið! Og það fannst; falleg sýning, full af gleði, húmor, yndisleik og þokka, svo ekki sé minnst á tónlistina sem var mikil og flott. Sumir harðjaxlar Hugleiks felldu tár. Loksins 3 sýningar sem stóðu undir væntingum mínum um hvað svona hátíð á að snúast um.

Það bar að öðru leyti til tíðinda í dag að við Toggi borðuðum ostrur í fyrsta og síðasta skipti. Ekki það að okkur finnst þær vondar, heldur bara algerlega ástæðulaus matur. Voilá, yfir til þín Ármann!

Hulda B. Hákonardóttir

5/8 2005 – Skroppið til útlanda

Nokkrir ferðaglaðir meðlimir hópsins (Toggi, Hulda, Silja, V. Kári, Hjalti, Dilla og undirritaður) ákváðu að nýta sér nálægð Ítalíu til að heimsækja hana sem snöggvást einn part úr degi. Afgangurinn varð eftir í Mónakó og er úr sögunni, allavega í bili. Hoppað var upp í þar til gerða lest, sem troðfull var af fólki í svipuðum erindagjörðum, og svo brunað í kannski svona 20 mínútur uns við vorum stödd í þorpinu Ventimiglia sem undir eins var umskýrð að íslenskum sið Mygluborg. Ekki var það þó vegna þess að bær þessi væri neitt sérlega grænn eða loðinn. Þarna fer hins vegar fram heljarinnar markaður á hvarjum föstudegi og var ætlunin að kíkja á hann. Þarna var mikið prang, meðfram götum voru endalausir básar sem urðu fljótlega afar keimlíkir og auk þess lítt spennandi. Mikil mannþröng var og ekki auðvelt að komast áfram og komust spakir menn í hópnum að þeirri niðurstöðu að helvíti væri í raun úti-markaður á Ítalíu. Ekki stöðvaði það samt fólk á að versla en á meðal þess helsta sem keypt var voru tvær „unofficial“ treyjur Mónakó-liðsins og af afar metrósexjúal ástæðum keypti Hjalti 2 sambærilegar treyjur Palermo-liðsins.

Hjalti hélt líka uppi heiðri landans í hrakföllum og tókst að láta óvandaða aðila nappa veskinu sínu úr tösku sem hann bar. Sem betur fer var hann með lítinn pening, ekkert inni á debet-reikningnum og nýútrunnið ökuskirteini þannig að skaðinn var fyrst og fremst tilfinningalegur. Svo var kíkt niður í fjöru og formaðurinn keypti sér sundbuxur til að geta buslað. Komst svo að því þegar hann settist í lestinni á heimleið að hann var með lúkufylli af grjóti í buxunum. Ekki spyrja mig hvernig.

Þegar heim til Mónakó kom var fyrirliggjandi að sjá leiksýningar frá Kúbu, Wales og Frakklandi. Sú kúbanska var rífrildi tveggja kvenna og þjónustustúlkna þeirra um hvort maður gleymdi alltaf einhverju (sem maður augljóslega gerir) eða ekki. Verkið endaði á að inn kom karlmaður í handklæði einu saman sem hann svo missti niðrum sig sem snöggvást við mikla kátínu þeirra sem gaman hafa af slíku. Ágætlega ofleikin

sýning en fékk dálítið mörg dott og jafnvel svefn hjá sumum. Waleska sýningin var unglingsöngleikur og vorum við Vilborg og Dilla sammála um fyrir sýninguna að svoleiðis ætti bara ekkert erindi á svona hátíðir. En þessi kom svo sannarlega á óvart því þessir krakkar voru þrusu leik- og söngvarar. Verst hvað leikritið var ónýtt. Franska leikritið fjallaði um ... hef ekki hugmynd, en það var mikið saumað. Undirrituðum varð að orði eftir hana: „Þarna fór klukkutími sem ég hefði frekar viljað nota til að telja í mér rifbeinin“.

Hópurinn fjölmennti svo á veitingastaðinn Monkeys og fékk sérlega góðan mat. Sumir fóru svo í klúbbinn, aðrir ekki.

Ármann Guðmundsson

6/8 2005

Pá er runninn upp lokadagurinn hér í þessu borgríki. Hef ég komist að því af minni alkunnu visku að þetta er Moría. Hér grafa menn sig inn í fjöllin hægri og vinstri og allt snýst um gull og gimsteina. En alveg rétt, þetta er lokadagurinn og nú þurfti að klára allt sem var eftir. Fyrst var að skoða exótíska garðinn. Næst var það sædyrasafnið og svo þurfti að versla súkkulaði og troðna gæsalfur, fann það dekksta súkkulaði sem ég hef séð, 99% kakó. Eftir söfn og verslanir var kominn tími til að sjá síðustu sýningar hátíðarinnar. Var nú líka tækifæri til að kveðja hið gullfalega leikhús prinsessunnar.

Fyrst var Nicaragua, er skemmst frá því að segja að þessi skipar sér í flokk með þeim verstu. Máttu þau reyndar eiga það að það var einfalt að skilja söguna. En það var það eina, þetta er víst einhverskonar kennsluleikhópur sem notar leikhúsið til kennslu. Þarna var viðvaningsbragur á öllu. Verður sýningunni líklega best lýst með því að „one“-linerinn sem kom eftir hana er tæplega prenthæfur og fer því ekki hér á þennan opinbera miðil. Hún var allavegana svo léleg að það var ekki hægt að sofa á henni.

Sviss var næst með hús Bernhördi Alba, er hægt að hugsa sér verri samsetningu. Ég verð reyndar að viðurkenna að ég er ekkert kunnugur þessari sögu en fróðir menn segja mér að mamman eigi að vera eldri en dæturnar og þær eigi ekki að vera ánægðar með að fá að hvíla sig frá amstri hversdagsleikans í svona fimm ár heima hjá mömmu. Kannski er Hótel Mamma bara svona gott í Sviss. Allavega var þetta einsog ostra, alveg tilgangslaust.

Singapúr frá hinum fræga Sjúga Púng. Mjög áhugavert að sjá kínverska óperu og var gaman að sjá hvaða möguleika þetta form býður upp á þótt ekki hafi þeir verið þarna, enda krefst formið þess greinilega að allt sé gert of vel til að verða spennandi. Jújú, allt í lagi og líklega besta sýning kvöldsins í Princess Grace.

Formaður vor og Ármann slepptu tveimur síðustu sýningum kvöldsins og fóru þess í stað á fótboltaleik þar sem áttust við Mónakó og man ekki hitt. Var það víst ágætis skemmtun, þar sem dómaraskandall og tvö mörk litu dagsins ljós. Því miður vann hitt liðið.

Kvöldinu lauk svo með dinner í enn einum meðanjarðarsalnum. Var þar veittur ágætis matur og dansmúsík spiluð. Enginn var leynigeturinn en ágætt samt.

Héldu nú sumir á hótelið til að geta vaknað fyrir heimferðina en aðrir héldu skemmtuninni áfram í klúbbi hátíðarinnar. Dagur að morgni kominn og tími til heimferðar.

V. Kári Heiðdal

8/8 2005 – Ferðalok

Jæja, þá lýkur þessari ferðasögu. Það kemur í minn hlut að greina frá viðburðum lokadagsins, og ætli ég reyni ekki að skrifa smá súmm líka. Grunar að til þess hafi verið ætlast. Heimferðin hófst snemma morguns með rútuferð til Nice þar sem okkar ágæta fylgdarkona hún Anna leysti okkur út með knúsi og krósöntum í nesti. Eftir smá þref við liðlausa bókunarkonu með danska einokunarvigt fengum við að koma leikmyndinni yfirvigtarlaust um borð og gátum yfirgefið Frakkland. Tiðindalítið flug til Stansted þar sem við blasti átta tíma hangs. Allskyns áform voru uppi um að nýta það til skeppitúra til London, skoðunarferða í nágrenninu eða tjills á Hampstead Heath. Öll fóru þau fyrir lítið, í fyrsta lagi sökum úrvindunar og í annan stað vegna þess að afþreyingarguðirnir höfðu hagað því svo að tveir „mikilvægir“ fótboltaleikir fóru fram meðan á bið okkar stóð. Við bullurnar komum okkur því fyrir á ágætum írskum pöbb í flugstöðinni og horfðum fyrst á Leeds vinna Millwall og síðan á Arsenal lúta í gras fyrir Chelski. Heilt yfir eru því fótboltaúrslit ferðarinnar okkur í óhag, en við tókum því af karlmennsku. Þeir sem ekki nenntu að horfa á boltann dottuðu eða dóluðu sér á annan hátt þar til hægt var að tékka inn, brjótast í gegnum paranojaða vopnaleit og biða svo síðasta klukkutímamann eftir að Iceland Express flytti okkur heim á skerði. Það skal tekið fram að intékkari þeirra var ekkert nema ljúfmennskan og sá ekkert til fyrirstöðu að við hefðum krossviðinn, málningarteipið og froðuplastið með okkur heim.

Viðurkenningargripurinn sem hátíðin veitti okkur fyrir þátttökuna var í handfarangri undirritaðs og vakti óskiptan áhuga vopnaleitenda enda veglegur málmhlunkur sem í gegnumlýsingu lítur út eins og eitthvað úr Hrafninn flýgur og þungur eftir því. Það var því farið í gegnum handtöskuna mína af því líkri nákvæmni og fagmennsku að unun var á að horfa. Var að hugsa um að segja við manninn: „Hvað, treystirðu mér ekki?“ en gerði það ekki. Að sama skapi lét Hjalti vera að setja upp draumaverkið sitt í ósýnilegu leikhúsi: Að rétta vopnuðum lögreglumanni töskuna sína og hlaupa svo í burtu. Góð hugmynd, og gott dæmi um að sumar hugmyndir eru betur komnar sem slíkar. Að því leyti hefðu Mexíkóar átt að taka Hjalta sér til fyrirmyndar þegar einhverjum datt í hug að Rómeó og Júlía með þremur miðaldra Rómeóum og sjö ungum Júlíum væri eitthvað annað en sniðugur botn á setninguna: „Hvernig væri að...“.

En allavega, IcelandExpress tróð okkur í vélina sína (þröðöngt...) og þegar ég rankaði við mér á ný var verið að lækka flugið yfir Suðvesturhorninu.

Lending – fríhöfn – farangur – kveðjur – bílferð – Eyjarlóð – rót – heim.

Sof.

Og svo vinnan í morgun. Sem er fint. Þetta var orðið ágætt.

Fljótlega ætla ég að skrifa smá yfirlit yfir sýningarnar sem við sáum og birta það á Varríusi. Einnig er að mótast í mér áform um að skrifa skýrslu um Mónakó-reynslu mína í ljósi kynna af öðrum hátíðum og koma á framfæri við einhverja sem málið varðar. Því það er ekki laust við að mér finnst pottur á köflum brotinn í þessum miðpunkti alþjóðasamstarfs áhugaleikhússfólks.

Fyrst samt – til að taka af öll tvímæli: Þetta var mikil reynsla. Fjölmar gar sýningar og margt nýstárlegt bæði við umgjörðina og leiklistina sem í boði var. Það er frábært að fá tækifæri til að skyggast inn í leiklistarheim jafn ólíkra þjóða og Bandaríkjanna, Slóvakíu, Japan, Túnis og allra hinna. Yndislegt að

mingla við leikhúsfólk og deila reynslu og viðhorfum, eða bara syngja saman. Svo er Mónakó sjálf náttúrulega afar framandi heimur, og umhverfis furstadæmið er margt að sjá.

Það er viðtekið viðhorf í Hugleik að leiklistarhátíðirnar sem við höfum sótt skili félaginu verðmætum. Þær auka listræna víðsýni, kynna okkur fyrir allskyns aðferðum og hugmyndum og gefa okkur mynd af stöðu okkar í hinu stóra samhengi áhugaleikhússins í heiminum. Fyrir nú utan hvað þær eru ljómandi skemmtilegar samkomur með áhugaverðu fólki. Hátíðin í Mónakó var hvað þetta varðar í engu frábrugðin öðrum hátíðum.

En samt. Það urðu óneitanlega dálítið skörp skil milli væntinga og upplifunar frá leiklistarlegu sjónarhorni. Ég átti satt að segja ekki von á því að sjá algerlega óboðlega lélegar leiksýningar á þessari hátíð. Var undirbúinn undir leiðinlegar sýningar, óskiljanlegar sýningar, skrítnar og jafnvel listrænt mislukkaðar sýningar. Sitt sýnist jú hverjum um hvað virkar og hvað ekki. En algera, hreinræktaða vangetu var ég ekki búinn undir, og finnst ekki í lagi.

Kannski tekur sú staðreynd, að leiklistarleg gæði hátíðarinnar í heild stóðust ekki væntingar, of mikið pláss í uppsafnaðri upplifun manns. Allavega enn sem komið er. Og vissulega voru bæði ágætтар og frábærar sýningar samanvið. Strúktúr hátíðarinnar, skipulag, umfang, fyrirkomulag gagnrýnnar; allt er þetta hins vegar mjög umdeilanlegt og ætti að vera hægt að færa til betri vegar.

Við sem höfum verið hvað ötulust að þvælast á hátíðir síðastliðin tíu ár eða svo (frá Tønder 1994 til Mónakó 2005 með viðkomu á öllum helstu norrænu hátíðum og nokkrum öðrum til viðbótar) erum komin með ágætis yfirsýn yfir til hvers má ætlast af einni leiklistarhátíð. Mónakó bauð upp á margt af því, en ekki nóg til að réttlæta status sinn eða eigin yfirlýsingar um að vera Crème de la Crème. Hvað veldur og hvort og hvernig má breyta því eru allt stórar spurningar. Sem ekki verður svarað hér.

En eins og Sæmundur í Ó færiband! sagði: Gaman samt að fara.


Þorgeir Tryggvason.



Upprunalegir leikarar og leikstjóri í Undir hamrinum ...



... þó vantar Hrefnu Friðriksdóttur á hópmyndina ...



... og Hjalti Kristjánsson hafði tekið við hlutverki Einars



Sigga Birna og Silja



Jói í traustu kverkatakni ...



... Ármanns

Leikferð til Rússlands

**Hugleikur fór á tvær leiklistarhátíðir í Rússlandi í maí 2006.
Dagbók þeirra þaðan, sem mestmegnis er í formi SMS skilaboða, fer hér á eftir.
Áður birt á www.hugleikur.is.**

Hamarinn í Garðaríki, leikferð með „Undir hamrinum“ á tvær leiklistarhátíðir í Rússlandi.

15/5 2006

Klukkan er að verða tólf og aðeins örfáir klukkutímar þar til við brunum til Kebblavíkur í átt til Arlanda og þaðan til Moskvu. Búið að pakka megninu af HAFUR-taskinu, og prentarinn minn spýtir út úr sér blöðum með kirillíska starfófinu sem óður væri.

Við erum að fara til Rússlands!

Þetta er allt saman frekar spennandi. Við erum að fara á tvær hátíðir eins og kom fram í inngangi. Meira vitum við eiginlega ekki, en gamall Hugleiksvinur, Maxim að nafni, mun taka á móti okkur á flugvöllinum og hann er gaur af því taginu að það er sennilega fánýtt að hafa innistæðulausar áhyggjur. Var bjargvættur okkar í Gatchina um árið þegar okkar eigin túlkur þurfti að sinna einkaerindum/drekka vodka/eitthvað. Hittum hann svo aftur í Mónakó í sumar. Hann ætlar að fylgja okkur í gegnum þetta ævintýri og veit það heldur á gott.

Ég vona að okkur takist að blogga á meðan ferðin stendur, en annars verður þeim mun ítarlegri ferðasaga birt hér eftir heimkomu. I promise.

Porgeir Tryggvason

16/5 2006

Klukkan er fjögur. Væri til í að lúlla meira. En neinei. Ekki má maður það. Bless bless.

Sigurður H. Pálsson

Hér hurfu Hamarsmenn úr sambandi við alnetið svo mestur hluti dagbókarinnar barst í formi smáskilaboða.

22/5 2006

Tóxt hið besta, áhorfendur hlógu og gaggrýnendur migu á sig af hrifningu. Næst: Kveðjupartí og svo næturlest til Moskvu og 8 tíma rúta á seinni hátíðina.

23/5 2006

Frá Togga: Erum í rútu með Hollenskum leikhóp á leið til Schelyekhovo. Miklar væntingar um betri aðbúnað og sérstaklega salernin. Leiklistin kemur svo í þriðja sæti.

PS: Sum okkar unnu 3000 rúblur í rússneskri rúlettu – og enginn dó.

23/5 2006

Kl. 14.54: Alea jacta est – Hugleikur er farinn yfir Volgu.
Kl. 17.22: Nálgumst Schelyekhovo eftir 23 tíma ferðalag. Höfum aldrei komið svona langt út í sveit! Óvíst með gsm-samband næstu daga.

Kl. 20.56: Það er bara fallett hér í Schelyekhovo! Gistiaðstaða ágæt, svo og tojararnir, en maturinn heldur dapur.

Kettirnir tveir sem hér eru heimagangar hafa hlotið nöfnin Bibbi og Baldur. Fjórar sýningar á morgun og svo við...

Dæmi um rússneskt skipulag: Alþjóðleg leiklistarhátíð með fjórum erlendum sýningum. Tvö námskeið, þar af eitt FRAM-SAGNARNÁMSKEIÐ!!!!?

24/5 2006

At first: Leiðinleg lettnesk sýning.

Önnur sýning hátíðarinnar. „Draugaverkir“ e. Sigarev í flutningi rússneskra unglunga sem fyrirsjáanlega réðu ekkert við það.

Vorum að fatta að þetta er 10. erlenda hátíðin sem Hugleikur sýnir á. Hátíðarsýning á morgun.

Aaarrg! Ein leiðindin enn í algleymingi.

24/5 2006

Kl. 20.00: Fréttir úr Selakofa: Ágæt hollensk sýning sem reddaði deginum leiklistarlega séð.

Á skordýrasviðinu tóxt að myrða alla maurana í herbergi 5 og fyrirhuguðum varðeldi var aflýst vegna mýs.

Af tæknisviðinu eru þau tíðindi helst að þegar við höfum bætt einu fjöltengi við græjukostinn hefur ljósaborðið stækkað um helming. Og flísarnar og glerbrotin á sviðinu valda nokkrum áhyggjum.

En það þýðir ekki að kvarta þegar Kaupfélag Selkyfinga selur bjór, vodka og vandaðan Whiskey-rakspíra.

Sýning á morgun.

25/5 2006

09.11: Í morgun var súrrealísk gagnrýnisessjón sem snerist mest um hvort megi blóta á sviði. Og nú er það alveg prýðileg rússnesk baðstofukómedía með lítilli framvindu en þeim mun meira balalajkuspili.

10.37: Hádegisverðurinn: Baunasúpa, soðið hvítkál, meiri baunir og sveskjudjús. Er einhver að reyna að klekkja á okkur?

12.31: Á sviðinu í augnablikinu: Tveir Þjóðverjar að snappa og sá þriðji með beina lýsingu á ensku í hljóðkerfinu svo að Rússarnir geti valið um tvö tungumál til að skilja ... ekki.

25/5 2006

Frá Togga kl. 18.51: Hah! Enn einn frægur sigur!

26/5 2006

Frá Sigga kl. 09.40: Sýndum í gær við dúndrandi hlátursrokur og bravóköll. Besti salur ever. Lokasýningarpartý við varðeld, einskonauberbrekka með samkvæmisleikjum.

Frá Togga: Hittum gusli-leikara og lærðum að Fríðu-gusli er sk. Novgorod-gusli. Þeir sem eiga Jólaævintýrisdisk eru beðnir að leiðrétta bækinginn.

26/5 2006

Frá Togga: Og nú lýkur hátíðinni á aldeilis stórfinni Ostrovski-sýningu frá Perm. Heim til Moskvu í fyrramálið.

26/5 2006

Frá Sigga kl. 20.11: Jói lenti í vanhæfustu ræningjum Rússlands. Lét þá hafa íslenskan 1000. kall og fékk í staðinn forláta krossnisti.

27/5 2006

Frá Sigga: Rútuferðin mikla. Snakkbær dauðans, innbakaðir kúkar og kaviarkex með súkkulaðirjomaosti. Stofnuð söngsveitin Kostrómur.

27/5 2006

Frá Sigga kl. 19.36: Í forrétt í kveðjudinnernum í Moskvu eru soðnir hálfmánar með dansandi björnum.

28/5 2006

Frá Togga: Eftirlegukindurnar flippuðu á ishmaljovomarkaðnum, með óafturkræfum afleiðingum fyrir hljóðheim félaxins. Næsta sýning: Tommi litli í Guslaraborg.

29/5 2006

Þá er þriðjungur hópsins snúinn aftur úr þessari Bjarmalandsför. Eins og menn sjá gáfust fá, eða öllu heldur engin, tækifæri til að blogga nema gegnum proxýinn Siggu Láru. Hins vegar er áætlað að skrifa ítarlega ferðasögu. Trúið mér, það er frá nógu að segja.

Sigurður H. Pálsson

31/5 2006

Mikið er nú afslappandi að vera bara kominn aftur í vinnuna sína.

Síðari tveir þriðju hópsins dvöldu á hóteli Sentralnaja í þrjár nætur eftir að leikferð lauk og túristuðust af miklum móð. Fríkuðum út á magnaðasta útimarkaði sem sést hefur, borðuðum rússneskt, tíbetskt og grúsískt og heimsóttum kafihús Margarítu við Patriarka-tjarnir þar sem saga hennar og Meistarans hefist.

Ferðinni lauk svo með óumbeðnum glæfraakstri þriggja snarvitlausra leigubílstjóra út á völl. Nú vitum við semséð að það er hægt að keyra gamla Volgu á 160 km hraða á blautri hraðbraut og stunda stórsvig milli skynsamari ökumanna. Og tala í farsíma á meðan.

Sem kennir okkur að sumt þarf maður ekkert að vita.

Þorgeir Tryggvason.

ALLT FYRIR ANDANN

Sameiningarsöngur

Bandalags íslenskra leikfélaga

*Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.*

*Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin
í maganum, hvað ég er kvalinn
Og gómana gleypiti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.*

*Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.*

*Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar*

*Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur*

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og
Sigurður Illugason*

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Fundir í tengslum við leiklistarhátíð IATA í Mónakó

Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalagsins, sótti fundina í umboði stjórnar. Eftirfarandi er skýrsla hennar um fundina og nokkur orð um hátíðina sjálfa.

Skýrsla um fundi IATA, NAR og NEATA í Mónakó 30. júlí til 3. ágúst 2005:

NEATA-fulltrúafundur 30.7. 2005 kl. 9.30–12.30

Mættir voru 32 fulltrúar frá öllum aðildarlöndunum. Fundarstjóri Steinar Arnesen frá Noregi. Undirbúningur fyrir aðalfund IATA sem hefst 31. júlí. Framkomnar tillögur kynntar og ræddar.

1. Tillaga að breyttu fyrirkomulagi við ákvörðun aðildargjalda IATA.

Tillagan gerir ráð fyrir að aðildarlöndum verði skipt í 3 flokka eftir lífsgæðastaðli Sameinuðu þjóðanna þar sem þjóðir heims eru metnar eftir velmegun að gefnum ýmsum forsendum, s.s. læsi, lífslíkum, þjóðartekjum og fleiru (human development). Ísland er nr. 7 á þessum lista (Noregur nr. 1) en Sierra Leone er neðst eða nr. 177.

Flokkunin er svona varðandi aðildargjöld:

Flokkur 1 greiðir 625 evrur

Flokkur 2 greiðir 250 evrur

Flokkur 3 greiðir ekkert

Í flokki 1 eru 55 þjóðir, í flokki 2 eru 86 þjóðir og í flokki 3 eru 36 þjóðir.

Með þessu móti telur stjórn IATA að samtökin haldi þeim tekjum sem hafa verið af aðildargjöldum en skipting verði sanngjarnari.

Bandalagið hefur hingað til borgað 540 evrur.

2. Tillaga frá Sviss í 3 liðum kynnt og rædd.

1. liður: að ávallt verði öll þrjú opinberu tungumál IATA (enska, franska og spænska) notuð til kynningar og samskipta, innan samtakanna sem utan.

Sem sagt, að allt efni sem frá samtökunum fer verði undan-tekningarlaust sent út á 3 tungumálum.

2. liður: að IATA styrki og auglýsi sem sína aðeins þá viðburði, s.s. leiklistarhátíðir, leiksmíðjur og ráðstefnur, sem eingöngu eru ætlaðir áhugafólki um leiklist.

Rökin voru þau að samtökin eru stofnuð og rekin af áhugamönnum.

3. liður: að orðið „áhuga-“ komi skilyrðislaust fram í nafni samtakanna hvaða tungumál sem notað er.

Rökin voru þau að sumsstaðar væri orðið amatör neikvætt og reyndu sumir þess vegna að sniðganga það. Við værum samtök áhugafólks, hvað sem tautaði og raulaði.

Fundurinn tók eftirfarandi afstöðu (tilvitnun í fundargerð T. Hauger): Number 1 was ok, number 2 should be considered withdrawn and number 3 there was a consensus against amongst the NEATA members.



Greinarhöfundur lengst til hægri ásamt þeim Ágústu Skúladóttur og Hrefnu Fríðriksdóttur

NEATA-stjórnarfundur 30.7. 2005 kl. 14.30–16.00

Fulltrúar allra aðildarlanda nema Lettlands viðstaddir.

Kynnt voru verkefni á vegum NEATA, sjá fundargerð T. Hauger ásamt viðhengjum.

Danute frá Litháen var endurkjörin forseti NEATA til næstu tveggja ára og Hilmar Joensen frá Færeyjum varaformaður í sama árafjölda.

Danute flutti skýrslu um störf sín fyrir NEATA sl. 2 ár og það var gaman að sjá og heyra hvað hún gerði mikið úr Íslandsheimsókninni. Hún var búin að fá Morgunblaðsviðtalið þýtt á ensku og lét það ganga hringinn, glöð á svip.

Hilmar frá Færeyjum flutti skýrslu um undirbúning að NEATA-hátíðinni sem haldin verður í Færeyjum dagana 3. til 8. ágúst 2006.

Hann lagði m.a. fram fjárhagsáætlun. Kostnaður er áætlaður 745.000 DKK. Þegar hann var spurður út í einstaka liði hennar varð fátt um svör, hann sagðist hafa unnið þessa áætlun eftir niðurstöðum frá Arosia-hátíðinni í Svíþjóð. Heldur var þetta nú ótraustvekjandi og gaf til kynna að undirbúningur væri ekki kominn langt. En Færeyingar eru líklega líkir okkur, merja þetta sennilega á síðustu metrunum. Við biðum spennt ...

Thomas Hauger tilkynnti að hann myndi láta af störfum hjá DATS seint á næsta ári vegna aldurs. Þá mun DATS hætta að greiða ferðakostnað hans á fundi NEATA, en hann hefur verið ritari samtakanna undanfarin ár. Ákveðið að allir leggðu

höfuðin í bleyti fram að næsta fundi til að leysa það að fjármagna ferðakostnað ritara NEATA, hvort sem T. Hauger heldur áfram eða ekki.

Fram kom að ferðasjóður forseta er nú tómur. Aðildarlöndin hafa greitt í hann einu sinni. Við greiddum 1.100 DKK, Færeyingar 2.000 DKK, Danir, Svíar og Norðmenn 4.000 DKK hver. Ég ásamt fleirum gáfum vilyrði fyrir framlagi í sjóðinn í ár og legg ég hér með til að við greiðum 2.500 DKK (verum ekki minni en Færeyingar :)

Fundi slitið kl. 16.30

NAR-stjórnarfundur 30.7. 2005 kl. 16.30–17.00

Fulltrúar allra aðildarlanda mættir.

Fyrir fundinum lágu eftirtalin mál:

1. Ný stjórnarskrá NAR

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Einar Rafn heiðraður

Fram kom tillaga frá formanni NAR, Steinari Arnesen frá Noregi, þess efnis að heiðra Einar Rafn einhvern veginn en hann lét af stjórnarsetu í vor. Einar hefði unnið samtökunum mikið og gott starf sem bæri að þakka sérstaklega þótt það hefði ekki verið venjan hingað til að þakka einum eða neinum fyrir eitt eða neitt.

Samþykkt samhljóða og Carolu, ritara NAR, falið að útfæra hugmyndina í samráði við Steinar eða eins og segir í fundargerð: Beslúts att avtacka honom.

3. Breytingar á Nordisk Kulturfond

Carola kynnti að fyrirhugaðar væru breytingar á norræna menningarsjóðnum. Þær verða gerðar samhliða breytingum á öllum strúktúr í norrænu samstarfi. Carola sagði að næstu fundir NAR myndu að líkindum snúast mikið um þetta mál og hvaða framvindu það fengi hjá norrænu ráðherranefndinni. Ég veit ekki mikið meira um þetta þar sem það var ekkert rætt en geri ráð fyrir að Halla fái einhverja pappíra um þetta fyrir fundinn í Esbjerg 7.–9. október.

4. Heimasíða NAR

Svo sem okkur var kunnugt þá ætla sænska bandalagið ekki lengur að halda úti heimsíðu NAR. Fram kom á fundinum að nokkrir aðilar, þar á meðal við, hafi lýst áhuga á að taka við þessu verkefni. Meðal áhugasamra eru Finnar en þar er NAR-skrifstofan núna.

Ákveðið að áhugasamir leggi fram tilboð sín á næsta stjórnarfundu í Esbjerg 7.–9. október.

27. heimsráðstefna AITA/IATA asbl, Mónakó 2005

Fundurinn settur þann 31. júlí kl. 9.30

Í upphafi minnti fundurinn á aðalfundi Bandalagsins, venjuleg aðalfundarstjórn, s.s. samþykkt dagskrár og fundargerða, kosið í hin ýmsu embætti fundarins, athugað með lögmæti fulltrúa o.s.frv. Allt á ensku, spænsku og frönsku. Sem betur fer var allt í eyrum manns, þýðendur stóðu sig frábærlega vel og öll aðstaða til mikillar fyrirmyndar.

Fundinn sóttu yfir 100 fulltrúar frá öllum heimshorunum. Fundarstjóri var John Ytteborg, Danmörku.

Kynnt var að samtökin eru nú skráð sem „non-profit“ samtök með lögheimili í Belgíu og er opinbert nafn samtakanna nú AITA/IATA asbl.

Aðildarlönd/félög IATA skiptast í 2 flokka; Full members og Affiliate members.

Full member eða fullgildur aðili er þjóð með landssamtök áhugaleikfélaga, sem venjulega reka skrifstofu. Affiliate member eru þjóðarbrot, landshlutasamtök eða þess vegna bara eitt leikfélag í einhverju landi þar sem landssamtök eru ekki til.

Tvær nýjar þjóðir voru samþykktar inn sem fullgildir aðilar; Ísrael og Kólumbía.

Hondúras, Portúgal, Barbados og Chile voru samþykkt sem Affiliate members.

Skýrslur nefnda fluttu eftirtaldir:

Skýrsla stjórnar – Merja Laaksovirta, varaformaður frá Finnlandi

Nefnd um barna og unglingsstarf – Paddy O'Dwyer frá Írlandi

Listræn þróun – Olav Grimstad frá Noregi

Upplýsingastefna (eða upplýsingapólitík) – Aled Rhys-Jones frá Englandi

Safn til sögu IATA – Yoke Elbers frá Hollandi

Síðan voru skýrslur aðildarsamtaka samþykktar en þær voru eingöngu í fundargögnum, ekki lesnar upp.

Ársreikningur vegna 2003–2005 samþykktur.

Fundi frestað kl. 16.30

Fundur settur aftur 1. ágúst kl. 9.30

Skipt í umræðuhópa:

a) *Developing the Global Amateur Theatre Community*

b) *Opening and Expanding the Artistic Debate*

c) *Organisational Development*

Ég tók þátt í umræðuhópi c. Ég hafði áður kynnt Hugleik efni umræðnanna og bauð þeim að ráða hvar ég yrði og þetta var þeirra val.

Niðurstöður hóps a:

Danmörk leggur til að komið verði á samstarfi milli svokallaðra neðanjarðar- eða jaðarleikhúsa á heimsvísu. Þeir eru byrjaðir á þessu starfi í sínu heimalandi og telja á þessu fulla þörf. Dönnum var falið að hafa frumkvæði í þessu máli.

Holland leggur til að komið verði á svokölluðu markaðstorgi. Hugmyndin er að aðildarlöndin skiptist þar á hópum eða fólki sem vill vinna með öðrum að sínum hugðarefnum. Strax var stungið upp á að setja t.d. góða leikstjóra á torgið og miðla þeim milli landa. Ákveðið að halda sér fund fyrir áhugasama um þetta mál þann 3. ágúst (sjá fundargerð hér að aftan).

Niðurstöður hóps b:

Stofna skal nýja Artistic Committie umsvifalaust en þessi nefnd hafði verið lögð niður og störf hennar endurskoðuð fyrir nokkru.

Niðurstöður hóps c:

Styrkja þarf skrifstofu IATA (þar vinnur nú aðeins einn starfsmaður) og skilgreina betur hlutverk hennar.

Gera þarf landsskrifstofurnar ábyrgari fyrir söfnun og dreifingu upplýsinga til skrifstofunnar.

Gera þarf svokallaða þarfagreiningu eða SWOT. Skamm-

stöfunin stendur fyrir:

Strength – Weaknesses – Opportunities – Threats.
Gera þarf vef IATA aðgengilegri og gagnvirkari.
Og að lokum – muna að þetta snýst allt um leiklist!

Kosningar:

Paddy O'Dwyer (Írlandi) var kosinn nýr President Elect. Það þýðir að hann mun vinna náðið með sitjandi forseta, Leo Tromp, næstu 2 árin og taka síðan við sem fullgildur forseti samtakanna.
Rob van Genechten (Belgíu) var endurkjörinn gjaldkeri.
Helle Hauger (Danmörku) var kosin nýr formaður nefndar um barna- og unglingsstarf.
Pierre Cellario (Mónakó) var endurkosinn sem frönskumælandi ritari.
Guillermo Rodoni (Suður-Ameríku) var kosinn spænskumælandi ritari. Þetta er nýtt embætti þar sem spænskan var samþykkt sem þriðja tungumál IATA á aðalfundi í Halifax 2003.

Fjárhagsáætlun fyrir 2006–2007 var samþykkt samhljóða.

Tillaga um breytingu að aðildargjöldum (sjá fundargerð NEATA fundarins 30.7.) var samþykkt samhljóða, einnig þær upphæðir sem þar voru tilgreindar.

Fundi frestað kl. 16.45

Fundi fram haldið 2. ágúst kl. 9.30

Tillaga um að stofna aftur svokallaða Artistic Development Committie var samþykkt samhljóða.

Tillögurnar þrjár frá Sviss voru nú komnar á dagskrá. Kosid var leynilega um hverja og eina.

Tillaga 1 – samþykkt

Tillaga 2 – dregin til baka

Tillaga 3 – felld. Atkvæði féllu þannig að já sögðu 69, nei sögðu 111 og 14 sátu hjá.

Ég verð að tilgreina það hér að umræðan um orðið „amateur“ varð næstum því óbærilega löng og endurtekningasöm. En sýnir að alls staðar í heiminum á sama umræðan sér stað í einhverju formi.

Suður-Kórea bauð að halda næsta aðalfund IATA og leiklistarhátíð (2007) í borgunum Masan og Changwon sem samanlagt eru með um 950.000 íbúa. Þar hafa þeir samanlagt 7 leikhús með sætum fyrir 5.200 áhorfendur. Komu þeir með mjög góða og skemmtilega kynningu á landinu sínu og aðstöðunni sem þeir hafa yfir að ráða. Þeir áætla að bjóða til sín 15–20 leikhópum frá aðildarlöndum IATA (borga uppihald og gistingu í 4 daga) og ætla samhliða að halda innlenda hátíð með þátttöku 30 suður-kóreanskra leikhópa. Fjárhagsáætlun þeirra hljóðar upp á litla 370.000 USD. Þema hátíðarinnar verður: Beyond the Wall – Towards the Future. Peace and Reconciliation. Þetta verður fyrsta hátíða sinnar tegundar í Asíu. Tillaga þeirra var samþykkt og klappað lengi fyrir Sang-young Lee, talsmanni Suður-Kóreumanna.

Að lokum buðu Þjóðverjar (Lingen sentrið) til barnaleikhús-hátíðar 2006. Síðasti umsóknardagur er 25. september 2005!

Fundi slitið kl. 13.00

Fundur – The Marketplace, 3. ágúst kl. 14.00

*Á fundinn mættu 20 manns víðs vegar að.
Fundinum stjórnaði Line Hauger, Danmörku.*

Line Hauger kynnti nánar hugmyndina um samvinnu neðanjarðar- og jaðarleikhópa á heimsvísu. Margir höfðu komið að máli við hana frá því að hugmyndin var fyrst kynnt í umræðuhópi á IATA fundinum og lýst áhuga sínum. Line tók að sér að miðla til þeirra sem skráðu sig hjá henni hvernig þau hafa unnið að þessu verkefni í Danmörku. Skýrsla um hvernig verkefnið þróast verður síðan kynnt á næsta aðalfundi IATA.

Helle Hauger, Danmörku, kynnti hugmynd sína um samvinnu dramakennara til að þróa vinnu með börnum og unglingum. Hún mun senda nánari útlitun á þessu síðar.

Shirley Harbin, Bandaríkjunum, vill þróa hugmyndir að verkefnum sem unnin eru með börnum með ólíkan þjóðfélagslegan bakgrunn og foreldrum þeirra. Nota leiklistina til að eyða fordómum.

Peter frá Englandi (ég náði ekki eftirnafninu) hefur áhuga á leikstjóraskiptum milli landa. Sóttist hann einna helst eftir Ágústu okkar Skúladóttur. (Ég kom honum í samband við hana síðar.) Kaja Pold, framkvæmdastjóri IATA, minnti á að til væri sjóður hjá IATA sem hægt væri að sækja um styrki til svona verkefna. Hámarks styrkur er 2.500 evrur.

Fundi slitið kl. 16.00

Annað merkilegt utan funda

Leiklistarhátíðin, sem haldin er á fjögura ára fresti í Mónakó, er um margt sérstakt fyrirbrigði og greinilega fast í sínum sessi.

Íslenski hópurinn var t.d. einn af fáum sem dvaldi í Mónakó allan tímann sem hátíðin stóð yfir (10 daga). Flestir stoppa bara þá 4 daga sem hátíðin greiðir fyrir mat og gistingu. Þannig var mikið um frumsýninga- og kveðjupartý í hátíðar-klúbbnum sem opinn var alla daga frá morgni til kl. 3.00 á nóttunni.

Maður hafði það svolítið á tilfinningunni að hátíðin væri ekki endilega fyrir fólkið í leikhópunum heldur stíluð að stórum hluta upp á aðsókn heimamanna og fastra gesta annars staðar frá. Aðsókn þessa fólks var reyndar þokkaleg sýndist mér en þetta er nálgun sem maður á ekki að venjast á öðrum hátíðum.

Ef hátíðaprógrammið er skoðað kemur á daginn að það er sérstaklega ein fjölskylda sem kemur að skipulagningu og framkvæmd hátíðarinnar. Nöfn þeirra koma fyrir aftur og aftur í öllu mögulegu samhengi. T.d. var sami maðurinn, Pierre Cellario, allt í senn: fyndnasti leikari hátíðarinnar, aðalritari hátíðarnefndar, móttökustjóri fyrir leikhópana, afgreiðslumaður í hátíðarklúbbi, allsherjar reddari og þar að auki frönskumælandi ritari stjórnar IATA. Systkini hans, börn, systkinabörn og makar voru alls staðar. Þau voru reyndar flest auðþekkjandleg, með sterkan ættarsvip, og öll (meira að segja makarnir) sérdeilis lágvaxin og nefstór. Dásamlegt fólk.

Leiksýningarnar á hátíðinni voru auglýstar 25 talsins auk sérstakrar hátíðarsýningar heimamanna. Tvö lönd höfðu afboðað sig á síðustu stundu vegna fjárskorts, það voru Benin og Kamerún. Kamerún átti að sýna fyrsta kvöldið en í skarðið

hljóp leikfélag frá Mónakó og var það að mínu mati ein allra skemmtilegsta sýning hátíðarinnar, alveg óborganlega myndin.

Hugleikur sýndi strax annað kvöld hátíðarinnar og fékk finar móttökur. Margt kom fólk að máli við mig þessa hátíðardaga til að lýsa hrifningu sinni og flestir sögðu sýninguna eina þá bestu á hátíðinni.

Ég verð að segja að mér fannst allt of margar sýningar á hátíðinni ekki boðlegar á virtustu leiklistarhátíð áhugamanna í heiminum. T.d. var sýning Suður-Afríku hreinlega þinlega vond og sýningin frá Kanada víst líka, en það var eina sýning hátíðarinnar sem ég sá ekki. Ýmsar skýringar eru víst á þessu, aðallega þó sú að hátíðin hefur mjög strangan ramma og reglur um hvað varðar að sýna frá öllum svæðum innan IATA. Mest ásókn er frá Norður Evrópu, þaðan er hægt að velja úr það besta, en sum svæði eru bara með eina umsókn og situr þá hátíðin uppi með þá sýningu þótt hundlég sé.

Fyrirkomulag sýninga var þannig að það voru sýndar 6 sýningar á hverju kvöldi í tveim leikhúsum frá kl. 18.00 til kl. 22.00. Fyrsta kvöldið voru 3 sýningar sem annað kvöldið voru sýndar aftur í sama leikhúsi en þá bættust við 3 sýningar í hinu húsinu og svo koll af kolli þar til síðasta kvöldið var bara sýnt í öðru húsinu. Mér fannst þetta skipulag frábært en

einhverjir nöldruðu, ég skildi ekki hvers vegna.

Hátíðin bauð upp á 3 leiksmiðjur, m.a. kenndi Ágústa í einni þeirra. Hún var dálítið hissa á því að nemendur hennar voru aðallega frá París, fólk sem kom þarna aftur og aftur til að sjá sýningar og fara í leiksmiðjur. En það er ekki að spyrja að því að þetta fólk allt saman tók miklu ástföstri við Ágústu og franskann hennar batnaði víst umtalsvert þessa hátíðardaga. Nafn Ágústu varð örugglega þekktasta nafnið á hátíðinni og allir vildu fá hana til síns heima til vinna fyrir sig. Það var gaman að vera Íslendingur í Mónakó!

Það var ákaflega gaman að fá tækifæri til að fara til Mónakó á þessa hátíð og upplifa þetta ævintýri einu sinni á ævinni. Ég þakka stjórn Bandalagsins innilega fyrir að senda mig og vona að ég hafi skilað upplifun minni af fundunum og öðru skilmerkilega í þessari skýrslu. Það á eftir að reynast mér vel í framtíðinni að hafa verið þarna og vita um hvað málið snýst í þessu alþjóðlega samhengi. Að vita að það er í raun sama hvað samhengið er stórt, mest byggist þetta á því að þekkja mann – og annan ...

*Gert í Reykjavík 25. ágúst 2005
Vilborg Á. Valgarðsdóttir.*



Annað leikhúsið var kennt við Grace prinsessu



Það er bæði þéttbýlt og bratt í smárikinu Mónakó

Skrifstofumót Nordisk Amatørteaterråd, NAR, í Visby á Gotlandi dagana 9. til 12. maí 2006

**Norrænu bandalagsskrifstofurnar halda svokölluð „sentra“-mót annað hvert ár.
Mótið sótti að þessu sinni fyrir Íslands hönd, framkvæmdastjóri BÍL,
Vilborg Valgarðsdóttir, og fer skýrsla hennar hér á eftir.**

Þátttakendur voru samtals 19 frá öllum aðildarlöndum NAR, 2 frá Færeyjum, 2 frá Danmörku, 3 frá Noregi, 2 frá Finnlandi, 1 frá Íslandi og 9 frá Svíþjóð. Sænska var því það tungumál sem mest var notað þessa daga.

Í byrjun ráðstefnunnar var þátttakendum gert að gera stuttlega grein fyrir starfsemi sinna bandalaga og gaman var að heyra hvert umfangið er hjá hverjum og einum. Flestir voru með hugann við sömu málefni eins og gefur að skilja og bar þar hæst hugmyndir um rafræn handritasöfn. Reyndar voru hugmyndir manna um „rafræn“ söfn mismunandi. Flestir ætluðu að fara í eða voru byrjaðir á þeirri vinnu en misjafnt var hvernig löndin sáu fyrir sér hvernig þessir gagnabankar yrðu notaðir. Allir nema Norðmenn kvarta yfir fjárskorti og skilningsleysi ráðamanna þar að lútandi.

Allir nema við, leigja ennþá út handrit af leikritum en við erum löngu hætt því og seljum eingöngu ljósrit. Rök hinna fyrir leigunni eru þau að þá fái söfnin eintökin sín til baka, þeir viti alltaf hverjir fá hvað og geti því fylgst með að viðkomandi sækji örugglega um leyfi fyrir uppsetningunni. Ég spurði svona í gríni hvort þeim dytti aldrei í hug að hægt væri að ljósrita leikritin sem fengin væru að láni, fólk var steinhissa á að mér dytti í hug að þvílíkur óheiðarleiki viðgengist. Það er hjá hinum eins og okkur að erfiðast er að fylgjast með uppsetningum í framhaldsskólunum og þar viðgengst mikið hnúpl á höfundarétti.

En aftur að rafrænum handritasöfnum.

Færeyingar eru styst á veg komnir með að koma sínum leikritum í svipaðan gagnabanka og við eigum. Sjá <http://www.maf.fo/> undir Tænasta/Leikritasavn. Þar hefur gengið erfiðlega að halda hæfu starfsfólki vegna niðurskurðar á framlögum ríkisins og því allt óráðið um frekari vinnu við leikritasafnið.

Finnar eru að vinna að því að skrifa upp öll vinsælustu handritin og hugmynd þeirra er að leigja áfram handrit en hafa möguleikann á að senda þau sem pappírshandrit eða á diskum sem prenta má út af. Þeir ætla alls ekki að hafa leikritin ínáanleg á vefnum, þeir óttast að missa þá litlu stjórn sem þeir segjast þó hafa á því hver notar (setur upp) hvað. Þeirra safn er hægt að skoða á <http://www.fsu.fi/main1.html>.

Norðmenn eru þegar komnir með nýjustu leikritin á vefinn sinn. Þar eru þau lesanleg en ekki hægt að prenta þau út eða vista á öðrum tölvum nema með leyfi og gegn borgun. Þeir virðast komnir lengst á veg með að gera safnið sitt rafrænt, búnir að greina verkefnið, gera verkáætlun og áætla kostnað. Þeir hafa sótt um 5 milljónir íslenskra króna til þessa verkefnis. Þar er inni tækja- og hugbúnaður ásamt launakostnaði. Verkin sem þarf að skanna eru um 4000. Þeir hugsa sér að leikritin verði áfram pöntuð og send viðskiptavinum sem PDF-skrár gegn borgun. Þeir hafa leitað eftir samvinnu norskra höfunda

og þýðenda en fengið misjafnar viðtökur, eldri höfundar virðast tortryggir á þetta og halda að stuldur á höfundarétti aukist við bætt aðgengi almennings að verkum þeirra. Leikritasafn Norðmanna á vefnum heitir Dramas og má skoða hér: <http://www.teater.no/dramas/>

Svíar ætla að byrja á að skanna inn ca. 50 vinsælustu titlana í sínu safni.

Leikritasafn þeirra má skoða hér: http://atr.drift.gcad.se/atr/atrdsp?dsp=manus_sok_pjasmaanus

Einnig er til annað safn í Svíþjóð sem heitir DramaDirekt og finnst á slóðinni: <http://www.dramadirekt.com/sok.php?kategorori=12176&nummer=40361>

Danir, einir Norðurlandþjóða, hafa ekki hugsað sér að gera neitt í þessum málum. Þeir hafa reyndar þá sérstöðu að eiga bókaútgáfu og gefa út mikið af leikritum, bæði dönskum og þýddum. Þeir halda að tekjurnar sem þeir hafa af þessu verði að engu ef fólk geti nálgast leikritin á vefnum. Þeir eru reyndar að leigja sér ljósritunarvél sem skannar inn prent þannig að þú getur unnið með það í ritvinnsluskjali. Hér er slóðin að vefsíðu þeirra, Dramashop, sem er netverslun með leikrit, handbækur, farða og fleira leikhústengt: <http://www.dramashop.dk/>

Ákveðið var að skrifstofurnar kæmu sér upp netfangalista og gæfu hvorri annari skýrslur um framgang þessara mála.

Nordisk Ungdoms Teater Udvalg, NUTU

Carola Selenius frá Finnlandi er ritari NAR og þess eini starfsmaður. Hún hefur því mikla reynslu af starfi NUTU og ber því almennt ekki góða söguna. Segir NUTU-stjórnarmenn ábyrgðarlaus og lata, t.d. hafi öll vinna við sumarskólann þetta árið lent á henni. Þeir skili ekki fundargerðum eftir sína 2–3 árlegu fundi (sem NAR greiðir kostnaðinn við) þrátt fyrir margar áminningar og ítrekanir. Vonlaust sé að fylgjast með vinnu þeirra og ákvörðunum, því einn segi þetta og annar segi hitt. Kennarar sem ráða á við sumarskólann fá misvísandi upplýsingar frá stjórnarmönnum og fleira taldi hún upp sem betur mætti fara.

Það var samdóma álit fundarmanna að stjórn NAR yrði að taka á þessu máli og krefja krakkana um að fundargerðir væru skrifaðar og sendar til stjórnar NAR, að öðrum kosti fáiast fundarkostnaður þeirra ekki greiddur úr sjóðum NAR.

Amatör eða ekki

Nokkrar umræður áttu sér stað um þá tilhneigingu sumra bandalaganna að taka orðið amatör út úr nöfnum sínum, t.d. heitir Norsk Amatørteaterråd núna Norsk Teaterråd. Danir halda enn nafninu sínu, Dansk Amatør Teater Samvirke, en nota eingöngu skammstöfunina DATS. Færeyingar útskýrðu að hvorki þeir né við Íslendingar notuðu orðið, því „áhuga“ þýddi ekki amatör á þeim tungumálum. En ástæða bæði Normanna og Dana fyrir þessum feluleik er sú neikvæða ímynd sem orðið amatör hefur víðast hvar.

Unglingastarf

Ung sænsk stúlka, Ellen Tejle, flutti fyrirlestur um möguleikana á samstarfi ungmenna í löndum Evrópu í gegnum Evrópu-sjóðina, sem margir eru eyrnamerkir ungu fólki og þeirra áhugamálum. Það kom fram í umræðum að öll aðildarlönd NAR, utan Ísland, eiga/reka öflugt starf fyrir börn og unglinga (upp að 26 ára). Ég sagði að okkar unglingar yrðu fullorðin fólk 18 ára og sérstakt leiklistarstarf með börnum færi að mestu fram í grunnskólunum þó ekki væri óþekkt að aðildarfélag BÍL sinntu því og nefndi þar sem dæmi Leikfélag Mosfellssveitar. En það er ekki spurning að hægt er að nálgast mikla peninga í gegnum þessa sjóði. Formaðurinn okkar, hún Guðrún Halla, veit örugglega allt um það.

Sumarleikhús

Sænsk kona að nafni Bodil Axelson hélt fyrirlestur um sumarleikhús sem víða í Skandinavíu eiga sér ríka hefð. Hún hefur skrifað doktorsritgerð um sænskt sumarleikhús. Margt merkilegt kom fram í máli hennar, þó að mínu mati helst það að þótt verið sé að setja upp leiksýningar, oft og tíðum með þátttöku allt að 100 manna, þá er fyrirbærið frekar félagslegt en listrænt. Ekkert meira um það.

Næsta skrifstofumót NAR

Í lok ráðstefunnar bauð ég að næsta NAR-skrifstofumót yrði haldið á Íslandi. Það gæti orðið í apríl eða september 2008. Ég hafði áður rætt við sænsku skipuleggjendurna sem fullvissuðu mig um að NAR greiddi af þessu allan kostnað, ekki væri ætlast til að við legðum fram neitt nema vinnuna. Þær lofuðu að senda mér yfirlit yfir kostnaðinn við þetta mót svo betur sé hægt að gera sér grein fyrir hvað um er að ræða. En allir klöppuðu þessu boði lof í lófa og sögðust hlakka til að koma til Íslands.

Þetta félagslega

Ráðstefnan fór fram í Visby, litlum bæ á vesturströnd Gotlands. Bærinn er á heimsminjaskrá UNESCO og var mikill víkingabær á 12.–14. öld. Hann minnir um margt á sambland af Tallinn (stórar steinbyggingar) og Þórshöfn í Færeyjum (gömul vel varðveitt tréhús) með þröngum götum og mörgum kirkjum. Hlaðinn veggur umlykur gamla bæinn með mörgum borgarhlíðum. Hann er hruninn á köflum en vel er hægt að sjá hvernig þetta hefur verið. Í borgarhlíðunum eru útskot þar sem betlararnir höfðust við á árum áður, en ekki var annað að sjá

en að þeir sem þarna búa núna lifi við þokkalegan kost.

Fyrsta daginn fórum við með leiðsögumanni fótgangandi um bæinn og fræddumst um sögu hans og ýmissa bygginga í leiðinni. Þetta er allt mjög gamalt og á langa og merkilega sögu. Í ágúst á ári hverju klæðast íbúarnir víkingafatnaði heila viku, sem líkustum því sem hann var á 14. öld og falla þá að sögn vel að byggingum og steinlögðum götum. Þessa víkingaviku láta íbúarnir eins og það sé ennþá víkingaöld og eru sjálfsagt í hlutverkum fyrir túristana.

Á lokadaginn fórum við aftur með leiðsögumanni í rútu til eyjarinnar Fårö, sem liggur rétt utan við norðurenda Gotlands. Þar er mikil náttúrufrægurð og er eyjan vinsæll sumarleyfistaður með sínar hvítu sandfjörur svo langt sem augað eygir.

Alla dagana var mikið borðað en Gotar laga góðan og mikinn mat. Matartíska Evrópubúa hefur þó náð að teygja þangað anga sína, því flott þykir að stafla öllu hvoru ofan á annað, þannig að maturinn myndar turn á diskunum með sósudropum og mini-skreytingum í kring. Dularfullur siður. Ég borðaði yfir mig oft á dag og fannst allt gott nema hinar þjóðlegu saffron-pönnukökur, sem eru stolt eyjabúa. En þær minna á eggjaköku með frekar vondu bragði og bráðnaðsynlegt er að hafa með mikla sultu og mikinn rjóma.

Kindurnar á Gotlandi eru gráar með krullaðan feld. Þær eru þjóðardýr Gota og má finna stytur af þeim við hvert fótímál.

Síðasta kvöldið í Visby var okkur boðið á djass-tónleika. Þar framdi galdur sinn heimsfræg söngkona og uppistandari, fædd og uppalin í Visby, en því miður er nafni hennar algjörlega stolið úr mér (minnir þó að gælunafnið/sviðsnafnið hafi verið Bebban eða eitthvað svoleiðis). En það var óskaplega gaman, bæði söng konan afbragðs vel og eins var hún svoooo myndin að maður lá úr hlátri. Fermingarsystur hennar, sem fjölmenntu á staðinn ásamt lesbiuklúbbi Visby-bæjar, áttu fótum sínum fjör að launa á klósettið hvað eftir annað.

Skemmtilegur endir á annars góðum dögum á Gotlandi.

Gert á skrifstofu BÍL þann 18. maí 2006, Vilborg Árný Valgarðsdóttir



Séð yfir hluta Visby-borgar



Þjóðardýr Gota



Visby-víkingur